JÓEL KRISTINN PÁLSSON

Er óheppinn á áramótum

Bílar Áramót

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

HATTUR Á HVERN HAUS

Engin áramót án skemmtilegs höfuðfats

Sérblað um áramót

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR

Fæddi dóttur á fimmtudag

Vesturportsprinsessa komin í heiminn

FÓLK 66

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. desember 2006 — 349. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

James Brown á hvíta tjaldið

Spike Lee gerir kvikmynd um konung sálartónlistarinnar

FÓLK 58

Hættur á Stöð 2

Heimir Jónasson er hættur á Stöð 2 eftir að hafa gegnt starfi forstöðumanns síðustu sjö ár. Hann segir ekkert um hvaða verkefni taka nú við hjá honum.

FÓLK 66

Hvenær koma áramót?

„Ekki fá allar góðar fyrirætlanir brautargengi og árið 2007 mun því hefjast á mánudegi. Gleðilegt ár!" segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 12

KR-ingar á toppinn

KR er komið á topp Iceland Express-deildar karla í körfubolta eftir sigur gegn Grindvíkingum í gær þar sem Skallagrímsmenn töpuðu óvænt fyrir ÍR í Seljaskóla.

ÍÞRÓTTIR 60

VEÐRIÐ Í DAG



VINDUR EYKST - Í dag verður vaxandi suðvestanátt á landinu. Víða strekkingur í kvöld. Rigning eða skúrir um sunnan- og vestanvert landið en úrkomulítið norðan og austan til. Hiti víðast 4-9 stig.

VEÐUR 4



Þrefalt fleiri sitja í fangelsi vegna fíkniefnabrota

Fjöldi þeirra sem sitja í fangelsi hér á landi vegna fíkniefnabrota hefur þrefaldast á síðustu 12 árum. Það er svipuð þróun og á Norðurlöndunum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir forvirkar aðgerðir vegnast best.

DÓMSMÁL Þrisvar sinnum fleiri sitja nú í fangelsum hér á landi vegna fíkniefnabrota en fyrir tólf árum. Árið 1994 afplánuðu 34 dóma vegna slíkra brota, eða 10,7 prósent heildarhlutfalls allra fanga það árið. Í bráðabirgðatölum frá Fangelsismálastofnun fyrir árið 2006 kemur fram að fjöldi þeirra sem sitja inni fyrir slík brot í dag sé 110 manns, eða 33,6 prósent heildarhlutfalls fanga.

Dómar í fíkniefnamálum þyngdust mjög frá því að fíkniefnalöggjöfin var sett og fram til 2002 en frá 2003 hafa þeir heldur mildast. Refsiramminn vegna fíkniefnabrota hefur verið hækkaður úr tíu árum í tólf.

Lagt hefur verið hald á meira magn fíkniefna á árinu sem er að líða en nokkru sinni fyrr. Tæplega þrettán kíló af kókaíni hafa verið gerð upptæk og rúmlega 46 kíló af amfetamíni. Þá hefur hlutfall kókaínneytenda sem leita sér hjálpar á Vogi tuttugufaldast á örfáum árum og amfetamínfíklar í meðferð þar aldrei verið fleiri.

Að sögn Valtýs Sigurðssonar, forstjóra Fangelsimálastofnunar, er þessi þróun svipuð og sú sem er að eiga sér stað á hinum Norðurlöndunum og víða annars staðar. „En það er ekki nóg að dæma menn í fangelsi. Ekki nóg að taka þá bara úr umferð. Þess vegna höfum við lagt áherslu á það að reyna að sinna meðferðum sem fyrst þegar menn koma í afplánun."

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, efast um að áherslur í baráttunni gegn fíkniefnum séu réttar. „Það fylgir því auðvitað mikill kostnaður fyrir samfélagið að vera með þunga fangelsisdóma yfir borgurum sínum í ríkum mæli. Það er að sjálfsögðu alveg spurning hvort ekki sé hægt að verja því fé öðruvísi til að takast á við fíkniefnavandann í samfélaginu, því það blasir við að fíkniefnin eru ennþá á markaðnum."

Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, segir að hert löggæsla og aukið eftirlit hafi leitt til þess að fleiri náist en ella og að hertar refsingar leiði síðan til þess að fleiri séu dæmdir til lengri setu í fangelsi. „Mestu skiptir að búa þannig um hnúta að ná til fólks á undan þeim sem leitast við að gera það að fíklum. Í því efni duga forvirkar aðgerðir best hvort sem er á vegum lögreglu eða annarra aðila. Markmið refsivörslu á að vera betrun og að henni verður best staðið innan fangelsa af þaulreyndu fólki og menntuðu."

thordur@frettabladid.is

MEÐ ATGEIR AÐ VOPNI Starfsmaður Hjálparsveitar skáta í Kópavogi selur fjölskylduflugeld að nafni Atgeir. Flugeldasala hjálparsveitanna er í fullum gangi og hafa tæp þúsund tonn verið flutt til landsins. Búist er við að Íslendingar skjóti upp 550 þúsund flugeldum um áramótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danmörk–Svíþjóð:

Hrynur úr Eyrarsundsbrú

NORÐURLÖNDIN Dönsk og sænsk yfirvöld hafa nú miklar áhyggjur af Eyrarsundsbrúnni því sprungur hafa myndast í steinsteypunni og steypuklumpar eru farnir að hrynja í sjóinn. Hafa áhafnir skipa og báta verið varaðar við að sigla undir skemmd svæði brúarinnar, því óttast er að steinsteypubútar geti fallið á skip og valdið slysum eða miklu tjóni.

Við athugun nýverið kom í ljós að sprungurnar myndast í steypuna þegar lestir fara yfir brúna.

Viðgerð mun hefjast 8. janúar og talið er að hún muni taka minnst hálft ár, segir í frétt sænska blaðsins Dagens Nyheter.

Brúin, sem opnuð var árið 2000, er tæplega sextán kílómetra löng og tengir Danmörku við Svíþjóð.

- smk

Um 3.300 erlendir ferðamenn verja áramótunum í Reykjavík:

Margir Rússar og Japanar

FERÐAÞJÓNUSTA Mikil fjölgun hefur orðið á erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands í kringum jól og áramót. Á nýársnótt munu 3.300 ferðamenn dvelja hér.

Að sögn Ernu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, hefur þeim fjölgað jafnt og þétt sem kjósa að dvelja á Íslandi yfir jól, áramót eða á milli hátíða. Ber þar markaðsstarf ferðaþjónustunnar ávöxt.

Um 1.200 ferðamenn voru hér um jólin og fjölgaði þeim um 50 prósent á milli ára. Fjölgun þeirra sem verða hér yfir áramót nemur um tíu prósentum frá í fyrra.

LOGAR GLATT Frá brennu á gamlársdagskvöld í fyrra. Fjöldi útlendinga ætlar að njóta áramótanna á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hvergi í heiminum er að finna viðlíka flugeldasýningu og hér og það hefur spurst út meðal," segir Erna.

Dvalið er í velflestum herbergjum helstu hótela og gistiheimila höfuðborgarinnar um áramót. Dagskrá flestra gestanna er með svipuðu móti. Snæddur verður hátíðarkvöldverður og ekið með hópbílum á milli brenna.

Þeir útlendingar sem hér dvelja um áramótin koma víða. Erna segir að samkvæmt hefð verði hér fjöldi Breta, Bandaríkjamanna, Þjóðverja og Skandinava en athygli veki að Rússar og Japanar séu einnig fjölmennir.

- bþs

SPURNING DAGSINS

Guðjón, smelltirðu styttunni ekki bara í handfarangurinn?

„Nei, ég hefði sennilega verið handtekinn hefði ég reynt það. Hún situr bara heima hjá foreldrum mínum.“

Guðjón Valur Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður ársins 2006. Verðlaunastyttan þótti í stærra lagi og vegur á þriðja tug kílóa.

Bandaríkjamenn afhentu Írökum Saddam Hussein í gær:

Búist við óeirðum eftir aftöku

BAGDAD, AP Bandaríska herliðið í Írak býr sig undir óeirðir í kjölfar aftöku Saddams Hussein fyrrverandi Íraksforseta. Saddam hefur verið fangi Bandaríkjamanna síðan hann var handtekinn í desember 2004 en í gær var hann afhentur íröskum stjórnvöldum.

Á þriðjudaginn staðfesti áfrýjunardómstóll dauðadóminn yfir Saddam og í gær sögðu írösk stjórnvöld að engar tafir yrðu á fullnustu dómsins. Bandaríkjamenn reiknuðu með að hann yrði í síðasta lagi tekinn af lífi í dag.

Svo virðist sem allt kapp sé lagt á að Saddam verði líflátinn áður en þriggja daga fórnarhátíð múslima hefst á morgun, en í vikunni sendi Saddam frá sér bréf þar sem hann sagðist fúslega fórna sér fyrir Írak.

ÍRAKAR FYLGJAST GRANNT MEÐ FRÉTTUM AF SADDAM HUSSEIN Saddam sagðist í vikunni fúslega fórna sér fyrir Írak. Á morgun hefst í Írak þriggja daga fórnarhátíð múslima.

Hálfbræður Saddams Hussein heimsóttu hann í fangelsið í gær og hann afhenti þeim erfðaskrá sína. Þá sögðust lögfræðingar Saddams hafa fengið beiðni frá Bandaríkjamönnum um að ná í persónulegar eigur hans í fangelsið.

Dauðadóminn hlaut Saddam vegna morða á 148 sjíum í borginni Dujail árið 1982. Auk Saddams er búist við að hálfbróðir hans, Barzan Ibrahim, verði tekinn af lífi, en hann var yfirmaður leyniþjónustunnar þegar fjöldamorðin voru framin. - gb

Áramótaveðrið:

Lítur vel út víðast hvar

VEÐUR „Það stefnir í mjög gott veður á Suðausturlandi, Austfjörðum og Austurlandi,“ segir Óli Þór Árnason veðurfræðingur um áramótaveðrið. „Vindur verður í lágmarki en það verður einhver úrkoma á Vestfjörðum og Norðvesturlandi og einhver éljagangur á Suðvesturlandi.“

Hann segir hitastigið munu ráða því hversu vel viðrar fyrir flugelda, með heppni verði úrkoman í formi rigningar og skemmi ekki útsýnið. „Það er helst Vestfjarðakjálkinn sem lítur ekki mjög vel út.“ - sþs

ÓHUGNANLEGUR GARÐUR Þúsundir Indverja söfnuðust saman til að fylgjast með lögreglu grafa upp fjölmörg barnslík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir Indverjar handteknir:

Grunaðir um raðmorð á börnum

INDLAND, AP Indverska lögreglan uppgötvaði í gær líkamsleifar nokkurra barna fyrir aftan hús skammt fyrir utan Nýju-Delí. Í kjölfarið voru tveir menn handteknir og játaði annar þeirra að hafa misnotað kynferðislega og myrt ekki færri en sjö börn. Þúsundir íbúa á svæðinu flykktust að húsinu þegar lögregla hóf að grafa upp garð mannanna, þeirra á meðal foreldrar horfinna barna, en talið er að allt að 38 börn hafi horfið af þessu svæði á undanförnum árum. Kvörtuðu margir foreldrar yfir því að lögregla hefði lítið sem ekkert aðhafst í barnshvörfunum vegna fátæktar þeirra. - smk

AUGLÝSINGAR

Mega strauja Stelpur mega strauja og leika sér með dúkkuhús og strákarnir mega vera í sjóræningjaleik, smíða og vera í tölvuleik í auglýsingum í Finnlandi en ekki í Svíþjóð, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet. Börn mega þannig sjást í kynbundnum hlutverkum í auglýsingum í Finnlandi en ekki í Svíþjóð.

LÖGREGLUFRÉTT

Ekið á barn Ekið var á barn á Eyrarvegi á Selfossi um fimmleytið í gær. Það var að fara yfir gangbraut þegar jeppabifreið kom aðvífandi og ók á það. Ekki var um hraðakstur að ræða. Barnið var flutt á slysadeild til Reykjavíkur en meiðsl þess voru minni en á horfðist.

ÍSLENSKIR FLUGUMFERÐARSTJÓRAR FÍF fundaði í vikunni og ákvað þá að greiða öllum félagsmönnum sem ekki eiga rétt á biðlaunum óskert laun fyrstu þrjá mánuði næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gæti kostað um hálfa milljón á dag

FÍF segir Icelandair verða fyrir miklum fjárhagslegum skaða af viðbragðsáætlun Flugmálastjórnar. Samningur Flugstoða og samgönguráðuneytis var undirritaður í gær. Alþjóðaflugmálastjórn hefur ekki miklar áhyggjur.

SAMGÖNGUR Viðbragðsáætlun Flugstoða ohf., sem gildi tekur við áramót, gæti kostað Icelandair um 450.000 krónur á dag, samkvæmt útreikningum Félags íslenskra flugumferðarstjóra, FÍF. Kostnaðaraukningin væri því um fjórtán milljónir í janúarmánuði. Þetta stafar af hærri eldsneytiskostnaði vegna óhagkvæmni í flugi til og frá landinu, segir FÍF. Við þessar tölur bætast um 23.000 krónur fyrir hverjar fimm mínútna tafir.

Talsmenn Icelandair vilja ekki blanda sér í deilu flugumferðarstjóra og Flugstoða og tjá sig því ekki um útreikninga FÍF, en Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, sagði í Fréttablaðinu í gær: „Við verðum að reikna með að þetta kosti einhverja peninga.“ Hann leggur áherslu á að gjaldskrá Icelandair sé óbreytt.

Samgönguráðuneytið og Flugstoðir ohf., hlutafélag í ríkiseign, skrifuðu í gær undir þjónustusamning um rekstur flugvalla og flugleiðaþjónustu. Samningurinn gildir til tveggja ára og gerir ráð fyrir að Flugstoðir hafi um 230 starfsmenn, en ljóst er að nokkuð skortir upp á, því um sextíu flugumferðarstjórar hafa enn ekki gengið til liðs við fyrirtækið. Samningsupphæðin er um 1,7 milljarðar króna og segir samgönguráðuneytið samninginn vera þann umfangsmesta sem gerður hefur verið milli ríkis og hlutafélags, eftir að nýjar reglur um slíka samninga tóku gildi.

Marinus C.F. Heijl, sem fer fyrir flugstjórnarskrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunar, segir að stofnunin treysti íslenskum yfirvöldum til að viðbragðsáætlun haldi. Geri hún það ekki yrði samþykki stofnunarinnar fyrir henni fljótlega endurskoðað. Heijl segir ekki óþekkt í heimi flugsins að flugumferðarstjórar vilji láta endurskoða samninga sína vegna breytinga á rekstrarformi atvinnurekenda. „Þetta gerist hægri, vinstri og í miðjunni,“ sagði hann í gær: „Eins og ég skil þetta, var breytingin gerð í samræmi við evrópsk lög og ég get því ekki álasað íslenskum yfirvöldum fyrir stöðuna sem nú er uppi. Flugumferðarstjórar virðast hafa gripið tækifærið til kjarabóta.“

klemens@frettabladid.is

Aukið starfssvið sýslumanna:

Fá verkefni ráðuneytisins

STJÓRNSÝSLA Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, gaf á föstudag út reglugerðir sem kveða á um flutning verkefna úr dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í Reykjavík til sýslumannsembættanna.

Til dæmis mun sýslumaðurinn í Stykkishólmi halda skrá um kaupmála fyrir landið og sýslumaðurinn í Hafnarfirði mun annast löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala. Með verkefnaflutningnum er stefnt að því að efla starfsemi umræddra sýslumannsembætta. Breytingarnar eru liður í nýju skipulagi lögreglunnar í landinu, sem tekur gildi um áramótin, þar sem umdæmi munu stækka og eflast en lögreglustjórum fækka. - ifv

Framkvæmdastjóraskipti:

Sigurður hættir hjá Framsókn

STJÓRNMÁL „Mér fannst þetta vera orðinn nógu langur tími,“ segir Sigurður Eyþórsson sem lætur af starfi framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins um áramót. Hann hefur unnið á skrifstofu flokksins í fjórtán ár en verið framkvæmdastjóri í tæp fjögur.

SIGURÐUR EYÞÓRSSON

Sigfús Ingi Sigfússon, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, tekur við af Sigurði.

Sigurður segir óljóst hvað taki við hjá sér. „Ég verð allavega ekki seðlabankastjóri,“ segir Sigurður sposkur en kveðst verða nýjum framkvæmdastjóra innan handar fyrst um sinn. - bþs

BÍLL DAGSINS
NISSAN KING CAB
Nýskr. 11.05 - Beinskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Starfsmaður 11–11 var með í ráðum þegar verslunin var rænd á miðvikudagskvöld:

Sviðsettu líkamsárás við vopnað rán

LÖGREGLUMÁL Starfsmaður verslunar 11–11 í Garðabæ sem var rænd að kvöldi miðvikudags var með í ráðum. Hann og ræninginn sviðsettu árás á þann fyrrnefnda þegar ræninginn réðst inn í verslunina vopnaður járnröri og hafði á brott með sér tugi þúsunda króna úr peningakassanum.

Vitorðsmaður ræningjans hringdi sjálfur í lögreglu og tilkynnti henni að maður íklæddur kuldagalla með lambhúshettu hefði komið hlaupandi að honum, slegið hann í andlitið og horfið út í myrkrið með kvöldsölu verslunarinnar.

Lögreglan handtók fjóra tæplega tvítuga menn vegna málsins í fyrradag, ræningjann, vitorðsmanninn í versluninni og tvo aðra sem talsvert minni hlut áttu að máli. Allir mennirnir hafa játað aðild að ráninu og þeim hefur öllum verið sleppt. Þýfið er ófundið en málið telst nú upplýst.

Sævar Einarsson, rekstrarstjóri 11–11, segist líta málið grafalvarlegum augum. „Það er verið að gera ráðstafanir hjá öryggisdeildinni innan fyrirtækisins vegna málsins. Við vissum að þetta var einstaklingur sem var í annarlegum málum og það vill jú bregða við að þeir reyni að næla sér í auðfengið fé.“ Lögð hefur verið fram kæra á hendur mönnunum auk þess sem krafa er gerð um endurgreiðslu þýfisins.

11–11 Í GARÐABÆ Vitorðsmaðurinn hafði sjálfur samband við lögreglu og tilkynnti um líkamsárás og rán.

Svipað atvik átti sér stað í mars 2004 þegar tveir menn réðust inn í Bónusverslun í Kópavogi með óhlaðnar haglabyssur og létu vitorðsmann sinn í versluninni opna peningaskáp. Þá fengu allir mennirnir jafnþungan dóm. - sh

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN

Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

OSTA- OG SMJÖRSALAN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

GENGIÐ 29.12.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,66	72,00
Sterlingspund	140,64	141,32
Evra	94,35	94,87
Dönsk króna	12,65	12,724
Norsk króna	11,419	11,487
Sænsk króna	10,415	10,477
Japanskt jen	0,6025	0,6061
SDR	107,72	108,36

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 129,1819

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nálægt 16.000 erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði:

Erlendir níu prósent vinnuafls

VINNUMÁL Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði eru líklega nálægt 16.000 talsins um þessar mundir og gera má ráð fyrir að hátt í 11.000 erlendir ríkisborgarar hafi komið til starfa á Íslandi á árinu 2006 samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar. Um áætlaðar tölur er að ræða en ekki liggur fyrir á neinum einum stað talning á þeim sem bætast við eða hverfa af vinnumarkaði. Út frá þessum tölum er hlutfall erlendra ríkisborgara af vinnuafli á Íslandi komið í um níu prósent.

Árið 2005 voru að jafnaði um 9.000 erlendir ríkisborgarar starfandi á Íslandi og má gera ráð fyrir að tveir þriðju hlutar þeirra séu enn starfandi á Íslandi.

AÐ STÖRFUM Skráningum á starfsfólki frá nýju ríkjum Evrópusambandsins var ábótavant eftir að aðgangstakmörkunum var aflétt 1. maí.

Skráningum á starfsfólki frá nýju ríkjum Evrópusambandsins var ábótavant fyrst eftir að aðgangstakmörkunum var aflétt 1. maí og virðist sem atvinnurekendum hafi almennt ekki verið ljós þessi skráningarskylda. Auk þess gekk hægt að fá afgreiddar kennitölur sem var forsenda skráningarinnar hjá Vinnumálastofnun. Skráning jókst verulega þegar líða tók að hausti eftir að átak hafði verið gert í að upplýsa atvinnurekendur um þessa skyldu. Þó telur Vinnumálastofnun að á milli 1.000 og 2.000 manns sem hafi komið hingað til starfa hafi ekki verið skráðir. - sdg

Svíar og Finnar:

Snjóskortur á skíðasvæðum

NORÐURLÖND Skíðasvæði í Svíþjóð og Finnlandi hafa verið opnuð heldur seinna í vetur en í venjulegu árferði. Í Svíþjóð hafa stjórnendur skíðahótela neyðst til að afbóka gesti og segja upp starfsfólki, að sögn sænska dagblaðsins Aftonbladet. Lítið er um snjóog kemur það illa við ferðaþjónustuna um allt land.
Í Finnlandi hefur gengið örlítið betur að opna skíðasvæði, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet, en þó ekki nógu vel. Í Suður- og Mið-Finnlandi voru skíðasvæði opnuð um jólin en venjulega eru skíðasvæði í Finnlandi opnuð í desember. - ghs

MARÍUHÆNAN Maríuhænur eru sjaldséðar í desember, enda leggjast þær í dvala yfir veturinn.

Fann lifandi maríuhænu:

Rautt og svart með jólatrénu

NÁTTÚRA „Það er rosalega furðulegt að finna lifandi maríuhænu í lok desember," segir Nadine Guðrún Thorlacius, en hún fékk óvæntan glaðning með jólatrénu sínu í ár. „Við sáum bara svart með rauðu flögrandi um í stofunni og gripum hana í glas. Hún hlýtur að hafa komið með jólatrénu."

Íslenskar maríuhænur eru venjulega á ferli frá því snemma á vorin og fram í september.

Nadine segir son sinn hafa komið fyrst auga á maríuhænuna þegar hann var í tölvuleik. „Ég sagði bara hvaða vitleysa. Ég hefði betur trúað honum þá." - sþs

SJÁVARÚTVEGUR

Guðrún Þorkelsdóttir seld

Gengið hefur verið frá samkomulagi um að HB Grandi hf. kaupi uppsjávarskipið Guðrúnu Þorkelsdóttur SU 211 frá Eskju á Eskifirði. Skipið fer til Reykjavíkur til skoðunar á milli jóla og nýárs og er stefnt að afhendingu strax eftir áramót.

LÖGREGLA

Fjórir stútar á klukkustund

Fjórir menn voru teknir fyrir ölvun við akstur á Hverfisgötu á einni klukkustund í fyrrinótt. Lögregla stöðvaði hvern einasta bíl sem um götuna fór þessa klukkustund og gómaði óvenju marga stúta.

186,3 milljónir króna greiddar til Byrgisins

Samtals nema greiðslurnar til Byrgisins frá því árið 1999 til dagsins í dag, með húsaleigu, 186,3 milljónum. Eftirlitsskylda ríkisendurskoðunar og félagsmálaráðuneytisins er ótvíræð. Læknar bera aðeins faglega ábyrgð á læknastarfi.

FÉLAGSMÁL Ráðuneytið og ríkisendurskoðun hafa ótvíræða eftirlitsskyldu með starfsemi Byrgisins, samkvæmt yfirlýsingu um greiðslu styrks frá félagsmálaráðuneytinu til Byrgisins.

Samkvæmt upplýsingum sem Byrgið óskaði eftir frá félagsmálaráðuneytinu, og svarað var í gær, nema framlög ráðuneytisins til Byrgisins samtals 186,3 milljónum króna ef húsaleiga frá 2003 er tekin með í reikninginn, frá árinu 1999 til og með 2006.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær sendi Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra stjórn sjálfseignarstofnunar Byrgisins sjö spurningar með ósk um skjót svör. Guðmundur Jónsson og Jón A. Einarsson svöruðu spurningunum fyrir hönd stjórnarinnar þremur dögum síðar.

Ráðherra spurði sérstaklega að því hvaða aðili hefði eftirlit með starfsemi Byrgisins. Í svörunum kemur skýrt fram að ríkisendurskoðun og félagsmálaráðuneytið bæru ábyrgð á eftirliti með starfsemi Byrgisins en einnig er það nefnt að Guðmundur, Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, og Magnús Skúlason læknir bæru ábyrgð á faglegu starfi Byrgisins.

ÓLAFUR ÓLAFSSON

Ólafur segir ábyrgð hans og Magnúsar aðeins tengjast læknisfræðilegri starfsemi. „Við berum læknisfræðilega ábyrgð á okkar störfum, eðli málsins samkvæmt. Við stöndum hins vegar ekki í rekstri og komum ekki að annarri starfsemi heldur en læknastörfum. Það er ekki löglegt að láta okkur bera ábyrgð á öðrum þáttum en snúa að læknastarfsemi. Því er nauðsynlegt að árétta það að okkar faglega ábyrgð snýr eingöngu að læknastörfum."

Magnús sagðist í samtali við Fréttablaðið einnig líta svo á að ábyrgð hans og Ólafs sneri að læknastörfum en ekki annarri starfsemi Byrgisins.

BYRGIÐ Lögreglan rannsakar ásakanir á hendur Guðmundi Jónssyni en 24 ára kona hefur kært hann fyrir kynferðisbrot og fjármálamisferli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrettán eru nú vistaðir í Byrginu en fjórir starfsmenn búa þar nú um stundir.

Að sögn Jóns A. Einarssonar, sem starfar sem forstöðumaður Byrgisins á meðan lögreglan rannsakar meint kynferðisbrot hans og fjármálamisferli, segir alla reyna eftir fremsta megni að gera aðstæður vistmanna sem bestar. Hann vildi ekki tjá sig um hvort ásakanir á hendur Guðmundi, sem gert var grein fyrir í fréttskýringaþættinum Kompási á Stöð 2 fyrr í mánuðinum, hafi haft bein skaðleg áhrif á vistmenn.

magnush@frettabladid.is

Skipan héraðsdómara:

Ingimundur héraðsdómari

DÓMSMÁL Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík, hefur verið skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur af Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. Ingimundur tekur til starfa 1. janúar á næsta ári er Friðgeir Björnsson lætur af störfum.

INGIMUNDUR EINARSSON

Dómnefnd, sem skipuð var Pétri Kr. Hafstein, Láru V. Júlíusdóttur og Eggerti Óskarssyni, mælti með því að Ingimundur yrði skipaður.

Aðrir umsækjendur voru Halldór Björnsson, Halldór Frímannsson, Jón G. Briem, Sandra Baldvinsdóttir, Sigríður J. Hjaltested og Þorsteinn Davíðsson. - mh

Þrjú og hálft ár fyrir smygl:

Tekinn með eiturlyf í bíl

DÓMSMÁL Litháískur karlmaður, Egidijus Narvydas, var í gær dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir tilraun til að smygla tæpum 4,5 kílóum af amfetamíni til landsins með Norrænu.

Maðurinn reyndi að koma 26 pökkum sem innihéldu mjög sterkt amfetamín til landsins 31. ágúst. Pakkana hafði hann falið í bifreið sinni sem hann flutti með Norrænu. Þegar bíllinn var tekinn til tollskoðunar vaknaði grunur um að maðurinn hefði verið ölvaður við akstur. Blóðrannsókn sýndi að hann hafði verið rallhálfur. Maðurinn var sviptur ökuréttindum ævilangt og bíll og fíkniefni gerð upptæk. - jss

BBC WORLD SERVICE

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VIÐRAR VEL TIL FLUGELDASKOTA

Áramótaveðrið lítur afar vel út fyrir þá sem bíða spenntir 364 daga á ári eftir þessum eina degi þegar leyfilegt er að sleppa fram af sér beislinu og leysa sprengjuvarginn í sér úr læðingi. Hægur vindur og skýjað með köflum í kortun-um. Þegar líður á nóttina mega menn á Norðurlandi búast við að snjókorn falli en hitinn verður um eða rétt undir frostmarki nálægt miðnætti.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Vaxandi suðvestanátt, allnokkur vindur þegar líður á daginn með rigningu. Hiti 6-9 stig.

um hádegi »



» á morgun

Hægur vindur - líka um kvöldið og áramótin.

» mánudagur



Hæg, breytileg átt.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C	alskýjað	London	12°C	rigning	Alicante	16°C hálfskýjað
Þórshöfn	8°C	rigning	París	10°C	skúrir	Mallorca	17°C hálfskýjað
Ósló	3°C	skúrir	Frankfurt	5°C	hálfskýjað	Algarve	18°C hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C	alskýjað	Friedrichshafen	9°C	hálfskýjað	Krít	16°C hálfskýjað
Gautaborg	8°C	skúrir	Berlín	6°C	hálfskýjað	Las Palmas	22°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Verðhrun!

á raftækjum og húsgögnum

Fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 42% afsláttur af raftækjum

yfir 100 tegundir í boði

Exido brauðrist	2,990 kr.	~~3,990~~ kr.	25%
Melissa matvinnsluvél m/blandara	2,990 kr.	~~3,990~~ kr.	25%
United 21” sjónvarp með DVD	16,990 kr.	~~24,990~~ kr.	32%
Euroline digital útvarp	3,990 kr.	~~6,990~~ kr.	42%
Olympus MJU700SIL myndavél	19,990 kr.	~~24,990~~ kr.	20%

Allt að 66% afsláttur af húsgögnum

Svefnsófi	14.995 kr.	~~29.990~~ kr.	50%
Svefnsófi með púðum	17.495 kr.	~~34.990~~ kr.	50%
Stóll með snúningi	6.495 kr.	~~12.990~~ kr.	50%
Relax sófasett 3+1+1	144.950 kr.	~~289.900~~ kr.	50%
Relax sófi 3ja sæta	84.950 kr.	~~169.900~~ kr.	50%
Relax sófi 2ja sæta	82.450 kr.	~~164.900~~ kr.	50%
Relax stóll	42.450 kr.	~~84.900~~ kr.	50%
Rúm 90x200	25.740 kr.	~~42.900~~ kr.	40%
Rúm 120x200	32.940 kr.	~~54.900~~ kr.	40%
Rúm 150x200	40.140 kr.	~~66.900~~ kr.	40%
Hornsófasett	86.400 kr.	~~144.000~~ kr.	40%
Kommóða	13.600 kr.	~~40.000~~ kr.	66%
Meubar borðstofuborð	19.996 kr.	~~49.990~~ kr.	60%
Sea borðstofuborð	27.960 kr.	~~69.990~~ kr.	60%

Raftæki fást í Kringlu, Smáralind og á Akureyri.

Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Fylgist þú með stjórnmálum?

Já	80%
Nei	20%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Veist þú hvar Stykkishólmur er?

Segðu skoðun þína á visir.is

Stjórnarformaður Happdrættis Háskólans vísar gagnrýni borgarstjóra á bug:

Háskólinn á ekki spilasalinn

BORGARMÁL Páll Hreinsson, formaður stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands, vísar á bug fullyrðingum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra að Háskóli Íslands sé að reisa spilasal í Mjódd. Það sé sjálfstætt fyrirtæki sem það hyggst gera og það tengist HÍ ekki á nokkurn hátt. Vilhjálmur sagði í viðtali við Fréttablaðið að sér fyndist um hálfgerðan yfirgang að ræða og uppsetning spilakassanna sé í óþökk íbúanna. Borgarstjóra finnst óviðeigandi að setja upp spilakassa á stað sem fjölskyldur og ungmenni sækja reglulega.

PÁLL HREINSSON LAGAPRÓFESSOR Formaður stjórnar HHÍ segir borgarstjóra ekki hafa vandað undirbúning málsins.

Páll segir að fyrirtækið Háspenna hafi í hyggju að reka spilasal í Mjóddinni og hafi fengið öll tilskilin leyfi borgaryfirvalda til reksturs spilasalarins. „Fyrirtækið hefur leitað til HHÍ um að fá leigðar happadrættisvélar og það er sorglegt að ekki hafi verið betur vandað til undirbúnings málsins að hálfu borgarstjóra en svo, að hann veit ekki hver ætlar að starfrækja spilasalinn. Við erum ekki réttur viðmælandi borgaryfirvalda vilji þau gera breytingar á rekstri spilasalar Háspennu í Mjódd.“ Páll undrast að borgaryfirvöld hafi ekki gert athugasemdir við rekstur spilasalarins þegar Háspenna sótti um tilskilin leyfi á sínum tíma.

Páll staðfestir að mikil óánægja sé hjá í búum Breiðholts um uppsetningu spilakassanna og rætt hafi verið við þá um hvernig í málinu liggur. - shá

Ríkisstjórn Danmerkur:

Kvartað yfir illri meðferð

DANMÖRK, AP Danska ríkisstjórnin hefur sent stjórninni í Jemen bréf, þar sem kvartað er yfir illri meðferð á tveimur dönskum mönnum sem eru þar í haldi grunaðir um að hafa staðið í vopnasmygli.

Mennirnir, hinn 23 ára Kenneth Sørenssen, danskur múslimi, og ónefndur sómalskur félagi hans voru handteknir síðla í október í herferð jemenskra stjórnvalda gegn hópi manna sem taldir voru tengjast al-Kaída hryðjuverkanetinu, að sögn Uffes Wolffhechel. talsmanns utanríkisráðuneytis Danmerkur. Búið er að leysa Sørenssen úr haldi en Sómalinn situr enn í jemensku fangelsi. - smk

Flugfélagið Ernir:

Ný nítján sæta vél afhent

SAMGÖNGUMÁL Flugfélagið Ernir fékk í gær afhenta nýja Jetstream 32 flugvél sem það hyggst nota í áætlunarflug til Hafnar í Hornafirði og Sauðárkróks ásamt því að sinna leiguflugi.

Vélin lenti á Reykjavíkurflugvelli síðdegis í gær. Hún er búin jafnþrýstibúnaði með auknum þægindum fyrir farþega og í henni eru sæti fyrir 19 manns. Fyrir á Ernir tvær 9 sæta vélar sem verða notaðar í áætlunarflug á Bíldudal og Gjögur í vetur. Auk þess hyggst félagið fá aðra 19 sæta vél til að sinna flugi til Vestfjarða fyrir sumarið 2007. - þsj

HREINDÝR Heimilt verður að veiða 1.137 dýr árið 2007.

Veiðikvóti hreindýra:

Heimilt að fella fleiri dýr 2007

HREINDÝR Umhverfisráðuneytið hefur ákveðið veiðikvóta hreindýra fyrir veiðitímabilið 2007. Heimilt verður að veiða 1.137 dýr, 577 kýr og 560 tarfa. Þetta er aukning um 228 dýr frá þessu ári en í ár (2006) var heimilt að fella 909 dýr.

Verð veiðileyfa er misjafnt eftir svæðum en veiðileyfi á tarf verður á bilinu 80-110 þúsund og á 40-60 þúsund á kýr. Kálfar á öllum svæðum kosta 18.000 krónur.

Umsóknarfrestur veiðileyfa verður auglýstur síðar. - hs

Segir flugeldasala villa á sér heimildir

Framkvæmdastjóri Landsbjargar er ósáttur við framgöngu sumra einkaaðila í flugeldasölu. Hann segir flugeldasölu langmikilvægustu tekjulind björgunarsveitanna. Einkaaðilar segja frjálsa samkeppni eiga að ríkja á flugeldamarkaði.

FLUGELDASALA Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri slysavarnafélagsins Landsbjargar, er ósáttur við suma einkaaðila á flugeldamarkaði sem hann segir að reyni að villa um fyrir fólki til að selja því flugelda. Hann segist vita um dæmi þess að viðskiptavinir hafi tekið feil á sölustöðum björgunarsveita og einkaaðila vegna þess að sölustaðir þeirra bera keim af sölustöðum björgunarsveitanna.

„Í sumum tilfellum höfum við orðið varir við að einkaaðilar klæðist fatnaði sem björgunarsveitarfólk notar við sín störf, til dæmis rauðum flíspeysum og jafnvel sjúkraflutningagalla,“ segir Jón og bætir því við að sumir einkaaðilar leggi sig fram við að opna sölustaði nálægt sölustöðum björgunarsveitanna.

JÓN GUNNARSSON

Jón segir að þrátt fyrir að samkeppni á markaði sé af hinu góða þá hefði hann viljað að það væri sátt um það í samfélaginu að einkaaðilar létu björgunarsveitum – og félagasamtökum – eftir flugeldasöluna því hún sé aðaltekjulind þeirra á ári hverju, sumar björgunarsveitir fá á milli 70 til 80 prósent af rekstrarfé sínu með flugeldasölu. „Einkaaðilarnir fara ekki út til að bjarga fólki sem er í vanda statt en það gera björgunarsveitirnar sem vinna mikið og erfitt starf og þeim veitir alls ekki af þeim peningum sem fást með flugeldasölunni,“ segir Jón.

FLUGELDASALA SUÐURNESJA Framkvæmdastjóri Landsbjargar segir að sumir flugeldasölustaðir reyni að líkja eftir sölustöðum björgunarsveitanna.

FRÉTTABLAÐIÐ / ELLERT GRÉTARSSON

Að sögn Jóns eru ekki til nákvæmar tölur um markaðshlutdeild björgunarsveitanna á flugeldamarkaðnum né sölutölur frá árinu 2005, en hann segir að hlutur björgunarsveitanna á markaðnum sé um 60 prósent.

Guðný Guðmundsdóttir, hjá fyrirtækinu Gullborg sem selur flugelda, segir að einkaaðilar geti ekki tekið tillit til þess að björgunarsveitir eða félagasamtök noti flugeldasölu sem fjáröflunarleið. „Þetta er bara frjáls samkeppni, á frjálsum markaði og í frjálsu landi,“ segir Guðný og bætir því við hún treysti kúnnanum til þess að ráða því hvar hann verslar.

Einar S. Ólafsson, annar eigandi Alvöru flugelda, segir að í því samfélagi sem við búum í í dag sé samkeppni á markaði og að fólk ráði hvar það kaupir flugeldana sína. „Ég vil björgunarsveitunum allt hið besta en ástæðan fyrir því að fólk ákveður að versla hjá mér er að verðið sem við seljum flugeldana á er lægra en hjá björgunarsveitunum,“ segir Einar og bætir því við að á endanum sé valið kúnnans. ingifreyr@frettabladid.is

KLÓNAÐAR KÝR Lítill munur er á klónuðum kúm og þeim hefðbundnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríska matvælaeftirlitið:

Matvæli úr klónuðum örugg til neyslu

BANDARÍKIN, AP Matvæli unnin úr klónuðum dýrum eru ekki hættuleg heilsu manna og þurfa framleiðendur ekki að taka fram á umbúðum að um slík dýr sé að ræða. Þetta kom fram í yfirlýsingu bandaríska matvælaeftirlitsins á fimmtudag.

Eftir meira en fimm ára rannsóknir, komust starfsmenn eftirlitsins að því að klónuðu dýrin væru „svo að segja óaðgreinanleg“ frá venjulegum húsdýrum. Nær niðurstaðan til kjöts og mjólkurafurða klónaðra nautgripa, svína og geita, sem og afkvæma þeirra.

Gagnrýnendur telja fimm ára rannsóknir vera langt frá því að vera fullnægjandi fyrir slíkar yfirlýsingar. - smk

LÖGREGLUFRÉTT

Krakkar úti um miðja nótt

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af sjö krökkum á aldrinum 14 til 15 ára í fyrrinótt sem voru úti á lífinu án vitundar foreldra sinna. Lögreglan skilaði þeim heim og ráku foreldrarnir margir upp stór augu, því þeir héldu krakkana sofandi í rúmum sínum.

Barnsmeðlag hækkar um 6%

frá og með 1. janúar 2007 samkvæmt reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar frá 14. desember 2006.

Meðlag með 1 barni er nú kr. 17.249,-
en verður kr. 18.284,-

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lögreglurannsókn á meintum kynferðisbrotum sextugs karlmanns:

Kærður fyrir að táldraga tvær unglingsstúlkur á netinu

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú meint kynferðisbrot eftir að kæra hafði verið lögð fram á reykvískan karlmann um sextugt. Lögreglan í Keflavík hefur lokið rannsókn á meintu kynferðisbrotamáli á hendur sama manni og hefur það verið sent til embættis ríkissaksóknara.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hófu lögregluyfirvöld rannsókn á þessum tveimur málum eftir að kærurnar höfðu borist á hendur manninum. Um er að ræða tvær stúlkur á aldrinum 14 - 15 ára. Önnur var búsett í Keflavík þegar meintir atburðir áttu sér stað, en hin í Reykjavík. Rannsókn málanna tveggja hefur því farið fram í tveimur lögregluumdæmum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins höfðu þær kynnst manninum á spjallrásum á netinu. Hann er meðal annars borinn þeim sökum að hafa boðið fram fjármuni til að hafa samræði við að minnsta kosti aðra stúlkuna og verið með kynferðisleglegt athæfi við stúlkurnar á spjallrásunum.

Rannsókn lögreglu hefur meðal annars beinst að því hvort um sé að ræða brot á almennum hegningarlögum, sem kveða á um að hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni, yngra en 18 ára, til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta refsingu. Jafnframt að hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skuli sæta refsingu. - jss

MSN Stúlkurnar kynntust manninum á spjallrásum á netinu.

Inga Lís Hauksdóttir,
fyrirtækjaráðgjafi, starfar
nú hjá Kaupþingi.
KAUPPING
kaupthing.is
ENNEMM / SÍA / NM25250

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða handknattleiksmaður er nýkjörinn íþróttamaður ársins?*

2 *Fyrrverandi forstjóri hvaða fyrirtækis liggur undir grun um morðið á njósnaranum Alexander Litvinenko?*

3 *Hvað heitir félagið sem skilaði Alcan geisladiski með Björgvini Halldórssyni í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Hæstiréttur staðfesti farbannsúrskurð yfir manni sem var dæmdur fyrir nauðgun:

Nauðgaði 13 ára stúlku

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest farbannsúrskurð Héraðsdóms Suðurlands yfir tæplega þrítugum pólskum karlmanni sem var dæmdur í 18 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að þröngva þrettán ára stúlku til kynferðismaka við sig í lok janúar í fyrra og fyrir að halda að henni áfengi.

Manninum er gert að sæta farbanni meðan áfrýjunarfrestur rennur út í máli hans, en þó ekki lengur en til 18. janúar.

Nauðgunin átti sér stað á herbergi á gistiheimili. Stúlkan var að horfa á sjónvarpið í einu herberginu ásamt kærasta sínum, vini hans sem og nauðgaranum. Kærasti stúlkunnar og vinur hans fóru út úr herberginu og byrjaði maðurinn þá að halda að henni „landa“. Maðurinn reyndi að fá hana til að drekka meira og hafi hún verið orðin ringluð. Þá hóf maðurinn að klæða hana úr fötunum og hækkaði í sjónvarpinu til að ekki heyrðist í henni. Stúlkan reyndi að komast undan en maðurinn hélt henni niðri; kyssti hana á munninn, brjóstið, kynfærin og setti fingur upp í leggöng hennar. Stúlkan náði að slíta sig lausa og hlaupa út úr herberginu.

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Staðfesti farbannsúrskurð yfir pólskum manni sem nauðgaði þrettán ára stúlku.

Manninum var gert að greiða stúlkunni 900 þúsund krónur í miskabætur, sem og allan sakarkostnað í málinu: rúmar 800 þúsund krónur. - ifv

7. GS í Glerárskóla:

Gerðu góðverk fyrir jólin

JÓLAHALD Krakkarnir í 7. GS í Glerárskóla á Akureyri ákváðu að gera góðverk fyrir jólin í ár og styrktu Ástu Lovísu Vilhjálmsdóttur, einstæða þriggja barna móður sem berst við krabbamein, um 9.500 krónur sem lagðar voru inn á reikning hennar.

Í stað þess að skiptast á jólapökkum samkvæmt venju á litlu jólunum lögðu þau andvirði pakkanna saman og var upphæðin hækkuð úr 300 krónum í 500 krónur. Kennari krakkanna tók einnig þátt í góðverkinu.

- sdg

MANNSKÆTT SLYS Björgunarstarfsmenn við lestarteinana í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestarslys í Austurríki:

Þrír fórust eftir sjálfsmorð

AUSTURRÍKI, AP Tveir lögregluþjónar og einn útfararstjóri fórust þegar þeir urðu fyrir lest í vesturhluta Austurríkis í gær, en mennirnir höfðu verið að fjarlægja lík manns sem talið er að hafi framið sjálfsmorð á lestarteinunum.

Slysið varð skömmu eftir klukkan 10 að staðartíma nærri bænum Lochau am Bodensee skammt frá þýsku landamærunum, en lestin var á leið frá München til Zürich.

Að sögn Manfreds Bliem, talsmanns lögreglu, er talið að mennirnir hafi látist samstundis. Nokkrir aðrir opinberir starfsmenn sem voru á staðnum fengu áfallahjálp eftir slysið. - smk

Rúmeni í farbanni handtekinn á Reykjavíkurflugvelli:

Á leið til Færeyja með falsað vegabréf

LÖGREGLUMÁL Rúmenskur karlmaður sem hlaut fangelsisdóm í byrjun desember fyrir að hafa sett upp leynilegan afritunarbúnað á þrjá hraðbanka á höfuðborgarsvæðinu var handtekinn á Reykjavíkurflugvelli á miðvikudag þegar hann reyndi að flýja land á fölsuðu vegabréfi. Maðurinn var í farbanni en áfrýjunarfrestur hans var ekki útrunninn og því gekk hann enn laus. Að sögn Ómars Smára Ármannssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns var maðurinn handtekinn þar sem hann reyndi að komast í flug til Færeyja. Hann var með falsað vegabréf sem sýndi ítalskt þjóðfang. Vegabréfið hafði áður verið notað af öðrum manni til að fá íslenska kennitölu. Ómar segir að rökstuddur grunur leiki á því hvar maðurinn hafi keypt vegabréfið en að enginn hafi þó verið handtekinn vegna þess enn sem komið er.

Rúmeninn ákvað í kjölfar handtökunnar að una dómi sínum og hefur þegar hafið afplánun. Hann var handtekinn ásamt félaga sínum 11. nóvember síðastliðinn. Í dómi yfir mönnunum segir að brot þeirra hafi verið þaulskipulögð og hefðu getað leitt til verulegs fjártjóns ef háttsemi þeirra hefði ekki uppgötvast. Áform þeirra hafi verið þau að koma kortaupplýsingunum í hendur erlendra aðila sem ætluðu síðan að misnota þau til fjársvika með grófum og umfangsmiklum hætti. - þsj

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Maðurinn var handtekinn þegar hann reyndi að kaupa sér flugmiða til Færeyja. Hann var einnig með falsað ítalskt vegabréf í fórum sínum.

ÖGMUNDUR JÓNASSON segir kosningabaráttu VG í kjördæmunum þremur á höfuðborgarsvæðinu verða sameiginlega. Sjálfur skipar hann efsta sætið á lista í Suðvesturkjördæmi.

Líst vel á nýja kjördæmið

Ögmundur Jónasson fer fyrir lista VG í Suðvesturkjördæmi. Katrín Jakobsdóttir skipar fyrsta sætið í Reykjavík norður og Kolbrún Halldórsdóttir í suður.

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson þingmaður Reykvíkinga síðustu þrjú kjörtímabil verður í framboði fyrir flokk sinn, Vinstrihreyfinguna – grænt framboð, í Suðvesturkjördæmi í kosningunum í vor.

Kolbrún Halldórsdóttir þingkona og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, fara fyrir listunum í Reykjavíkurkjördæmunum.

Kjörstjórn VG á höfuðborgarsvæðinu leggur þetta til.

„Mér líst mjög vel á þetta og hef fengið geysilega góð viðbrögð,“ segir Ögmundur sem rómar félaga sína á listanum og telur framboðið sterkt.

VG á ekki þingmann í Suðvesturkjördæmi en Ögmundur er bjartsýnn á góðan árangur í kosningunum í vor. „Ég tel að við eigum eftir að ná fleiri en einum þingmanni en það mun kosta baráttu.“

Tillögur kjörstjórnar ná til fimm efstu sætanna en eftir er að skipa í neðri sæti. Tillögurnar verða bornar upp til samþykktar á félagsfundum, sem að líkindum verða í síðari hluta janúar.

Í takt við niðurstöður nýlegs prófkjörs verða Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir í næstu sætum listanna og þar á eftir þau Paul Nikolov, Auður Lilja Erlingsdóttir og Gestur Svavarsson.

Horfið var frá því að hrófla við niðurstöðum forvalsins en í reglum þess kvað á um að gæta skyldi að jafnræði kynjanna á listunum. Samkvæmt þeim hefði Gestur Svavarsson átt að skipa annað sæti á lista í stað Álfheiðar Ingadóttur.

Ögmundur segir að með skipan sinni á lista í Suðvesturkjördæmi sé VG að staðfesta að flokkurinn sé stiginn inn í nýja framtíð þar sem litið er á höfuðborgarsvæðið allt heildstætt. „Við komum til með að reka sameiginlega kosningabaráttu á höfuðborgarsvæðinu og gerum ekki greinarmun á kjördæmunum.“

bjorn@frettabladid.is

LISTAR VG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Tillögur kjörstjórnar

Reykjavík norður:	Reykjavík suður:	Suðvesturkjördæmi:
Katrín Jakobsdóttir	Kolbrún Halldórsdóttir	Ögmundur Jónasson
Árni Þór Sigurðsson	Álfheiður Ingadóttir	Guðfríður Lilja Grétarsd.
Paul Nikolov	Auður Lilja Erlingsdóttir	Gestur Svavarsson
Steinunn Þóra Árnadóttir	Guðmundur Magnússon	Mireya Samper
Kristín Tómasdóttir	Jóhann Björnsson	Andrea Ólafsdóttir

120 1886 2006

Hver verður Íslandsmeistari í hraðskák?

Friðriksmót Landsbankans í dag kl. 13:00

Friðriksmót Landsbankans 2006, Íslandsmótið í hraðskák, verður haldið í Aðalbanka Landsbankans við Austurstræti í dag, laugardaginn 30. desember, og hefst kl. 13:00.

Allir sterkustu skákmenn landsins keppa til sigurs á mótinu.

Friðrik Ólafsson, stórmeistari, er sérstakur heiðursgestur mótsins.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SÍA/LBI 35526 12/06

opið nýársdag

31. des. gamlársdagur opið til kl. 18
1. jan. nýársdagur opnum kl. 13

10-11

...þegar þér hentar

www.10-11.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 6.410 **+1,22%** **Fjöldi viðskipta:** 848 **Velta:** 112.700 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Exista	2,74%	**Mosaic**	4,38%
Tryggingamiðst.	2,73%	**Nýherji**	3,80%
Straumur-Burðar.	2,35%	**Marel**	2,53%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,79 -1,03% ... Actavis 64,00 +0,79% ... Alfesca 5,04 +0,20% ... Atlantic Petroleum 551,00 -0,36% ... Atorka 6,76 +0,30% ... Bakkavör 62,50 +0,81% ... Eimskipafélagið 32,50 +0,62% ... FL Group 25,50 +0,79% ... Glitnir 23,30 +1,30% ... Kaupþing 841,00 +1,33% ... Landsbankinn 26,50 +1,92% ... Marel 77,00 -2,53% ... Mosaic Fashions 15,30 -4,38% ... Straumur-Burðarás 17,40 +2,35% ... Össur 113,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Fylgdi S&P

Í fjármálageiranum þykjast menn ekki sjá mikil merki lækkunar lánshæfismats Standard & Poor's á markaðinn. Ástæðan kann að vera sú að markaðurinn hafi átt von á henni. Óvænt áhrif þessa lækkaða mats birtist hins vegar í glæsilegri veislu Frjálsrar verslunar þar sem Róbert Wessman var heiðraður sem maður ársins hjá tímaritinu. Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti Róbert viðurkenningu fyrir útnefninguna. Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, ávarpaði Geir með orðunum „Háttvirtur forsætisráðherra," Þótti mönnum þar gæta áhrifa frá Standard og Poor's en í þinginu munu þingmenn ávarpaðir sem háttvirtir en ráðherrar sem hæstvirtir og því spurning um hvort skammtímaeinkunn á virðingu ráðherra hefði þar fallið úr AA- í A+.

Minnugir forsætisráðherrar

Annars var glatt á hjalla í veislunni, enda þeir Jón G. Hauksson ritstjóri og Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, með skemmtilegri mönnum. Benedikt lét Geir ekki sleppa og sagði að þeir hjá Frjálsri verslun hefðu notið þess láns að stjórnmálamenn hefðu verið viljugir til að mæta og afhenda verðlaunin. Hann hefði hringt í Geir sem hefði orðið undrandi og spurt hvort hann hefði ekki afhent verðlaunin í fyrra og hitteðfyrra. „í fyrra reyndist vera árið 2003 og í hitteðfyrra var árið 1999," sagði Benedikt og minntist kankvíslega annars stálminnugs forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar.

MARKAÐSPUNKTAR...

Krónan hefur sveiflast mikið á árinu. Lokagildi gengisvísitölunnar á árinu 2006 var 127,9 og hefur krónan veikst um 18 prósent á árinu. Hæst fór vísitalan í 134 stig um mitt ár en lægst var hún í 103,2 stigum í byrjun árs.

Niðurstöður úr ársfjórðungslegri könnun Capacent Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins sýna að þrír fjórðu stjórnenda telja að núverandi aðstæður í efnahagslífinu séu góðar sem er ívið betri niðurstaða í september.

Um áramótin breytist heiti KB banka á Íslandi í Kaupþing, en lögformlegt heiti bankans er Kaupþing banki hf. Breytingin er liður í langtímaáætlun stjórnar bankans um að hann starfi undir sama nafni hvar í heimi sem er.

Minni hækkanir á hlutabréfum

Tryggingamiðstöðin hástökkvari ársins 2006.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 15,9 prósent á árinu 2006 og stóð í 6.410 stigum við lokun markaða í gær. Þetta er töluvert minni hækkun en árin 2003-2005 þegar vísitalan hækkaði vel yfir fimmtíu prósent innan árs.

Greiningardeild Kaupþings telur að hækkun ársins sé vel ásættanleg í ljósi þeirra aðstæðna er ríkt hafa á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu. Hlutabréf hækkuðu skarpt framan af ári og sleikti Úrvalsvísitalan sjö þúsund stiga múrinn um miðjan febrúar. Upp úr því tóku hlutabréf að falla hratt og hélst sú lækkun langt fram á sumar. Mikill viðsnúningur varð á markaði á þriðja ársfjórðungi þegar Úrvalsvísitalan hækkaði um tæp fimmtán prósent.

Fjögur félög hækkuðu yfir þrjátíu prósent á árinu, TM, HB Grandi, Glitnir og FL Group. TM hækkaði um tæp fjörutíu prósent. Sjö félög sýndu neikvæða nafnávöxtun á árinu. Mest féllu bréf í Flögu Group árið 2006 eða um 43,2 prósent. - eþa

Hjálmur ehf. eignast meirihluta í Birtíngi

Skorið verður niður í útgáfu sameinaðs félags.

Verið er að leggja lokahönd á kaup Hjálms ehf. á meirihluta í útgáfufélaginu Birtíngi og verða þau að fullu frágengin um áramót.

Hjálmur, sem er í eigu Baugs, er aðaleigandi Fögrudyra sem nýverið keypti af 365 tímaritin Veggfóður og Hér og nú. Birtíngur gefur út fjölda tímarita, Mannlíf, Nýtt líf, Hús og híbýli, Séð og heyrt, Gestgjafann, Bleikt og blátt og Vikuna.

Eigendur sameinaðs félags eru Hjálmur ehf. með 60 prósent, en Hjálmur er að öllu leyti í eigu Baugs Group, LL eignir ehf., sem er í eigu Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. á 28 prósent, Elín Guðrún Ragnarsdóttir á 10 prósent, og rest eiga Reynir Traustason, Mikael Torfason og Jón Trausti Reynisson. Stjórnarformaður Birtíngs ehf. er Sigurður G. Guðjónsson, en með honum í stjórn eru Sverrir Arngrímsson og Egill Þorvarðarson. Framkvæmdastjóri er Elín Guðrún Ragnarsdóttir. Mikael Torfason og Reynir Traustason verða áfram aðalritstjórar útgáfunnar, hvor yfir sínu sviði.

VIÐ TÍMARITAREKKANN Nokkrar hræringar eiga sér stað á tímaritamarkaði um áramót þegar útgáfurnar Fögrudyr og Birtíngur renna saman. Stærsti eigandi fyrirtækisins verður Hjálmur ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjálmar Blöndal verður framkvæmdastjóri Dagblaðsins-Vísis útgáfufélags ehf. sem eftirleiðis gefur út DV. Á móti Hjálmi á 365 40 prósenta hlut í útgáfufélaginu. Aðrir eigendur eru Sigurjón M. Egilsson ritstjóri DV og Janus Sigurjónsson. - óká

FL færir Glitnisbréf til Hollands

Skattaumhverfi hagstætt í Hollandi.

FL Group, stærsti hluthafinn í Glitni, hefur fært stærstan hluta af eign sinni í bankanum til tveggja dótturfélaga sem eru með heimilisfang í Hollandi. Af rúmlega þrjátíu prósenta hlut FL í Glitni tekur FL Group Holding Netherlands 12,48 prósent en 13,49 prósent færast til FL GLB Holding. Eftir tilfærsluna heldur móðurfélagið FL Group utan um 4,38 prósent í Glitni en hlutur samstæðunnar er eftir sem áður 30,36 prósent af hlutafé í bankanum.

„Við hugsum þetta aðallega sem hluta af endurskipulagningu fyrirtækisins. Við höfum verið að færa hluta af okkar starfsemi út fyrir landsteinana," segir Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs FL.

Skattaumhverfi er hagstætt í Hollandi. Þar er engin fjármagnstekjuskattur greiddur af óinnleystum gengishagnaði eins og hérlendis og vegna tvísköttunarsamninga eru tekjurnar ekki skattlagðar á milli landa. Tekjuskatthlutfall FL Group ætti því að lækka ef horft er fram á veginn.

Exista er annað félag sem hefur þennan háttinn á að vista hlutabréf í Hollandi undir nafni dótturfélags. Þar liggja hlutir Exista í Bakkavör og Kaupþingi. - eþa

Vöruskipti versna um 28 milljarða á milli ára

Vöruskiptahallinn versnaði til muna á fyrstu ellefu mánuðum ársins miðað við árið í fyrra. Verðhækkanir og gengislækkun skýra helst aukningu útflutnings á árinu 2006 á meðan stóriðjuframkvæmdir skýra aukinn innflutning.

Vöruskipti voru neikvæð um 13,5 milljarða króna í nóvember samkvæmt tölum sem Hagstofan birti í gær. Innflutningur nam 33 milljörðum króna en útflutningur tæpum 20 milljörðum. Hallinn tvöfaldaðist frá því í október sem skýrist fyrst og fremst af auknum innflutningi milli mánaða á meðan útflutningur stóð nánast í stað. Mest jókst innflutningur á eldsneyti en sá liður getur sveiflast mjög milli mánaða.

Litið til fyrstu ellefu mánaða ársins má sjá að vöruskiptahallinn hefur aukist töluvert milli ára. Hann nemur nú 123 milljörðum króna en var tæpir 94,7 milljarðar króna fyrir sama tímabil í fyrra. Samdráttur varð í öllum helstu vöruflokkum útflutnings í magni mælt nema í álútflutningi. Í Morgunkorni Glitnis segir að ef ekki kæmi til hækkun á heimsmarkaðsverði fyrir helstu útflutningsvörur Íslendinga væri staðan enn verri en raun ber vitni. Þær hækkanir og gengislækkun skýra helst að útflutningsverðmæti jókst um átján prósent á árinu. Aukningu innflutnings má helst rekja til stóriðjuframkvæmda.

123 MILLJARÐA VÖRUSKIPTAHALLI Á FYRSTU ELLEFU MÁNUÐUM ÁRSINS Miklar verðhækkanir á útflutningsvörum hafa stuðlað að því að vöruskiptahallinn er ekki enn slakari en raun ber vitni.

Líklegt þykir að draga muni verulega úr halla á vöruskiptum á komandi misserum. Í Morgunkorninu er þessu til stuðnings bent á að álútflutningur vaxi hröðum skrefum og innflutningur á fjárfestingarvöru komi væntanlega til með að minnka verulega með lokum stóriðjuframkvæmda. Við það bætist svo að nú hægi á annarri fjárfestingu, jafnt atvinnuvega sem í íbúðarhúsnæði. Þar að auki sé gert ráð fyrir að einkaneysla standi í stað eða dragist lítillega saman á næsta ári.

holmfridur@frettabladid.is

Aðstæður fyrir 3G betri nú en áður

Stóru símafyrirtækin skoða nú bæði skilmálana sem kveðið er á um í útboðslýsingu Póst- og fjarskiptastofnunar á leyfum fyrir rekstur þriðju kynslóðar farsímanets, sem stundum nefnist 3G-kerfi. Að sama skapi fagnar Novator því að leyfin hafi verið auglýst og segir fulltrúi félagsins það enda hafa stefnt að því að koma 3G neti í rekstur.

Ljóst er að margvísleg nýbreytni fylgir auknum sendihraða í þriðju kynslóðinni, en af samkeppnisástæðum vilja fyrirtækin sem minnst segja um þær nýjungar. Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir þó ljóst að fyrirtækið komi til með að skila inn tilboði fyrir tilsettan tíma 12. mars og þar verði útfært nánar með hvaða hætti og hversu hratt farsímakerfið nýja verði byggt upp. „En við útilokum ekki að það geti orðið hraðar en kveðið er á um í útboðslýsingunni," segir hún. Þá telur Eva að nú sé um margt góður tími til að ráðast í þessa breytingu og viðskiptavinir almennt tilbúnari til að nýta sér nýbreytni í þjónustu. Þar bendir hún til dæmis á vaxandi vinsældir Blackberry-þjónustunnar þar sem notendur hafa aðgang að skrifstofuhugbúnaði í síma.

Gestur Gestsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone, segir að að sama skapi verið að skoða skilmála Póst- og fjarskiptastofnunar. „Menn fá tvo og hálfan mánuð til að átta sig á rammanum sem á er að byggja. Ég geri ráð fyrir að við nýtum okkur þann tíma," segir hann og bætir við að því hafi fyrirtækið ekki enn lagt niður fyrir sér hversu hratt verði hægt að byggja upp kerfið. - óká

Fá 5,7 milljarða króna í nýársgjöf

Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn hafa sameinast undir nafninu Stafir lífeyrissjóður. Við það aukast aldurstengd lífeyrisréttindi sjóðsfélaga um 5,7 milljarða króna eða 16 til 20 prósent. Félagar eru yfir fimmtíu þúsund.

„Við sameiningu sjóðanna var eignastaða jöfnuð, þannig að allar deildir voru á jafnri stöðu. Þá varð til umframeign í hinum og þessum deildum sem nam 5,7 milljörðum. Nú þegar liggur fyrir staðfesting frá Fjármálaeftirlitinu um að við megum starfa eftir þeim samþykktum sem við ætluðum okkur að starfa eftir, þá viljum við tilkynna að réttindi sjóðsfélaga verði aukin," segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa.

Hann bendir á að það séu ekki margir lífeyrissjóðir sem geti státað af því að eiga 8 til 9 prósenta eign umfram réttindi; flestallir hafi verið að berjast við það að ná jafnvægi milli eigna og réttinda. - eþa

Síminn kynnir:

Fáðu þér hringitón með
Á móti sól á Dælunni
á siminn.is

Á MÓTI SÓL

Stórdansleikur og sérstakur Rockstargestur

á Broadway

Laugardaginn 30. desember

Húsið opnar kl. 23.00
Miðaverð 2.500 kr.

**Forsala aðgöngumiða er á broadway.is
eða í anddyri Broadway**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM23700

skoðun

greinar@frettabladid.is

Svört skýrsla menntamálaráðherra um safnamál vekur spurningar.

Stór söfn og lítil þurfa geymslur

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Síðustu daga hafa tíðindi af íslenskum safnamálum birst í Fréttablaðinu. Þar ber allt að sama brunni: íslensku stóru söfnin búa við ónógt húsnæði til sýninga og það sem verra er: geymsluhúsnæði þeirra er of lítið og víða bágborið miðað við öryggi og varðveislukröfur.

Heimildir Fréttablaðsins eru af tvennum toga: forstöðumenn safna hafa lýst ástandinu frá sínum bæjardyrum, og skýrsla sem menntamálaráðherra lét vinna fyrr á þessu ári bregður ljósi á málið. Lofa verður það sem þarft er unnið: menntamálaráðherra á hrós skilið fyrir skýrsluna – og stinga henni ekki undir stól. Flokkur ráðherrans hefur farið með málefni safna í þrjú kjörtímabil og ber því ábyrgð á ástandinu: skortir hátt í 17 þúsund fermetra af geymslurými svo viðunandi geti talist.

Söfn eru grunneining menningar í hverju samfélagi sem gjarnan er litið til þegar gesti ber að garði. Söfn hafa á síðustu áratugum skilgreint sig á nýjan leik víða um lönd, skipulagt sýningar með nýjum leiðum í boðun og upplýsingu – og hreinni skemmtun. það má sjá hér á landi í nýjum sýningum Þjóðminjasafns og sýningunni 871 í Aðalstræti er glæsilegt nýnæmi. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur hafa sýnt hugdirfsku í samantekt innlendra sýninga og flutt hingað nýja og gamla myndlist sem hrærir gesti.

En betur má ef duga skal: fram undan eru tröllaukin verkefni: loksins á að gera eitthvað í marglofuðum og sviknum endurbótum á aðstöðu Náttúrugripasafnsins. Fagna ber frumkvæði borgarstjórnar Reykjavíkur og líka áhuga Borgarbyggðar á safninu. Það er fagnaðarefni þegar sveitarstjórnir sýna áhuga söfnum: vel skipulögð og hugsuð söfn eru virkjanir andans, þar falla vötn sem skila orku.

Ný söfn eru eitt, geymslurnar annað. Hvert safn þarf bakland: sérhæft húsnæði, nútímaleg skráningarkerfi, vel menntað og virkt starfsfólk. Nú skortir Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið geymslur, aðstaða Þjóðskjalasafns er slæm, Árnastofnun bíður þess að byggt verði við Þjóðarbókhlöðu svo handritin búi við sæmandi húsakost – meira að segja Landsbókasafnið bráðvantar geymslur. Í Kvikmyndasafninu er nóg pláss en þar er unnið við þarfa endurskráningu og lítið sinnt að koma safngripum á afrit. Og þannig má lengi halda áfram.

Í skýrslu áðherrans er hugað að litlum hluta safna þjóðarinnar: Nýlistasafnið er með safnkost sinn í hörmulegum aðstæðum, öryggis- og geymsluaðstæður byggðasafna eru víða slæmar. Er ekki sé ástæða að nema staðar og hætta dreifingu safna um landið sem stjórnvöld hafa staðið fyrir til að þóknast byggðasjónarmiðum. Smáþjóð hefur ekki efni á að drita söfnum um allar koppagrundir.

Til þess eru ráðherrar og ráðuneyti að hafa yfirsýn – ástand í safnamálum bendir til að hana hafi skort um árabil – jafnvel áratuga skeið. Það þarf pólitískt hugrekki til að viðurkenna það – og enn meira þor til að bæta úr ástandinu.

Vilji menn hafa efni á að kallast menningarþjóð – í verki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fátækir stjórnmálamenn?

Ekki er líklegt að fólk sem býr við fátækt á Íslandi hafi sama mat og Davíð Oddsson seðlabankastjóri og fyrrverandi forsætisráðherra á því hvað telst vera fátækt. Í viðtali við tímaritið Nordisk tidskrift segir hann að þeir sem leggi stjórnmál fyrir sig hafi tekið þá ákvörðun að vera fátækt fólk alla ævi. Þeir sem vinna láglaunastörf, og aðrir sem hafa lítið á milli handanna samþykkja eflaust alls ekki þessa skilgreiningu seðlabankastjórans á fátæku fólki. Þingfararkaup er frá og með 1. janúar tæpar 520 þúsund krónur. Og þó að það sé ekki kaup sem jafnast á við forstjóralaun þá leikur ekki vafi á því að fátækir Íslendingar myndu eflaust vilja fá þessi laun í hverjum mánuði, og myndu jafnvel ekki telja sig fátæka lengur ef í launaumslagi væru yfir 500 þúsund í hverjum mánuði.

Í eina sæng á ný

Hræringar á fjölmiðlamarkaði hafa verið miklar á árinu sem er að líða. Í gær var tilkynnt um nýjustu snúninga í fjölmiðlum. Því fylgir meðal annars að fyrrverandi samstarfsmenn fara að vinna saman á nýjan leik. Þetta á til dæmis við Mikael Torfason og Reynir Traustason sem unnu saman á DV. Þeir verða báðir ritstjórar, aðalritstjórar meira að segja, hjá nýju útgáfufélagi sem gefa mun út flest tímarit landsins.

Hvað gerist á því næsta?

Nú er bara að bíða og sjá hversu fjörugur fjölmiðlamarkaðurinn verður 2007. Árið 2006 var lögð niður ein sjónvarpsstöð, tímaritin Fyrstu skrefin, Ísafold og Bistró hófu göngu sína, tilkynnt var um væntanlega útgáfu á nýju vikuriti Sigríðar D. Auðunsdóttur og ljóst er að útgáfudögum Viðskiptablaðsins mun fjölga. DV varð að vikuriti á vordögum en nú í árslok liggur fyrir að það verður að dagblaði á nýjan leik. Og leggja á niður tímaritin Veggfóður, Hér og Nú og Mannlíf. Viðburðaríkt ár semsagt.

sigridur@frettabladid.is

Hvenær koma áramót?

Það er hefð fyrir því að líta á upphaf nýs árs sem sérstök tímamót, horfa yfir nýliðna fortíð og skilgreina árið sem gengið er. Áramót eru náttúrulegur atburður sem byggir á gangi jarðar um sólu en á hinn bóginn er ekkert náttúrulegt við það að þessi tímamót eigi sér stað á mótum desembers og janúars.

Mánaðaheitin sem við notum bera merki þess að áramót Rómverja voru 1. mars. Hjá þeim var desember tíundi mánuðurinn, eins og nafn mánaðarins bendir til. Á miðöldum var árið hins vegar iðulega látið hefjast 1. september.

Í sumum menningarsamfélögum voru áramótin hreyfanleg. Hið forna kínverska ár hefst þannig einhvern tíma í janúar eða febrúar en mismunandi eftir árum. Það var vegna þess að Kínverjar miðuðu tímatal sitt við göngu tunglsins en bættu við mánuði á hlaupári í hvert sinn þegar þrettán ný tungl voru á milli vetrarsólstaða. Venjulegt ár hjá þeim var því 353-355 dagar, en hlaupár 383-385 dagar.

Í löndum islam er miðað við göngu tungls og mánuðir því hreyfanlegir miðað við sólarár. Þetta er ævagömul hefð því að fremstu stjörnufræðingar fornaldar, Babylóníumenn, miðuðu ártöl við göngu tungls fremur en sólar. Egyptar tóku hins vegar upp sólarár, vegna þess að það hentaði betur til að fylgjast með flóðum Nílar. Árið hjá Egyptum var 365 dagar, 12 mánuðir með 30 daga og fimm helgidagar „utan mánaða“. Sólarár Egypta hafði áhrif á tímatalsumbætur Rómverja þegar júlíanska tímatalið var tekið upp árið 46 f. Kr. Það breiddist svo út með vexti Rómarveldis og síðar vegna kristinna áhrifa.

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Tímatal

Íslendingar notuðu lengst af júlíanska tímatalið en þó ekki alla tíð. Elstu fáanlegum heimildum ber saman um að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi verið notað tímatal sem kennt var við Breiðfirðinginn Þorstein surt, sem uppi var á 10. öld. Tímatal hans, gamla mánaðatalið, gerði ráð fyrir 52 vikum í ári og einni til viðbótar sjöunda hvert sumar. Þannig var árið 364 dagar nema stundum var það 371 dagur. Þetta eru svipaðar reglur og koma fram í bréfi Hammúrabís konungs í Babylon þannig að Þorsteinn surtur hefur verið á svipuðum brautum í tímaákvörðunum og helstu stjörnufræðingar fornaldar.

Tímatal Þorsteins surts hefur augljósa galla miðað við júlíanska tímatalið svo ekki sé minnst á arftaka þess, gregóríska tímatalið sem lögboðið var meðal kaþólskra þjóða 1582 en ekki fyrr en 1700 meðal mótmælendaþjóða.

Samt sem áður er gregóríska tímatalið hvergi nærri nákvæmasta tímatalið sem miðar við sólarár. Majarnir í Mið-Ameríku vissu t.d. af því að sólarárið væri of stutt og ályktuðu út frá langtímamælingum að sólarárið væri 365.242036 dagar sem er nákvæmara en gregóríska tímatalið.

Persneska dagatalið var frá fornu fari miðað við sólarár, enda Persar miklir áhangendur elds og sólar. Á 11. öld ákvað soldáninn í Baghdad, Malik Shah, að samræma þetta forna dagatal tímatali islam. Stærðfræðingurinn Umar al-Khajjam, sem er kunnur sem ljóðskáld á Vesturlöndum, lagaði persneska dagatalið og var leiðréttingin hans lögtekin í ríki Seldsjúka. Þannig fékkst nákvæmari dagsetning en í gregoríska tímatalinu, því að persnesku stærðfræðingarnir náðu fimm fyrstu aukastöfunum rétt þannig að í persneska sólarárinu kemur villa á 3.370 ára fresti, miðað við 3.330 í gregoríska tímatalinu.

Svo má auðvitað hugsa sér allt aðrar leiðir til að reikna út ár önnur en að miða við gang sólar eða tungls. Eftir frönsku byltinguna reyndu hinir nýju valdhafar að vinda ofan af kristnum áhrifum. Þeir voru mjög hrifnir af tugakerfinu og stærðfræðilegri nákvæmni þess og því innleiddu þeir tíu mánaða ár, tíu daga viku, tíu klukkustunda sólarhring, hundrað mínútna klukkustund o.s.frv. Samkvæmt tíu daga vikunni skyldi tíundi dagurinn helgaður hátíðarhöldum þar sem ýmsum vísindagreinum eða hugtökum skyldi fagnað.

Metnaðarfyllsta tilraun til að endurskoða gregoríska tímatalið í seinni tíð var heimsalmanakið svo kallaða, sem Sameinuðu þjóðirnar sýndu mikinn áhuga á sjöunda áratugnum. Samkvæmt því voru allir mánuðir ársins 30 eða 31 dagur, en svokallaður „heimsdagur“ var daginn eftir 30. desember og eftir 30. júní á hlaupárum. Þeir dagar hefðu ekki talist vikudagar og því 1. janúar alltaf verið á sunnudegi.

Ekki fá allar góðar fyrirætlanir brautargengi og árið 2007 mun því hefjast á mánudegi. Gleðilegt ár!

Kostnaðurinn við krónuna

UMRÆÐAN
Peningamál

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Fórnarkostnaðurinn fyrir íslenskan almenning við að halda úti gjaldmiðli í okkar fámenna landi er ansi hár. Ætli kostnaðurinn við peninga eigi ekki hvað stærstan þátt í því að lífkjör eru hér ekki almennt betri en raunin er.

Sá kostnaður kemur fyrst og fremst niður á heimilunum í landinu. Á launþegunum sem ekki hafa aðgang að erlendu fjármagni. Það kostar að vera með krónu og það ansi mikið. Því hlýtur að vakna upp umræða um stöðu Íslands í Evrópu fyrir kosningarnar næsta vor. Annað væri óeðlilegt enda um að ræða eitt mesta hagsmunamál okkar allra.

Fyrr á árinu birti ég grein sem byggði á dæmi sem Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri þingflokks Samfylkingarinnar, bjó til um mun á húsnæðisláni á evrukjörum og íslenskum. Niðurstaðan er afgerandi enda skeikar litlum 50 milljónum á því sem greitt er meira af íslenska láninu en láni í evrum.

Gengisdýfur, hátt matvælaverð og vaxtaokur hafa vakið marga af værum blundi um stöðu mála og því er vert að taka ítarlegri umræðu um samskiptin við Evrópu á næstu misserum.

Til að framkvæma samanburð á því hvernig er að vera á húsnæðislánamarkaði á Íslandi og á evrusvæðinu þá er það hægt með einföldum hætti í reiknivél Frjálsa fjárfestingabankans, www.frjalsi.is. Sleggið er inn í reiknivélina lán sem eru á vöxtum og verðbólgu evrusvæðisins, merkt við jafnar afborganir efst til vinstri, setjið t.d. 15 milljónir í næsta reit og því næst 3% vexti (hægt að fá lægri vexti), veljið óverðtryggt lán og 480 gjalddaga.

Neðst kemur upphæð íslenska lánsins sjálfkrafa. Veljið t.d. 3,5% verðbólgu, gætið þess að velja 40 ár, ýtið á reikna og þá blasir munurinn við.

	Evrópskt lán	Íslenskt lán
Meðalgr. næstu 12 mánuði	68.321 kr.	75.092 kr.
Meðalgr. yfir allan lánstímann	50.040 kr.	154.547 kr.
Afborgun	15.000.000 kr.	15.000.000 kr.
Vextir og verðbætur	9.018.990 kr.	9.184.215 kr.
Samtals greitt:	**24.018.990 kr.**	**74.184.215 kr.**

Það munar semsagt 50 milljónum króna í kostnaði fyrir húsnæðiskaupandann eftir því hvort keypt er húsnæði á Íslandi eða í Evrópu. Hálfum mánaðarlaunum í afborganirnar á mánuði að jafnaði yfir allan lánstímann.

Í evruláninu hefst þá þegar niðurgreiðslan af höfuðstól og sé vegið saman við hækkun á tekjum síðar í lífinu þá er algengt að lánið fari frá því að vera um 20% af ráðstöfunartekjum niður í 8%. Samanborið við okkar verðtryggðu hávaxtalán í verðbólguskoppinu þá halda afborganir sér í sömu hæðum alla tíð.

Auðvitað fylgja aðild ókostir og ekkert er einfalt í þessum málum. En munurinn er mikill hvað gjaldmiðilsmálin viðkemur. Það er ótvírætt.

Höfundur er alþingismaður

Hvað er þinn flugeldasali tilbúinn að leggja á sig fyrir þig?



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

Á hverju ári sinnum við á annað þúsund hjálparbeiðnum af öllum gerðum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum.
Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstranda, björgun búpenings auk fjölda annarra viðvika.

Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en á undanförnum 40 árum hefur flugeldasalan orðið langmikilvægust og skipt sköpum í rekstri sveitanna. Því er mikilvægt að styðja á öflugan hátt við sveitirnar með því að kaupa flugeldana af okkur.

Einkaaðilar hafa seilst inn á þessa aðalfjáröflun okkar í von um hagnað í eigin vasa. Þetta þykir okkur slæm þróun og hvetjum við fólk til þess að hugsa fyrst og fremst um eigið öryggi.

*Styddu þá sem eru tilbúnir að styðja þig - **kauptu flugeldana af björgunarsveitunum!***

Þessi fyrirtæki eru styrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

ICELANDAIR · Landsvirkjun · LANDSNET · RARIK

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

- berst fyrir lífi þínu

GLÆÐILEG ÁRAMÓT

Með kveðju starfsfólk Krónunnar

698 kr. kg.
Móa veislufugl m/fylingu

40% afsláttur
1494 kr. kg.
Danskur úrbeinaður grísahryggur

22% afsláttur

30% afsláttur
Eðalfiskur reyktur og grafinn lax

Sprengi-verð
7up og 7up free 2 ltr
59 kr. stk.

Hreindýra paté & Krónhjartapaté
15% afsláttur

Fjörf. úrvalsrækja
499 kr./pk.

Allt í ostaveisluna **15%** afsláttur

Áramótadót í úrvali

30.12. laugardag opið frá 11.00 - 21.00
31.12. sunnudag opið frá 9.00 - 15.00

Allt í áramótaveisluna

25% afsláttur
1349 kr. kg.
Goða hátíðarlamb

Villibráð
1498 kr. pk.
Highl. game Krónhjartar medaliur

Maxi mix saltkex
169 kr./pk.

Tuborg léttöl í dós
59 kr./stk.

Stickletti saltstangir
119 kr./pk.

499 kr. stk.
Coke & Coke light 4X2 ltr

NÝTT!
Partíbakki -pinnamatur!

Lays snakk
189 kr./pk.

Pepsi og Pepsi light 2 ltr
99 kr./stk.

Lays snakk multipack
399 kr./pk.

Casa Fiesta flögur
155 kr./pk.

Best Bite flögur
249 kr./pk.

Schweppes Tonic 2 ltr
159 kr./stk.

499 kr. stk.
Coke & Coke light 2 ltr & Maarud poki 350g

Egils epla cider 2 ltr
149 kr./stk.

Áramótaísinn

Gott í drykkinn

KRONAN

KRONAN

Hér safnarðu aukalega inn á
MasterCard ferðaávisun

Tjáðu þig!



Vasta hux'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

MAÐUR VIKUNNAR

Lætur verkin tala

JÓN GUNNARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

Jón Gunnarsson hefur verið framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar í á þriðja ár. Mikið hefur mætt á björgunarsveitum á undanförnum vikum bæði vegna óveðurs sem geisaði í síðustu viku fyrir jól en ekki síður vegna strandsins á flutningaskipinu Wilson Muuga. Björgunarsveitir fjármagna starfsemi sína að stórum hluta með flugeldasölu en sú sala er nú í hámarki.

Þeim sem þekkja Jón ber saman um að hann sé maður verka, með eindæmum duglegur og fullur af orku. Hann þykir duglegur að hvetja starfsfólk sitt áfram, sanngjarn í samskiptum og snillingur í að miðla málum sem eru komin í hnút. Jón þykir einnig mjög ráðagóður og gott að leita til hans þegar eitthvað bjátar á.

Jón er húmoristi og hrókur alls fagnaðar á mannamótum. Samstarfsfélagi Jóns telur það honum helst til lasts hversu illa honum gengur að muna brandara og þarf hann þá stundum að bregða á það ráð að lesa þá beint upp af blaði. Jón þykir einnig góður ferðafélagi og virðist ná góðum tengslum við fólk af öllum þjóðernum og virðist þá engu skipta hvort viðkomandi talar sama tungumál og Jón.

Jón er öllum hnútum kunnugur innan Landsbjargar og leggur hann sig fram við að þekkja jafnt stórar sem litlar einingar innan starfseminnar.

Áður en Jón varð framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins var hann varaformaður þess og síðar formaður en hann hefur einnig verið formaður Flugbjörgunarsveitar Reykjavíkur.

Jón er fæddur í Reykjavík 21. september 1956 og er elstur þriggja systkina. Þrátt fyrir að vera langelstur tengdist hann systrum sínum vel og rak meðal annars heildverslunina Rún í tíu ár ásamt Unni systur sinni. Unnur segir að aldrei hafi borið skugga á samstarf þeirra systkina á þessum tíma. Unnur segir bróður sinn aðeins einu sinni hafa orðið ósáttan við sig, en það var þegar hún var skírð á sjö ára afmælisdegi Jóns. Þarna fannst Jóni sem litla systir væri að stela senunni en þetta er þó löngu gleymt og fyrirgefið í dag.

Eftir skyldunám fór Jón í Iðnskólann og lauk þaðan námi. Fyrir um tíu árum kláraði hann síðan viðskipta- og rekstrarfræði frá Háskóla Íslands.

Jón hefur komið víða við á starfsferli sínum en hann starfaði meðal annars á auglýsingaog áskriftarsviði Stöðvar 2 á fyrstu árum stöðvarinnar og einnig var hann sölu- og markaðsstjóri hjá prentsmiðjunni Odda um tíma.

Jón stundaði búskap á Bakkastöðum í Miðfirði 1982-1986 og á þeim tíma stofnaði hann Flugbjörgunarsveit Vestur-Húnavatnssýslu. Þarna kom athafnasemi Jóns glögglega í ljós en ekki síður hversu vel honum gengur að aðlagast nýju umhverfi og kynnast nýju fólki.

Jón hafnaði í fjórða sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Kraganum nú í vetur og mun hann líklega setjast á þing eftir kosningarnar næsta vor. Samstarfsfélagi Jóns segist munu sakna Jóns úr starfinu en bætir við að Jón muni sóma sér vel á þingi þar sem hann sé þekktur fyrir að láta verkin tala. Ólíklegt þykir að Jón muni sitja og þegja en láti þess í stað til sín taka í ýmsum málefnum þingsins.

Þeir sem þekkja til Jóns segja hann mjög hjálpsaman sem hlýtur að nýtast honum vel í því óeigingjarna starfi sem Landsbjörg innir af hendi. Jón er kvæntur til 30 ára og á þrjú börn og tvö barnabörn. Halla Ragnarsdóttir eiginkona Jóns segir mann sinn fá öll útköll á vegum Landsbjargar og gildir þar einu hvort um er að ræða dósasöfnun, fundarboð eða útkall vegna slysa. Þær nætur sem síminn hringir ekki á heimili þeirra hjóna heyra til undantekninga en Jón kvartar aldrei um þreytu þrátt fyrir að hafa verið viðloðandi björgunarsveitarstörf í 30 ár.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er sjálfboðaliðafélag og allt rekstrarfé er fengið með fjáröflunum eða styrkjum. Í félaginu eru átján þúsund félagar sem hafa starfsstöðvar um allt Ísland.

Það var veitt minna en ráðlagt var

UMRÆÐAN
Sjávarúvegur

Algerlega misheppnuð fiskveiðistjórn síðustu ára lýsir sér m.a. í því að þorskafli er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins sem komið var á til þess að byggja upp þorskstofninn.

Ein helsta skýring þeirra, sem enn eru fylgjandi núverandi kvótakerfi, á algjöru árangursleysi þess hefur verið að það hafi verið veitt umfram ráðgjöf Hafró. Ráðgjöfin hljóðar upp á að 25% af veiðistofni þorsks séu veidd á hverju ári. Það getur verið erfitt að henda reiður á við hvað á að miða þegar talað er um veiði umfram ráðgjöf þar sem stærð veiðistofnsins er endurmetin af og til og oftar en ekki er stofninn áætlaður minni en áður var talið. Þessar endurmælingar verða m.a. til þess að veiði sem áður taldist vera 25% af veiðistofni reynist vera mun hærri tala eftir að þorskstofninn var endurtalinn minni en fyrri mælingar sýndu.

Nýjar niðurstöður úr þorskmerkingum Hafrannsóknarstofnunar sem gerðar voru fyrir meira en áratug en úrvinnslu gagna lauk nú í desember gefa mjög skýrt til kynna að það hafi verið veitt mun minna en umrædd 25% af veiðistofni árlega. Ef veiðin hefði verið svo mikil þ.e. fjórðungur af stofninum, þá mætti ætla að um 25% af merkjunum hefðu skilað sér inn innan árs og alls eftir nokkurra ára veiði hefðu um 60% af merkjum átt að skila sér. Niðurstöðurnar úr merkingatilrauninni eru allt aðrar þar sem heildarskil fiskmerkja á fimm ára tímabili er einungis 14%, sem bendir til þess að um 80% af merktum fiski drepst af öðrum orsökum en fiskveiðum.

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Þessi munur er mjög sláandi, þ.e. að í stað þess að 60% af merkjum endurheimtist þá er raunin einungis 14%, og verður ekki skýrður með tapi á fiskmerkjum eða dauða sem verður við merkingar.

Hver ætli viðbrögð Einars Kristins Guðfinnssonar verði við þessum rannsóknum sem sýna svart á hvítu að veiðarnar eru mun minni en áætlað var? Ég á von á því að hann reyni að forðast að ræða þessi grundvallaratriði um stjórn fiskveiða en reyni í stað þess að leiða talið að veiði erlendra skipa fyrir utan 200 mílna landhelgi Íslands. Hann hefur ítrekað reynt að forðast að ræða grundvallarmál og lagt stein í götu rannsókna sem geta að einhverju leyti varpað rýrð á kvótakerfi Sjálfstæðisflokksins.

Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.

799 kr/kg.

Hornafjarðarhumar 1 kg.

2.838 kr/kg.

Borgarnes lambafile m/fitu

2.128 kr/kg.

Goði grísalundir Vacum

59 kr/stk.

Pepsi 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 30. desember til 31. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

H:N markaðssamskipti / SÍA

Jólafriður og farsæl greind

*Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um bækur, kæsta skötu, Grámunkakufl, farsæla greind, mannssoninn frá Nasaret, jólamessu, jólakveðjur, jólagjafir, jólakött og fleira sem tengist hefðbundnu jólahaldi hjá venjulegri fjölskyldu í Reykjavík.*

Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

Desember 22 FÖSTUDAGUR

Sálin í mér

Í staðinn fyrir að hlakka til jólanna er ég kominn í kvíðakast. Ég er kominn með bullandi hálsbólgu og byrjaður að hakka í mig fúkkalyf. Það stendur ekki til að liggja veikur í rúminu um jólin.

Ég er ekki sérlega hræddur við sjúkdóma en hálsbólgu óttast ég samt eins og – pestina.

Það stafar af því að fyrir nokkrum árum fékk ég vírussýkingu í hálsinn og var lagður inn á spítala. Sem var í sjálfu sér hið besta mál, en eitthvað fór spítalavistin í taugarnar á vírusnum sem gerði sér lítið fyrir og lagði land undir fót og yfirgaf hálsinn á mér og réðist á hjartað í staðinn.

Það var merkileg reynsla. Ég væri steindauður núna ef ég hefði ekki verið staddur á sjúkrahúsi þegar veiran gerði árás á hjartað í mér. Þá gekk svo mikið á að sálin úr mér hrökklaðist um stund út úr líkamanum og ég upplifði „dauðans dyr“ eða það sem er kallað á ensku „near-death experience“.

Sálin í mér flögraði upp í hornið á sjúkrastofunni og fylgdist þaðan með læknum og hjúkrunarfólki sem hamaðist við að koma lífi í líkamann á nýjan leik með raflostum og hamagangi sem allir kannast við sem séð hafa Bráðavaktina. (Bráðavaktin var ekki byrjuð í sjónvarpi þegar þetta gerðist svo að sálinni í mér leist ekkert á blikuna).

Ég ætla ekki að fara út í nánari lýsingu á því hér og nú hvernig það er að vera við dauðans dyr, en allar götur síðan hef ég verið smeykur við hálsbólgu. Það er engin ástæða til að óttast dauðann en mig langar samt til að fá að borga skatta í nokkur ár í viðbót.

Sólveig ætlaði að taka mig með sér í Kringluna en hafði ekki brjóst í sér til að rífa mig upp úr rúminu. Meira að segja hálsbólga hefur sína kosti.

Desember 23 LAUGARDAGUR

Skötulykt

Sólveig fór í skötuveislu í Hafnarfjörð.

Skötulykt finnst mér ekki góð. Þótt það sé hlýtt í veðri miðað við árstíma er sennilega of kalt fyrir Sólveigu að sofa úti á svölum í nótt. Ég bað hana að taka fötin sín og bera þau á priki út í óskutunnu og brenna þau. Hún segir að ég sé ímyndunarveikur.

Sólveigu minni finnst jólalegt að borða kæsta skötu. Það var ég sem kom henni á bragðið. Hún er að norðan og kenndi mér á laufabrauð í staðinn. Það voru góð býtti. Sjálfur sé ég ekkert jólalegt við kæsta skötu. Hún var venjulegur hversdagsmatur þegar ég var að alast upp.

Sennilega er pensilínið að virka. Ég er að vísu ennþá alltof lasinn til að fara í búðir, en ég gat sýslað soldið í eldhúsinu og lagt drög að sósunni fyrir morgundaginn. Hún þarf að sjóða í að minnsta kosti 36 tíma til að verða boðleg.

Jólatréð stendur í stofunni og Sólveig, litla Sól og Andri eru búin að skreyta það.

Desember 24 SUNNUDAGUR

Grámunkakufl

Ég er alveg gáttaður á smáfólkinu. Andri og litla Sól voru í sólskinsskapi í allan dag og sýndu engin merki um óþolinmæði þrátt fyrir forvitnilega pakka undir jólatrénu.

Ég byrjaði að elda um þrjúleytið. Villigæsabringurnar höfðu legið í portvíni í viku. Sósan hafði soðið niður í rúman sólarhring.

Klukkan hálfsjö settumst við að borðum. Reyndar erum við vön að fara í jólamessu og borða um áttaleytið, en með tilliti til smáfólksins ákváðum við að borða snemma svo að systkinin yrðu ekki úrvinda af svefnleysi og þreytu.

Hér fór enginn í jólaköttinn. Allir fengu margar og góðar gjafir.

Ég fékk þennan líka fína kufl frá Sólveigu til að spóka mig í innandyra. Ég þarf þá ekki lengur að eyða tíma í að klæða mig daglega. Þetta er ljómandi góð flík sem er sennilega hönnuð eftir einkennisklæðum Grábræðrareglunnar, en svo voru Fransiskusarmunkar kallaðir meðan munklífi var enn í tísku.

Desember 25 MÁNUDAGUR

Jólabókin

Húsið fór að rumska um tíuleytið. Ég var ekki eins morgunhress og börnin því að það er minn ósiður að lesa frameftir öllu á jólanótt því að alltaf hef ég verið svo heppinn að fá bók í jólagjöf.

Sú jólabók sem ég man best eftir er Með köldu blóði eftir Truman Capote. Hana fékk ég í jólagjöf árið sem íslenska þýðingin kom út. Ég las þá bók til enda á jólanótt og byrjaði á henni aftur um leið og ég lauk við síðustu blaðsíðuna.

Bókinni sem ég var að lesa í nótt verð ég örugglega búinn að gleyma löngu fyrir næstu jól.

Ég veit ekki hvaða innihald jólin hafa fyrir annað fólk. Sjálfsagt er það ákaflega mismunandi. Á bloggsíðu þar sem alls konar aðilar berhátta sálarlíf sitt segir einn að jólastemmingin komi yfir sig þar sem hann stendur og hámar í sig úr potti fullum af heimareyktu hangiketi.

Annar segir að jólin hafi komið þegar búið var að skreyta jólatréð og setja plötu með Baggalúti á fóninn.

Og þriðji bloggarinn finnur nálægð jólanna við að heyra jólakveðjur lesnar í útvarpinu. Kannski er allt þetta fólk að lýsa sömu tilfinningunni á ólíkan máta.

Ég held að í mínum huga séu jólin eins konar vopnahlé, griðastund í hörðum heimi sem flesta aðra daga kýs samkeppni fremur en samhjálp, hávaða fremur en kyrrð og athöfn fremur en íhugun.

Hvort þeim sem kallaði sig mannssoninn frá Nasaret er þægð í því að fólk á Vesturlöndum skuli halda upp á afmælið hans með þeim hætti sem nú tíðkast veit ég ekki. En hitt veit ég að friðurinn sem færist yfir bloggarann sem vomir yfir hangiketspottinum, bloggarann sem hlustar á Baggalút og bloggarann sem hlustar á jólakveðjurnar í útvarpinu tengist hans minningu og ég fyrir mína parta er þakklátur fyrir þessa friðarstund.

Vonandi kemur að því einhvern tímann að jólafriðurinn endist allt árið.

Desember 26 ÞRIÐJUDAGUR

Krönikan og draumur sem á eftir að rætast

Jóladagarnir eru fljótir að líða við matseld, gestakomur og spjall.

Í kvöld var Krönikan danska í sjónkanum. Mikla ánægju hef ég haft af þeim þáttum. Meðal þeirra drauma minna sem enn ekki hafa náð að rætast er sá að fá að semja íslenska framhaldsmynd í sama gæðaflokki og Krönikan og Matador. Ég held að ríkissjónvarpið ætti að gefa sjálfu sér og þjóðinni svoleiðis sjónvarpsefni. Þá gæti verið að einhverjum færi aftur að þykja vænt um það.

Desember 27 MIÐVIKUDAGUR

Farsæl greind

Þetta hafa sem betur fer verið tíðindalítil jól. Í gærkvöldi burtsofnaði þó frægur maður, Gerald Ford fyrrverandi Bandaríkjaforseti. Hann var víst orðinn 93 ára. Hann ljómaði ekki beinlínis af persónutöfrum, en hann hafði sennilega farsæla greind.

Á netinu segir uppáhaldsbloggarinn minn:

„Greind eða greindarskortur ræður því sjaldnast hvort menn fá jákvæð eða neikvæð eftirmæli, því ræður hjartalag, og Gerald Ford er talinn hafa haft heldur gott hjartalag og aukinheldur var hann prýðilega giftur.

Í augum margra Evrópumanna var Ford hinn dæmigerði Bandaríkjamaður og vonandi tekst þjóð hans að endurheimta sína jákvæðu ímynd. Enginn liggur Bandaríkjamönnum á hálsi fyrir að velja fábjána í há embætti, það tíðkast líka hérna í Evrópu; það er tilhneiging þeirra til að velja illmenni eins og Nixon og Bush-feðga sem fer illa í hinar siðmenntuðu þjóðir heims.“

LOKA DAGUR
MEIRI LÆKKUN
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • OPIÐ Í DAG 10-19
19"LCD
TÖLVUTEK
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
TAKMARKAÐ MAGN
ENGIR VEXTIR
OPNUNARTÍMAR
30.desember
10:00 - 19:00
31.desember
9:00 - 13:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Bestir í kjöti

NÓATÚN

46% afsláttur

IJNGNAUTA RIB EYE

1.998 kr. kg

WELLINGTON
INNBÖKUÐ NAUTALUND

4.398 kr. kg

Eigðu örugg áramót með kjöti frá Nóatúni!

20% afsláttur

ANDABRINGUR

20% afsláttur

HREINDÝRAFILLET

3.998 kr. kg

LAMBALUNDIR

2.998 kr. kg

Gerðu áramótin auðveld og kræktu í villibráðabækling í Nóatúni!

Ferskar ostrur!

OSTRUR
FERSKAR

179 kr. stk

FOIE GRAS

Verð frá 798 kr. pk

Humar í úrvali



ANDABRINGUR
REYKTAR

998 kr. pk

VISA Tvöfaldir Vildarpunktar

Nautakjöt meistarans!

Íslenskar ungnautalundir

UNGNAUTALUND
ÍSLENSK

4.298 kr

Mikið úrval af ostum

Fjölbreytt úrval af tilbúnum réttum í Nóatúni

Tilbúnir réttir í veisluna!

Eðalfiskur
heill eða í bitum

40% afsláttur

Reyktur og grafinn lax

Allt fyrir áramótin!

Laugardagurinn 30. des opið opið frá 09.00 - 21.00
Sunnudagurinn 31. des opið frá 09.00 - 15.00

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Grundvallarréttur símnotenda

Það var sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson sem hristi upp í samfélagsumræðunni í vor, þegar hann hélt því fram á Söguþingi, að hann hefði heimildir fyrir því að íslensk stjórnvöld hefðu látið hlera síma nokkurs fjölda á meðan kalda stríðinu stóð. Í framhaldinu var deilt um hver hefði aðgang að þeim skjölum sem Guðni fékk að sjá, hver hafi verið hleraður og hvern mátti hlera. *Guðrún Pétursdóttir* skrifar um símhleranir, sérstaklega hjá tengdaföður sínum Hannibal Valdimarssyni. Þegar hans sími var hleraður var hann forseti ASÍ, formaður Alþýðubandalagsins og þingmaður.



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTID

Nr. 1 Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 28/2 - 61

Reykjavík, 26. febrúar 1961.

Með því að óttast má að tilraunir verði gerðar til að trufla starfafrið Alþingis á næstu dögum en þar verða til umræðu málefni, sem valdið hafa miklum deilum á þessu þingi og einnig valdið hótunum um ofbeldisaðgerðir, er til frekari meðferðar kemur á því, þannig að öryggi ríkisins geti stafað hætta af, er því beint til yðar, herra sakadómari, að mál þetta verði tekið til athugunar og vill ráðuneytið í því sambandi benda á hvor í ekki þætti tiltækilegt að láta hlusta á samtöl í eftirtöldum símanúmerum í því skyni að afla upplýsinga um þetta efni.

Símanúmer þau, sem til greina koma eru:

[redacted] 19348, [redacted]

36171, [redacted]

F.h.r.

[redacted]

Til sakadómarans í Reykjavík.

Yfirvöldum fannst vera tilefni til þess. Þau töldu leynivínsölu og verkfall leigubílstjóra varða almannaheill svo mjög að það réttlætti hlerun á símum þeirra sem fyrir þessu stóðu.

Þá, eins og nú, veigruðu yfirvöld sér við að upplýsa hvaða símar hefðu verið hleraðir og báru því við að mönnum leiddist að láta það fréttast um sinn síma!

Grundvallaratriði

Það er fróðlegt að kynnast þeim umræðum sem urðu í kjölfar þessa fyrsta stóra símahleranamáls hér á landi. Ólíkt umræðunum nú, tókust menn þá fyrst og fremst á um grundvallaratriði. Þeir varnaglar sem reknir voru gegn hlerunum standa enn óhaggaðir. Grundvallaratriðið er traust. Menn verða að geta treyst því að sími þeirra sé ekki hleraður og að símtöl heyri undir friðhelgi einkalífsins. Það er grundvallarréttur símnotandans. Við felum þessa hagsmuni okkar í hendur forsvarsmönnum og starfsmönnum símafyrirtækjanna og treystum því að þeir verði ekki beittir ofríki til að bregðast okkur.

Eiga þá engin frávik að vera? Í hverju gætu þau verið fólgin? Hvað þarf til að menn séu sviptir þessum grundvallarrétti símnotandans? Nú, eins og þá, verður ekki fallist á brot á þessari friðhelgi einkalífsins nema um landráð eða stórfelld glæpamál sé að ræða. Málið þarf að varða ótvíræða almannaheill og vega upp það brot gegn réttindum borgaranna sem rof á friðhelgi símans er. Við símhlerun er svikist aftan að símnotendum, ekki aðeins þeim sem ætlunin er að hlera, heldur einnig öðrum sem símann nota. Heimild til símhlerana verður að vera torsótt, lúta ströngum skilyrðum og vera borin undir dóm hlutlægra og óvilhallra manna, sem með engum hætti séu háðir gerðarbeiðanda. Þessu markmiði er vandnáð í okkar litla samfélagi, þar sem svo stutt er á milli manna og vinabönd liggja víða. En þessu markmiði verða menn að ná til að vinna gegn þeim skaða sem símhlerunarúrskurður felur óhjákvæmilega í sér. Úrskurður um símahlerun felur í sér aðför að grundvallaratriðum heilbrigðs réttarfars. Bjarni Benediktsson benti á það 1936 að með úrskurði um símahlerun sé í fyrsta lagi tekinn af mönnum rétturinn til vitneskju um dómsathöfn sem beint er gegn þeim, og í öðru lagi séu þeir sviptir rétti til að áfrýja úrskurðinum. Þetta eigi ekki aðeins við um þann sem aðgerðin beinist gegn, heldur alla þá sem hringja úr eða í viðkomandi símanúmer.

Bættar starfsaðferðir?

Með lögum um meðferð opinberra mála frá 1951 er sú breyting gerð að dómari skuli kveða upp úrskurð um heimild til símahlerunar í stað ráðherra áður. Þar með er kominn formlegur aðskilnaður milli framkvæmdavalds og dómsvalds sem væntanlega á að tryggja að vinnubrögðin séu hlutlæg og óvilhöll. Það er því fróðlegt að skoða dæmi um þau. Hjá mér eru hægust heimatökin að skoða þá heimild sem veitt var til hlerunar á síma tengdaföður míns, Hannibals Valdimarssonar, árið 1961. Á meðfylgjandi mynd er bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sakadómarans í Reykjavík dagsett 26. febrúar 1961, þar sem farið er fram á hlerunarúrskurð. Þar segir:

HANNIBAL VALDIMARSSON Var forseti Así, þingmaður og formaður Alþýðubandalagsins þegar sími hans var hleraður.

„Með því að óttast má að tilraunir verði gerðar til að trufla starfsfrið Alþingis á næstu dögum, en þar verða til umræðu málefni, sem valdið hafa miklum deilum á þessu þingi og einnig valdið hótunum um ofbeldisaðgerðir, er til frekari meðferðar kemur á því, þannig að öryggi ríkisins geti stafað hætta af er því beint til yðar, herra sakadómari, að mál þetta verði tekið til athugunar og vill ráðuneytið í því sambandi benda á hvort ekki þætti tiltækilegt að láta hlusta á samtöl í eftirtöldum símanúmerum í því skyni að afla upplýsinga um þetta efni. Símanúmer þau sem til greina koma eru“ (hér sjást aðeins tvö númer, 19348 sem er sími Alþýðusambands Íslands en Hannibal var forseti ASÍ og 36171 sem er heimasími Hannibals og Sólveigar, – önnur númer eru yfirstrikuð). Undir þetta skrifar ráðuneytisstjórinn.

Ekki getur þetta talist ítarlegur málflutningur eða sannfærandi rök. En sakadómari bregst skjótt við og setur samdægurs rétt í sjálfu dómsmálaráðuneytinu, en þangað hlýtur hann að hafa verið boðaður, og skráir í gerðabók eigin hendi:

„Ár 1961, sunnudaginn 26. febrúar, var sakadómur Reykjavíkur settur í Arnarhváli og haldinn af Valdimar Stefánssyni sakadómara með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið 1. Framlagt bréf dómsmálaráðuneytisins.

Dómari leggur fram nr. 1, bréf dómsmálaráðuneytisins dagsett í dag, svohljóðandi (vitnað í ofangreint bréf)

Dómari kvað upp svofelldan úrskurð: Með tilliti til hins framlagða bréfs dómsmálaráðuneytisins þykir rétt að ákveða, að hlustað skuli fyrst um sinn á símtöl þau, sem fram fara frá eftirtöldum símum hér í bænum, til öflunar upplýsinga um þau efni sem í framlögðu ráðuneytisbréfi greinir. Símanúmerin eru: (upptalning eins og að ofan).

Því úrskurðast: Hlusta skal fyrst um sinn í framangreindu skyni á þau samtöl sem fara fram í nefndum símum.

Undir þetta rita sakadómari og vottar.

Ekki getur þetta talist flókin málsmeðferð, engin eftirgrennslan, enginn vitnisburður, engar frekari röksemdir með eða á móti. Ekkert sem bendir til að dómarinn hafi þarna vegið og metið hagsmuni ríksisins á móti þeim grundvallarrétti manna sem friðhelgi einkalífs, og þar með síma, er. Í mínum augum er þetta samráð valdhafa og dómara, eða eins og Bretar segja: Your wish is my command. Í þessu tilfelli er aðskilnaður framkvæmdavalds og dómsvalds bara að forminu til, – en enginn í raun.

Lærum af reynslunni

Víst eru liðin bráðum 50 ár síðan þetta gerðist og tíðarandinn er annar. En þörfin á að virða grundvallarrétt manna er söm. Við bætum ekki aðferðir okkar né athafnir nema með því að læra af reynslunni. Það verður best gert með því að sópa ærlega undan teppinu. Norðmenn gerðu það í kjölfar þess að upp komst um víðtækar símhleranir og persónunjósnir á dögum kalda stríðsins, sem í mörgum tilfellum vörðuðu við lög. Þeir byrjuðu á því að aflétta þagnarskyldu af öllum sem starfað höfðu að þessum vafasömu eða ólöglegu athöfnum, veittu þeim fyrirfram sakaruppgjöf og opnuðu aðgang fyrir alla að öllum skjölum sem vörðuðu þessi mál. Þannig tókst þeim að hreinsa andrúmsloftið.

Það sama þurfum við að gera – refjalaust og ganga hreint til verks. Ekki til þess að koma sök á menn eða varpa skugga á minningu stjórnmálamanna eða embættismanna, – heldur til þess að læra af reynslunni. Kortleggja skerjagarðinn.

Guðrún Pétursdóttir forstöðumaður Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands.

Meðvitund í samfélagi okkar um grundvallaratriði er stundum eins og grynningar. Á háfjöru stinga skerin upp úfnum kolli en þess á milli eru þau leynd og gleymd undir sléttum vatnsfletinum. Allt með kyrrum kjörum og enginn varar sig. Hættan er samt söm og verður ekki umflúin nema skerjagarðurinn verði vandlega kortlagður svo allir megi varast hann jafnt á flóði sem fjöru.

Hleranir á tímum kalda stríðsins

Skerjagarðurinn varð sýnilegur í vor þegar Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur vakti athygli á þeim símahlerunum sem stundaðar voru hér á dögum kalda stríðsins. Menn hafa að vonum brugðist ókvæða við. Umræðan hefur þó einkum snúist um það hvaða símar hafi verið hleraðir. Með semingi hafa yfirvöld fallist á að upplýsa einstaklinga um það hvort símar þeirra sjálfra eða vandamanna þeirra hafi verið hleraðir, en gætt þess jafnframt að halda öðrum símanúmerum leyndum, jafnvel strikað yfir þau með breiðum penna á afritum hlerunarúrskurða, eins og sést á meðfylgjandi mynd. Þannig fara yfirvöld undan í flæmingi, eins og þau hafi sjálf átt hlut að máli og þurfi að verja gerðir sínar og hylja spor sín.

Hvers vegna er ekki upplýst refjalaust hvaða símar voru hleraðir? Sú röksemd að með því sé verið að gæta hagsmuna þeirra sem hleraðir voru er ekki sannfærandi. Mér vitanlega hefur enginn farið fram á slíka vernd. Þvert á móti má færa fyrir því rök, að almannahagsmunir krefjist þess, að leyndinni verði aflétt. Umfram allt verða forsendur hlerunarúrskurðanna ekki rannsakaðar nema ljóst sé hvaða símar voru hleraðir og hvaða rök voru færð fyrir þeirri nauðsyn.

Hleranir 1936

Símahleranir eiga sér langa sögu hér á landi og hafa fyrr valdið úlfaþyt í samfélaginu. Sjálfvirk símstöð var tekin í notkun í Reykjavík í árslok 1932 og eftir það áttu bæjarbúar að geta treyst því að símtöl væru einkamál. Það er augljós eðlismunur á því að tala í einkasíma eða í síma sem vitað er að auðveldlega má hlera. Það átti við um sveitasímann víðast um land fram yfir 1980. Öllum sem notuðu hann var ljóst að símtöl þeirra væru álíka opin og skilaboð á opnu póstkorti. Þessir símar teljast því ekki til hleraðra síma.

Vorið 1936 kvað lögreglustjórinn í Reykjavík upp úrskurð um að símar leigubílastöðva og nokkurra leigubílstjóra skyldu hleraðir, að sögn til þess að komast fyrir leynivínsölu. Símamálastjóri mótmælti úrskurðinum með þeim orðum að hann væri trúnaðarmaður símnotenda og gæti ekki fallist á að síminn væri notaður með þessum hætti nema í landráðamálum, glæpamálum og þegar um víðtæk lögreglubrot væri að ræða. Þó fór svo að hann laut úrskurðinum. Mál þetta vakti harðvítug viðbrögð og í þeirri orrahríð kom í ljós að þetta var ekki í fyrsta sinn sem símar voru skipulega hleraðir. Fyrr um veturinn höfðu atvinnubílstjórar efnt til verkfalls vegna tollahækkana á eldsneyti. Þá hafði einnig verið felldur úrskurður um að símar ýmissa forvígismanna aðgerðanna skyldu hleraðir.

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

Fréttablaðið mun nú daglega birta pistla eftir landskunna Íslendinga um innlenda vendipunkta. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem munu hafa áhrif til framtíðar.

PÓSTURINN
allur pakkinn

Óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári

Um leið og við þökkum viðskiptin á liðnu ári horfum við með tilhlökkun til frekari samskipta á því nýja.

Starfsfólk Póstsins

www.postur.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ISP 35531 12/06

Í fyrsta sinn í sögunni...

Á hverju ári gerist eitthvað sem aldrei hefur gerst áður og árið 2006 var engin undantekning á því. James Bond varð ljóshærður og bláeygður, frumbyggi varð forseti í Bólivíu, Hamas komust í stjórn í Palestínu og fyrsta heilsugæslustöðin var opnuð fyrir vélmenni, svo eitthvað sé nefnt. *Patti Sonntag* fer yfir það nýja, það skrítna og það fréttnæma sem gerðist í fyrsta sinn árið 2006.

FORSETI BÓLIVÍU ÚR RÖÐUM FRUMBYGGJA

Þann 22. janúar tók vinstrimaðurinn Evo Morales, Aymara-indíáni kominn af fátæku bændafólki, við embætti forseta Bólivíu fyrstur manna úr röðum innfæddra. Meira en helmingur íbúa Bólivíu er af frumbyggjaættum og kosning Morales var talin marka tímamót í baráttu frumbyggja Suður-Ameríku fyrir pólitískum völdum.

Þegar hann tók við völdum byrjaði hann á að þjóðnýta hinar miklu náttúruauðlindir Bólivíu og lagði jafnframt af alla baráttu gegn ræktun kókaplöntunnar. Forsendurnar voru þær að þrátt fyrir að hægt sé að vinna kókaín úr blöðum plöntunnar, megi nýta þau með ýmsum löglegum hætti, til dæmis sé framleitt úr þeim te sem er vinsæll drykkur í landinu. Samkvæmt fregnum New York Times hefur Morales heitið því að fá ríkisstjórnir annarra landa til að opna markaði sína fyrir þessari framleiðslu.

HAMAS TEKUR VÖLDIN

Í kosningum sem fram fóru í Palestínu 25. janúar unnu hin herskáu samtök Hamas stórsigur á hinum hófsamari en spillta flokki Fatah, sem áður var undir forystu hins fallna leiðtoga Yassers Arafat. Þar með var endi bundinn á samfellda stjórn Fatah-manna í Palestínu síðan þing var þar fyrst kvatt saman 1996.

Hamas-samtökin eiga sér tvær hliðar. Hófsamari armur þeirra hefur komið á fót heilsugæslustöðvum, skólum og annarri almenningsþjónustu á svæðum Palestínumanna og öðlast miklar vinsældir fyrir vikið. Hernaðararmur þeirra stóð hins vegar fyrir herferð sjálfsmorðsárása í Ísrael á árunum 1994–2005 sem gerir það að verkum að flest vestræn lönd líta á samtökin sem hryðjuverkasamtök. Viðbrögð Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og fleiri landa við kosningasigri Hamas voru að stöðva alla beina aðstoð við stjórnvöld í Palestínu þangað til samtökin létu af ofbeldisverkum og viðurkenndu tilverurétt Ísraelsríkis.

KRABBAMEINSTILFELLUM FÆKKAR

Þann 9. febrúar tilkynnti bandaríska krabbameinsstofnunin að dauðsföllum af völdum krabbameins í Bandaríkjunum hefði fækkað á milli ára í fyrsta sinn síðan byrjað var að halda skrár um þetta árið 1930, þegar krabbameinsúrskurður jafngilti dauðadómi.

Fyrsta árið sem tölur staðfestu þetta var 2003 en það ár létust 556.902 úr krabba í Bandaríkjunum, 369 færri en árið á undan. Sérfræðingar leiða líkur að því að þetta megi þakka minnkandi reykingum og framþróun í meðferð krabbameins.

ÁVAXTASAFINN VINNUR Á

Tölur um neyslu á gosdrykkjum í Bandaríkjunum sem birtar voru 8. mars, sýndu minnkandi neyslu í fyrsta sinn síðan mælingar hófust fyrir rúmum tuttugu árum.

Neyslan minnkaði um 0,7 af hundraði 2005 sem vissulega er afar lítið, en sérfræðingar telja að þessi þróun muni halda áfram. Vegna vaxandi vitundar um heilsufar og þyngd, hefur neysla Bandaríkjamanna á vatni, ávaxtasafa og orkudrykkjum aukist og má því segja að gosdrykkjaþamb sé ekki lengur í tísku.

Þetta gæti verið vatn á myllu Pepsi Cola í baráttunni við Coca-Cola, en Pepsi hefur mun fleiri drykkjartegundir á markaðnum en þeir kókmenn.

HERRA SHARIF FER TIL BOLLYWOOD

Þann 9. mars var tilkynnt að pakistanski gamanleikarinn og leikstjórinn Omar Sharif, sem forðast ber að rugla saman við nafna hans leikarann egypska, myndi leikstýra Bollywood-myndinni Tum Mere Ho (Þú ert mín) og þar með verða fyrsti Pakistaninn til að leikstýra indverskri kvikmynd.

Kvikmyndir frá Bollywood eru bannaðar í Pakistan, en njóta samt gífurlegra vinsælda þar, en þeim er einkum dreift á svörtum markaði á mynddiskum. Menningarleg samskipti af þessu tagi milli þjóðanna hafa aukist í seinni tíð þrátt fyrir pólitískar erjur, kjarnorkutilraunir og deiluna um yfirráð yfir Kasmír.

AUGLÝST EFTIR NÝJUM 007

Hin þekkta breska leyniþjónusta MI6 hratt auglýsingaherferð af stað í dagblaðinu Times þann 27. apríl, þar sem hún auglýsti í fyrsta sinn í 97 ára sögu sinni eftir nýjum njósnurum. Stofnunin sem eitt sinn var athvarf hvítra yfirstéttarmanna, sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að starfsmenn hennar þyrftu breiðari og fjölbreyttari bakgrunn til að hún gæti betur tekist á við verkefni eins og alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi.

Síðar á árinu veittu tveir yfirmenn stofnunarinnar BBC nafnlaust viðtal um þessa auglýsingu, nokkuð sem áður var óhugsandi. Aðdáendum myndanna um njósnarann James Bond til mikilla vonbrigða, sögðu þeir að þótt starfið sé iðulega ljóma vafið séu einkunnarorð Bonds „licence to kill“ einungis goðsögn. Hins vegar sé í raun og veru starfandi tæknisérfræðingur hjá stofnuninni sem kallast Q.

NIÐURSTÖÐUM FAGNAÐ Í PALESTÍNU. Hamas-samtökin unnu stórsigur í kosningunum í upphafi árs.

RAUL CASTRO Raul tók við stjórnartaumunum á Kúbu í sumar eftir að Fídel, bróðir hans, þurfti að ganga undir skurðaðgerð. Þetta var í fyrsta sinn síðan Fídel Castro tók við völdum að einhver annar stjórnaði Kúbu.

ÍBÚAR UMDEILDRA EYJA FÁ AÐ TJÁ SIG

Þann 25. maí efndi ríkisstjórn Suður-Kóreu í fyrsta sinn til kosninga á smáeyjunum Dokdo, sem er umdeildur eyjaklasi miðja vegu milli Suður-Kóreu og Japan. Íbúarnir tveir, fiskimaður og kona hans greiddu atkvæði ásamt opinberum starfsmönnum sem eru staðsettir á eyjunum. Ríkisstjórnir beggja landa gera tilkall til eyjanna, sem kallast Takeshima í Japan, en þær eru á svæði þar sem vonir standa til að megi finna náttúrulegar gaslindir.

Hinn 66 ára gamli fiskimaður og kona hans fluttu til baka til eyjanna á þessu ári, tíu árum eftir að þau neyddust til að yfirgefa þær vegna ofviðris sem lagði heimili þeirra í rúst.

JÁRNBRAUT UPP Á ÞAK VERALDAR

Þann 1. júlí tók Hu Jintao forseti Kína í notkun fyrstu járnbrautina milli Kína og Tíbet, en hún tengir saman hið fornfræga og einangraða Tíbet og iðnaðarhéruð Austur-Kína. Búist er við að Kínverjum í Tíbet fjölgi til muna með tilkomu járnbrautarinnar og þar með herði þeir tök sín á landinu, en sjálfstæðis þess hefur verið krafist allar götur síðan það var hernumið af Kína árið 1949.

Samkvæmt fréttum New York Times er járnbrautin milli Kína og Tíbet ein sú hæsta í heimi, fer upp í rúmlega fimm kílómetra hæð yfir sjávarmáli og eru lestarvagnarnir búnir jafnþrýstibúnaði eins og flugvélar til að koma í veg fyrir að farþegar veikist vegna hæðarinnar.

EKKI TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Gyanendra konungur Nepals varð sextugur þann 7. júlí og fór afmælisfagnaðurinn að mestu fram í kyrrþey. Samkvæmt fréttum Reuters voru opinberar stofnanir og skólar opin í fyrsta sinn í mörg ár á afmælisdegi konungs og ráðherrar létu ekki sjá sig við veisluhöldin.

Gyanendra erfði konungdæmið eftir bróður sinn eftir að konungsfjölskyldan var myrt með dularfullum hætti árið 2001 og tók sér alræðisvald árið 2005. Almenn mótmæli urðu hins vegar til þess að fyrr á þessu ári varð hann að láta undan kröfum um að endurreisa þing landsins. Ríkisstjórnin sem tók við í kjölfarið svipti hann völdum og forréttindum að mestu, þar á meðal skattleysi og heimildum til að stjórna her landsins.

BBC sagði frá því að ríkisstjórnin hefði sent konungi skeyti í stað sendisveitar háttsettra embættismanna eins og venja hefur verið.

30 ÁRA AFMÆLISVEISLUNNI

LÝKUR Á MORGUN

CD+DVD

~~3.199~~ 2.599

Bó og Sinfó
Björgvin Halldórsson

~~2.199~~ 1.799

Þjóðlög
Ragnheiður Gröndal

CD+DVD

~~2.599~~ 2.199

Love
The Beatles

~~2.199~~ 1.799

Sail to the moon
Ampop

~~2.199~~ 1.799

Nylon
Nylon

2xCD

~~2.499~~ 1.699

Barnaskífan í 30 ár
Ýmsir

~~2.199~~ 1.799

Light Grenades
Incubus

~~2.199~~ 1.799

Frá Heimsenda
Forgotten Lores

DVD

~~2.299~~ 1.899

Davinci Code
DVD

DVD

~~2.299~~ 1.899

Cars
DVD

DVD

~~2.299~~ 1.899

Pirates of the Carribean
DVD

DVD

~~4.999~~ 4.299

Deserate Housewives
DVD

~~5.499~~ 4.499

Bratz - Forever Diamonds
PS2

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

~~5.999~~ 4.999

Kingdom Hearts
PS2

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

Gled

Veislulæri Hagkaupa

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

kryddað með fersku rósmarín, steinselju, timian, söxuðum hvítlauk, lime, chili pipar, salti og olíu.

Mest seldi ísinn í Hagkaupum!

Lambalæri

að hætti Jóa Fel

úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar

Slimline Tonic

Gildir á meðan birgðir endast.

ilegt Nýtt Ár

25% afsláttur

Ferskar nautalundir
beint úr kjötborði

Freyðandi drykkur
skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar

Kettle Chips - stökkari og bragðbetri

Þessar verða að komast í áramótapartíið!

Ferskur kalkúnn

Ný og spennandi kalkúnafylling

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KÍNVERSKIR BÍLAR FRAMLEIDDIR Í BANDARÍKJUNUM

Þann 12. júlí kynnti Nanjing-bílaframleiðandinn áætlanir um að verða fyrstur kínverskra bílaframleiðenda til að opna verksmiðjur í Bandaríkjunum. Tilkynningin var gefin út í Oklahóma, þar sem verksmiðjan mun framleiða MG TF Coupe bifreiðar, sem voru upphaflega framleiddar í breskri verksmiðju sem varð gjaldþrota 2005 og var keypt af Nanjing í kjölfarið.

Fyrirsjáanlegri samkeppni var ekki vel tekið í Detroit, samkvæmt fréttum New York Times, sökum þess að 2006 hafði reynst bandarískum bílaframleiðendum þungt í skauti. Hátt eldsneytisverð kom sérstaklega illa niður á Ford og GM, þar sem þær verksmiðjur höfðu lagt megináherslu á framleiðslu eyðslufrekra aldrifsbíla, meðan erlendir framleiðendur á borð við Toyota buðu upp á meira úrval af litlum bílum og fjölnota bílum.

MEIRIHLUTI KONGÓBÚA SAMÞYKKUR

Fyrstu lýðræðislegu forsetakosningarnar voru haldnar í lýðveldinu Kongó þann 30. júlí með aðstoð og undir eftirliti Bandaríkjamanna. Alls buðu 33 sig fram til forsetaembættisins. Þrátt fyrir ásakanir um kosningasvindl sagði fréttaritari New York Times það afrek út af fyrir sig að halda kosningar í ríki á stærð við Vestur-Evrópu, þar sem vegakerfi væri varla til og stöðugar ýfingar meðal hinna 60 milljón íbúa landsins eftir áralangt blóðugt borgarastríð sem varð til þess að herir nágrannaríkja skárust í leikinn.

Þann 27. nóvember úrskurðaði Hæstiréttur Kongó að Joseph Kabila, forseti bráðabirgðastjórnar landsins hefði sigrað í kosningunum.

KÚBA EFTIR CASTRO

Stuttu áður en 80 ára afmælisdagur Fidels Castro Kúbuleiðtoga rann upp þann 31. júlí, tilkynntu þarlend stjórnvöld að hann hefði gengist undir aðgerð vegna óskilgreinds sjúkdóms og að Raul bróðir hans stýrði landinu á meðan. Í fyrsta sinn frá kúbönsku byltingunni 1959, var Fidel Castro ekki við völd í landinu. Flestir fréttaskýrendur hallast að því að Raul Castro muni gegna forsetaembættinu til frambúðar.

Margir kúbanskir flóttamenn höfðu vonast til að Kúbverjar myndu rísa upp gegn kommúnistastjórninni í fjarveru Fidel Castro, og ryðja brautina fyrir lýðræðislega stjórnarhætti. Allt var hins vegar með kyrrum kjörum á Kúbu.

GERT VIÐ VÉLMENNI HÉR

Þann 8. ágúst opnaði Systec Akazawa heimsins fyrstu „heilsugæslustöð“ eða viðgerðarverkstæði fyrir vélmenni í mannsmynd í Osaka í Japan. Þó svo að viðgerðir á alls konar vélmennum sé löngu útbreidd starfsgrein hafði Yohei Akasawa forseti félagins veitt því athygli að erfitt var að fá gert við vélmenni í mannsmynd sem einkum eru ætluð til skemmtunar.

Meðferðin felst meðal annars í endurhæfingu vélmennanna þar sem þeim er kennt að hreyfa sig á ný með nýjum hætti.

Vélmenni í mannsmynd eru mjög lík mannskepnunni að sögn Akazawa og þess vegna fannst honum viðeigandi að kalla verkstæðið heilsugæslustöð. Og þrátt fyrir að ekki kæmu nema fjórir viðskiptavinir fyrstu sex vikurnar á Akazawa von á betri tíð. Hann sér fyrir sér að eftir því sem Japönum fækkar bindi margir vonir við að vélmennin bæti upp skortinn á ungu fólki og ali þannig önn fyrir eldri borgurum.

KONA LEIÐTOGI BANDARÍSKRA MÚSLIMA

Þann 23. ágúst tilkynntu samtök múslima í Norður-Ameríku, sem eru stærstu regnhlífarsamtök múslimahópa í Norður-Ameríku, að Ingrid Mattson frá Kanada, sem snerist til íslamstrúar um tvítugt, hefði verið kjörin fyrsti kvenforseti samtakanna og um leið fyrsti forsetinn sem ekki væri innflytjandi. Kosning Mattson kom ekki á óvart þar sem hún hefur verið varaforseti samtakanna í fimm ár og var ein í framboði. Margir múslimar vona að úrslit kosningarinnar verði til þess að breyta stöðluðum hugmyndum Bandaríkjamanna og Kanadamanna um múslima.



Mattson sem er prófessor í íslömskum fræðum við Hartford Seminary í Connecticut, gerir ekki ráð fyrir að kjörið á henni boði miklar breytingar á siðum múslima. Þótt hún hafi til dæmis skipað svo fyrir að konum verði auðveldað að heyra og sjá imaminn almennilega í moskum samtakanna, hefur hún ekki trú á að kona eigi að stjórna bænum karla.

VOPNAHLÉ Í ÚGANDA

Þann 26. ágúst lýstu talsmenn stjórnvalda í Úganda og andspyrnuhreyfingar drottins yfir vopnahléi sín á milli í fyrsta sinn, en borgarastríð hefur staðið í landinu í 19 ár. Andspyrnuhreyfingin trúaða undir forystu Josephs Kony, sem er aðallega skipuð mönnum úr Acholi-ættbálknum, hefur myrt hundruð þúsunda borgara og hrakið um tvær milljónir á flótta í baráttu sinni fyrir því að koma á ríki sem á að stjórna eftir boðorðunum tíu.

Samkvæmt upplýsingum UNICEF rændi hreyfingin yfir 20 þúsund börnum til að fjölga í sveitum sínum, neyddi drengi til að vopnast og stúlkur til að þjóna sveitunum, meðal annars sem kynlífsþrælar.

LEYNILEG FANGELSI STAÐFEST

Bush Bandaríkjaforseti staðfesti í fyrsta sinn þann 6. september tilveru leynilegra fangelsa CIA þar sem fangar eru yfirheyrðir með sérstökum aðferðum og sumir segja pyntaðir. Almennt er álitið að þessi fangelsi séu staðsett í Mið-Evrópu, Asíu og í Mið-Austurlöndum, þótt Bush hafi fullyrt að þau væru mannlaus um þessar mundir.

Hann lýsti þessu yfir til að þrýsta á þingið um að samþykkja frumvarp til laga þess efnis að fangar þessara fangelsa skyldu meðhöndlaðir í samræmi við Genfarsáttmálann, en dæmdir af herdómstóli, sem tryggði þeim ekki sömu réttindi og bandarískir dómstólar myndu gera. Frumvarpið var samþykkt sem lög þann 17. október með minniháttar breytingum.

PÓLVERJAR ALLRA LANDA SAMEINAST

Breska verkalýðshreyfingin tilkynnti í október að hún ætlaði að stofna sérstaka deild fyrir verkamenn úr hópi innflytjenda, aðallega Pólverja, en samkvæmt The Guardian ku þetta vera fyrsta deild þessarar tegundar í Bretlandi síðan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Verkamenn frá Mið-Evrópu, sér í lagi frá Póllandi, hafa streymt í stríðum straumum til Bretlands eftir síðustu stækkun Evrópusambandsins. Eru þeir nú taldir vera um ein og hálf milljón í landinu. Þrátt fyrir áhyggjur manna af því að innflytjendurnir myndu sætta sig við lægri laun en Bretar, bendir flest til þess að þeir séu unnvörpum að ganga í bresk verkalýðsfélög sem krefjast sömu launa og réttinda fyrir þá og breska starfsbræður þeirra.

„OFURMENNIN“ KOMA SAMAN 40 manna hópur fólks sem var afsprengi tilrauna Nasista í síðari heimsstyrjöldinni til að búa til kynstofn ofurmenna komu saman í fyrsta sinn í nóvember á þessu ári.

NORÐUR-KÓREA KJARNORKUVÆÐIST

Þann 9. október sprengdu Norður-Kóreumenn fyrstu kjarnasprengju sína og urðu þar með áttunda þjóð heims til að ganga í kjarnorkuklúbbinn. Sprengjan sem var innan við eitt kílótonn var plútóníumsprengja en efnið var fengið í kjarnakljúf landsins.

Jarðskjálftinn frá sprengingunni mældist á jarðskjálftamælum allt frá Ástralíu til Wyoming, en tilkynningu stjórnvalda í Norður-Kóreu um að tilraunin hefði tekist með ágætum var tekið með fyrirvara. Miðað við hversu lítil sprengingin var töldu margir sérfræðingar að þetta hefði allt eins getað verið hefðbundin sprengja í stærra lagi. Rannsóknir í andrúmsloftinu staðfestu hins vegar skömmu síðar að um kjarnasprengju hefði verið að ræða.

Tilraunin var fordæmd um allan heim og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti umsvifalaust einróma refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu í formi viðskiptahafta.

SKURÐAÐGERÐ Í ÞYNGDARLEYSI

Þann 12. október gerðu franskir læknar fyrstu skurðaðgerðina á mannveru í þyngdarleysi er þeir fjarlægðu góðkynja æxli úr handlegg hins 46 ára gamla Philippes Sanchot. Þar með afsönnuðu þeir hrakspár gagnrýnenda sem fullyrtu að útilokað væri að gera slíkar aðgerðir úti í geimnum.

Aðgerðin var gerð um borð í sérútbúinni flugvél af gerðinni Airbus A-300 og flugu flugmenn hennar vélinni í kröppum dýfum til að skapa aðstæður þyngdarleysis meðan fimm manna læknalið búið klifurbúnaði skar sjúklinginn upp. Aðgerðin veitti gagnlegar upplýsingar um blóðflæði og þau áhöld sem notuð eru til aðgerða við aðstæður sem þessar.

ÍSLAND TEKUR UPP HVALVEIÐAR Í ATVINNUSKYNI Á NÝ

Þann 22. október, stuttu eftir að íslenska ríkisstjórnin tilkynnti að Íslendingar ætluðu að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á ný, skutluðu hvalveiðimenn fyrstu langreyðina. Ríkisstjórnir og umhverfissamtök víða um heim fordæmdu veiðarnar, en Ísland er fyrsta þjóðin sem gerðist aðili að alþjóðlegu banni á hvalveiðum í atvinnuskyni 1986 sem brýtur opinberlega gegn banninu.

Íslenska sjávarútvegsráðuneytið heimilaði veiðar á 39 hvölum, þar á meðal níu langreyðum, sem eru á lista Alþjóða dýraverndarráðsins um dýrategundir í útrýmingarhættu. Samkvæmt New York Times hættu margir ferðamenn við að heimsækja Ísland í kjölfar þessara aðgerða.

VIÐRÆÐUR OFURMENNANNA

Þann 4. nóvember kom saman í fyrsta sinn um 40 manna hópur fólks sem var afsprengi tilrauna nasista í síðari heimsstyrjöldinni til að búa til kynstofn ofurmenna. Hópurinn hittist í Wernigerode í Þýskalandi og rætti opinskátt um reynslu sína. Áætlunin sem gekk undir heitinu Lebensborn gekk út á það að ófrískar konur með arískt útlit sem svarið höfðu nasismanum hollustu sína gátu fætt börn sín á stofnunum sem komið var á fót víða um Þýskaland og hernámslönd Þjóðverja.

Þrátt fyrir þessa tilraun til kynræktunar hermdu fregnir að fólkið sem kom til fundarins hefði verið ósköp venjulegt fólk. Sumir sögðu frá því að þeir hefðu verið misnotaðir í æsku og orðið fyrir ýmis konar aðkasti fólks sem vissi um uppruna þeirra. Öðrum hafði ekki verið sagt frá uppruna sínum fyrr en á fullorðinsárum.

ALPARNIR HLÝNA

Þann 5. desember tilkynnti Reinhard Böhm loftslagsfræðingur á Veðurstofu Austurríkis að nýjar rannsóknir sýndu að hitastig í Ölpunum hefði ekki mælst hærra í 1300 ár.

Skíðamönnum kom þessi tilkynning ekki á óvart því búið var að fresta þremur mótum í heimsbikarkeppninni á skíðum vegna snjóleysis, enda stóðu blóm í fullum skrúða í skíðabrekkunum. Ýmsir hvöttu skíðamenn til að fara í gönguferðir í staðinn.

Patti Sonntag er rithöfundur búsett í New York og ritstjóri The New York Times Syndicate.

Gleðilegt nýtt ár!

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegs árs og þökkum fyrir árið sem er að líða.

OPNUNARTÍMI UM ÁRAMÓT

31. des. Gamlársdagur - Opið frá kl. 10 til 16

1. jan. Nýársdagur - Opið frá kl. 16

*EF MYNDIRNAR PIRATES OF THE CARRIBEAN, SUPERMAN RETURNS EÐA YOU, ME AND DUPREE ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

-hér koma

Kaupbætir!

...fyrir góðan dag!

Frosið KS lambafille
með fiturönd/haustslátrun 2006

FROSIÐ LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998 KR.

EKKERT BRUÐL

Tex Mex kjúklinga vængir

TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
KÍLÓVERÐ NÚ:
194 KR.
MERKT VERÐ 299 KR.

Heilt KÍLÓ af konfekti

HEILT KÍLÓ!
995 KR.

35% afsláttur
Við kassann

Kauptu þér Coca-Cola kippu og þú færð 6x 500 ml af Bónus malti í kaupbæti!

EGILS PILLI
49 KR.
500 ML

Bónus býður betur!

200g
98 KR.

90g
98 KR.

160g
129 KR.

6 teg.
Glóbolti
199 KR.
Endurskins boltar

Hálsfesti
299 KR.
Blikkandi hálsfestar

6 litir í kassa
6 glógglós
299 KR.
6 endurskinsglös saman

áramótatilboðin!

EKKERT BRUDL

FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
KÍLÓVERÐ NÚ:
2698 KR.
Merkt verð 2998 KR.

NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð
en á íslenskum nautalundum

EKKERT BRUDL

2 lítrar
59 KR.

Opið til 21.00 í kvöld!

REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1198 KR.
Merkt verð 1599 KR.

Reyktur og grafinn lax frá Norðanfiski

BÓNUS GRAFLAXSÓSA
179 KR.
350 ml

2 lítrar
59 KR.

LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
KÍLÓVERÐ NÚ:
879 KR.
MERKT VERÐ 1098 KR.

Frosið og snyrt lambalæri

Léttreykt, hálfúrbeinað lambalæri

HÁLFÚRBEINAÐ LÆRI
kílóverð nú:
1498 KR.
Merkt verð 1998 KR.

25% afsláttur við kassann

Léttreykt með fimmberjablöndu

Einiberja lambalæri

40% afsláttur við kassann

EINIBERJA LAMBALÆRI
1113 KR.
Merkt verð 1855 KR.

EKKERT BRUDL

www.bonus.is

...fyrir góðan dag!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

RITHÖFUNDURINN RUDYARD KIPLING FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1865

„Ágiskun konu er áreiðanlegri en fullvissa karlmanns.“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 30. DESEMBER 1916

Þrautseigur munkur tekinn af lífi

Þennan dag árið 1916 var munkurinn Raspútín myrtur. Morðingjarnir voru háttsettir menn við rússnesku hirðina. Þeir lokkuðu Raspútín til Júsupov-hallarinnar undir því yfirskini að eiginkona Júsupovs prins vildi kynnast honum. Munkurinn reyndist ótrúlega lífseigur. Risaskammtar af eitri virtust engin áhrif hafa svo samsærismennirnir gripu til þess ráðs að skjóta hann á stuttu færi. Þegar hann stóð uppi enn og barði einn árásarmanna skutu þeir hann aftur. Enn var hann á lífi. Þá settu þeir hann í bönd og fleygðu honum í Moika-skurðinn. Loks var þessi þjóðsagnapersóna öll.

Enn er margt á huldu um uppruna Raspútíns og sögu. Hann náði trúnaði keisaraynjunnar vegna veikinda Alexei prins, sonar hennar og Nikulásar. Sjúkdómur prinsins setti mark sitt á allt líf við hirðina. Raspútín munkur hafði dularfullt vald á sjúkdómi Alexei prins og keisaraynjan taldi það vera komið frá guði. Þetta leiddi til gífurlegra áhrifa munksins á stjórn ríkisins. Nikulás var fremur veiklyndur maður sem studdist gjarnan við ráð konu sinnar sem oftar en ekki voru komin frá hinum skeggjaða munki. Mörgum áhrifamönnum sveið þetta. Að líkindum leiddi þetta til samsærisins um að drepa Raspútín, þótt því sé líka haldið fram að fleiri ástæður hafi komið til.

Aðeins örfáum mánuðum eftir morðið á munknum varð stjórnarbylting í Rússlandi og stjórnartíð Rómanova leið undir lok.

MERKISATBURÐIR

1853 Bandaríkjamenn semja við Mexíkó um suðurlandamæri sín. Þeir féllust á að greiða 15 milljónir dala, sem seinna var lækkað í 10 milljónir fyrir landsvæði sem nú er hluti af Nýju-Mexíkó og Arisóna.

1880 Mikill frostavetur. Gengið á ís frá Reykjavík og upp á Kjalarnes.

1922 Ráðstjórnarríkin, eða Sovétríkin, stofnuð.

1935 Eldsvoði á jólatrésskemmtun í Keflavík. Níu manns fórust.

1980 Patrick Gervasoni vísað úr landi.

1985 Rokkarinn Rick Nelson, sem kallaði sig fyrst Ricky Nelson, ferst í flugslysi.

†

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Snæborgar Jóhönnu Stefánsdóttur
Eiðsvallagötu 36, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Bakkahlíðar og Skógarhlíðar fyrir einstaka hlýju og góða umönnun. Með ósk um farsæld á nýju ári.

Bragi Stefánsson
Helga Sigurlaug Aðalgeirsdóttir **Guðmundur H. Svavarsson**
Allý Halla Aðalgeirsdóttir **Hilmar Brynjólfsson**
Ingibjörg Bragadóttir
Stefanía Bragadóttir **Gunnar Örn Guðmundsson**
Vala Bragadóttir **Hallur Eyfjörð Þórðarson**
ömmubörn og langömmubarn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Guðmundsdóttir
Hjallavegi 3, Flateyri,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar mánudaginn 25. desember. Útför hennar verður gerð frá Flateyrarkirkju 30. desember kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar njóta þess.

Páll Önundarson
Úlfar Önundarson
Barði Önundarson **Elva Jóhannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og vinur

Kristján Kristjánsson
frá Miðkoti, Dalvík,

verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 30. desember kl. 13.30. Jarðsett verður að Upsum.

María Kristjánsdóttir **Jón Benediktsson**
Björg Jónsdóttir **Ísleifur Kristinsson**
Kristján Ingi Jónsson
Benedikt Hrólfur Jónsson
Hafsteinn Pálsson og Filipía Jónsdóttir.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdafaðir,

Helgi Aðalsteinsson
Helgi tattoo, húðflúrmeistari,

lést mánudaginn 25. desember. Útför hans fer fram í kyrrþey. Fyrir hönd aðstandenda.

Kristín Sigríður Óskarsdóttir og börn.

ÖRN ARNARSON: ÍÞRÓTTAMAÐUR HAFNARFJARÐAR Í SJÖTTA SINN

Stefnir á fjölda stórmóta

Örn Arnarson, sundmaður úr SH, var í vikunni útnefndur íþróttamaður Hafnarfjarðar árið 2006. Örn hlaut bronsverðlaun í 50 metra flugsundi á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug fyrr í þessum mánuði og setti nokkur Íslandsmet á sama móti. Fyrir skömmu var Örn einnig útnefndur sundmaður ársins hjá Sundsambandi Íslands.

„Það er nú einu sinni svo að þegar maður er að æfa svona stíft þá er lítið svigrúm fyrir annað. Auðvitað var þetta afar ánægjulegt en ég fagnaði þessu bara á minn hátt; fór heim að borða og svo á æfingu morguninn eftir,“ segir Örn og tekur þessu öllu með mikilli ró.

Þetta er í sjötta skiptið sem Örn hlýtur sæmdarheitið íþróttamaður Hafnarfjarðar en áður hafði hann verið kjörinn í ein fimm ár í röð, frá 1997 til 2001. „Já, ég flutti mig til Keflavíkur í tvö ár og svo er þetta búið að vera vesen með meiðsli og önnur heilsufarsvandamál.“ Örn glímdi við hjartagalla sem þurfti að komast fyrir með tveimur hjartaþræðingum og fór hann í þá seinni eftir að vandinn tók sig upp á HM í Kína fyrr á árinu. „En nú virðist mér að þessi mál séu öll að baki og það er frábært. Auðvitað er maður alltaf samt með einhverja verki sem fylgja álaginu af því að æfa svona mikið. Það væri frekar að ég héldi eitthvað vera að ef ég væri alveg verkja- og óþægindalaus vegna þess að æfingarnar ganga talsvert út á að ganga eins nærri mörkum ofþjálfunar og hægt er. Eins og þetta er alla jafna þá æfi ég um fimmtán sinnum í viku og það tekur auðvitað á skrokkinn. Það er þó ómetanlegt hvað ég hef mætt miklum skilningi hjá stjórnendum lauganna í Hafnarfirði og svo auðvitað hjá forystusveit SH. Það er starf þessa fólks og fleiri góðra stuðningsaðila minna sem gerir mér kleift að standa í þessu. Á milli þess sem ég æfi þá er ég að vinna við þjálfun yngstu iðkendanna hjá SH og það er gríðarlega gefandi og skemmtilegt að vinna með öllum þessum duglegu og efnilegu krökkum,“ segir Örn.

ÖRN HEIÐRAÐUR Það var Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sem afhenti Erni Arnarsyni viðurkenningu þegar hann var útnefndur íþróttamaður Hafnarfjarðar árið 2006.

Örn hefur sem sagt í nógu að snúast þessa dagana enda stefnir hann á fjölda stórmóta á næstunni. „Ég er á leiðinni á mót í Lúxemborg í janúar, heimsmeistaramótið í Ástralíu í mars, smáþjóðaleikana í Mónakó í júní og er auk þess að skoða möguleikana á fleiri mótum. Ég geri svo ráð fyrir að fara óvenju snemma í sumarfrí þetta árið eða í byrjun júlí, það þýðir að þegar ég kem aftur úr fríi í lok þess mánaðar bíður mín stíft 12–13 mánaða æfingaprógramm fram að Ólympíuleikunum í Peking. Ég verð líka að játa að leikarnir í London virðast ætla að verða ansi glæsilegir og freistandi svo það er aldrei að vita nema ég setji stefnuna á þá.“

magnusg@frettabladid.is

50 ára afmælí

Hún er fimmtug í dag !!!

Hún Gréta okkar er fimmtug í dag þótt ótrúlegt megi virðast. Afmælisveðjur og þúsund kossar frá fjölskyldumeðlimum.

AFMÆLI

Frosti Bergsson fjárfestir er 58 ára.

Brynjar Valdimarsson snókermaður er 39 ára.

Anna Kristjánsdóttir vélstýra er 55 ára.

María Pálsdóttir leikkona er 36 ára.

†

Okkar ástkæri og góði faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Jóhannsson
húsasmíðameistari, Hraunbæ 103, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. janúar kl. 13.00.

Margrét Guðmundsdóttir **Friðrik Ágúst Helgason**
Jóhann Bogi Guðmundsson
Gerður Guðmundsdóttir **Þór Whitehead**
Dröfn Guðmundsdóttir **Sigurður Skúlason**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Móðir mín, amma og langamma,

Kristjana Ragnheiður Ágústsdóttir
frá Búðardal,

sem andaðist á Landspítala - háskólasjúkrahúsi föstudaginn 23. desember, sl. verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju 2. janúar nk. kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Fyrir hönd aðstandenda,

Elísabet Magnúsdóttir, Íris Hrund Grettisdóttir, Magnús Þór Guðmundsson.

Nýtt rúm
Frááááábær hugmynd!

TEMPUR

ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.

Þú átt það skilið

Síðasta áramótaheitið

Ný gerð

Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-

Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-

Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

Opið: Virka daga frá kl. 10-18 • laugardaga frá kl. 11-16

» Sneisafullur helgarkafli í Fréttablaðinu frá blaðsíðu 34 til 49

Laugardagur

VINSÆLUSTU ÁFANGASTAÐIRNIR 2007

Namibía, Buenos Aires, Rajasthan – hvert er sniðugast að fara í skammdeginu? » 48

ALLT UM ÞRÍBURA

Hvernig skipuleggja foreldrar þríburalífið hjá sér? Rætt við ferna þríburaforeldra. » 42

ANNÁLL ERLENDRA FRÉTTA

Stríðsátök hafa sett sterkan svip á fréttir ársins sem er að líða. Fréttablaðið tekur saman helstu atburði ársins. » 38-40

ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON Hefur tekið góða spretti í íslenskum kvikmyndum en lætur nú fyrst til sín taka í almennilegri glæpamynd.

Mikið fjör, kviðslit og brotin tá

Þröstur Leó Gunnarsson fer með aðalhlutverkið í spennumyndinni Köld slóð. Hann hefur látið til sín taka í íslenskum kvikmyndum af og til í gegnum árið en Köld slóð er fyrsta glæpamynd hans. ***Þórarinn Þórarinsson*** ræddi við leikarann sem fer ekki leynt með að hann kann vel við sig á glæpaslóðum.

Þetta á rosalega vel við mig og mér fannst þetta ofboðslega gaman. Handritið er flott og ég er með fína leikara á móti mér. Þetta var heilmikið fjör allt saman. Helvíti erfitt en skemmtileg vinna. Það er gaman þegar þetta fer svona saman, vinna og skemmtun,“ segir Þröstur um kvikmyndagerðina sem var síður en svo dans á rósum.

Einangrunin kostur

„Myndin var að mestu leyti tekin við Búrfellsvirkjun og Sultartanga og í Skagafirði þannig að maður gat ekki unnið neitt annað á meðan sem var mjög gott. Það er fínt að vera einangraður úti á landi, komast burt frá öllu og geta einbeitt sér að þessu. Það var góður kostur við gerð Kaldrar slóðar. Við komumst líka í ótrúlega flottar leikmyndir þarna og það var frábært að fá að taka upp í þessum virkjunum. Ég hafði aldrei komið inn í þær áður og maður missir eiginlega vatn fyrst þegar maður sér þetta. Þetta eru ótrúlega magnaðar byggingar.“

Aldrei of varlega farið

Þröstur og félagar hans þurftu að harka af sér í nístingskulda og roki í útitökum úti á landi auk þess sem ýmis skakkaföll gerðu þeim lífið leitt. Þröstur sjálfur gerir þó lítið úr því öllu saman enda þekktur hrakfallabálkur sem hefur lent í ýmsu. „Þetta eru fastir liðir hjá mér. Ég var ekki með neinn staðgengil eða áhættuleikara og gerði allt sjálfur og

ALLT HITT

[ÁRAMÓT OG BÍLAR]

Það eru margir sem bjóða í grímupartí um áramót. Þá er tilvalið að skella á sig lítilli grímu eða silfurlitaðri hárkollu eða draga fram bleika neondressið frá 1985. Þeir sem aldrei hafa brugðið á leik og eiga engar grímur eða neongrifflur geta farið í Hókus Pókus á laugardag frá klukkan: 11.00-16.00 að Laugavegi 69. www.hokuspokus.is

Ljónin eru bestu ökumennirnir samkvæmt tveimur nýlegum rannsóknum gerðum í Norður-Ameríku af InsuranceHotline.com og í Bretlandi af tryggingafélaginu VELO. Fram kom að fólk fætt í ljónsmerkinu stóð sig best og þar á eftir fólk fætt í tvíburamerkinu. Samkvæmt amerísku rannsókninni komu vogir og vatnsberar verst úr hvað varðar sektir og slys.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 30. desember, 364. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.21	13.30	15.40
Akureyri	11.35	13.15	14.55

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Jóel var vanur að eyða áramótunum á slysavarðstofunni. Hann kann enga skýringu á þessari óvenjulegu áramótaóheppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áramót á slysadeild

Jóel Kristinn Pálsson var vanur að lenda í slysi um áramót og því fastagestur uppi á slysavarðstofu á gamlárskvöld.

Þegar Jóel er spurður hvað sé það fyrsta sem honum dettur í hug í sambandi við áramótin er það slysavarðstofan. „Það varð einhvern veginn fastur liður hjá mér um áramót að fara upp á slysavarðstofu," segir Jóel. „Eitt árið datt ég og annað fékk ég eitthvað í augað og það þriðja fékk ég gat á hausinn."

Eitthvað hefur Jóel róast með árunum og hefur slysunum fækkað í takt við það. Vaknar þá sú spurning hvort þessi fækkun sé samfara minnkandi áhuga á flugeldum og tengdu fikti. „Ég var alltaf mikið fyrir flugelda þegar ég var yngri en það voru ekki þeir sem ollu slysunum," segir Jóel sem kann enga skýringu á fyrri áramótaklaufaskap.

Jóel á tvo drengi með konu sinni Bergþóru Guðnadóttur og með þeim hefur minnkandi áhugi á flugeldunum vaknað aftur. „Sá eldri er orðinn átta ára og hann heimtar stærsta flugeldapakkann í ár," segir Jóel. „Ég fann alveg fyrir því í fyrra að sprengiáhuginn kviknaði aftur gegnum son minn. Þetta er svolítið eins og með jólin. Maður upplifir þau aftur upp á nýtt gegnum börnin sín."

Jóel ætlar sér að eyða áramótunum á Ægisíðunni en það hefur hann gert allt frá barnæsku. „Við röltum út að brennu og þar hittir maður mikið af fólki sem maður þekkir," segir Jóel. „Svona eru þessir vesturbæingar. Þeir snúa alltaf aftur."

tryggvi@frettabladid.is

Syngjum dátt og dönsum

MÖRG LÖG OG KVÆÐI HAFA VERIÐ SUNGIN UM ÁRAMÓT SVO LENGI SEM ELSTU MENN MUNA.

Lögin eru fjörug og skemmtileg og eru sum hver ort og þýdd af okkar bestu ljóðskáldum. Önnur hafa lifað með þjóðinni í mörg hundruð ár.
Mörg kvæðanna fjalla um álfa og misjöfn samskipti mannanna við þá, eins og Álfareiðin sem Jónas Hallgrímsson þýddi og Ólafur Liljurós. Trúin á álfana er auðvitað mjög samofin áramótunum og önnur ljóð fjalla um dans og gleði í félagsskap álfanna. Þá eru ótalin ljóð sem ávallt eru sungin um áramót þar sem liðið ár er kvatt og vonast eftir að það næsta verði gæfuríkt og gott.

Áramótalögin má syngja þegar fólk safnast saman við brennur við áramót og á þrettándanum.

Bílana er gott að geyma í bílskýli eða í bílskúr yfir áramótin ef kostur er á. Hrapandi flugeldaprik geta dældað bílana.

REYNSLUAKSTUR

Discovery með G4 breytingapakka sem gerir hann enn hæfari í torfærurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Góður verður betri

Hvað gerist þegar góður torfærubíll er hækkaður upp og settur á stærri dekk? Svarið er einfalt: Góður verður betri.

Land Rover 3 var afar vel tekið er hann kom á markað árið 2004. Hann hlaut tugi verðlauna og viðurkenninga og var meðal annars valinn bíll ársins af hinu virta bílatímariti WhatCar?

Discovery er vel heppnaður að nær öllu leyti. Útlitið er einstakt og ótrúlegt hvernig Land Rover komst upp með að nota allar þessar beinu línur og kubbaform og gera heildstætt, sérstakt og kröftugt útlit. Hæfilegur munaður liggur í innréttingum og sætum og er bíllinn mjög rúmgóður, hvort sem horft er til framsæta eða aftursæta.

Beinar línur eru ríkjandi í Discovery og einhvern veginn gengur það fullkomlega upp.

LAND ROVER DISCOVERY

Vél: 2,7 TD6 dísil
190 hö - 440 Nm
Þyngd: 2.455 kg
Eyðsla: 10,2 l/100 km

Helsti kostur Discovery liggur hins vegar ekki í útliti eða þægindum, þótt nóg sé af þeim. Hann liggur í hversu aðgengilegur hann er hverjum sem upp í hann sest. Gildir þá einu hvort um sé að ræða reyndar háfjallageitur eða villuráfandi miðbæjarrottur. Bíllinn er furðu léttur í meðförum og þökk sé Terrain Response kerfinu getur hver sem er hætt sér í torfærur og treyst á bílinn.

Terrain Response er í grunninn einföld stjórnun á flóknum drifbúnaði. Kerfið gefur manni kost á að hækka og lækka bílinn, skipta milli háa og lága drifs, og velja nokkrar mismunandi stillingar eftir aðstæðum. Þetta er gert með einum takka og það besta við kerfið er að öfugt við marga flókna hluti sem gerðir eru einfaldir, þá virkar það.

Þessi Discovery er hækkaður og á 32" dekkjum.

G4 breytingapakkanum fylgja ýmsir aukahlutir eins og kastarar.

Hægt er að fá Discovery með tveimur breytingarpökkum. Annars vegar 32" breytingapakka, en þá er undirvagninn hækkaður og 32" dekk sett undir bílinn, og hinsvegar G4 breytingapakka. Í G4 er innifalin 32" breyting, langbogar og þverbogar, dráttarbeisli, kastarar, og motta í skott. Pakkinn kostar 390.000 þúsund og er hann fáanlegur fyrir allar týpur Discovery.

Það er kannski óþarfi að segja það að með breytingunum er bíllinn orðinn enn hæfari í torfærurnar. Að sama skapi missir hann hluta af léttleikanum og verður erfiðari er nálgast löglegan hámarkshraða. Þetta er einfaldlega spurning um hvernig maður vill nota bílinn, hvort hann sé keyptur fyrir lúxusinn eða torfæruhæfileikana.

Þegar öllu er á botninn hvolft er Discovery á malbiki eins og klettaklifrari í skrifstofustarfi, hann dauðlangar að komast á fjöll því þar er hann á heimavelli.

tryggvi@frettabladid.is

Terrain Responce gerir öllum, bæði reyndum og óreyndum, kleift að keyra Discovery af öryggi.

Hyundai Tuscon Sport

Nýr Tuscon Sport

HYUNDAI TUSCON ER NÚ FÁANLEGUR Í SPORTÚTGÁFU

Breytingarnar felast aðallega í útliti bílsins en hann er nú orðinn einlitur en áður dökkir listar á bílnum eru nú í sama lit og skrokkurinn. Enn fremur hefur loftkæling, leðurklætt stýri og gírhnúður bæst við staðalbúnaðinn.
Tucson hefur verið í boði með þremur mismunandi vélum eða 2,0 l 142 hö, 2,0 l CRTD 140 hö (Common Rail Turbo Diesel) og V6 2,7 l 175 hö og verður svo áfram. Dísilvélin eyðir um 7 l/100 km í blönduðum akstri en 2,0 l bensínvélin rúmum 8 l/100 km sem verður að teljast nokkuð gott miðað við afl og stærð bílsins.

- tg

Hér sést Skoda Roomster jepplingur, en Skoda Roomster bifreiðin sem var prófuð er í flokki lítilla fjölnotabíla.

Nýtt árekstursþróf

Niðurstöður úr nýju árekstursþrófi EuroNCAP liggja fyrir.

Toyota Auris kom best út af þeim fjóru nýju bifreiðum sem voru þrófaðar með 35 stig á heildina, en hinir bílarnir voru Hyundai Santa Fe, Kia Magentis og Skoda Roomster, sem eru ólíkir að stærð og gerð.

Skoda Roomster fylgdi fast á hæla Toyota Auris, en einungis eitt stig skildi bílana að. Þar munaði athugasemd sem gerð var við straumkapla frá rafgeymi Skoda Roomster.

Framleiðandinn hefur þegar sent frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að gallinn verði lagaður í öllum bílum hér eftir.

Þess má geta að bæði Toyota Auris og Skoda Roomster hlutu fimm stjörnur fyrir vernd fullorðinna í bílnum. Hlaut Toyota Auris jafnframt þrjár stjörnur fyrir vernd fótgangandi.

Kóresku bílarnir þóttu aftur á móti ekki veita næga vörn fyrir gangandi vegfarendur. Útkoman úr þrófinu hefur ef til vill þau áhrif að því verði kippt í liðinn.

Frá þessu er greint á vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is, þar sem hægt er að grennslast betur fyrir um niðurstöðurnar.

- rve

Hyundai Santa Fe 2006

Dodge Viper SRT-10 er 600 hestöfl.

2008 Dodge Viper

Í vikunni birtust fyrstu opinberu myndirnar af 2008 Dodge Viper SRT-10.

Billinn er engin smásmíði, 8,4 lítra vél sem skilar 600 hestöflum, 90 fleiri en fyrirrennarinn, og 560 Nm tog.

Ytra útlit hefur lítið breyst, fyrir utan loftgöt í húddinu sem nauðsynleg eru. V10 vélar eiga það til að hitna og eitthvert þarf hitinn að fara.

Viperinn kemst vel upp fyrir hundrað á 3,5 til 4 sekúndum og tekur það rétt um 35 metra að koma honum aftur niður í kyrrstöðu.

- tg

1,2 milljónir í sekt

William Carroll fékk sekt upp á rúmlega 1,2 milljónir fyrir að villast á trukki sínum.

Það borgar sig að virða þyngdartakmarkanir í Bandaríkjunum.

Carroll var að skila af sér vörum í Fíladelfíuborg í Bandaríkjunum. Hann villtist og endaði á íbúðasvæði þar sem ströng þyngdartakmörk gilda.

Carroll tók ekki eftir skiltinu sem varaði við þyngdartakmörkunum í vegkantinum, enda skiltið hallandi og hulið að hálfu leyti. Hann reyndi að snúa risatrukk sínum við en gafst ekki færi á því á þröngum íbúðargötunum fyrr en hann hafði keyrt um í langa stund.

Lögreglan stoppaði Carroll og sektaði fyrir atvikið. Sektin hljóðaði upp á 1,2 milljónir, 10.500 krónur fyrir brotið sjálft og sömu upphæð fyrir hver 227 kíló (500 pund) yfir leyfilegri hámarksþyngd.

Carroll hefur eðlilega kvartað undan sektinni en yfirvöld segja að svona séu lögin. Þar að auki séu skemmdir á vegum og mannvirkjum tengdum þeim algengar og sporna verði við þeim með öllum ráðum.

- tg

ÍSHLUTIR

Völuteigur 4, 270 Mosfellsbær
Sími: 575 2400, www.ishlutir.com

Eigum til afhendingar strax nýja Carnehl malarvagna og Mercedes Benz 2650 dráttarbíla

Nýr Carnehl 2 öxla malarvagn

Nýr Schmitz 3öxla malarvagn

Mercedes Benz 2650

Chassis King gámagrind árg 2006

Eigum til mikið úrval af notuðum vinnuvélum

Hitachi ZX500 LC-3, árg 2004, vst 5.362

Case 9033, árg 2000, vst 5.400

Samsung SE210LC-2, árg 95, vst 7.700

Fermec 860, árg 2001, vst 5.000

Hyundai R290LC-7, árg 2003, vst 6.396

Case 590 Super LE, árg 98, vst 4.500

Hitachi ZX160, árg 2006, vst 437

Neuson 1403, árg 2006, vst 402

Bell 30D árg 2003

Carnehl malarvagn árg 2005

Langendorf malarvagn árg 2000

Kruz malarvagn árg 2005

Furukawa W725, árg 99, vst 11.000

Hyundai 55-3 árg 2004

Cat D6N LGP árg 2003 vst 5380

Nordberg LT árg 2004

Furukawa HCR900-ED

Rubble Master Forbrjótur árg 2004

JCB 425 13tonn árg 1994

Hafið samband við sölumenn okkar í síma 575-2400, 694-3800 og 694-3900

Hugsanleg sameining Ford og Toyota

Sögusagnir þess efnis að Ford og Toyota ætli sér í eina sæng tröllríða nú bílaiðnaðinum. Þetta gerðist í kjölfar þess að fréttir um fund yfirmanna fyrirtækjanna láku út.

Toyota hefur tækniþekkingu sem Ford vantar, og Ford hefur framleiðslugetu sem Toyota þarf.

Ford sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að yfirmaður fyrirtækisins, Alan Mulally, hafi vissulega fundað með yfirmönnum Toyota í Japan en samruni hafi ekki verið ræddur. Í yfirlýsingunni, sem er afar stutt, er það ítrekað að yfirmenn bílaframleiðanda hittist stöðugt og ræði mögulega samvinnu á sviði tækniþekkingar og framleiðslu. Þó að yfirlýsingin hafi átt að kveða niður sögusagnir hefur hún gert lítið annað en að ýta undir orðróm þess efnis að Ford leiti eftir samruna, þrátt fyrir fullyrðingar um annað fyrr á árinu.

Ford hefur gengið afleitlega á þessu ári og er tapið mikið. Toyota heldur hins vegar áfram að stækka og fyrir þremur árum komst Toyota upp fyrir Ford og í annað sæti yfir stærstu bílaframleiðendurna. Söluspár fyrirtækisins gera einnig ráð fyrir að á næsta ári verði þeir öflugri en GM og um leið stærstu bílaframleiðendur heims.

Alan Mulally, stjórnarformaður Toyota.

Bæði fyrirtækin myndu græða á samrunanum. Ford vantar tækni sem Toyota býr yfir, sem og reynslu Toyota að byggja upp orðstír bílategunda. Ford á nóg af verksmiðjum í Bandaríkjunum sem eru einungis nýttar að hluta. Toyota er einmitt að leita að leið til að framleiða sína bíla í Bandaríkjunum svo þeir geti keppt við GM á þeirra heimavelli. Við fyrstu sýn virðist þetta vera fullkomið hjónaband.

Fullyrðingar stjórnar Ford gætu hins vegar verið sannar. Samvinna er algeng í bílaiðnaðinum og tækni sem fundin er upp af einu fyrirtæki er sjaldnast bundin við það eitt lengi. Kostnaður við þróunarvinnu er gríðarlegur og reyna framleiðendur að græða með því að selja þekkingu, jafnvel til keppinauta. Með hliðsjón af þessu telja sérfræðingar líklegt að Ford ásælist „hybrid“-tækni Toyota og getur fundurinn vel hafa snúist um slík viðskipti.

Á meðan engar frekari útskýringar berast úr herbúðum fyrirtækjanna eru þetta einungis vangaveltur en ljóst er að margir eru farnir að veðja á samruna og myndun nýs risa í bílaiðnaðinum. Risa sem mun gnæfa yfir keppinauta sína. *-tg*

Leigubílar eru dýrir á nýársnótt. Því er ekki úr vegi að vinahópurinn dragi um það og sá sem dregur stysta stráið verður bílstjóri hópsins þennan hátíðardag.

Jana María ætlar að troða upp í kvöld í Duushúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögin hans pabba

Tónleikar með pabba teljast orðinn fastur liður í áramótahaldi Jönu Maríu Guðmundsdóttur, söngkonu og leiklistarnema. Þetta árið verða þeir í kvöld, 30. desember, í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum.

Jana María er í BA-námi í leiklist í Glasgow en kom heim til Íslands að halda jólin hátíðleg með fjölskyldu og vinum. Einnig til að viðhalda þeirri hefð að taka lagið við undirleik föður síns á áramótatónleikum í Reykjanesbæ. Það hefur hún gert síðustu fimm til sex árin. Pabbinn er Guðmundur Hreinsson, smiður og verktaki í Keflavík, er semur lög og spilar á gítar í frístundum. Undanfarin ár hafa tónleikarnir verið haldnir í Frumleikhúsinu í Keflavík en nú verða þeir í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum. „Þar er mjög fallegur salur," segir Jana og minnist fyrstu tónleikanna þegar gestir voru aðeins 16 talsins. „Þeim hefur fjölgað mikið síðan," segir hún og kveðst hlakka til tónleikanna í kvöld. Þar kemur líka fram Gunnlaugur Þór Briem, klassískur píanóleikari.

Jana María segir þau feðgin verða með tvö tökulög en hin séu frumsamin. „Við eigum alltaf einhver gömul lög í handraðanum og svo bætast ný við á hverju ári," segir hún. „Við pabbi verjum jólunum í að æfa saman. Það er rosalega gaman."

Jana María byrjaði í haust í leiklistinni í Glasgow og segir það mikið ævintýri. Hún ber líka lof á Skota sem hún segir hina vinalegustu. Fram undan eru tvö og hálft ár í skólanum, þar af einn vetur í nemendaleikhúsi. Unnustinn stundar mastersnám í stjórnun í Edinborg og tekur lestina þangað daglega frá Glasgow.

Þótt Jana hafi búið í Reykjavík síðustu fimm ár þá er Keflavík hennar gamli heimabær. Spurð hvort hennar fjölskylda sé ein af þeim skreytiglöðu í bænum segir hún: „Við höfum tekið þátt í skreytingum eins og meðalmaðurinn gerir en ekkert umfram það. En Keflavík er ljósabær og það tilheyrir hátíðunum að fara jólaljósarúnt."

gun@frettabladid.is

FLUGELDAR
Malarhöfða 2a
Meiriháttar úrval af öllum gerðum af flugeldum!

Hérna er gengið inn!

50 fyrstu sem koma fyrir kl.12.00 og versla fyrir meira en 7000kr, fá litla þrumu (víti) í kaupbæti.
Alltaf góð tilboð í gangi!
Leikur, tilboð og vöruúrval á heimasíðunni!
Kíkið við og gerið verðsamanburð!
Þú færð ekki flugeldana á betra verði!
Gerið sjálf verðsamanburð!
www.haamyri.com
Við styðjum Björgina, félag geðfatlaðra!

Fíton/SÍA
Við óskum landsmönnum gleðilegs nýs árs og þökkum viðtökurnar
Fögnum nýju ári með dúndrandi fönk-sveiflu
Hljómsveitin Jagúar leikur fyrir dansi á nýársdansleik DOMO 1. janúar 2007.
Húsið opnar á miðnætti og verður opið fram á rauðanótt.
Uppselt er í kvöldverðinn á undan og aðeins verður seldur takmarkaður fjöldi miða inn á dansleikinn.
Miðaverð: 3.500 kr.
Miðasala í síma 552 5588
DOMO RESTAURANT/BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
WWW.DOMO.IS
SÍMI 552 5588
domo

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

SKEMMTU ÞÉR VEL UM ÁRAMÓTIN

GAMLÁRSKVÖLD

25% AFSLÁTTUR AF RÉTTU ÁRAMÓTAVÖRUNUM

Kveiktu á útikertum
2 stk. saman í pakka

Pússaðu skóna fyrir veisluna
með Max skóáburði

Helltu í glösin
10 stk. saman í pakka

NÝÁRSDAGUR

Hreinsaðu skóstrikin
af gólfinu með SD-20

Skelltu á þig
Wild Glove hönskum,
margar gerðir fáanlegar

Eyddu reykjarlyktinni
með Airlift

Hreinsaðu rauðvínið
úr teppinu/sófanum
með Contempo Spotting
Solution

Þvoðu upp með
svampburstanum

Suðurlandsbraut 26
Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

BESTA
www.besta.is

Sóley Guðmundsdóttir segist ekki komast í almennilegt hátíðaskap nema hún taki þátt í flugeldasölunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flugeldar bjarga mannslífum

Himinninn lýsist upp um áramót þegar marglitir flugeldar skjótast á loft. Við kveðjum það gamla og höldum inn í nýtt ár með fögur fyrirheit. Flugeldasalan er helsta fjáröflunarleið Flugbjörgunarsveitar Reykjavíkur og salan eykst með hverju ári sem líður.

Flugbjörgunarsveitin hefur staðið vörð um öryggi landsmanna í yfir 55 ár. Allt starf sveitarinnar er unnið í sjálfboðastarfi þar sem stærsta fjáröflunarleið sveitarinnar er flugeldasala sem hefst á morgun.

„Flugeldasalan er órjúfanlegur hluti af jólahátíðinni fyrir okkur sem erum í Flugbjörgunarsveitinni og við höfum selt síðan 1998," segir Sóley Guðmundsdóttir, sölustjóri og liðsmaður leitar og sjúkradeildar sveitarinnar. Sóley hefur nýlokið tveggja ára nýliðaprógrammi og varð fullgildur meðlimur í vor. Flugeldasalan ásamt öðrum fjáröflunarleiðum er forsenda starfs sveitarinnar svo Sóley vonast til að landsmenn leggi leið sína til hennar í ár að kaupa flugelda. „Ágóði af flugeldasölunni fer meðal annars í rekstur húsnæðis, þjálfun liðsmanna og bílaflota til að nefna fátt eitt," segir Sóley. Flugbjörgunarsveitin er með öflugt nýliðastarf þar sem byrjendur eru á fjöllum og í ferðum aðra hvora helgi ásamt því að sækja fræðslu og fyrirlestra. Það tekur á bæði andlega og líkamlega að vera í leitar- og björgunarstarfi og Sóley segir að nýliðar fái einstaklega góða þjálfun frá reyndari meðlimum. „Við hugsum vel um hvert annað ásamt því að vera í stöðugri þjálfun bæði hérlendis og erlendis. Árlega fara liðsmenn utan í þjálfun og má þar nefna til dæmis þjálfun í snjóflóðaleit og hópstjórnun," segir Sóley. Björgunarsveitin er ávallt meðal fyrstu á vettvang slysa en einnig þegar ferðafólk á hálendi Íslands kemst í sjálfheldu. „Fólk er stöðugt á betri jeppum sem komast lengra, svo við þurfum alltaf að vera á bílum sem komast enn lengra til að geta bjargað þeim," segir Sóley. Flugbjörgunarsveitin stendur í miklu uppbyggingarstarfi og Sóley segir mikið spennandi starf framundan.

Flugeldasalan hefst 28. desember og verður á fimm stöðum: Í húsi sveitarinnar við Flugvallarveg, B & L Grjóthálsi 1, í húsnæði Bandalags íslenskra skáta í Hraunbæ 123, við Hólagarð Lóuhólum 2-6 og við Jafnasel (Krónuna). Salan er opin frá kl. 10.00-22.00 og kl. 10.00-16.00 á gamlársdag. *- rh*

Nýtt ár hefst ekki alltaf 1. janúar

Ekki fagna allir jarðarbúar nýju ári þann 1. janúar. Öll menningarsvæði hafa sín tímatöl og mikilvægar hefðir fylgja oft áramótum.

Stórar hátíðir fylgja oft áramótum og geta staðið yfir í marga daga fyrir eða eftir áramótin. Áramót eru stundum tengd árstíðum, til dæmis til að fagna komu vorsins, eða þau eiga hreinan trúarlegan uppruna.

Á Íslandi er auðvitað haldið upp á komu nýja ársins kvöldið fyrir nýársdag, sem er 1. janúar eins og víðast hvar á Vesturlöndum. Afganir og Kúrdar halda hins vegar sín áramót í kringum jafndægur á vori þann 21. mars.

Múslimar fagna komu ársins 1428 þann 20. janúar og ár svínsins gengur í garð í Kína 18. febrúar. Eþíópíubúar taka á móti nýju ári 11. september og gyðingar þann 12. en þá hefst árið 5768 hjá þeim.

Miklar hefðir fylgja víðast áramótum en nýju ári er ekki fagnað á sama tíma alls staðar í heiminum.

Sniðug hugmynd er að halda gott áramótapartí með góðum vinum þar sem allir eru sáttir við stað og stund.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Áramótabrennur sérislenskt fyrirbrigði

Uppruni áramótabrenna og álfadans.

Víða erlendis tíðkast að kveikja í bálkesti við ýmis tækifæri, en flest bendir til að áramótabrennur séu sérislenskt fyrirbrigði.

Fyrstu heimildir sem geta um áramótabrennur hérlendis eru frá ofanverðri átjándu öld. Fyrsta brennan sem um getur er frá árinu 1791 þegar skólapiltar úr Hólavallaskóla söfnuðu saman tunnum og timbri og kveiktu í, að því er talið er á Landakotshæð.

Tæpum fimmtíu árum síðar voru áramótabrennur orðnar mjög algengar hérlendis og var þá farið að dansa svokallaðan álfadans í kringum bálköstinn. Sá siður er talinn kominn frá skólapiltum við Lærða skólann, sem frumsýndu árið 1871 leikritið Nýársnótt þar sem álfar áttu hlut að máli. Nemarnir klæddu sig síðan upp sem ljós- eða svartálfa ásamt stúdentum og gengu niður að Tjörninni með blys og dönsuðu og sungu álfasöngva. *(Heimild: Saga jólanna, bls. 222, 224)*

Bók Árna Björnssonar, Saga jólanna, er uppfull af fróðleik um jól og áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áramóta-veislan

Allir þekkja vel þær væntingar sem gerðar eru til áramótanna.

Flestir leggja sig mikið fram við að eiga skemmtileg áramót. Oftar en ekki verður þó eftirvæntingin skemmtuninni að bráð og margir farnir að þekkja hinn súra bömmer sem oft fylgir þessu kvöldi.

Vilji fólk tryggja að kvöldið verði sem skemmtilegast er best að negla niður hvað á að gera og með hverjum það skal gert. Hóið saman þeim vinum sem þið kjósið að eyða áramótunum með og ákveðið að hittast heima hjá einhverjum þeirra. Þaðan verður svo ekki farið í neina aðra gleði heldur verður gleðin haldin þar. Um leið og þið farið að eltast við stuðið út um allan bæ eru miklar líkur á að þið missið af því. *- jóa*

Margs konar álfatrú tengist áramótunum, en þá eru álfarnir sagðir flytja milli staða. Myndin er eftir Florence Helgu Thibault og er úr bókinni Álfasögur úr þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Þegar álfarnir flytja

Margs konar þjóðtrú tengist áramótunum, einkum nýársnótt og þrettándanum.

Þá eru kýr sagðar geta talað en varasamt getur verið að reyna að liggja á hleri, því kýrnar eru sagðar æra þá sem það gera. Einnig er talað um að þá flytji álfar til nýrra heimkynna. Í þjóðtrúnni eiga menn að liggja úti á krossgötum á nýársnótt, þaðan sem sér til fjögurra kirkna.

Þá munu álfar þyrpast að úr öllum áttum, biðja manninn að fylgja sér og bjóða honum gull og gersemar, klæði, mat og drykk. Ekki má þó þiggja boð álfanna né svara þeim því þá heillast menn og verða vitstola. Standist menn hins vegar þrautina og haldi út fram að dagrenningu án þess að ansa álfunum segir trúin að allir álfar hverfi en álfaauðurinn verði eftir og verði þar með eign mannsins.

Ýmiss konar hjátrú um veðurfar fylgir jafnframt áramótunum. Menn töldu að ef fyrsti dagur í janúar félli á sunnudag yrði veturinn spakur og staðvindasamur, sumar þurrt og heyskapur mikill, gnægð og friður. Væri fyrsti janúar á laugardegi væri hins vegar ekki von á góðu, því þá ferst sauðfé og gamlir menn deyja.

Peugeot, skoðaður til 2036.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Peugeot framleiddi sína fyrstu piparkvörn 1840. Verkið í kvörnunum er ennþá það áreiðanlegasta á markaðinum og ástæðan fyrir því að Peugeot býður **30 ára ábyrgð** á öllum kvörnum. Peugeot kvarnir fást hjá: Kokku á Laugavegi 47, Tekk Company Bæjarlind 14-16 í Kópavogi, Villeroy & Boch í Kringlunni, Pottum og Prikum á Strandgötu 25 á Akureyri og Cabo við Hafnargötu 23 í Keflavík. Svo er auðvitað hægt að kaupa þær á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47, opið mán.-lau. 10-22, sun. 13-22 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Big Ben í London klukkan tólf á miðnætti.

Árið kvatt um allan heim

Sinn er siður í landi hverju og á þetta spakmæli vel við um áramótin.

Áramótin eru haldin hátíðleg víða um heim á mótum 31. desember og 1. janúar en gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins í gregoríska tímatalinu. Ýmsar hefðir fylgja áramótafögnuðum sem eru þó mismunandi eftir löndum.

Á Íslandi eru flestir með fjölskyldunni fram að áramótum, horfa á áramótaskaupið, skjóta upp flugeldum og skála í kampavíni. Eftir þetta skella sér margir á ball eða skunda í partí sem standa fram á morgun.

Í London fjölmennir fólk við Big Ben og brjótast út fagnaðarlæti þegar klukkan vísar á miðnætti.

Mikill mannfjöldi safnast einnig saman á Times-torgi í New York og skemmtir sér og syngur. Eina mínútu fyrir miðnætti byrjar stærðar hnöttur úr Waterford kristal sem vegur nær hálft tonn að síga á stöng á toppi byggingarinnar One Times Square, og staðnæmist hún á miðnætti við mikinn fögnuð nærstaddra. Þessum atburði er sjónvarpað um allan heim, og er fyrirmynd sams konar hefða víða um Bandaríkin.

Einn mesti samsöfnuður fólks verður á áramótum í áströlsku borginni Sydney. Þar koma saman um 1,2 milljónir manna og skjóta upp um 80.000 flugeldum sem sjást úr allt að 16 kílómetra fjarlægð frá borginni.

Hér eru nokkrar áramótakveðjur á hinum ýmsu tungumálum:

Antum salimoun - arabíska
Xin nian kuai e - kínverska
Scastny novy rok - tékkneska
Godt nytår - danska
Gelukkig nieuwjaar - hollenska
Kiortame pivdluaritlo - inúítamál
Felican novan jaron - esperanto
Onnellista uutta vuotta - finnska
Bonne année - franska
Sanah jadidah - íraska
Bliain nua fe mhaise dhuit - gelíska
Felice anno nuovo - ítalska
Akimashite omedetto gozaimasu - japanska
Szczesliwego nowego roku - pólska
Feliz año nuevo - spænska
Blwyddyn newydd dda - velska

Mikill mannfjöldi safnast saman á Times-torgi í New York á gamlárskvöld.

Hin gömlu kynni gleymast ei

Skotar eiga sér ýmsa áramótasiði.

Áramótin í Skotlandi kallast Hogmanay og eiga rætur sínar að rekja til fornra sólstöðuhátíða. Uppruni orðsins er óljós en talið er að hann tengist keltneskum orðum yfir miðnætti og gjöf. Margir siðir tengjast þessari hátíð. Sá sem fyrstur stígur yfir þröskuldinn á heimili einhvers annars á að gefa heimilisfólki táknrænar gjafir eins og salt, kol, viskí og svartbollu sem er einhvers konar ávaxtabúðingur, en allt á þetta að færa húsráðendum mismunandi tegundir gæfu. Gestirnir fá í staðinn mat og drykk. Fyrsta skrefið yfir þröskuldinn er talið marka lánsemi heimilismanna á nýja árinu svo það er mikilvægt að rétti einstaklingurinn taki hlutverkið að sér.

Hávaxinn, myndarlegur og dökkhærður maður með gjöf er æskilegasti fyrsti gesturinn. Ef maðurinn er ljóshærður eða rauðhærður gæti hann verið af norrænum uppruna en það þótti ekki happasælt þegar víkingar herjuðu á skoskar strendur.

Annar Hogmanay-siður er eldknattleikur sem á sér stað í Norðaustur-Skotlandi. Heimamenn búa þá til kúlur úr hænsnaneti, tjöru, pappír og öðrum eldfimum efnum og verða kúlurnar allt að því einn metri að ummáli. Kúlan er fest á tveggja metra langa keðju, kveikt í og svo ganga menn eftir aðalgötunni og sveifla logandi knettinum í kringum sig. Ef enn logar í knettinum þegar skrúðgöngunni lýkur er honum varpað í höfnina. Þetta sjónarspil á sér stað eftir að rökkva tekur á nýársdag.

Ef minnst er á skoska áramótasiði má ekki gleyma ljóðinu Auld Lang Syne eftir skoska skáldið Robert Burns sem er sungið um áramótin um gervallan hinn enskumælandi heim. Bein þýðing á titlinum er „Gamalt löngu síðan“ en íbúar Nýja heimsins hafa margir misskilið hann og halda að Auld Lang Syne sé stórfljót í Skotlandi. Lagið er þekkt á Íslandi sem „Hin gömlu kynni gleymast ei“.

Skoska skáldið Robert Burns á heiðurinn af hinum gömlu kynnum eða Auld Lang syne sem er sungið í hverju enskumælandi áramótapartíi.

Skotar eiga sér margar góðar áramótahefðir.

Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Öryggi um áramótin

Á vefsíðu Flugeldamarkaðar björgunarsveitanna eru talin upp nokkur öryggisatriði í tengslum við meðhöndlun flugelda.

Börnum yngri en 16 ára eru ekki seldir flugeldar. Fullorðnir skulu ávallt aðstoða börn með þessa vöru.

Athugið að standa ekki nærri er flugeldar eru sprengdir. Hávaði frá þeim getur skaðað heyrnina.

Alls ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið í þeim þar sem þeir geta sprungið fyrirvaralaust. Hella skal vatni yfir þá.

Nauðsynlegt er að hafa trausta undirstöðu undir rakettur áður en þeim er skotið upp.

Nauðsynlegt er að hafa stöðuga undirstöðu undir standblys og skotkökur, og athuga þarf að þau þurfa mikið rými.

Flugeldar og smádót eru ekki leikföng og ekki skal nota það í hrekki. Oft verða slæm slys af þessum völdum.

Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda. Allir eiga að hafa öryggisgleraugu, einnig þeir sem horfa á.

Víkja skal vel frá eftir að búið er að kveikja í flugeldinum.

Mikilvægt er að hafa nægt rými þegar valinn er skotstaður. Hæfilegt er að hafa að minnsta kosti 20 metra fjarlægð frá húsum.

Aldrei má kveikja í flugeldum meðan haldið er á þeim. Aðeins má halda á sérmerktum handblysum.

Flest alvarlegustu slysin verða vegna fikts. Mjög hættulegt er að taka flugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.

Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal þeim innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæmir.

2007

Opnunartími yfir hátíðirnar
Aðfangadagur: Lokað
Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Opið frá kl. 15:00
Gamlársdagur: Kaffihúsið opið frá kl. 11:30
og matur frá kl. 18:00
Nýársdagur: Kaffihúsið opið frá kl. 11:30
og matur frá kl. 18:00

1.jan. 2007
Hljómsveitin BUFF
Nýársfagnaður
djammar fram undir morgun

Nýársmatseðill 1. janúar 2007
á Apótek bar grill

- Nýárskvölds Canapé við komu
- Frönsk andarlifur og parmaskinka
- Saltfisks lasagna með hollandaise froðu
- Kampavíns granít
- Hreindýr með kastaníukremi og súkkulaði-ilmaðri portvínssósu
- Ostar
- Súkkulaði 2007

Kr. 10.900.-
15% álag er innifalið í matseðli

Húsið opnað kl. 18:00
Borðapantanir í síma 5757 900
í fyrra komust færri að en vildu
Með hátíðarkveðju Guðvarður „Guffi" Gíslason

apótek bar • grill
Austurstræti 16
Tel 5757 900
www.veitingar.is

Láttu hundinn aldrei vera lausan úti frá jólum og fram yfir þrettándann. Hann gæti orðið skelfingu lostinn vegna sprenginganna og hlaupið í veg fyrir bíl.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Friðsæl áramót með ferfætlingum

Sif Traustadóttir dýralæknir gefur leiðbeiningar um meðhöndlun dýra sem þjást af flugeldahræðslu.

Ekki hlakka allir til áramótanna og sprengjulátanna sem þeim fylgir. Hundar og kettir eru almennt ekki hrifnir af þessum hávaða og sum dýranna eru svo hrædd að það er til vandræða fyrir fjölskylduna.

Séu þetta fyrstu áramót gæludýrsins þíns er mikilvægt að minnka líkur á neikvæðri reynslu. Hleyptu kettinum ekki út á gamlárs-, nýársdag eða þrettándanum. Láttu hundinn aldrei vera lausan úti frá jólum og fram yfir þrettándann. Hann gæti hlaupið í veg fyrir bíl eða farið sér að voða af hræðslu við sprengingar.

Sýni hundurinn hræðslumerki þegar sprengingar hefjast, er mikilvægt að halda ró sinni og látast vera ánægður með þær. Ekki vorkenna hundinum, þar sem hætt er við því að það ýti undir ótta hans.

Hafi reynsla fyrri ára ekki verið slæm er stundum hægt að afstýra því að vandamálið verði enn meira, með sérstökum æfingum í desember og gleðilátum í kringum minni sprengingar sem þá verða.

Hægt er að spila flugeldahljóð af hljóðdisk og venja dýrið þannig smám saman við lætin. Til að þetta beri árangur er mikilvægt að byrja tímanlega, hafa vandaðar upptökur og fara eftir leiðbeiningum sem þeim fylgja. Þess lags upptökur er fáanlegar hjá sumum dýralæknum. Slík langtímameðferð getur minnkað og jafnvel eytt flugeldahræðslu hjá dýrum.

Annað sem hefur gefið góða raun eru lyktarhormón, „DAP" fyrir hunda og „Feliway" fyrir ketti, sem draga úr streitu og kvíða og eru án aukaverkana. Þau fást án lyfseðils hjá dýralæknum. Best er að fá úðakló sem stungið er í innstungu. Efnið dreifist þá um íbúðina. Mannfólkið finnur enga lykt af því. Best er ef úðakling er í sambandi frá því um miðjan desember.

Æfingarnar duga hins vegar ekki, þegar vandamálið er orðið að veruleika. Þá verður að gera sérstakar ráðstafanir heima fyrir til að minnka eins og hægt er hræðslu skepnunnar.

Mikilvægt er að útbúa skot þar sem dýrið getur leitað skjóls. Til dæmis á stað sem það venur komur sínar á, eða í búri, stórum kassa eða með því að breiða dúk yfir borð eða rúm svo þar myndist dimm hola. Ekki draga hundinn fram hafi hann fundið sér öruggan stað. Best er að hafa ljósið slökkt í skotinu, en þó er betra að hafa kveikt séu miklir glampar af sprengingunum.

Útvarp eða tónlist er tilvalin til að minnka hávaðann frá sprengingunum. Verði hundurinn óróleg-ur af því að vera einn í skotinu, má skiptast á að vera hjá honum, sýna stillingu og fela honum verkefni til að draga athyglina frá látunum.

Sé dýrið haldið ofsahræðslu, getur verið gagnlegt að gefa því róandi lyf. Verkun flestra slíkra lyfja er óáreiðanleg þegar þau eru gefin um munn og rannsóknir sýna að eldri lyf voru ekki hentug til meðhöndlunar gegn kvíða. Ef talið er að lyf komi að góðum notum skal leita tímanlega til dýralæknis.

Ekki hleypa kettinum út á gamlárs-, nýársdag eða þrettándanum þar sem hann gæti orðið skelfingu lostinn vegna allra flugeldasprenginganna.

Þótt mannfólkið flest hlakki til áramótanna eru þau mörgum dýrum eitur í beinum vegna allra sprengjulátanna sem þeim fylgja.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HATTUR Á HVERN HAUS

Engin eru áramót án fallegs höfuðskrauts SJÁ BLS. 6

ÁRAMÓTIN MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir

SJÁ BLS. 10

[SÉRBLAÐ UM ÁRAMÓTIN – LAUGARDAGUR 30. DESEMBER 2006]

í aldanna skaut

EFNISYFIRLIT

ÁRAMÓTAÚTSÝNISSTAÐIR
Besta sætið í Reykjavík BLS. 2

DÝRIN UM ÁRAMÓTIN
Hræddir ferfætlingar BLS. 4

MEÐHÖNDLUN FLUGELDA
Öryggið ofar öllu BLS. 4

KJÓLL OG HVÍTT
Áramótaklæðnaður BLS. 6

FLJÓTGERÐIR SMÁRÉTTIR
Gott á partíborðið BLS. 12

EKKI FYRIR ÁRAMÓTAHEIT
Margrét Maack drekkur Kool-Aid um áramót BLS. 13

TIMBURMENN Á NÝÁRSDAG
Góð ráð við slappleikanum BLS. 12

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!

Garmin nüvi 660

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN · Bluetooth · VÉLAVALAN · radiomidun · R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn | **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

Ártúnsbrekkan. Við gömlu kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekkunni er fínt útsýni og ekki amalegt að hafa Elliðaárdalinn fyrir fótum sér.

Húsahverfið í Grafarvoginum Hæsti punktur Grafarvogsins þar sem sjá má yfir alla Reykjavík þvera og endilanga.

Gott útsýni á áramótunum

Fallegir útsýnisstaðir eru víða á höfuðborgarsvæðinu og þá er um að gera að nýta á áramótunum.

Íslendingar hafa lengi verið þekktir fyrir skotgleði sína á áramótum. Flykkjast þeir þá út á tún eða út í garð og skjóta eins og þeir ættu lífið að leysa. Hins vegar getur verið mun skemmtilegra að vera með hópi fólks á góðum útsýnisstað þannig að hægt sé að njóta flugeldasýningarinnar enn betur.

Fréttablaðið ákvað að senda ljósmyndara á nokkra staði höfuðborgarsvæðisins þar sem útsýnið er margbrotið og gaman er að skjóta upp flugeldum. Reyndar er mjög marga og frambærilega útsýnisstaði að finna á höfuðborgarsvæðinu og því vandi að velja. Flest hverfi eiga sér ákveðinn stað þar sem venja er að fólk hittist og gleðjist saman á áramótum. Margir halda sig hins vegar í garðinum heima og getur slíkt verið notalegt. Að lokum má líka minna fólk á að gæta ítrustu varúðar í flugeldagleðinni.

Seltjarnarnes. Valhúsahæð er opið svæði og þar er yndislegt útsýni eins og þessi mynd ber með sér.

Hóllinn við Háteigsveg. Hóllinn er iðulega fjölsóttur enda líður manni þar eins og í miðju borgarinnar, með stórbrotið 360 gráða útsýni.

Breiðholt. Við Shellstöðina á Breiðholtsbrautinni er skemmtilega opið svæði og þar er ekki leiðinlegt að skjóta upp sínum flugeldum.

Grafarholt. Fáir staðir á höfuðborgarsvæðinu eru jafn hátt yfir sjávarmáli og Grafarholtið. Þaðan er magnað útsýni þegar vel viðrar.

Öskjuhlíð. Fáir staðir eru eins frægir og vel til þess fallnir að skjóta upp flugeldum og Öskjuhlíðin.

GLEÐILEGT REYKLAUST ÁR

NÝTT ÚTLIT - SAMA BRAGÐ

20% afsláttur

af Nicotinell nikótíntyggigúmmíi í 84, 96 og 204 stk pakkningum

í öllum apótekum

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Góð ráð við meðferð flugelda og blysa

Börnum yngri en 16 ára eru ekki seldir flugeldar. Fullorðnir skulu ávallt aðstoða börn með þessa vöru.

Alls ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið í þeim þar sem þeir geta sprungið fyrirvaralaust. Hella skal vatni yfir þá.

Nauðsynlegt er að hafa trausta undirstöðu undir flugeldunum áður en þeim er skotið upp.

Nauðsynlegt er að hafa stöðuga undirstöðu undir standblys og skotkökur, og athuga þarf að þau þurfa mikið rými.

Flugeldar og smádót eru ekki leikföng og ekki skal nota það í hrekki. Oft verða slæm slys af þessum völdum.

Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda. Allir eiga að hafa öryggisgleraugu, einnig þeir sem horfa á.

Víkja skal vel frá eftir að búið er að kveikja í flugeldunum.

Mikilvægt er að hafa nægt rými þegar valinn er skotstaður. Hæfilegt er að hafa að minnsta kosti 20 metra fjarlægð frá húsum.

Aldrei má kveikja í flugeldum meðan haldið er á þeim. Aðeins má halda á sérmerktum handblysum.

Flest alvarlegustu slysin verða vegna fikts. Mjög hættulegt er að taka flugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur.

Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal þeim innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæmir.

Athugið að standa ekki nærri er flugeldar eru sprengdir. Hávaði frá þeim getur skaðað heyrnina.

www.flugeldar.is

Vilhjálmur Halldórsson segir mestu skipta að fara eftir leiðbeiningum um meðferð flugelda. Fréttablaðið/Anton Brink

Öryggisgleraugun bjarga

Miklu máli skiptir að fara eftir leiðbeiningum um notkun flugelda. Flest slys verða út frá fikti, segir Vilhjálmur Halldórsson hjá björgunarsveitinni Ársæli.

Björgunarsveitirnar reka flugeldasölur um allt land fyrir áramótin og þar er bæði hægt að fá flugelda og öryggisbúnað sem ráðlegt er að nota þegar verið er að skjóta upp. „Við erum fyrst og fremst að leggja áherslu á öryggisgleraugu. Eftir að við fórum að leggja áherslu á þau fyrir nokkrum árum hefur augnslysum nánast verið útrýmt um áramót. Flest börn eru nú farin að nota gleraugun, en núna erum við að herja á að þeir eldri séu líka með öryggisgleraugun," segir Vilhjálmur Halldórsson hjá björgunarsveitinni Ársæli. Hann segir reynsluna sýna að öryggisgleraugun geti skipt sköpum.

„Það geta alltaf verið gallar í flugeldum og þeir sprungið öðruvísi en þeir eiga að gera. Eins hefur komið fyrir að fólk fær stjörnublys í augun á áramótabrennum. Það borgar sig því að vera alltaf með gleraugun þegar fólk er nærri flugeldum eða blysum. Við höfum einnig hvatt fólk til að vera með hanska þegar það er að handleika flugeldana. Það skiptir miklu að það séu ekki hanskar úr gerviefni og við höfum bent fólki á að nota leðurhanska. Þeir veita góða vernd ef eitthvað fer úrskeiðis. Þá er eitthvað um að fólk láti heyrnarhlífar á yngri börnin."

Vilhjálmur segir að mestu máli skipti að fara eftir leiðbeiningum um notkun flugelda. „Það hefur sýnt sig að flest slysin verða þegar verið að að nota þá á annan hátt en til er ætlast og fikt hefur oft endað illa."

Vilhjálmur segir flugeldasölurnar hafa farið vel af stað. „Við treystum á þessa fjáröflun og hún er það sem heldur okkur gangandi allt árið. Björgunarsveitirnar vinna mikið sjálfboðastarf og við erum þakklát fyrir þann stuðning sem fólk veitir okkur um áramót með því að kaupa flugelda til styrktar sveitunum."

-öhö

Róleg tónlist getur dregið úr ótta dýranna

Mörg dýr verða hrædd þegar verið er að sprengja út árið með háværum flugeldum. Aðalbjörg Jónsdóttir, dýralæknir á Akureyri, segir gott ráð að hafa dýrin inni við og að róleg tónlist geti dregið úr ótta dýranna.

Búfénaður og gæludýr geta orðið hrædd við sprengingar áramótanna. Dýralæknar hafa haft í nógu að snúast undanfarna daga að gefa fólki góð ráð.

„Fyrst og fremst erum við að benda fólki á að hafa dýr inni við á gamlárskvöld," segir Aðalbjörg Jónsdóttir, dýralæknir hjá Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar á Akureyri. Hún segir ekki ráðlegt að fara með hunda með sér á áramótabrennur.

„Hundar verða almennt hræddari við sprengingarnar en kettir. Það getur verið gott að fara með hunda í góðan göngutúr fyrri part dags. Um kvöldið meðan sprengingarnar eru er ráðlegt að hafa bæði hunda og ketti inni við og gæta þess að draga fyrir glugga því dýrin óttast bæði hvellina og ljósin sem af flugeldunum stafa. Þá getur verið gott ráð að hafa rólega tónlist í gangi en slíkt getur dregið úr ótta dýranna.

Aðalbjörg segir sama gilda um hesta og annan búpening. „Það er mikilvægt að ekki sé verið að sprengja flugelda nálægt hesthúsabyggðum og öðrum gripahúsum."

Hún segir mikilvægt að fólk sé með dýrunum sínum og að þau séu ekki skilin eftir ein ef þau verða hrædd. „Það er ekki gott að sýna dýrunum of miklu vorkunnsemi, heldur er ráðlegt að tala til þeirra og hughreysta þau. Það veitir þeim meira öryggi. Dýraeigendur geta fengið róandi lyf hjá dýralæknum, séu dýr þeirra mjög hrædd við sprengingar áramótanna, en það er betra að reyna fyrst að róa þau með tónlist og með því að tala til þeirra." - öhö

Aðalbjörg Jónsdóttir dýralæknir segir gott ráð að spila rólega tónlist fyrir dýr sem verða hrædd við sprengingar um áramót. Fréttablaðið/Aui

Áfengi og flugeldar fara ekki saman

Gæta þarf fyllstu varúðar þegar skotið er upp flugeldum. Ef eitthvað fer úrskeiðis þarf fólk að vera fljótt að bregðast við. Því er ekki ráðlegt að fólk sem hefur drukkið áfengi um kvöldið sjái um að skjóta upp flugeldunum.

Eyrnahlífar á yngstu börnin

Gott getur verið að setja eyrnahlífar á yngstu börnin. Þau eiga til að hræðast háværa hvelli frá flugeldunum. Eins geta þeir valdið tjóni á heyrn. Eyrnahlífar geta því komið sér vel um áramót.

Öryggisgleraugu á alla fjölskylduna

Öryggisgleraugu geta skipt sköpum ef óhöpp verða með flugelda og blys. Það á jafnt við um börn og fullorðna. Það er því mikilvægt að þeir fullorðnu setji upp gleraugun, sjálfum sér til verndar og til að setja gott fordæmi fyrir þá yngri.

Leturhumar, ***Nephrops norvegicus*****,** er veiddur í köldum sjó umhverfis Vestmannaeyjar og víðar undan suðurströnd Íslands. Hann er bragðmikið sjávarfang, gæðavara fyrir neytendur sem gera miklar kröfur um góða meðhöndlun hráefnis og nærgætni við auðlindir sjávar. Humar frá Vestmannaeyjum er úrvalsvara sem við erum stolt af.

Ljúffengur og litríkur

Nú getur þú boðið til humarveislu með lítilli fyrirhöfn. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða þín í hentugum neytendaumbúðum, fyrir hvers kyns matseld. Á umbúðunum finnurðu uppskriftir sem hjálpa þér að töfra fram spennandi rétti úr þessu einstaka hráefni.

Fjórir gæðaflokkar eru í boði:

- **Fyrsta flokks humarhalar**
- **Góðir humarhalar**
- **Humarhalar, valin skelbrot**
- **Smáhumar í súpur og smárétti**

Prófaðu að elda ... *ristaða humarhala,*

humarfyllta nautalund, humar-tagliatelle eða humarsúpu með estragoni. ***Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!***

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

Óskum landsmönnum gleðilegrar hátíðar og velfarnaðar á nýju ári

VS FK

KFC

ÍSTAK

HAFNARFJÖRÐUR

ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4 Pósthólf 4012 104 Reykjavík
Sími 588 8522 Bréfasími 588 8966

emmessis

Glæsileg inn í nýja árið

Það er alltaf skemmtilegra að líta vel út þegar nýtt ár gengur í garð. Úrvalið af glæsilegum sparifatnaði er mikið í tískuverslunum Reykjavíkur, bæði fyrir karla og konur.

Síðkjóla, jakkaföt og smóking er hægt að fá í miklu úrvali og oftast á verðmunurinn er talsverður. Fréttablaðið gerði sér ferð í þrjár verslanir í Kringlunni og fékk verslunarmenn í Sautján, Hugo Boss og Cosmo til þess að velja eitthvað af þeim sparifötum sem verslanirnar bjóða upp á. Áramótafötin eru sem fyrr með fremur hefðbundnu sniði, svört eða dökk jakkaföt og smóking á karlmennina og síðkjólar af ýmsum gerð- um á konurnar.

Glæsilegur galakjóll úr Cosmo.

Jakkaföt úr Gallerý 17.

Svartur aðsniðinn smóking úr Boss-búðinni í Kringlunni.

Fallegur kjóll úr Gallerý 17.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Partíhattar á hvern haus

Fjölskylduboð og aðrar veislur eiga það til að vera dálítið þvingaðar í sumum tilvikum. Fátt er eins hentugt til að draga úr stífninni og hressa partíið við með alvöru partí-

Búðir landsins fyllast þessa dagana af partíhöttum fyrir gamlárskvöld. Partíhattarnir eru alveg tilvaldir til þess að draga úr stífleika í áramótaveislum landsmanna, því það er nær ómögulegt að taka sjálfan sig hátíðlega þegar maður skartar fjólubláum og keilulaga glanshatti á höfðinu.

Í raun ætti að vera siður á flestum heimilum að fjárfesta í partíhöttum fyrir gamlárskvöld. Allir geta nefnilega fundið hatt við sitt hæfi og best að hattarnir séu eins litskrúðugir og völ er á. Það er sömuleiðis góð regla að hattarnir stangist algjörlega á við annan klæðaburð, sem oft er með hefðbundnu sniði á áramótunum. Þess vegna á það að vera óskrifuð regla bannað sé að kaupa sér svartan pípuhatt og telja það með sem partíhatt, nema auðvitað að jakkafötin, séu appelsínugul og glansandi.

Telja má víst að krakkarnir hafi gaman af því að sjá fullorðna fólkið prúðbúið við fína matarborðið og með glansandi partíhatt á hausnum, þó það sé ekki nema bara einu sinni á ári. Flestir hattarnir á þessum myndum fást í Tiger.

Grænn er litur peninga og aldrei að vita nema hatturinn færi fjárhagslega gæfu á nýju ári.

Flottur við gylltan kjól og fjólublátt veski.

Partíljón sem fara alla leið í áramótamúnderingunni eru auðvitað með hatt eins og þennan.

Rauður hattur með hjarta og fjöður, fyrir turtildúfur.

Þessi hentar álfadrottningunni.

Sætur með hjarta og fjöður.

Ef maður ætlar að dreifa höttum til veislugesta sinna, þá er gott að hafa bláan með. Því margir halda upp á blátt.

þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette
nicorette
Veldu rétt Nicorette
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

FABRIKAN

BARA FALLEGAR ÚTSÖLUVÖRUR!

ÚTSALAN ER HAFIN!
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-18 OG GAMLÁRSDAG 9-12

Hátíðarkaffi

stundin - bragðið - stemningin

Lokkandi ljúffengan hátíðarilm leggur frá þessari vönduðu blöndu sérvalinna úrvalskaffibauna.

Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum.

Njótið vel !

TE & KAFFI

VERSLANIR: Kringlunni · Smáralind · Laugavegi 27 · Suðurveri · Akureyri · Egilstöðum

Áramótin með fjölskyldunni

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir segir áramótin mikilvæg í lífi sínu. Hún segir uppáhaldstíma sinn þegar fjölskyldan kemur saman eftir að flugeldunum hefur verið skotið á loft.

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir segir mörg áramót vera sér minnisstæð. Hún er þó á því að áramótin 1994 til 1995 séu þau eftirminnilegustu. „Það voru síðustu áramótin sem amma var á lífi. Við hittumst alltaf á ættaróðalinu á Uppsölum í Eyjafjarðarsveit. Við vörðum fleiri vikum í að safna í brennu sem átti að lýsa allt upp, svo kveiktum við í og hjúfruðum okkur upp að hvert öðru dúðuð í Kraft-gallana. Undir lokin var öllum orðið skítkalt en enginn tímdi að vera fyrstur heim. Yfirleitt tók amma af skarið og lagði af stað heim að bæ til að hita kakó fyrir stóðið sem fylgdi fast á hæla henni. Þessi tilteknu áramót voru sérstök því þetta voru síðustu áramótin mín á Uppsölum.“

Alfa segir það hafa verið venju að hafa brennu á túninu fyrir ofan bæinn. „Í hæfilegri og öruggri fjarlægð að sjálfsögðu. Það tók ekki nema kannski tíu til fimmtán mínútur að labba á milli, en í kolniðamyrkri og hálku gat það tekið mun lengri tíma. Þessi áramót virtist bálið ekki ætla að lýsa neitt, né veita okkur nokkra hlýju, þrátt fyrir stórhættulegar tilraunir með alls konar eldfim efni. Við ákváðum því að fara í kapp niður í hús. Stóra systir mín hafði gott forskot á okkur, enda elst. Hún hljóp niður ísilagt túnið á fleygiferð og hefði örugglega unnið okkur með þó nokkrum mun ef hún hefði ekki gleymt því örlitla smáatriði að hliðið var lokað. En ekki eins og venjulega, heldur einungis með einum litlum vír, strengdum þvert yfir. Hún hljóp á hann á blússandi ferð, fékk hann í magann, kúveltist hring og hálfhékk á vírnum með skelfingarsvip á andlitinu þegar við fikruðum okkur varlega framhjá. Þegar niður í hús var komið hoppuðum við svo í okkur hita meðan við biðum eftir hinum eldri. Þetta var vissulega mjög eftirminnilegt atvik.“

Alfa Dröfn segir síðustu áramótin með ömmu sinni vera þau eftirminnilegustu. Fréttablaðið/Aui

Alfa segir áramót mikilvæg. „Tilhlökkun fyrir nýju ári, undirbúningur í huganum, ný loforð sem maður er svo viss um að maður standi við og gleðin og treginn yfir árinu sem er að líða.“ *- aui/öhö*



Arnarfell ehf þakkar landsmönnum fyrir árið sem er að líða og óskar farsældar á komandi ári.

GLEÐILEGT ÁR !

Fyrir 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa.
Með því hófst nýr kafli í sögu þjóðarinnar.
Hlutskipti RARIK var að m.a. að rafvæða landsbyggðina.
Verkefnið var krefjandi, en tókst á ótrúlega stuttum tíma. Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

Í dag er RARIK tilbúið til að takast á við nýja og breytta tíma, með þér.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

RARIK OHF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS

Fljótlegir og gómsætir hátíðarréttir

Óþarfi er að eyða endalausum stundum í eldhúsinu þegar hægt er að hrista ljúffenga rétti fram úr erminni á skotstundu.

Nú fara margir að huga að veislurréttum fyrir annað kvöld enda er gott að hafa eitthvað að narta í þegar vakað er alla nóttina. Óþarfi er að láta eldamennskuna vaxa sér í augum enda lítið mál að töfra fram gómsæta og einfalda rétti sem tekur enga stund að gera. Hér koma nokkrar hugmyndir fyrir þá sem vilja frekar nýta tímann í að djúsa og djamma en í að föndra triffle korter í miðnætti. - jóa

Á áramótunum er gaman að vera ögn hátíðlegri. Hér er búið að setja laxasneiðar á skeið og skreyta með gómsætum kavíar. Svo grípur fólk bara skeiðina og stingur upp í sig.

Rækjukokteill er ekki flókinn í framreiðslu. Þessi uppskrift er fyrir átta manns og tekur um korter að matbúa.

¾ bolli fersk steinselja, smátt skorin
1 sellerístilkur, smátt skorinn
1 hvítlauksrif
½ bolli Dijon sinnep
½ bolli rauðvínsedik
2 msk paprikuduft
1 msk piparrótarmauk
1 tsk Tabasco sósa
1 tsk Worchestershiresósa
1 bolli olía
1 haus iceberg salat, rifinn
1 kg rækjur
2 sítrónur, skornar í báta

Steinselja, hvítlaukur og sellerí maukað í matvinnsluvél. Setjið maukið í stóra skál og bætið sinnepi, ediki, papriku, piparrót, Tabasco og Worchestershiresósu saman við. Hyljið vel og kælið. Setjið rifið salat á 8 diska. Skiptið rækjunum á milli diskanna. Hrærið í sósunni og setjið hana yfir rækjurnar. Berið fram með sítrónubátum.

Jarðarberin eru alltaf vinsæl með kampavíninu um áramótin. Skorin jarðaber í glasi, með þeyttum rjóma og sherry-lögg er hreinasta lostæti. Einnig má skera jarðarber í bita, strá yfir þau smá flórsykri, skera niður myntu og dreifa yfir. Berin má borða stök eða setja í skál og hella kampavíni yfir.

Lítið mál er að bræða súkkulaði, hvítt og dökkt, dýfa jarðarberjunum í gúmmulaðið og skreyta svo eftir getu og löngun. Ljúffengt nammi á áramótunum.

Avakadó fyllt með tómatsalsa. Skemmtilegur réttur sem vekur kátínu veislugesta. Berið fram nóg af snakki með. Munið bara að avakadóið á að vera mjúkt þegar það er keypt.

Tómatar á mozzarella osti eru alltaf vinsælir sem partísnakk ásamt því að vera fljótgerður eftirréttur.

Margrét Maack skálar í koolaid um áramótin og ferðast á bílnum milli áramótaveislanna.
Fréttablaðið/Örlygur Hnefill

Ekki mikið fyrir áramótaheit

Margrét Maack segist ekki vera mikið fyrir áramótaheit. Henni þykir betra að setja sér markmið allan ársins hring.

Margrét Maack, plötusnúður og nemi, segir margs að minnast frá liðnum áramótum. Eftirminnilegust þykja henni þó uppátæki föður síns.

„Þegar ég var yngri hafði pabbi þann sið að setja upp trúðagrímu þegar við fórum í áramótaboð fjölskyldunnar. Hann sagði ekkert allt kvöldið meðan hann var með grímuna. Ef hann langaði í kalkún þá blakaði hann bara höndunum," segir Margrét. Hún segir þetta hafa vakið mikla athygli í fjölskylduboðunum en fyrir vikið hafi hún snemma tekið út gelgjuna. „Mér fannst þetta náttúrulega ekkert sniðugt þá en núna er mjög gaman að rifja þetta upp."

Margrét segir áramótin í nokkuð föstum skorðum á sínu heimili. „Við erum meira í því að breyta til í jólahaldinu. Í fyrra sáum við Vigdís systir mín til dæmis um jólamatinn og buðum foreldrum okkar þá upp á dádýr og humar."

Kærasti Margrétar, sem er breskur, verður hér á landi um áramótin og hún á því von á að þau verði sérstaklega eftirminnileg. „Hann kom hingað í sumar og hafði mjög gaman af því. Það verður samt öðruvísi fyrir hann að koma núna í skammdeginu."

Margrét segir áramótin í sínum huga vera tíma fjölskyldunnar.

„Ég vil alltaf vera með fjölskyldunni um áramót og fer síðan á eitthvert flandur eftir það. Ég hef alltaf verið edrú um áramót og skála bara í koolaid. Maður fer í svo mörg áramótapartí að það er betra að vera hæfur til að aka."

- öhö

Lyfin í leiðinni

15-25%

afsláttur af Nicorette

Nicorette er fáanlegt í fimm mismunandi lyfjaformum sem hvert um sig hæfir mismunandi þörfum reykingamanna

Mint og Classic
Upprunalega Nicorette nikótíntyggigúmmíið
Fruitmint og Freshmint
Ný kynslóð af nikótíntyggigúmmíi, mjúkt að innan með stökku yfirborði

Nefúðalyf
Dregur úr löngun með skjótum hætti

Tungurótartafla
Lítil tafla með stórt hlutverk (aðeins 6mm)

Innsogslyf
Munnstykki, það næsta sem þú kemst sígarettunni

Dagplástur
Sígraðu sígarettunar á daginn og sofðu vel á nóttunni

Opnunartími yfir hátíðirnar:

Aðfangadagur	kl. 10 - 14
Jóladagur	Lokað
Gamlársdagur	kl. 10 - 14
Nýársdagur	Lokað

Opið aðra daga 10-23

Lyfjaval APÓTEK BÍLAAPÓTEK
Traust og persónuleg þjónusta

Veldu rétt Nicorette

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

Starfsfólk Alcan á Íslandi óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

ALCAN

Senn koma timburmenn

Hægt er að segja að árshátíð timburmannanna verði haldin hátíðleg fyrsta janúar enda í nægu fyrir þá að snúast við að hrjá illa sofinn landann þann daginn. Hér koma nokkur sjálfslækningarráð við þessu miður skemmtilega ástandi er þynnka kallast.

VATNSSOPINN
Áfengi er vatnslosandi eins og margir hafa orðið varir við með tíðum klósettferðum samhliða áfengisdrykkju. Höfuðverkur og þurr munnur eru meðal annars afleiðingar af vökvaþornun og þess vegna getur vatnsdrykkja hraðað brottför timburmannanna. Besta ráðið er að drekka hálfan lítra af vatni fyrir svefn. Séu timburmennirnir farnir að láta kræla á sér morguninn eftir er gott að súpa um tvo lítra af vatni yfir daginn. Ekki er ráðlagt að þamba vatnið, það gæti skilað sér sömu leið til baka.



B- OG C-VÍTAMÍN
Meðan líkaminn vinnur úr áfengi eyðir hann upp forðanum af B-vítamíni í líkamanum. Sumir velja að taka B- og C-vítamín fyrir og eftir áfengisþamb meðan aðrir borða gerríka fæðu til að vega upp á móti tapinu. C-vítamín hjálpa lifrinni að brjóta niður áfengið. Einnig hjálpar mikið að drekka ferskan appelsínusafa. Safinn inniheldur bæði C-vítamín, vökva, kalíum, (finnst líka í banönum), salt sem hjálpar líkamanum að binda vatn og náttúrulegan sykur sem réttir af blóðsykurinn.

KOFFÍNKIKKIÐ
Koffín hefur nú löngum verið þekkt fyrir að segja sleni stríð á hendur. Koffínið getur þannig reynst góður kostur meðan barist er við timburmennina. Sterkt svart kaffi getur losað þig undan höfuðverknum og jafnvel hjálpað þér að komast fram úr rúminu. Hins vegar er vert að muna að kaffi er þvagræsandi og því nauðsynlegt að drekka mikið vatn samhliða kaffinu. Ekki er mælt með notkun koffíntaflna. Þeir sem vilja ekki taka inn koffín geta fengið sér guaranate sem hefur einnig örvandi áhrif.

AFRÉTTARINN
Margir trúa því að einn góður afréttari kippi málunum í lag. Hins vegar hefur afréttarinn einungis tímabundin áhrif og eymdinni einungis frestað. Afréttarinn hefur þau áhrif að lifrin hættir tímabundið að vinna úr því áfengi sem fyrir var í líkamanum. Á endanum tekur lifrin aftur til starfa og þá skellur þynnkan á af enn meiri krafti. Munið bara að tíminn læknar öll sár, og þynnkuna þar með talda.

Prakkarastrik um áramótin

Bankaðu upp á hjá Markúsi Erni, fyrrverandi útvarpsstjóra, og grátbændu hann um að fara með áramótaávarp annars muni hundurinn þinn deyja.

Seinkaðu öllum klukkum á heimilinu um svona tíu mínútur. Taktu svo myndir af fýluleg-um vonbrigðum allra þegar allt kemst upp og settu á Yotube.

Bankaðu upp á hjá öllum nágrönnunum og óskaðu þeim gleðilegra jóla, spurðu þá svo hvort þeir séu með rétta klukku þar sem úrið þitt er stopp.

Dundaðu þér við að sprauta kampavíni inn í öll jarðaberin og meðlætið sem er á borðum og vertu svo alveg jafn hissa og allir hinir á hvað allir eru svakalega fullir.

Hringdu í Neyðarlínuna klukkan 12 á miðnætti og segðu að þú heyrir eitthvað hljóð. Eitthvað svona „búmm“ og spurðu hvort hægt sé að fá menn til að líta á þetta.

Hlauptu upp og niður allar götur og öskraðu „Norðurkóreumennirnir eru byrjaðir að bomba“.

Óskaðu öllum sem skála við þig til hamingju með afmælið.

KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (lönhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line

Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Kraftmikil vetrardagskrá



8 vikna námskeið
hefjast 8. janúar

KONUR ÁTAK
KARLAR ÁTAK
PEAK PILATES

- **1. og 2. stig**
- **NÝBAKAÐAR MÆÐUR** með börnin með- sérhópur
- **ELDRI BORGARA**- sérhópur

ROPE YOGA

- **takmarkaður fjöldi**

JÓGA á meðgöngu

- **takmarkaður fjöldi**

HERÞJÁLFUN

- **Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin**

CAPOEIRA nýtt

- **Afrísk og brasilísk sjálfsvarnarlist**

12 vikna námskeið
hefjast 15. janúar

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ

- **Fyrir konur**
- **12 vikna námskeið** í World Class Laugum, Spöng og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamelu Peeke höfð til hliðsjónar.
- **Innifalið:** Hvatningarfyrirlestrar, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrirlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértilboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

SPORTSKÓLI WORLD CLASS

Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Freestyle og barnadansar.

Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is

Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum fylgir námskeiðum.

World Class® ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
www.worldclass.is

Listamaður leikur listir sínar í risastórum bolta á Rauða torginu fyrir framan St. Basil-dómkirkjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýja árið undirbúið í Kína

Mikið er um uppákomur í Peking þessa dagana til að fagna komandi áramótum.

Nemendur óperuskóla í Peking, höfuðborg Kína, stóðu í ströngu á dögunum við að halda sýningar á klassísku kínversku sögunni Ferðin vestur en þar er í aðalhlutverki Apakonungurinn.
Mikið er um að vera í borginni þessa dagana vegna hátíðahalda í tilefni af komandi áramótum. Flestar bera uppákomurnar merki þess að Ólympíuleikarnir verða haldnir í Peking árið 2008. Nýja árið hjá Kínverjum hefst þó ekki fyrr en 18. febrúar á þessu ári en þá rennur upp ár svínsins og ár hundsins rennur sitt skeið.
Hefðbundin kínversk áramót eru mikilvægasta hátíð í Kína og standa hátíðahöld yfir í fimmtán daga en lýkur með lugtahátíð.

Dansararnir eru fagurlega skreyttir og málaðir í framan.

Nemendur óperuskóla í Peking dansa við klassíska kínverska sögu um Apakonunginn.

Nýárshátíð á Rauða torginu

Frosti afi kom til Moskvu á dögunum.

Moskva er fagurlega skreytt nú yfir hátíðirnar. Íburðarmikil jólatré standa við Rauða torgið og tekið var fagnandi á móti Frosta afa þegar hann keyrði í bláum kufli með mikið hvítt skegg inn á torgið. Hann var þar kominn til að taka þátt í nýárshátíð sem haldin var en áramótin eru vinsælasta hátíðin í Rússlandi.

Töluvert var af skemmtiatriðum í tilefni dagsins og mætti fjöldi fólks til að horfa á, þar á meðal talsverður fjöldi ferðamanna sem ár hvert leggur leið sína til Rússlands að verja þar áramótum.

Íburðarmikil jólatré standa við Kreml.

Frosti afi veifar til fólksins við komu sína til Moskvu.

Súperform á sex vikum

Námskeiðið Súperform á sex vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Ef þú vilt:
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega velliðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herð anudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Morgun- og síðdegistímar kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30.

Nýtt námskeið hefst 8. janúar
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.
Næstu námskeið 19. febrúar (6 vikur).

NORDICASPA

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Svefn & heilsa
www.svefn.is

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

www.svefn.is

IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa

Þökkum frábærar viðtökur á árinu sem er að líða
trippen

trippen Skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

Flugeldasalan er langstærsta tekjulindin

Um hver áramót setjum við nýtt Íslandsmet í því að skjóta flugeldum upp í loftið. Stærsti hluti sölunnar er í höndum björgunarsveita og íþróttafélaga en einkaaðilar eru nú einnig farnir að hasla sér völl á þessu sviði við misjafnar undirtektir.

Tæplega þúsund tonnum af flugeldum verður skotið upp um þessi áramót og fer sala þeirra fram á um 50 stöðum. Fréttablaðið hafði samband við fimm söluaðila flugelda á Reykjavíkursvæðinu og spjallaði við þá um yfirstandandi flugeldavertíð. Enginn þeirra vildi upplýsa um sölutölur síðustu ára en ljóst má vera að veltan er gífurlega mikil.

valgeir@frettabladid.is

Örn Guðmundsson, gjaldkeri stjórnar Hjálparsveitar skáta, í Reykjavík. Á árum áður þurftu liðsmenn sveitarinnar að pakka flugeldunum sjálfir í pakka.

Mikil samvinna

Hjálparsveit skáta í Reykjavík er með átta sölustaði víðs vegar um borgina. Örn Guðmundsson, gjaldkeri stjórnar, segir flugeldasöluna vera lykilþátt í fjáröflun sveitarinnar. „Við erum hérna öll í sjálfboðastarfi og það er alls ekki óalgengt að fólk taki sér frí frá vinnu til þess að geta starfað í flugeldasölunni," segir Örn sem hefur starfað um árabil í flugeldasölunni. „Mér er minnisstæðust baráttan í þessu öllu saman og samkenndin sem myndast hjá okkur, andinn er alveg einstakur innan sveitarinnar." Örn segir að lengi vel hafi hjálparsveitinni borist flugeldarnir frá Kína í byrjun desember og þá hafi tekið við gríðarlega mikil vinna hjá mönnum innan sveitarinnar við að raða flugeldum og stjörnuljósum í mismunandi fjölskyldupakka. „Nú fáum við pakkana tilbúna og innpakkaða og það auðveldar okkur starfið mikið."

Örn segist finna fyrir því að fólk sé meðvitað um að það sé að styrkja gott málefni með því að kaupa flugelda hjá hjálparsveitinni. „Að mínu mati eru einkaaðilarnir sem eru að koma inn í þennan bransa aðeins að þessu til þess að fleyta rjómann af því sem við höfum byggt upp og það fer fyrir brjóstið á mér."

Halldór Halldórsson hjá Þrótti segir fólkið í hverfinu kaupa flugelda af þeim vitandi að það er að styrkja liðið sitt.

Terturnar vinsælar

Halldór Halldórsson hjá Þrótti segir flugeldasöluna í ár vera með svipuðu móti og síðustu ár. „Þetta gekk mjög vel í fyrra og í ár höfum við ákveðið að leggja meiri áherslu á tertur en áður. Eitt stórt sjóv og einn þráður í staðinn fyrir margar kökur og minni flugelda er það sem koma skal." Halldór segir flugeldasöluna skipa stóran sess hjá Þrótti. „Við erum ekki eins stórtækir og hjálparsveitirnar en þetta skilar okkur þó heilmiklum tekjum." Halldór tekur undir þær gagnrýnisraddir að einkafyrirtæki eigi ekki að standa í því að selja flugelda. „Mér finnst það lélegt að aðilar sem sjá ekkert í þessu nema gróða fyrir sig séu að keppa við íþróttafélögin og björgunarsveitirnar." Halldór kveðst verða var við það að íbúar í hverfinu kaupi flugelda af Þrótti til þess að styðja við bakið á sínu liði. „Auðvitað eru allir velkomnir í Þrótt, en við einblínum kannski mest á fólkið hérna í nágrenninu, það eru þeir sem styðja Þrótt. Ég á svo sem ekki endilega von á því að sjá viðskiptavini okkar íklædda KR-treyjum."

Gefur hluta til góðgerðamála

Svavar Jóhannsson, eigandi Fitness Sport, er einn þeirra einkaaðila sem standa að flugeldasölu þetta árið. „Við erum að prófa þetta í fyrsta skipti í ár og erum um leið að nýta okkur dauðan tíma í viðskiptum. Við erum með alveg nýjan vinkil á flugeldasöluna. Það eru nefnilega fjölmörg líknarfélög þarna úti sem fá engan bita af flugeldakökunni og því gefum við viðskiptavinum okkar tækifæri á að velja sér líknarfélag og við það rennur 10% af söluágóðanum til tiltekins félags." Svavar segist vel skilja gagnrýnisraddir frá íþróttafélögum og björgunarsveitum en hann segist ekki eiga von á því að hans hlutdeild á markaðnum muni skaða hina. „Markaðurinn hefur stækkað og það sem við erum að gera er bara viðbót við það sem fyrir er. Ég á ekki von á öðru en að Slysavarnafélagið muni algjörlega halda sínu. Verðið hefur lækkað og fjölbreytnin er orðin meiri. Ég tel það bara vera til góðs."

Svavar Jóhannsson í Fitness Sport er einkaaðili á flugeldamarkaðnum. Svavar segist ekki eiga von á því að hludeild hans muni skaða íþróttafélögin og björgunarsveitirnar.

Galgopaháttur forboðinn í kringu

Flugeldar stórir og smáir eru fáanlegir á sölustöðum björgunarsveita. Þar er öryggið líka sett á oddinn eins og Jón Haukur Steingrímsson hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi lýsir.

„Við leggjum kapp á að koma gleraugum á alla sem meðhöndla flugelda. Því fást þau í mismunandi stærðum og ýmsum litum þannig að þau séu við hæfi hvers og eins og yfirleitt eru þau afhent yfir borðið með flugeldunum," segir Jón Haukur. Hann segir leiðbeiningar um meðferð flugeldanna einnig liggja frammi og fylgja pökkunum og að hver björgunarsveit gefi út bæklinga til dreifingar á sínu svæði. „Við höfum unnið mikið í öryggismálum vegna skoteldanna á síðustu árum og meðal annars gefið út ráðleggingar um hvernig best er að hlú að dýrunum á þessum tíma," segir hann. En má skjóta upp flugeldum hvar sem er? „Já, af auðum svæðum og úr

Jóh Haukur hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi brýnir fyrir foreldrum að hafa auga með ungviðinu til að forðast slys. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

görðum en alls ekki af svölum," svarar Jón Haukur. Hann bendir á að nú sé auð jörð og ýmsir undirbúi kvöldið með því að reka niður rör fyrir flugeldaprikin en einnig segir hann upplagt að búa til skotpall úr tómum tveggja lítra gosflöskum. „Það er þjóðráð að setja límband utan um búnt af flöskum, hafa eina í miðjunni sem skotið er upp úr en fylla þær sem eru utan á með sandi eða vatni. Þetta er ein-

Sárnar samkeppnin

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík er stór söluaðili á flugeldum. Sigurgeir Gunnarsson segir söluna hafa gríðarlega þýðingu fyrir björgunarsveitina. „Salan veltir töluverðum fjárhæðum. Rekstur á svona björgunarsveit er heilmikið batterí og stærsti hluti starfseminnar er fjármagnaður með henni. Það er því vissulega sárt að þurfa að slást við einkaaðila um þetta. Við gætum því kvartað yfir þessu en við stílum inn á það að við erum samtök sem látum eitthvað gott af okkur leiða til samfélagsins. Við höfum til dæmis farið í útköll fjórar helgar í haust til þess að bjarga þakplötum og fleiru í vondum veðrum.“ Sigurgeir segir skotkökurnar vera vinsælastar hjá björgunarsveitinni. Við erum annarsvegar með svokallaða kappalínu og svo bardagalínu. Þetta eru mjög breiðar línur en þær standa fyllilega fyrir sínu og eru vinsælar. Fólki finnst þægilegt að aðgreina pakkana með slíkum nöfnum.“

Hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík er stærstur hluti starfseminnar fjármagnaður með flugeldasölu.

Dagbjartur Kr. Brynjarsson í flugeldanefnd Björgunarsveitar Hafnarfjarðar segir öryggiskröfurnar á sölustöðum mjög miklar.

Strangar öryggiskröfur

Dagbjartur Kr. Brynjarsson situr í flugeldanefnd Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. „Terturnar hjá okkur hafa alltaf verið mjög vinsælar og sala þeirra er alltaf að aukast. Við búumst alveg við því að slá metið frá því í fyrra, en þá lentum við því miður í vöruskorti. Við vonumst nú til þess að hafa komið í veg fyrir að það endurtaki sig þetta árið.“ Dagbjartur segir alls ekki óalgengt að einstaklingar og fjölskyldur kaupi flugelda fyrir fleiri hundruð þúsund krónur, en aðspurður segir hann meðaltalið þó vera í kringum 20-30 þúsund krónur á fjölskyldu.

Að vinna í húsi fullu af sprengiefnum hlýtur að vera varasamt, hvernig er öryggismálum háttað í flugeldasölu? „Öryggiskröfurnar okkar eru mjög strangar, við erum með okkar eigin öryggisfulltrúa sem fer á milli staða og passar upp á að það sé allt í lagi. Starfsmenn klæðast ekki flíspeysum í sölunni, við pössum upp á að flugeldum sé ekki skotið upp fyrir utan sölustaðina og að sjálfsögðu erum við með eldvarnir tiltækar,“ segir hann. Það má því giska á að þetta sé reyklaus vinnustaður eða hvað? „Já, heldur betur, þetta er ekki beint staðurinn til þess að kveikja sér í,“ segir hann kíminn.

m flugelda

falt að útbúa og endurvinnslustefnan í hávegum höfð.“

Jón Haukur segir alltaf einhverjar nýjungar á flugeldamarkaðinum og nefnir tíu risatertur sem kenndar eru við bardaga og Íslandssöguna. „Stærsta breytingin í ár er þó í fjölskyldupökkunum,“ segir hann. „Við höfum lengi verið með fjórar stærðir af þeim og sá stærsti hét Trausti. En eftirspurn var eftir enn stærri pökkum og því var einum bætt við sem heitir Trölli.“

Galgopaháttur kringum flugeldana er alveg forboðinn að sögn Jóns Hauks og hann brýnir fyrir foreldrum að gæta þess að krakkar séu ekki að fikta við púðrið. „Slys af flugeldum sem orðið hafa í seinni tíð hafa nánast alfarið verið út af fikti,“ segir hann. Bætir því við að nú hafi björgunarsveitirnar dregið úr sölu vöru sem fræg var vegna sprengjugerðar ungra manna. „Við viljum fyrir alla muni að börn þessa lands haldi lífi og limum,“ segir hann. „Þetta verður allt að vera í réttri röð.“

gun@frettabladid.is

Dansað fram eftir nóttu

Máni Sær Viktorsson segir nokkurn mun vera á íslenskri og perúskri áramótagleði.

„Fagnaðarlætin hefjast rétt um miðnætti á gamlársdag í Perú," segir Máni, sem er ættaður frá Moyo-bamba í Perú en hefur verið búsettur á Íslandi síðastliðin sautján ár.

„Þá hefst borðhaldið," heldur Máni áfram til útskýringar. „Fólk snæðir kalkún, sem er dæmigerður hátíðarmatur, en kjúklingur og svínakjöt er einnig algengt í Lima, höfuðborg Perú.

Svo er skálað annaðhvort í kampavíni eða freyðivíni. Um leið er fylgst með niðurtalningu í nýárið í sjónvarpinu og tólf vínberja neytt síðustu tólf sekúndurnar á gamla árinu."

Að sögn Mána tengist hjátrú áramótaveislum Perúbúa órjúfanlegum böndum. Til að mynda sé hefð fyrir því að rölta eða hlaupa með ferðatöskur í kringum heimili sitt, því þá séu meiri líkur á að manni gefist tækifæri til að ferðast á árinu. Svo sópi menn gólf og hendi rusli, sem talið er að geti losað mann við alls kyns vandamál.

„Heitt súkkulaði er síðan borið fram ásamt ítölsku panitoni, en það er mjög vinsælt," segir Máni. „Eftir það hefjast hátíðarhöldin fyrir alvöru. Þá eru flugeldar sprengdir, þó ekki í eins miklum mæli og á Íslandi, gott vín drukkið og dansað langt fram eftir nóttu. Ein áramótin skemmti ég mér til að mynda svo vel hjá vini mínum, að ég vaknaði daginn eftir á ströndinni," bætir hann hlæjandi við.

roald@frettabladid.is



Máni segir flugelda sprengda um áramótin í Perú, þó ekki í jafn miklum mæli og á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



áramótasöngur }

Álfareiðin

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út við skóg
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir í sönglúðra, bar þá að mér skjótt,
bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund
hornin jóa gullroðnu blika við lund
eins og þegar álftir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiðar með fjaðraþyt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallaði að mér?

Jónas Hallgrímsson

Leigubílar eru gulls ígildi á nýársnótt.

Mig vantar leigubíl!

Sjaldan eru jafn margir í þörf fyrir leigubíla og á gamlárskvöld og nýársnótt.

Hjá Bifreiðastjórafélaginu Frama fengust þær upplýsingar að taxti leigubíla hækkar um 35% frá hádegi á gamlársdag og fram til miðnættis á nýársdag. Startgjald er 660 krónur og meðan bíll er í bið er gjaldið 6.280,15 á klukkustundina án startgjalds. Kílómetragjaldið á helgidögum er 201,36 krónur innanbæjar. Flestir leigubílstjórar eru að vinna á þessum degi en 560 leigubílar eru á Reykjavíkur- og Suðurnesjasvæðinu.

Að sögn Hjalta Hafsteinssonar, stjórnarmanns í Frama er fólk almennt þolinmótt og kurteist á gamlárskvöld og reiknar með því að fá ekki leigubíl um leið og hann er pantaður. Hann segir það hinsvegar verra þegar fólk hringir á allar stöðvar og pantar bíl á hverri stöð í þeirri von að komast fyrr ferða sinna.

Gleðilegt gamlárskvöld
og farsælt komandi ár
Carlsberg
Carlsberg
Carlsberg
LÉTTÖL
Líklega besti **** í heimi.

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfða 23,
Sími: 590 2000
www.benni.is

FORD TRANSIT 280S DIESEL. Árg. 2002, ek. 64 þ.km, 5 gírar. Verð 1.380 Þ. Rnr.102432 - www.bilalif.is - sími 562-1717 Úrval sendibíla á staðnum. Starfsfólk Bílalífs óskar öllum gleðilegs nýs árs og þakkar liðið.

M.BENZ ML 350 Sport. Árg. 2006, ek. 14 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur,19" felgur, harmon kardon, alcantara leður, ofl. ofl. Verð 7.280 þ. Rnr.102246 - www.bilalif.is sími 562-1717

Bílalíf
Kletthála 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

Innflutningur og sala

Isuzu Trooper 2001, ssk, leður, ekinn 125 þús., 35"breyttur, mjög góður bíll, ásett verð 1950 þús., ath skipti! Nánari uppl. í síma 897 7571.

Nýr Ski-Doo Renegade-X 800cc, 2007 árg., 2stk. Útvegum sleða, fjórhjól, bíla og mótorhjól með mjög stuttum afhendingartíma, hafið samband 897 7571 & 897 9599 og pro@protrade.is.

PRO ehf
Hvaleyrarbraut 3, 220
Hafnarfjörður
Sími: 897 9599
http://www.protrade.is

Toyota Land Cruiser 120, ek.40 þús.km, dísel, Verð 5.690 þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og
laugardaga 12-17
www.100bilar.is

Jeppar

Stutt í snjóinn!
Patrol, árg. '87, 3.3l, turbo, intercooler, 38" breyttur, loftpúðar aftan, kastarar, toppbox, mikið endurnýjaður. Verð 650.000. S. 690 9870.

Gríptu Jólagæsina! Síðustu tilboð ársins. Tombóluverð á nýjum og nýlegum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Topp bíll. Toyota Rav 4, 05/1999, ssk, bensín. Ekinn 121 þús. Mjög gott viðhald. Verð 900 þús. Valdimar s. 844 4638.

Til sölu jeppi / húsbíll
Til sölu Ford Econoline 4x4 árg. 1997 V8 bensín, 38" breyttur, ný 38" negld Mudder og sumardekk á felgum. Bíllinn er nýlega uppgerður og innréttaður sem húsbíll, í honum er svefnpláss fyrir 3-4, gaseldavél, ísskápur gasmiðstöð, vaskur, vatnstankur, vatnsdæla, fortjald, þjófavörn, auka bensíntankur, nmt sími, nýtt hljóðkerfi 1200w. Áhv. lán 1.970 þús. Verð 2.170 þús. Uppl. í s. 896 5290.

Vörubílar

Til sölu vörubíll með krana, Benz Actros 4450 - árg. 2005 með Hiab 700-7 (Jib 135-4) ásamt Dennison flatvagn (2001) og aukahlutum. á 32 milljónir +vsk. Einnig til sölu lénið www.kranabill.is. Uppl. í síma 866 3322.

Bílar til sölu

Gríptu Jólagæsina! Síðustu tilboð ársins. Tombóluverð á nýjum og nýlegum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Opel Astra árg. '99 til sölu. Ek. 90 þús. Ný sk., vel með farinn, verð 350 þús. Uppl. í s. 867 1987.

Hyondai Starex árg. '98, dísel. 9 manna. Verð 300þ stgr. Uppl. í s. 615 1662.

0-250 þús.

Negld vetrardekk á orginal álfelgum undir MC-Pajero. Verð 130þ. Uppl. 856 5908.

250-499 þús.

Econoline húsbíll til sölu, með flestöllu sem þarf í útileguna! 450þús.! S. 822 9303.

500-999 þús.

Yaris Luna 1300. Árg. 2000. 5 dyra. Ekinn 89 þ. km. Vetrar- og sumardekk. 650.000 kr. S. 892 1400 & 897 9355.

Bílar óskast

Óska eftir MMC L-300 4x4 með góðri vél, ekki eldri en '91. Vél 2.4, ath annað. Uppl. í s. 867 4008.

Kerrur

Kerra til sölu, hæð 1,24, lengd 2,50, breidd 1,30. Uppl. í s. 864 4182.

Vinnuvélar

Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

Bílaþjónusta

Aukahlutir í bíla

Eldsneytis sparari. Hvirfils tæki í bíla sparnaður lámark 7% til +30%*. 4 til +20* auka HP. Forðist eftirlýkingar. Lífstíðarábyrgð www.snjokedjur.is SKM ehf. S. 517 8400.

Hjólbarðar

Varahlutir

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allir almennir flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

Húsaviðhald

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Stífluþjónusta

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Snyrting

Til sölu húðslípunartæki Pepíta Ultrapeel, 5 ára tæki. Selst án vsk. Uppl. eftir kl.14 í s. 481 3330.

Spádómar

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Laufey s. 823 7181 Kæru viðskiptavinir, ég óska ykkur gleðilegs árs, með þökk fyrir samskiptin á árinu. Nýársspá - miðlun. Laufey. Er við frá 10 -01:30 eftir miðnætti. 199kr. mín. VISA/EURO

Trésmíði

Innréttingauppsetningar og parketlagnir. Upplýsingar í síma 824 1956.

KEYPT & SELT

Til sölu

Minkapelsar
Hvernig væri að fara í bíltúr til Keflavíkur? Gott úrval af minkapelsum. Jakob - s: 421 1661

„Himneskar jólagjafir"
Úrval keipa, loðskinns hárbönd og húfur, einnig eru til refaskinn í bryddingar o.fl. Jakob Árnason, sími 421 1661.

Pizzaofn, færibandaofn Lincoln Impinger 2, verð 250þ. Á sama stað djúpsteikingapottur tvöfaldur 20 l. Verð 250þ. Uppl. í s 864 4182.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar og þurrkara. S. 847 5545.

Hljóðfæri

Höfum opnað verslun að Kársnesbraut 114, með nýjar og notaðar harmonikur og öllum fylgihlutum. Visa/euro raðgreiðslur. www.harmonikan.is S. 690 2020

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Nýjar tölvur og fl. www.vefkaup.is

Notaðar tölvur og fl. http://tolvur.vortex.is

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

Ódýrar tölvuviðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Vélar og verkfæri

Hefilbekkir Ásborg Smiðjuvegi 11. S. 564 1212.

Til bygginga

TIL SÖLU

TIL SÖLU

Verslun

Ýmislegt

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Eldhúsinnrétting, vaskur, helluborð, ofn og vifta til sölu. Verð 100 þús.kr. Uppl. í síma 824 6147.

Dýrahald

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.

BÍLABLAÐIÐ ALLA LAUGARDAGA.

ÞAÐ BER ÁRANGUR!

Allar smáauglýsingar fara einnig frítt í viku inn á visir.is

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
smáauglýsingar sem allir sjá

Ertu að fara í frí?

Þarftu að koma hundinum fyrir? Mundu að panta tímanlega. K-9 Hundahótel s. 421 0050 & 896 3266.

3 mánaða svartur Labrador hvolpur til sölu, á gott heimili. Upplýsingar í s. 865 0173.

Dýravinir - yndislegir ketlingar fást gefins, mamma þeirra er norskur skógarköttur. Uppl. í s. 553 4050 eftir hádegi.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gistiheimili Dalshraun Hafnafjörður, tveggja manna herb, frá 40.000 kr per mán. Uppl. 824 4535.

Kaupmannahöfn Til leigu ný 3ja herb. íbúð á Amager. Íbúðin er laus. Uppl. 693 1280 og 825 0030.

2 herb íbúð til leigu á svæði 112. Sérinng. og sérþvottah. Þvottavél, ísskápur og rúm getur fylgt. Laus nú þegar. Uppl. í s. 860 1733.

Um 60 fm 2ja. herb. íbúð á jarðhæð í einbýli við mjódd, sér inngangur. 80 þ. Laus, reglusemi áskilin. S. 660 3820.

Til leigu ca. 45 fm kjallaríbúð í hverfi 104, sérinng. Verð 55 þús. m/(rafmagni og hita. S. 534 6366 868 6493.

Laust strax - 105 Rvk.

Til leigu 83fm einbýlishús á 2 hæðum í mjög rólegu og barnvænu hverfi. Stutt í alla þjónustu ss. leikskóla og Kringlu. Sér garður & bílastæði. Leigist aðeins reglusömu og skilvísu fólki. Laust 1. jan. Uppl. í s. 863 3328 & 846 0408.

39 fm íbúð á Skólavörðustíg til leigu. 70þ. á mán. 2 mán fyrirfr. + tryggingarvíxill. Rafm. og hiti innifalið. Uppl. í s. 699 4185.

Húsnæði óskast

Snyrtileg íbúð óskast.

Óskum eftir snyrtilegri 3 herb íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðmæli og tryggingavíxill engin fyrirstaða. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í s. 868 9449 milli 16 og 21.

Óska eftir 4 herb. húsnæði á stór Rvk svæðinu eða suður með sjó. Uppl. í s. 849 7314 eða 866 2916.

Ung stúlka utan af landi, sem er í vinnu og námi á höfuðborgarsvæðinu vantar íbúð sem fyrst. Allt kemur til greina, er ábyrg og reglusöm upplýsingar í síma 868 7397.

HJÁLP!

Mig vantar 2herb. húsnæði strax vegna sérstakra aðstæðna, get ekki greitt mikið fyrirfram. Lofa öruggum greiðslum, góðri umgengni. Er með ketti. Uppl. í s. 615 1212.

Atvinnuhúsnæði

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á ff.fjordur.is

Til leigu 25 stúdíóíbúð sem útbúin hefur verið í bílskúr. Staðsett við Menntaskólann í Kópavogi. 40.000 pr. mán. Nánari upplýsingar í síma 663 0602.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

ATVINNA

Atvinna í boði

Kitchen help needed!
Chefs and assistant chefs needed in one of our kitchens. If you are interested please contact us through one of the following numbers: 8228833 or 8228838.

Asíu Kokkar og aðstoðarkokkar.
Nings Veitingarhús.
Óskum eftir að ráða Kokka og aðstoðarkokka í eitt af eldhúsum
með reynslu af asískri matargerð.
Upplýsingar í síma: 8228833, 8228838 og 8228844.

Cafe Conditori Copenhagen
Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf á kaffihús okkar á Suðurlandsbraut og Kringlunni. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.
Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 897 3068.

Cafe Conditori Copenhagen
Við óskum eftir að ráða kaffibarþjóna í fullt starf. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Unnið er á vöktum.
Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 897 3068.

Keiluhöllin Öskjuhlíð
Óskum eftir vaktstjórum aðra hvora helgi. 20 ára og eldri.
Upplýsingar í síma 864 6112. & www.keiluhollin.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Starfskraftur óskast strax til almennra verslunarstarfa. Vinnutími frá 9 til 18. Nánari upplýsingar í síma 863 6122 og 4odot@internet.is.

Starfsfólk óskast á grill og í afgreiðslu. Kjúklingastaðurinn Suðurveri. Uppl. í s. 690 2765.

Veitingastað í Hafnarfirði vantar duglegan starfskraft í útkeyrslu og fleira sem fyrst. Uppl. í s. 897 6096.

Stýrimann og vélstjóra vantar á línubát með beitningavél. Uppl. í s. 893 4916.

Stýrimann og vélstjóra vantar á línubát með beitningavél. Uppl. í s. 893 4916.

Starfskraft vantar í mötuneyti. Uppl. í s. 896 3851.

Europris, vantar gott starfsfólk í verslun Skútuvogi 2, upplýsingar gefur verslunarstjóri, 898 3374, Europris

Viðskiptatækifæri

Viltu starfa sjálfstætt á sumrin?
Til sölu er lítið garðsláttufyrirtæki sem hentar tveimur. Listi yfir viðskipavini ásamt nauðsynlegum tækjum. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 691 7706 eða á gudkgau@gmail.com

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

FASTEIGNIR

Frábært tækifæri - aðeins 88.000 kr per fermeter



Jónsvör 5 — **Verð: 88Þ per fm**
Stærð: 491,2
Byggingarár: 2000
Brunabótamat: 53.400.000
190 Vogar
ATV. HÚSNÆÐI Í NÆSTA NÁGRENNI

Mjög gott atvinnuhúsnæði í Vogunum, Vatnleysustrandahreppi. Húsið er í góðu ástandi að innan og utan. Heildarstærð er 491 fm, þar af grunnflötur 428 fm og efri hæð 64 fm. Lofthæð í húsinu er 7 m. Ein innkeyrsluhurð, ásamt þremur inngöngudyrum. Húsið sem er stálgrindarhús skiptist í þurkherbergi, geymslur, kæligeymslu, starfsmannaaðstöðu, snyrtingu, eldhús, skrifstofur og vinnusal. Góð útilóð. Glæsilegt útsýni yfir Stapann. Hringdu og kynntu þér málið. Lyklar á skrifstofu.

Hörður
lögg. fasteignasali
899 5209
hordur@remax.is

Guðrún
lögg. fasteignasali
697 3629
gudrun@remax.is

Einstakt tækifæri að eignast sérbýli á góðu verði



Lyngdalur 16 — **Verð: 19.900.000**
Stærð: 139,1
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Bílskúr: 31,4
190 Vogar
GOTT ER AÐ BÚA Í VOGUNUM

FALLEGT ÞARHÚS MEÐ FJÓRUM HERBERGJUM Í VOGUNUM STUTT FRÁ REYKJAVÍK Húsið skilast fokhelt að innan og fullbúið að utan. Húsið stendur í enda á botnlanga og verður staðsteypt , einangrað að utan og klætt með bárujárni og jatóbavið. Þak verður einangrað og klætt pappa og aluzink bárujárni í ál-lit. Lóð verður tyrfð án trjágróðurs,girðinga og sólpalla. Sorpgeymsla verður frístandandi á lóð. Þetta er einstakt tækifæri fyrir fólk sem vill eignast nýtt hús á góðu verði í nágrenni Reykjavíkur. Vogar eru ört vaxandi bæjarfélag með öfluga uppbyggingu íþrótta og tómstundaiðkunar og ekki spillir fyrir að tvöföldun Reykjanesbrautar er senn að ljúka. Aksturstími frá Reykjavík er aðeins ca.20 min. Skoðu málið það kostar ekkert.

Hörður
lögg. fasteignasali
899 5209
hordur@remax.is

Guðrún
lögg. fasteignasali
697 3629
gudrun@remax.is

VISSIR ÞÚ ...

... að í Cornwall á Englandi er siður að setja kol og silfurpeninga fyrir framan útidyrnar á nýársnótt til að tryggja íbúum hússins yl og næga peninga út árið?

... að í Hollandi brennir fólk jólatrén á brennum og skýtur upp flugeldum til að reka anda síðasta árs í burtu?

... að á nýársdag í Grikklandi er borin á borð sérstök kaka sem heitir Vassilopitta sem inniheldur silfur- eða gullpening og að sá sem fær peninginn í sína sneið mun eiga gæfuríkt ár?

... að á Spáni er siður að borða tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld, eitt í hvert skipti sem klukkan slær?

... að fæstum tekst að koma niður tólf vínberjum á tólf klukkuslögum, en siðurinn vekur kátínu þar sem fólk óskar hvert öðru gleðilegs árs með fullan munn af vínberjum?

... að í Austurríki borða menn svínakjöt á nýárskvöld vegna þess að svín eru svo dugleg að róta sér áfram?

... að í Austurríki er líka borið fram sælgæti í formi grísa og svína?

... að í Austurríki er ekki borðaður humar gamlárskvöld þar sem neysla hans boðar afturför á árinu?

... að á Ítalíu er mistilteinn hengdur á útidyrnar sem boðar gæfu á nýju ári?

... að í Rúmeníu trúa menn að dýrin fái mál um miðnætti, en sömuleiðis að það boði ógæfu að heyra þau tala?

... að á nýársdag í Egyptalandi mega allir klæðast skærum fötum, jafnvel stúlkurnar sem klæðast yfirleitt svörtu?

... að í Japan standa nýárshátíðahöld í þrjá daga?

... að þar í landi klæðist fólk nýjum fötum og hús eru skreytt með greni sem boðar æskuljóma og styrk, bambus sem boðar heppni og plómum sem boða visku og kjark?

... að á gamlárskvöldi í Japan fá allir tækifæri til að hringja bjöllu í búddamusterinu þangað til hringt hefur verið 108 sinnum og verða þeir sem ná að hringja hamingjusamir á árinu?

... að Japanir hafa einnig þann sið að hlæja þegar klukkan slær tólf því það boðar mikla heppni?

... að á Srí Lanka er haldið upp á nýja árið 13. eða 14. apríl því þar er notað Hindú-dagatal?

... að á gamlárskvöld á Sri Lanka er enginn matur eldaður né kveikt á ljósum, flugeldum eða brennum heldur notar fólk tímann í að heimsækja vini og ættingja?

... að á Filippseyjum hoppa börnin tíu sinnum meðan klukkan slær tólf, en það þýðir að þau muni stækka meira á nýja árinu?

... að á gamlársdag í Víetnam er planta, eins og bambus-plantan, gróðursett í garði fjölskyldna og skreytt með bjöllum, blómum og rauðum borðum til að vernda fjölskylduna fyrir illum öndum?

... að í Ástralíu er nýársdagur dagur til að gera eitthvað skemmtilegt úti eins og fara í lautarferð eða útilegu á ströndinni eða fara á brimbretti?

... að í Mexíkó eru konur í rauðum nærfötum á áramótum sem auka líkurnar á að þær finni ástina á nýju ári?

... að í Venesúela notar fólk hins vegar gul nærföt á gamlárskvöld en þau boða gæfu á nýja árinu?

... að í Brasilíu er því trúað að linsubaunajurtin tákni ríkidæmi og því er linsubaunasúpa borðuð á nýársdag?

EFTIRMINNILEG ÁRAMÓT

Ein úti í sjó á miðnætti

Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona eyðir áramótunum með fjölskyldu sinni við sjávarsíðuna í Garðabæ og röltir út í sker á miðjum Arnarnesvoginum á miðnætti.

„Það er mjög áhrifarík stund þegar ég stend ein úti í sjó í svarta myrkri með öldugjálfrið í eyrunum og flugeldana allt í kring," segir Arnbjörg. „Ég veit eiginlega ekki hvort ég á að hlæja eða gráta, þetta er svolítið yfirþyrmandi tilfinning."

Arnbjörg segist yfirleitt fara ein í áramótagöngutúrinn en systkini hennar tínist síðan á eftir, til að athuga hvort ekki sé allt með felldu. „Þegar ég kem til baka taka síðan við endalaus faðmlög og kampavínsglas," segir Arnbjörg, sem er vön að verja áramótunum með fjölskyldu sinni. „Ég hafði í huga að fara burt um þessi áramót, en það lítur út fyrir að ekki verði af því vegna vinnu."

En Arnbjörg á fleiri eftirminnileg áramót að baki, eins og þegar hún var lítil stúlka á Akureyri og krakkarnir söfnuðust saman við Akureyrarkirkju. „Þá straukst flugeldur mjög ljúflega við kinnina á mér en það fór nú sem betur fer ekki illa," segir Arnbjörg sem minnist þess að hafa hræðst flugelda þegar hún var lítil. „Þá tróð ég bara fingrunum í eyrun og fékk að sitja inni við stóran glugga og fylgjast með."

Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona röltir út í sker í miðjum Arnarnesvogi þegar nálgast miðnætti á gamlárskvöld.

ÞRÖSTUR LEÓ OG ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR Persónur þeirra lenda í bráðri lífshættu í Kaldri slóð og sjálf máttu þau reyna ýmislegt við tökurnar en voru glaðbeitt á forsýningu myndarinnar á fimmtudaginn.

byrjaði á því að brjóta á mér stóru tána. Það er auðvitað asnalegt að vera að leika í spennumynd og hlaupa á hurð og tábrjóta sig," segir Þröstur, hlær og heldur áfram að rekja raunir sínar og annarra. „Ég kviðslitnaði svo við að hanga einhverja klukkutíma á hvolfi. Elva Ósk velti snjósleða og Lilja Guðrún var heppin þegar hún rann á hálu virkjunargólfinu og skall með hnakkann í steypuna. Þetta fór sem betur fer allt vel en það er aldrei of varlega farið við kvikmyndatökur. Þetta hlýtur samt að vera búið hjá mér. Ég var keyrður niður á mótorhjóli fyrir tveimur árum og hlýt að vera búinn með þennan óhappapakka, annars veit ég ekki hvar þetta endar."

Björn kann til verka

Björn Brynjúlfur Björnsson leikstýrir Kaldri slóð. Hún er fyrsta bíómyndin sem hann gerir í fullri lengd. Þröstur Leó kunni vel við að vinna undir stjórn þessa reynda auglýsingaleikstjóra en hann hafði kynnst Birni lítillega áður en hann réð sig í hlutverk blaðamannsins Baldurs. „Ég lék aðeins í Njálu sem hann gerði fyrir sjónvarp en þekkti annars ósköp lítið til hans. Hann er þægilegur maður í samstarfi og býr yfir mikilli reynslu. Kunningi minn benti mér á það að Bjössi hafi sennilega gert flestar bíómyndir allra Íslendinga og studdi það með þeim rökum að auglýsing sé ekkert annað en lítil mynd. Ég get alveg fallist á þetta og Bjössi veit alveg hvað á að gera til þess að halda athygli áhorfenda."

Björn lagði mikið upp úr æfingum fyrir tökur og leikararnir voru hafðir með í ráðum þegar handritið var sniðið að persónum þeirra. „Við æfðum í mánuð og það var frábært að geta fengið tækifæri til þess að vinna í handritinu en við krufum það í öreindir með Bjössa. Hann var opinn fyrir öllum tillögum og það var mjög ánægjulegt að fá að taka svona virkan þátt í ferlinu en fyrir vikið finnst manni maður eiga meira í þessu öllu saman."

Leit sonar að föður

Þegar talið berst að söguþræði myndarinnar verður Þröstur var um sig og vill alls ekki segja of mikið. Ég leik blaðamanninn Baldur sem fæst við ýmis mál á Síðdegisblaðinu sem er ekki alveg merkilegasti pappír í heimi. Honum líður ekkert voðalega vel í vinnunni sem er ekki gefandi en hann lætur sig hafa það. Það dúkkar upp mál í tengslum við slys í virkjun úti á landi og í framhaldinu kemst hann að því að sá sem lést í slysinu er faðir hans. Hann þekkti föður sinn ekkert en ákveður að fara á staðinn til þess að fá einhverja nasasjón af því hver faðir hans hafði verið í lifanda lífi. Þegar hann er kominn norður fer ýmislegt að gerast í virkjuninni og þá fer sagan almennilega í gang en ég má ekki segja meira."

Venjulegir náungar

Persóna Baldurs var lögreglumaður á ákveðnu stigi handritsgerðarinnar en höfundarnir breyttu honum í blaðamann þar sem þeim þótti það fara betur. Þröstur segir Baldur ekki geta talist dæmigerður blaðamaður eða einkaspæjari eins og þeir þekkjast í reyfurum. „Hann reykir ekki og drekkur ekkert í myndinni. Hann er ósköp venjulegur náungi. Kannski ekki alveg dæmigerður Íslendingur en alls ekki steríótýpa." Þröstur segir þá Baldur eiga ýmislegt sameiginlegt þó ætla megi að leikarinn sé öllu flóknari en persónan sem hann túlkar í Kaldri slóð en á meðan Baldur situr fastur í starfi sem gefur honum lítið er Þröstur ósmeykur við að breyta til og skipta um vettvang.

„Leiklistin er mitt aðalstarf en ef ég finn fyrir leiða hætti ég og hef þá oft skellt mér á sjóinn. Ég ætlaði mér alltaf að verða sjómaður," segir Þröstur sem ólst upp við fiskirí á Bíldudal. „Það er ágætt að hafa möguleika á því að snúa sér að einhverju allt öðru. Það er öllum hollt þótt það sé auðvitað misjafnt hversu góða möguleika fólk hefur til þess að breyta til."

Taugin milli leiklistargyðjunnar og Þrastar slitnar þó aldrei þó hann sigli á miðin og hann hefur verið iðinn við kolann á fjölunum og framan við tökuvélarnar frá því hann kom síðast í land árið 1999. „Það er auðvitað ágætt að einhverjir vilji fá mann aftur og það er orðið svolítið síðan ég fór síðast á sjóinn. Árið 1999 slasaðist ég um borð og sjómennskan fór öll í klessu og verður varla mikil úr því sem komið er."

Fastur á fjölunum

Þröstur Leó er fastráðinn við Þjóðleikhúsið og leikur þessa dagana í Bakkynjum Evrípídesar en verkið var frumsýnt annan dag jóla. Honum líður vel á sviði þótt honum bregði reglulega fyrir í kvikmyndum. „Þótt þetta tengist auðvitað, sviðsleikurinn og kvikmyndaleikurinn, þá finnst mér þetta eins og svart og hvítt. Vinnan er allt, allt öðruvísi og maður veit að tíminn í kvikmyndaleiknum fer meira og minna í bið. Það getur verið þreytandi en það venst. Mér finnst ágætt að blanda þessu saman og það mætti alveg vera meira um bíómyndir hérna. Það væri betra ef framboðið á kvikmyndahlutverkum væri reglulegra þar sem maður dettur dálítið úr þjálfun á milli mynda. Sjónvarpið gerir náttúrlega ekki neitt og mætti alveg fara að taka sig á í kvikmyndagerð en þar er lítið gert annað en áramótaskaup."

Leiklistin er vertíðarvinna hjá Þresti og hann líkir henni við sjómennskuna. „Þetta er svipað því og að vera á sjónum. Ég er til dæmis að æfa tvö leikrit núna en svo koma róleg tímabil inn á milli. Ég stekk samt eiginlega á flest allt sem mér býðst ef ég get og hef tíma og það eru einhverjar myndir í farvatninu þannig að það virðist eitthvað vera að glæðast í þessum bransa." ■

BALDUR Blaðamaðurinn kemst í hann krappan þegar hann kannar dularfullt dauðsfall í virkjun úti á landi.

> Ég var keyrður niður á mótorhjóli fyrir tveimur árum og hlýt að vera búinn með þennan óhappapakka, annars veit ég ekki hvar þetta endar.

Uppeldi eftir klukkunni

Uppeldi þríbura krefst gríðarlegrar skipulagningar til þess að allt gangi upp eins og *Sigríður Hjálmarsdóttir* komst að þegar hún ræddi við ferna þríburaforeldra. Þeir segja frá reynslu sinni og upplifun af að eiga þríbura.

Níní Jónasdóttir og Kristinn Sverrisson

Líf og fjör á heimilinu

Níní segir þau hjónin fyrst hafa fengið svolítið sjokk þegar þau komust að því að þau ættu von á þríburum. „Okkur fannst það í raun frekar óraunverulegt þar til líða fór að fæðingunni," segir hún og bætir því við að það sé æðislegt að eiga þríbura. „Við vorum svo heppin að þau voru mjög spræk við fæðingu og hafa verið hraust allan tímann. Þetta er samt auðvitað mikil vinna og það er mikið líf og fjör á heimilinu en við höfum fengið ómetanlegan stuðning frá fjölskyldum okkar," segir Níní.

Eins og nærri má geta eru ýmsir hlutir sem nýbakaðir þríburaforeldrar þurfa að hugsaum eins og til dæmis hvar hægt er að komast með vagninn sem er mjög stór. „Maður skreppur ekkert með börnin í vagninum í Smáralindina. Annars höfum við verið að grínast með það stundum að við ættumörugglega eftir að valda umferðaróhappi einhvern tíma því við vekjum ansi mikla athygli í gönguferðum," segir Níní og hlær.

Níní segir næturnar oft geta verið erfiðar því ef þau eiga öll slæma nótt og vakna tíu sinnum hvert þá þýði það auðvitað að foreldrarnir þurfi að vakna þrjátíu sinnum til að gefa þeim snuðið. „Við höfum líka verið spurð að því þegar við kaupum bleiur og þurrmjólk hvort við séum að vinna á leikskóla enda notum við 600 bleiur á mánuði og auðvitað þrefalt magn af mjólk líka. Síðan tekur það auðvitað mun lengri tíma að komast út í bíl með fjögur börn en eitt," segir Níní og bætir við: „Við erum mikið meira heima núna en eftir að við áttum eldri strákinn, því það fylgir okkur talsvert af dóti. Við flytjum nánast inn á fólk þegar við förum í heimsókn," segir hún og bendir á að það sé eitt og annað sem þau hafi rekið sig á eða heyrt frá öðrum þríburaforeldrum. „Eins og það til dæmis að hver maður má bara ferðast með eitt barn undir tveggja ára aldri í flugvél þannig að við getum í raun ekki flogið með öll börnin okkar nema fá aðstoð."

Gaman að fylgjast með þeim

Níní segir eldri strákinn þeirra telja það eðlilegast í heimi að eignast þrjú systkini í einu. „Það sést stundum á því hvernig hann talar. Hann hefur til dæmis sagt: „Mamma, sérðu hvað konan er með lítinn vagn," en þá er hún bara með venjulegan barnavagn. Síðan sér hann að krakkarnir í leikskólanum koma jafnan með systkini sín á leikskólann þegar þau mæta þá segir hann: „En þau eiga líka bara eitt." Hann er samt rosalega góður við þau og duglegur að leika og syngja fyrir þau. Hann talar líka oft um þau sem börnin sín," segir Níní en fjölskyldur þeirra hjóna hafa passað vel upp á að hann fái sína athygli bæði frá foreldrum og öðrum ættingjum enda sé það nauðsynlegt fyrir hann.

Þríburarnir eru frekar ólíkir einstaklingar og segir Níní gaman að sjá það á þeim svo ungum. „Þau eru misróleg og hafa mismikla þörf til að hreyfa sig. Það gengur allt bara vel ennþá og lítið hefur reynt á það hvernig þeim semur enda er ekki svo langt síðan þau fóru að taka eftir hvert öðru. Þau detta stundum hvert á annað, toga í eyrun og stela snuði af því sem situr næst þeim. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með þeim. Stundum þegar eitt grætur hættir það þegar næsta byrjar, þau verða stundum svo hissa," segir Níní og brosir.

STOLTUR STÓRI BRÓÐIR Sverrir Þór er duglegur að hugsa um litlu systkinin sín, Þórdísi Magneu, Jónas Breka og Margréti Brynju, og finnst ekkert sjálfsagðara en að eignast þrjú systkini í einu.

FLOTTIR BRÆÐUR Þór, Kristján og Jón Friðrik eru átta ára og miklir vinir. Þeir hafa sjálfir viðhaldið því skipulagi sem þeir eru aldir upp við og á það eflaust eftir að koma sér vel fyrir þá bærður í framtíðinni.

Sigurlaug Vilhelmsdóttir og Guðjón Jónsson

Þrír einstaklingar

Við fengum nú aldrei neitt áfall eins og svo margir spyrja þegar við fengum að vita að við ættum von á þríburum," segir Sigurlaug, sem á sjö ára gamla þríburadrengi. „Við urðum frekar hrædd um að ég myndi missa þau öll enda var um áhættumeðgöngu og fyrirburafæðingu að ræða þannig að við trúðum því lengi vel að þetta yrði aldrei að veruleika," bætir hún við. Enn í dag segir Sigurlaug að henni finnist ótrúlegt að hún eigi þá alla.

„Að eiga þríbura er gríðarleg vinna, og skipulag og regla frá fyrsta degi. Bræðurnir voru mánuð á vöku- og barnadeild Hringsins. Þegar heim var komið þá snerist lífið um að hugsa um þessa þrjá einstaklinga fyrst og fremst," segir Sigurlaug en það gat tekið allt að tvær klukkustundir að gefa þeim öllum að drekka. „Ef maður byrjaði til dæmis að gefa þeim klukkan 9, voru þeir að til um það bil 11, þá þurftu þeir að fá aftur mat klukkan 12.00, og svo koll af kolli. Þessu til viðbótar má geta þess að við skráðum skilmerkilega niður í dagbók hve mikið hver borðaði, til að tryggja að allir fengju nægilega næringu. Þetta var svo sannarlega nauðsynlegt, annars hefðum við auðveldlega getað „gleymt" einum. Þetta gerðum við fyrsta árið."

Fyrir áttu hjónin son sem er tuttugu árum eldri en þríburarnir og sjá því glögglega muninn á að ala upp eitt barn og þrjú. „Þetta er þrisvar sinnum meiri vinna og þrisvar sinnum meiri gleði," segir Sigurlaug.

Skipta öllu jafnt

Varðandi muninn á að vera með þrjú börn í einu eða færri, segir Sigurlaug: „Foreldrar geta fylgst með og passað tvö börn í einu en erfitt getur verið að gæta þess þriðja, til dæmis þegar allir hlaupa út á götu hver í sína áttina. En við fengum góða aðstoð, móðuramma þeirra flutti til okkar og var hjá okkur í fjóra mánuði og sú aðstoð er alveg ómetanleg, eins eiga þeir bróður sem er 20 árum eldri og afskaplega stoltur af bræðrum sínum og hann var og er alltaf tilbúin að aðstoða okkur og hefur verið okkur mikil hjálp í gegnum árin."

Sigurlaug segir samkeppni á milli bræðranna hafa birst í mörgum myndum í gegnum tíðina. „Við erum með svokallaða strákabók eftir að hafa þurft að muna hver gerði hvað."

Það sem er kannski erfiðast fyrir þríburaforeldara segir Sigurlaug vera tilhneiginguna til að líta á þá sem eina heild en ekki þrjá einstaklinga. „Þetta birtist bæði í því hvernig maður talar til þeirra og einnig þegar þeir fá gjafir til dæmis á jólum og þegar þeir eiga afmæli. Oft fá þeir sameiginlegar gjafir frekar en gjöf handa hverjum og einum. Þetta er sjálfsagt vegna þess hve þeir eru mikið saman og samskipti foreldra við þá sem hóp. Oft vildi maður geta eytt meiri tíma með hverjum og einum. Þegar það gerist þá njóta þeir þess svo sannarlega að fá óskipta athygli," segir þríburamamman Sigurlaug.

Félag þríburaforeldra var stofnað árið 1993 og er markmið þess að upplýsa og styðja við verðandi þríburaforeldra og vera til staðar fyrir þá. Félagið er mjög virkt og hittast félagar reglulega með eða án barnanna þar sem foreldrar miðla af reynslu sinni og læra hver af öðrum enda krefst það gríðarlegs skipulags að sjá um þríbura, sérstaklega fyrstu mánuðina eftir að þeir fæðast. Brýnt er fyrir þríburaforeldra að fá aðstoð við heimilishald og annað fyrstu mánuðina svo foreldrarnir geti einbeitt sér að börnunum og aðstoðar félagið þá í samskiptum við félagsmálayfirvöld ef þess er óskað.
Þá ganga þríburakerrur og –vagnar kaupum og sölum milli félaganna auk barnastóla, rúma og hjóla enda þarf þrennt af öllu slíku. Þess má geta að þríburaforeldrar eru afar ósáttir við þann afslátt á fæðingarorlofinu sem ríkið tekur sér þegar um þríburafæðingar er að ræða. Það er aðeins sex mánaða orlof fyrir eitt barn en þrír fyrir hin tvö þannig að fæðingarorlof fyrir þríburaforeldra er því eitt ár.

Ásdís Jónsdóttir og Sigurður Ívarsson

Fjögur börn á rúmu ári

Að eignast þríbura er nokkuð sem hvarflar ekki að neinni konu er hún verður ólétt. Því vorum við mjög hissa þegar í ljós kom að Ásdís gekk með þríbura. Við vorum þá nýlega búin að missa stúlkubarn eftir fulla meðgöngu, svo það var ákveðið að fylgjast mjög vel með litlu krílunum þegar óléttan uppgötvaðist," segir Sigurður og bætir því við að meðgangan hafi hins vegar gengið mjög vel. „Eftir 35 vikna meðgöngu fæddust þrjár heilbrigðar stúlkur; Ásrún Dóra, Dagrún Björk og Heiðrún Sunna. Í hönd fóru tímar mikillar vinnu og skipulagningar því þær fengu pela á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn og oft gat það tekið rúmlega tvo klukkutíma að gefa öllum að drekka, þrífa pela, blanda mjólk og skipta um bleiur," segir hann.

„Það var síðan heldur óvænt en ánægjulegt þegar Ásdís varð aftur ófrísk þó svo þríburarnir væru einungis rétt um eins árs gamlir. Í desember 1995 eignuðumst við dreng, Róbert Inga, og vorum því næstu mánuðina á eftir með fjögur bleiubörn á heimilinu," segir Sigurður en í kjölfarið þurfti fjölskyldan að stækka við sig húsnæði, kaupa stærri bíl og þess háttar. „Við getum engan veginn sagt að okkur hafi þótt stuðningur frá bæjaryfirvöldum vera upp á marga fiska á þeim tíma. Það kom sér því vel að fá stuðning frá þríburafélaginu, auk þess sem fjölskyldur okkar beggja studdu vel við bakið á okkur."

Endalaus orka

Sigurður segir það fljótlega hafa komið í ljós að börnin væru öll frekar ólík, jafnt í útliti sem að innri gerð. „Við ákváðum frá fyrstu tíð að klæða þríburana ekki alltaf eins, heldur leyfa þeim að njóta sín sem sjálfstæðar persónur. Þær fóru allar hver á sína deildina á leikskólanum, þar sem þær náðu að þroskast sem einstaklingar og hafa eflaust búið að því síðan. Þær eru allar frekar ólíkar í útliti og það eru margir sem trúa því ekki við fyrstu sýn að þær séu í raun þríburar." Bróðir þríburanna hefur alla tíð keppst um að halda í við systur sínar, enda einungis eitt skólaár á milli þeirra. „Það hefur alla tíð verið mikil og góð vináttu milli þeirra allra og áhugamálin eru svipuð. Þau stunda öll íþróttir af kappi; knattspyrnu, handbolta og frjálsar íþróttir, og hefur það reynst ómetanlegt til að fá útrás fyrir alla þá endalausu orku sem þau virðast búa yfir," segir Sigurður en börnin eiga líka eina hálfsystur sem heitir Hildur. „Hún var bara fimm ára þegar þríburarnir fæddust en það var ansi sérstakt fyrir hana og að öllum líkindum svolítið erfitt að eignast svo mörg systkini á einu bretti," segir hann og bætir við: „Þegar horft er til baka rifjast það upp hve fyrsta árið var í raun erfitt, en á hinn bóginn var það mikil gæfa að eignast þessi heilbrigðu og kraftmiklu börn, og það fylgir því fjórföld lífsfylling og ánægja að fá að fylgjast með þeim öllum vaxa úr grasi á sama tíma."

KRAFTMIKIL BÖRN Þríburasysturnar Ásrún, Dagrún og Heiðrún eru tólf ára gamlar og miklar íþróttakonur eins og bróðir þeirra, Róbert Ingi, sem er ári yngri en þær. Foreldrarnir, Sigurður og Ásdís, hafa í nógu að snúast með þennan öfluga hóp.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓLABÖRN Sara, Guðjón og Sif eru sannkölluð jólabörn en þau urðu sautján ára á aðfangadag.

Guðbjörg Alda Gunnarsdóttir og Ólafur Guðjónsson

Ótrúlegt kraftaverk

Guðbjörg trúði því vart þegar hún fékk að vita að þríburar væru væntanlegir enda voru þau hjónin að vonast eftir einu barni. „Við vorum hrædd um það alla meðgönguna að eitthvað kæmi upp á og það var ótrúlegt kraftaverk að fá þau öll þrjú í fangið í fyrsta sinn," segir hún og bætir því við að það sé ólýsanlega skemmtilegt og gefandi að eiga þríbura. „Það að fá þrjá einstaklinga upp í hendurnar í einu og koma þeim til manns er stórt og krefjandi verkefni sem við þríburaforeldrar teljum vera forréttindi."

Guðbjörg segir að þó það sé mikil vinna að ala upp þríbura þá hafi þeim hjónum ekki fundist það vera þreföld vinna miðað við að vera með eitt í einu. „Kostirnir eru svo miklu fleiri og það er mun auðveldara að hafa þau öll á sama þroskastiginu í einu heldur en sitt á hverju árinu. Þau hafa líka alltaf einhvern til að leika sér við."

Í umönnun þríbura er mjög mikil rútína í daglegu lífi því reynt er að gefa þeim og skipta á bleium eftir klukkunni. „Foreldrarnir stjórna algjörlega en ekki börnin. Því er aftur á móti oft öfugt farið ef um eitt barn er að ræða," segir Sigurlaug og rifjar upp þegar börnin voru lítil en þá hafi gjarnan vantað þriðja lærið þegar þau vildu öll komast í fangið í einu. Eða þriðju höndina þegar leiða þurfti hópinn. „Síðan er náttúrlega engin samnýting á neinu eins og útigöllum, stígvélum eða hjólum heldur þarf þrjú stykki af öllu."

Sofnuðu við klassíska tóna

Hjónin áttu fyrir fimmtán ára gamla dóttur þegar þríburarnir fæddust og segir Sigurlaug hana hafa verið eins og litla mömmu og verið mjög natna við börnin. „Í dag segist hún ekki skilja hvernig fólk á hennar aldri sem komið er með heimili og börn komist af án þess að eiga þríburasystkin því þau eru dugleg að hjálpa henni og launa henni þannig umhyggjuna," segir Sigurlaug.

Spurð hvort ekki hafi verið erfitt að baða og sveefa þrjú börn á kvöldin segir Guðbjörg: „Við svæfðum þau aldrei. Okkur var bent á það í upphafi að gott væri að venja þau á að sofna við léttklassíska tónlist. Þetta gerðum við og þau voru fljót að læra hvað það þýddi þegar kveikt var á spólunni og sofnuðu alltaf við tónlistina. Ef þau fóru að skæla var iðulega komið að því að snúa spólunni við enda voru engir geisladiskar á þeim tíma. Þetta reyndist okkur mjög vel."

Varðandi baðið segir Guðbjörg að yfirleitt hafi verið reynt að drífa það af. „Við settum þau tvö eða þrjú í baðið í einu meðan það var hægt en umönnun þríbura byggist einmitt upp á gífurlegri skipulagningu og að láta allar athafnir taka sem stystan tíma. Það gefst enginn tími til að dúlla við hvert og eitt og ég neita því ekki að hvað þetta varðar fannst okkur við stundum gjalda fyrir að þau væru þrjú í einu," segir Guðbjörg og bætir því við að þau séu öll mjög ólík bæði í sér og í útliti. „Hvert þeirra er einstakt á sinn hátt en þeim hefur yfirleitt komið ágætlega saman. Þegar þau voru yngri slettist oft upp á vinskapinn eins og gengur og gerist hjá systkinum en í dag eru þau góðir vinir," segir hún en þau eru öll í Menntaskólanum í Kópavogi og í sama vinahóp. „Það ríkir því oft lífleg og skemmtileg félagsmiðstöðvarstemning á heimilinu. ■

Erlendar fréttamyndir ársins

Fréttaljósmyndarar eiga stóran þátt í að móta mynd okkar af því sem er að gerast í heiminum hverju sinni. Hér getur að líta ljósmyndir af nokkrum þeirra viðburða sem áberandi hafa verið í erlendum fréttum á árinu sem er að líða.

MEÐ KVEÐJU FRÁ ÍSRAEL Ísraelsk stúlkubörn skrifa þarna skilaboð á sprengjur sem skotið var yfir til Líbanons í sumar, þegar stríðið gegn Hizbollah-samtökunum stóð sem hæst. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

STRÍÐ Í LÍBANON Maður þessi hrópar á hjálp með lík af ungri stúlku í fanginu. Myndin er tekin í Kana í Líbanon 30. júlí. Meira en fimmtíu manns fórust í loftárásum Ísraela þennan dag. Árásin var ein sú mannskæðasta í stríði Ísraels gegn Hizbollah-samtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

DANSKI FÁNINN BRENNDUR Múslimar víða um heim reiddust mjög vegna skopmynda af Múhameð spámanni sem birtust í danska dagblaðinu Jyllandsposten haustið 2005. Þessi mynd er tekin fyrir utan danska sendiráðið í Teheran í Íran 6. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FÍDEL KASTRÓ VEIKIST Þessi mynd er tekin 26. júlí í sumar, fáeinum dögum áður en Fidel Castro sendi frá sér yfirlýsingu um að hann hefði afhent bróður sínum Raúl völdin í landinu til bráðabirgða þar sem hann sjálfur þurfti að gangast undir aðgerð. Hann hefur verið mikið veikur síðan, en ekki er ljóst hvað hrjáir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

STARAÐ Á ÓGNVALDINN Fuglar virtust um tíma ætla að verða einn helsti ógnvaldur heimsins á síðasta ári. Fuglaflensan hélt áfram að breiðast út og dauðsföllum fjölgaði um helming fyrri part ársins. Barnið á myndinni starir á hana sem var boðinn til sölu snemma í mars á hænsnamarkaði í Nanjing í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

UNGMENNI GERA UPPREISN Unga fólkið í Frakklandi stóð síðastliðið vor fyrir áhrifaríkum mótmælum vikum saman gegn fyrirhuguðum breytingum á atvinnulöggjöf Frakka. Breytingarnar miðuðu að því að auðvelda atvinnulausum ungmennum að fá atvinnu með því að svipta þau atvinnutryggingu að hluta, en hún var tryggð með lögum. Stjórnvöld hættu að lokum við breytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

2006 Annáll erlendra frétta

Stríðsátök hafa sett sterkan svip á fréttir ársins sem er að líða, eins og reyndar flest önnur ár. Stríðið í Írak hefur verið í fréttum meira og minna allt árið, en þar hafa sjíar og súnníar barist bæði innbyrðis og gegn bandaríska herliðinu. Átökin hafa stöðugt harðnað og glundroðinn versnað eftir því sem lengra hefur liðið á árið. Jafnframt hefur staða Bush Bandaríkjaforseta heima fyrir versnað eftir því sem ráðleysi hans gagnvart ástandinu í Írak hefur orðið augljósara, þannig að í þingkosningunum í nóvember náðu repúblikanar meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings.

Tony Blair, forsætisráðherra Breta, á sömuleiðis undir vök að verjast heima fyrir og hefur boðað afsögn sína næsta haust. Óvinsældir hans eru raktar að verulegu leyti til þátttöku Breta í stríðinu í Írak og fylgispektar Blairs við Bandaríkjastjórn, en Blair hefur nú sagst ætla að reyna hvað hann getur til þess að koma friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna í gang á ný áður en hann hættir.

Á árinu hafa hins vegar miklar pólitískar breytingar orðið bæði í Ísrael og meðal Palestínumanna. Í ársbyrjun veiktist Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og við tók Ehud Olmert, sem framan af boðaði einhliða brotthvarf Ísraelshers frá herteknu svæðunum en sendi herinn í heiftúðugt stríð til Líbanons í júlí, og síðan í sumar hefur herinn einnig átt í stöðugum erjum við Palestínumenn á Gaza-svæðinu.

Í janúar voru einnig haldnar kosningar til þings Palestínumanna þar sem hin herskáu Hamas-samtök unnu afgerandi meirihluta en Fatah-samtökin, sem voru stjórnmálasamtök Yassers Arafats, misstu völdin að verulegu leyti þótt áfram hafi þau forsetaembættið og lögregluna á sínu valdi.

Þá hefur spenna milli múslima og Vesturlanda brotist út með ýmsum hætti á árinu, meðal annars í harðvítugum deilum um birtingu skopmynda af Múhameð spámanni í dönsku dagblaði.

VATIKANIÐ
“ÁRIÐ 2006 GERT UPP Í BEINNI ÚTSENDINGU”
SIRKUS
ÁRAMÓTAKAKA SIRKUSS
GAMLÁRSDAG KL. 14
SIRKUS TV
90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

HÖRMUNGAR Í DARFÚR Blóðug átök í Darfúrhéraði í vestanverðu Súdan hafa ekki verið mjög áberandi í fréttum, þótt ástandið þar hafi verið verra en víðast hvar á jörðinni á þessu ári. Vopnaðar sveitir araba hafa, með stuðningi stjórnvalda, ráðist af mikilli hörku gegn íbúum héraðsins og hafa hundruð þúsunda týnt þar lífinu undanfarin þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

MÓTMÆLI GEGN PÚTÍN Rússneska blaðakonan Anna Politkovskaja var myrt í lyftunni heima hjá sér í Moskvu hinn 7. október. Rússnesk stjórnvöld voru sökuð um að hafa átt hlut að dauða hennar og þegar Vladimír Pútín Rússlandsforseti kom til Þýskalands fáum dögum síðar voru þessir mótmælendur mættir með myndir af Önnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

SADDAM LÆTUR DÓMARANN HEYRA ÞAÐ Réttarhöldin yfir Saddam Hussein og félögum hans einkenndust lengi vel af hrópum og framíköllum aðalsakborningsins þar sem hann jós úr skálum reiði sinnar yfir dómarann og aðra sem komu nálægt réttarhöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HARMI ÞRUNGIN MÓÐIR Í ÍRAK Andlit konu þessarar í Bakuba í Írak er þakið blóði tveggja látinna sona hennar og hún heldur skóm þeirra í fanginu. Myndin er tekin í febrúar en átökin í landinu hafa staðið linnulaust allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

SLOPPIN ÚR PRÍSUNDINNI Austurríska stúlkan Natascha Kampusch slapp úr prísund mannræningja hinn 23. ágúst. Hún var átján ára þegar henni tókst að flýja og hafði þá dvalið í átta og hálft ár í litlum klefa í bílskúrskjallara heima hjá Wolfgang Priklopil, sem framdi sjálfsvíg samdægurs. Fáeinum vikum síðar kom hún fram í sjónvarpsviðtali og blaðaviðtölum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

RÁÐHERRA VIÐ PÍANÓIÐ Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lærði á sínum tíma klassískan píanóleik og gat ekki stillt sig um að setjast við píanóið seint í júlí þar sem hún var stödd á leiðtogafundi Kyrrahafsríkja í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Intercoiffure á Íslandi

**óskar viðskiptavinum gleðilegs árs
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.**

BÁRA KEMP, HÁR OG SNYRTING
Hverfisgötu 105 ☎ 561 2645

MEDULLA, HÁRSNYRTISTOFA
Strandgötu 37, Ak. ☎ 462 7079

HÖFUÐLAUSNIR HÁRSNYRTISTOFA
Hverafold 1-3, ☎ 567 6330

CLEO
Garðatorgi 3, G.bær ☎ 565 6465

MÖGGURNAR Í MJÓDD
Álfabakka 12, ☎ 557 7080

ELEGANS
Hafnargötu 61, Kef. ☎ 421 4848

DÚDDI HÁRSNYRTISTOFA
Engjateigi 17 - 19 ☎ 581 3055

SALON V.E.H. — V.E.H. SALON
Húsi Verslunarinnar ☎ 568 7305
www.salonveh.is

PERMA
Eiðistorgi 13-15, Seltj.
☎ 561 1160 & 561 1162

CARMEN
Miðvangi 41, Hafn. ☎ 565 4250

SIMBI, JÓI OG FÉLAGAR
Skólavörðustíg 8 ☎ 552 3425 -
☎ 552 3455 Fax: 552 8955

CARACTER
Engjateigi 17, Listhúsinu ☎ 55 30 300

ARNAR, SALON REYKJAVÍK
Grandagarði 5 • 101 Reykjavík
s. 5685305

intercoiffure

www.intercoiffure.is
postur@intercoiffure.is
Fax: 561 7885

Raddir mörgæsanna

Teiknimyndin **Happy Feet** sló sjálfan James Bond úr toppsæti bandaríska aðsóknarlistans þegar hún var frumsýnd á dögunum. Robin Williams, Elijah Wood og Brittany Murphy eru meðal þeirra sem ljá mörgæsum raddir sínar. *Birgir Örn Steinarsson* hitti þau í London.



Happy Feet fjallar um mörgæsina Mumble sem er ólíkur öllum öðrum keisaramörgæsum á Suðurskautslandinu: hann kann ekki að syngja, sem gerir það að verkum að hann finnur sér ekki maka. Mumble hefur þó annan hæfileika, honum er steppdansinn eðlislægur. Eins og allt sem er ögn öðruvísi verður hann auðvitað afar umdeildur. Tónlist skipar stóran sess í myndinni og taka flestir leikaranna lagið. Auk Woods, Williams og Murphys tala og syngja þau Hugh Jackman, Nicole Kidman og álfakóngurinn Hugo Weaving fyrir mörgæsirnar.

Ólæknandi athyglissýki

Gamanleikarinn Robin Williams kann að skemmta fólki og nýtir hvert tækifæri til að kalla fram hlátur. Hann er nýkominn úr áfengismeðferð og virðist í fantaformi. Sumir hallast sjálfsagt að því að hann sé haldinn ólæknandi athyglissýki en það skiptir ekki máli því hann hittir iðulega í mark með vitleysunni sem hann lætur út úr sér. Nokkrum sekúndum eftir að leikararnir þrír hafa komið sér fyrir í sætum sínum byrjar hann að gantast og þakkar öllum fyrir að mæta á klunnalegri ensku með spænskum hreim. Það er nokkuð langt um liðið síðan hann lék síðast í gamanmynd og hann segir að það hafi verið gaman að sleppa af sér beislinu aftur. „Það var mjög frelsandi," segir hann og hefur skipt yfir í skoskan hreim. „Ég hljóðritaði fjórar persónur, en leikstjórinn klippti tvær þeirra út, þannig að það var svolítið svekkjandi." Williams leikur fleiri en eina persónu en fær þó ekki jafnmargar launaávísanir. „Bara eina. Þetta var venjuleg teiknimyndaávísun. Þess vegna hafa flestar teiknimyndapersónur bara þrjá fingur, þannig að þær geti ekki tekið utan um þær."

Mörgæsasöngur

Teiknimyndir eru unnar þannig að raddir leikaranna eru vanalega teknar upp fyrst og persónur svo teiknaðar „utan um" raddir leikaranna. „Þetta var virkilega skemmtileg vinna," segir Williams. „Ég eyddi mestum mínum tíma í upptökuklefa með fjórum öðrum mexíkóskum gamanleikurum og var leyft að rasa út. Það var engin pressa á að fara nákvæmlega eftir handritinu."

Í myndinni er mikið sungið og Williams syngur meðal annars slagara frá Rómönsku-Ameríku. „Það er gaman að fá tækifæri til að syngja eins og Gypsy Kings. Að fá að syngja með vissum ... uvas? Bolas? Tuercas? Cojones?... ööööö... sem þýðir mannlegt innsæi."

Persóna Elijahs Wood í myndinni er vita laglaus og söngur hans í myndinni er sannarlega hörmulegur. Wood segir þó að sér hafi alls ekki liðið illa yfir að syngja svona illa. „Alls ekki. Þvert á móti var það virkilega skemmtilegt að reyna að búa til eins mikil óhljóð og ég gat. Þetta var drepfyndin reynsla og svo bæta hljóðmennirnir ekta mörgæsaöskrum ofan á sem gera hljóðin ennþá verri. Ég er viss um að söngur minn í myndinni hljómi yndislega í eyrum mörgæsa. Það væri hægt að gefa hann út á Suðurskautinu."

Brittany Murphy er aftur á móti með fallega rödd, sálarfulla en samt hrjúfa, og auðvelt að ímynda sér hana syngja svipaða tónlist og Janis Joplin. Hana dauðlangaði í hlutverkið þar sem hún vissi að hún fengi að syngja heilmikið. Hún gengur jafnvel svo langt að skilgreina sig sem söngkonu fyrst og fremst, en ekki leikkonu. „Ég trúði því varla að ég fengi tækifæri til þess að fara í prufu," segir hún. „Þetta var mjög spennandi, og ég skemmti mér konunglega. Mér finnst ekkert skemmtilegra en að syngja og gríp hvert tækifæri til þess, jafnvel í gervi mörgæsar."

> Mér finnst ekkert skemmtilegra en að syngja og gríp hvert tækifæri til þess, jafnvel í gervi mörgæsar.

Allt er vænt sem vel er grænt

Boðskapur Happy Feet er að ganga vel um plánetuna og í myndinni má finna gagnrýni á yfirgang mannsins gagnvart náttúrunni. „Það er eiginlega ekki hægt að gera mynd um mörgæsir án þess að drepa á þessum hlutum," útskýrir Williams, nú með merkilega venjulegum talanda. „Við búum í landi þar sem forsetinn heldur að Kyoto-bókunin sé ágætis bíll. Stjórnvöld reyna að láta sem yfirvofandi loftlagsbreytingar séu ekki raunverulegar og fá menn eins og Michael Crichton til að halda fyrirlestur fyrir þingið. Stjórnvöld telja það best að fá góðan vísindaskáldsagnahöfund sem málsvara vísindanna á þingi. Hvirfilbyljum hefur fjölgað svo mikið að nöfnin eru komin aftarlega í stafrófið. Þeir verða komnir í hebreska stafrófið áður en stjórnvöld viðurkenna að það er ekki allt með felldu. Á dögunum birtist grein í New York Times þar sem því var haldið fram að við þyrftum ekki að örvænta um fiskstofnana þar sem það verður fiskur í sjónum í 30 ár í viðbót. Undarlegt sjónarmið að vilja fresta því að gera eitthvað. Það eru greinilega mörg atriði sem við þurfum að velta fyrir okkur. Hvort svona mynd hafi einhver áhrif á það, veit ég ekki en oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Það er skrítið að búa í landi þar sem ríkisstjórnin lætur allar viðvaranir sér sem vind um eyru þjóta."

Leggja sitt af mörkum

En leggja leikararnir sjálfir eitthvað af mörkum til umhverfisverndar? „Ég reyni að setja rusl í endurvinnslu," segir Elijah Wood. „Mér er mjög annt um umhverfið og reyni að gera sem ég get, læt fé renna til hópa sem berjast fyrir umhverfið." „Ég keyri ekki bíl og set allt rusl í endurvinnslu," segir Brittany Murphy. „Ég fer allt sem ég get á hjólinu mínu."

„Fólk kallar mig trjáfaðmara (e. tree hugger) en ég get fullvissað ykkur um að ég geri mikið meira en að faðma þau!," hrópar Robin Williams. „Ef maður finnur réttu elskuna má eiga afar notalegar stundir. Ég á það til að anda að mér lofti og hef vanist því í gegnum tíðina. Þess vegna reyni ég að elska það sem heldur mér lifandi. Vatn á eftir að verða eftirsóttasti vökvi heimsins eftir nokkur ár. Eins og staðan er í Bandaríkjunum núna þá borgar maður meira fyrir lítra af ferskvatni en lítra af bensíni. Líkami þinn getur starfað lengi án þess að fá bensín."

Bond velt úr sessi

Robin Williams hefur leikið í sex myndum sem komu út á þessu ári og hefur því verið undir miklu álagi. „Þær áttu nú ekki allar að koma út á svipuðum tíma, en það fór bara þannig. Næst á dagskrá hjá mér er bara að slappa aðeins af. Mig langar til þess að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Það held ég að sé besta hugmyndin þegar maður er svona nýkominn út úr meðferð eins og ég. Um leið og ég losnaði þurfti ég að fara til Las Vegas að skemmta á sviði. Það er furðulegt að fara beint þangað nýkominn úr meðferð, eins og að fara til Kólumbíu til þess að komast yfir kókaínfíkn. Ég ætla bara að reyna að hjóla sem mest um Kaliforníu á næstunni."

Leikararnir eru hæstánægðir með að Happy Feet hafi velt sjálfum njósnara hennar hátignar úr efsta sæti aðsóknarlistans í Bandaríkjunum. „Mér finnst tilhugsunin um að óvopnuð mörgæs hafi sigrað Bond ógnvekjandi," segir Williams og hermir eftir Sean Connery. „Bæði mörgæsir og Bond eru í smóking," bendir Elijah á. „Já, ég kann vel við þá hugmynd," segir Robin. „Ég vil fá fiskinn minn hristan, en ekki hrærðan. Ef Bond hefði líka steppað hefði þetta kannski orðið meira spennandi."■

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

99 pr. pk
PRINGLES
• 200 gr - 3 gerðir

99
SALTHNETUR - LUXUS
• 350 gr

99 pr. pk
SNAKK - LUXUS
• 120 gr

299
TOBLERONE MINI
• 200 gr

590
ARINKUBBAR
• 5 stk saman

99
SALTSTANGIR
• 250 gr

350 gr.

49 pr. stk
COKE / SPRITE
• 33 cltr

99 pr. pk
KARTÖFLUFLÖGUR
• 200 gr

99
SÍDER - EPLA / PERU
• 0,65 ltr

99
OSTAPOPP - LUXUS
• 120 gr

199
MAARUD SNAKK
• 350 gr

99 pr. pk
SNAKK - TORTILLA
• 200 gr

199
GLERKERTASTJAKI
• H: 20 cm, kr 199
• H: 24 cm, kr 269
• H: 28 cm, kr 299

299
PAPPÍRSDÚKUR
• 6 metrar, margir litir

99
ÖRBYLGJUPOPP - 3 Í PK
• Luxus

299
PAPPADISKAR
• 28 cm

299
SERVÍETTUR - 40x40 CM
• 3 litir

299
ÚTIKERTI - STÓRT

199
KAMPAVÍNSGLÖS - EINNOTA
8 í pk.

129 pr. pk
SERVÍETTUR
• 20 í pk. - Margir litir

199
RAUÐVÍNSGLÖS - EINNOTA
8 í pk.
• Hvítvínsglös - 8 í pk, kr 199

199
SNAPSGLÖS - EINNOTA
40 í pk.

99
KERTI Á LEIÐI
• 2 í pk

199
SPRITTKERTI - 100 Í PK
• Hvít

699 pr. pk
MARS / TWIX / SNICKERS
10 í pk. 10 í pk. 10 í pk.
• 10 stk í pk

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

Menn viknanna 2006

Fastur þáttur í Fréttablaðinu er „Maður vikunnar“ en þar er reynt að varpa ljósi á þá sem eru í deiglunni hverju sinni -- hvern mann sá hefur að geyma. Við greinarnar dró Helgi Sigurðsson teiknari upp mynd af viðkomandi. Jakob Bjarnar Grétarsson fór niður á Landsbókasafn, fletti blaðinu ár aftur í tímann og fann hverjir voru í sviðsljósinu í hverri viku um sig. Með því má fá nokkra mynd af fólkinu sem var áberandi á árinu 2006 – og þá ekki síður hvers kyns þeir menn eru sem þykja fréttamatur: Íþróttamenn, stjórnmálamenn, embættismenn, popparar og viðskiptaforkólfar.

JANÚAR

Skarphéðinn Berg Steinarsson stjórnarformaður

Reið á vaðið með að vera tilnefndur maður vikunnar árið 2006. Hann enda sagður ákafur og metnaðargjarn. Skarphéðinn var í deiglunni vegna umræðna sem spunnust um starfslokasamninga við fráfarandi forstjóra FL Group – Ragnheiði Geirsdóttur. Skarphéðinn er sagður þægilegur í umgengni, tilbúinn að hlusta á rök annarra en langt í frá skaplaus og fastur fyrir.

Jónas Kristjánsson ritstjóri

DV var mjög til umræðu í upphafi árs en reiðialda fór um þjóðfélagið í sambandi við Ísafjarðarmál svokallað. Sem leiddi til uppsagnar Jónasar og Mikaels Torfasonar, meðritstjóra hans. Jónas er sagður harður í horn að taka en sanngjarn. Prinsippmaður mikill í blaðamennsku, elskur að hestum og matarmenningu eins og fjölmörg rit hans bera með sér.

Steingrímur J. Sigfússon stjórnmálamaður

Hreystimennið og hugsjónamaðurinn Steingrímur var í fréttum þegar hann lenti í bílveltu í Bólstaðarhlíð. Engum dylst að Steingrímur er pólitíkus af lífi og sál, fastur fyrir og snjall órator. Steingrímur er jafnframt íþróttamaður mikill og göngugarpur.

Emilíana Torrini tónlistarmaður

Emilíana vann til þrennra tónlistarverðlauna á hátíð Íslensku tónlistarverðlaunanna. Emilíana er sögð þægileg í umgengni, hreinskilin og fólk veit hvar það hefur hana. Örlátur og lífsglaður húmoristi og uppátækjasöm með eindæmum. Hugmyndarík og ósérhlífin.

FEBRÚAR

Viggó Sigurðsson þjálfari

Viggó er einhver umdeildasti maður íþróttaheimsins og þegar hann komst í kastljósið var það vegna yfirlýsinga þess efnis að hann væri herforingi þess sem hann kallaði landslið á heimsmælikvarða. Strákarnir okkar. En þó tilþrifamikill sé á vellinum segja þeir sem til þekkja að Viggó sé hvers manns hugljúfi og rólyndismaður með afbrigðum. En stökkbreytist þegar dómarinn flautar til leiks. Sannur heimilisfaðir en hvers kyns íþróttir eru helstu áhugamálin: Handbolti þó einkum og golf.

Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld

Kristján hleypti mikilli orrahríð af stað þegar hann sagði reglur í undankeppni Eurouvision-keppninnar þverbrotnar – myndband Silvíu Nóttar hefði lekið á netið fyrir keppni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Kristján er sagður frjór og lifandi, óeigingjarn maður sem vill hvers manns vanda leysa. Viðræðugóður en á það til að vera þrjóskur og fylginn sér – eins og Eurovision-málið sýnir.

Heiðar Helguson knattspyrnumaður

Dugnaðarforkurinn Heiðar sló í gegn með tveimur mörkum með Fullham gegn Newcastle. Hann er sagður ljúflingur sem breytist í villidýr á vellinum. Fylginn sér og heiðarlegur maður sem kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Heiðar er sagður maður með báða fætur á jörðinni og ekki fyrir fíflagang.

Árni Samúelsson bíómógúll

Fjárfesting hans á þrjú þúsund sæta kvikmyndahúsi í Kaupmannahöfn kom Árna í sviðsljósið í febrúar. Árni er sagður horfa fram veginn og grípa tækifærin þegar þau gefast. Veigrar sér ekki við að taka til hendinni þegar svo ber undir, veður í verkin og hvergi fyrir fordild. Viðurkennir fúslega að afþreyingarmyndir höfði meira til hans en þær sem flokkast listrænar.

MARS

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari

Eyjólfur var í deiglunni þetta árið vegna sigra og ósigra knattspyrnulandsliðsins. Eyjólfur er íþróttamaður í húð og hár, metnaðargjarn og dugmikill. Eyjólfur vakti snemma athygli sem afreksmaður í körfu- og fótbolta. Hann einkennir prúðmennska í allri framgöngu, kurteis og býður af sér góðan þokka. Því er tekið mark á Eyjólfi þegar hann tekur til máls, því þessi mikli fjölskyldumaður er ekki fyrir óþarfa gaspur. Hestamaður, kylfingur og veiðimaður og kýs fremur útivist og sveitasælu en sollinn.

Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum

Rúna í Stígamótum er sögð ein þeirra sem þora, vilja og geta. Sterkar hugsjónir og rík réttlætiskennd einkenna Guðrúnu sem var í kastljósi fjölmiðla á alþjóðlegum baráttudegi kvenna en þá fögnuðu Stígamót 16 ára afmæli sínu. Rúna er sögð ósérhlífin og fylgin sér, líflegg og skemmtileg. Hún er ávallt tilbúin að berjast fyrir málstað sínum, fer þá fram af einurð en er sögð ljúf og glaðlynd meðal vina og fjölskyldu – hefur gaman af að elda góðan mat og stunda göngur og útivist.

Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður

Hefur verið mikið í fréttum allt þetta ár en hann er lögmaður Baugs sem staðið hefur í málaferlum í hinum svokölluðu Baugsmálum. Gestur er sagður mikill húmoristi sem tekur gjarnan upp golfkylfuna þegar vinnu lýkur. En sem lögmaður þykir hann agaður og fljótur að greina hismið frá kjarnanum. Gestur er vinnusamur félagsmálafrömuður og hefur sem slíkur bæði unnið mikið fyrir Golfklúbb Reykjavíkur og Lögmannafélagið.

Andri Snær Magnason rithöfundur

Höfundur Draumalandsins, sem hlýtur að teljast með bókum ársins, var mjög í deiglunni allt þetta ár. Í umsögn heimildarmanna Fréttablaðsins um manninn á bak við bókina kemur þetta fram: Fluggreindur, einstaklega frjór, skapandi og mikil tilfinningavera, ljúfmenni og náttúrubarn.

APRÍL

Þráinn Karlsson leikari

Þessi ástsæli norðanmaður fagnaði fimmtíu ára leikafmæli sínu á árinu. Þráinn býr yfir miklum listrænum hæfileikum, ekki bara í leiklistinni heldur einnig myndlist. Þráinn er sagður drengur góður, einstakur vinur í gleði og sorg. Illsakir treður hann ekki við nokkurn mann en rík réttlætiskenndin gerir að hann stendur fastur á sínu ef svo ber undir.

Ögmundur Jónasson alþingismaður

Miklar deilur hafa staðið um framtíð RÚV allt árið og í þeim umræðum hefur Ögmundur farið mikinn. Ögmundur er sagður stálheiðarlegur, heilsteyptur og hamhleypa til verka. Á þó til að færast of mikið í fang því hann vill gera allt sjálfur. Hugsjónamaður en sagður geta slegið á létta strengi og gert grín að sjálfum sér.

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur

Tryggvi kemur reglulega fram í sviðsljósið í tengslum við eitt og annað sem snýr að efnahagsmálum þjóðarinnar. Hann er sagður skarpgreindur og eigi til að fá dellu fyrir einu og öðru. Á auðvelt með að sjá spaugilegar hliðar á tilverunni og deilir því með vinum sínum, ósnobbaður og laus við alla komplexa. Úrræðagóður vinur vina sinna sem ekki liggur á skoðunum sínum.

Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur Seðlabankans

Seðlabankinn var stöðugt í fréttum árið 2006 og er aðalhagfræðingurinn, Arnór, sagður heilsteyptur og hógvær maður – sérlega hógvær. Stefnufastur og samkvæmur sjálfum sér. Arnór er sagður yfirvegaður og með báða fætur á jörðinni. Arnór, sem er af þýskum ættum, ólst upp á menningarheimili og í sveit. Ber þess merki, er grúskari og unnandi klassískrar tónlistar. Þá er hann mikill heilsuræktarskokkari og fjölskyldumaður.

MAÍ

Logi Geirsson

Logi vann sér það til frægðar í maí að verða Evrópumeistari í handknattleik með liði sínu Lemigo. Logi þykir góður félagi og sparar ekki að hrósa félögum sínum ef svo ber undir. Hann er sagður grallari, hrekkjalómur sem á í fórum sínum ýmsar skemmtilegar sögur en um leið agaður og reglusamur. Stefnufastur vel því alltaf lá fyrir að hann ætlaði sér að verða afreksmaður í íþróttum. Þá er snyrtimennsku hans við brugðið.

Ágústa Eva Erlendsdóttir leikkona

Konan á bak við dekurdrósina Silvíu Nótt var maður vikunnar. Enda þá Eurovision-keppnin mál málanna. Silvía Nótt var framlag Íslands sællar minningar. Ágústa Eva er sögð ekki vitund lík Silvíu heldur eigi jafnvel til feimni og láti vinsældir ekki stíga sér til höfuðs þó hún kunni að mjólka þessar sömu vinsældir.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

Strax í maí voru hlerunarmál komin í fréttir og sagnfræðingurinn Guðni maðurinn sem með grúski sínu opnaði það mál. Hann er sagður drengur góður, fylginn sér en jafnframt frekar feiminn og hlédrægur. Lífsnautnamaður, sælkeri og áhugamaður um íþróttir.

JÚNÍ

Svandís Svavarsdóttir stjórnmálamaður

Oddviti Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs var í brennidepli í borgarstjórnarkosningum. Eina konan sem leiddi lista í Reykjavík og þótti sýna leiðtogahæfileika og rökfestu í málflutningi. Hún er sögð skarpgreind og skemmtileg, músíkölsk með afbrigðum og skemmtilegur vinur vina sinna.

Bubbi Morthens tónlistarmaður

Fimmtugsafmæli Bubba fór ekki fram hjá nokkrum manni. Honum er lýst sem orkubolta, hann er dellukarl dellukarlanna, ástríðumaður í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur, hugsjónamaður og leyfir sér að skipta um skoðun ef svo ber undir.

Alfreð Gíslason handboltamaður

Glæsilegur sigur íslenska landsliðsins á Svíum færði kastljósið á landsliðsþjálfarann og keppnismanninn Alfreð. Hann er sagður gríðarlega duglegur, maður sem leggur sig 110 prósent fram í því sem hann tekur sér fyrir hendur: Fullur sjálfstrausts, samkvæmur sjálfum sér en á til að vera eilítið þver.

Katrín Anna Guðmundsdóttir femínisti

Femínistar máluðu bæinn bleikan þegar 91 ár var liðið frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt. Katrín Anna fór þar fyrir flokki, femínisti af lífi og sál og óþreytandi í baráttunni. Sögð hamhleypa til allra verka og drífur fólk með sér. Sögð skarpgreind og skipulögð – en þrjósk. Og… hefur gaman að matseld og bakstri, húsmóðir góð sem er fyrir útivist.

JÚLÍ

Jón Sigurðsson ráðherra

Mannasættirinn Jón stökk beint í sviðsljósið þegar hann tók við af Halldóri Ásgrímssyni sem formaður Framsóknarflokksins. Hann er sagður greindur, skemmtilegur og hrokalaus húmoristi. Fróður, skipulagður, skáldmæltur, ráðagóður – með hjarta úr gulli. Bráður, klaufskur, fastur fyrir og full hreinskiptinn á stundum.

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir knattspyrnu- og athafnamenn

Komust í deigluna þegar þeir gengu aftur til liðs við æskufélag sitt ÍA. Kallaðir Beck-



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE BESTI VINURINN



ham Íslands í tvíriti, skartmenni mikil þó þeir sækist ekki eftir sviðsljósinu eins og margur kynni að ætla. Kappsfullir menn, sagðir sinna sínum fjölskyldum vel og beina nú öllum sínum kröftum að viðskiptasviðinu þar sem þeir eru umsvifamiklir í fasteignaviðskiptum.

Jónína Bjartmarz ráðherra

Jónína bauð sig fram til varaformanns Framsóknarflokksins enda sögð drifin áfram af miklum metnaði. Hún er sögð sjálfsörugg en á til að færast of mikið í fang og skipulagning ekki sögð hennar sterka hlið. Jónína er lögmaður og sögð orðheldin. Hún kemur vel fyrir og er henni reiknað til tekna að tala mannamál – eins og það heitir.

Benedikt Erlingsson

Þótti fara algerlega á kostum í einleik sínum Mr. Skallagrímsson í Landnámssetrinu í Borgarnesi og hlaut verðskuldaða athygli. Honum er lýst sem eðalmenni í alla staði, frá honum stafar orka sem smitar aðra auveldlega. Frumleiki er sagður hans aðall og hann sagður fyndinn stuðbolti – þó án þess að vera yfirborðslegur. Helsti löstur Benedikts er sagður vera slóðaskapur í umgengni en það er sagður tittlingaskítur miðað við kostina sem felast til dæmis í ættrækni og umhyggjusemi.

ÁGÚST

Ágúst Þór Davíðsson athafnamaður

Geiri – hinn umdeildi eigandi súlustaðarins Goldfinger – komst í sviðsljósið þegar hann settist upp hjá keppinautum sínum á Bóhem

og heimtaði leigu. Var í kjölfarið handtekinn af lögreglu. Geiri er sagður stórtækur í öllu, algert gæðablóð með stórt hjarta. Ætíð boðinn og búinn við að aðstoða þá sem minna mega sín. Hann er ættrækinn og traustur vinur vina sinna. Geiri hefur látið til sín taka í ýmsum góðgerðamálum en andstæðingar hans, sem eru nokkrir bæði meðal keppinauta og femínista, vilja meina að með því sé hann að lappa upp á skuggalega ímynd sína sem súlukóngur.

Óskar Bjartmarz yfirlögregluþjónn

Óskar fór fyrir vöskum laganna vörðum á Egilsstöðum sem fóru gegn mótmælendum

við Kárahnjúka. Mörgum þótti sem löggan hefði farið fram af of mikilli hörku en Óskar féllst á að það gæti hugsast. Óskar er af vinum sagður fastur fyrir, öflugur og maður stórra verka: Athugull og varkár maður sem gætir þess að vera ætíð með allt á hreinu í leik og starfi. Honum er líkt við klett í hafi og Óskar sagður heiðarlegur umfram allt og sannsögull. Óskar er félagsmálafrömuður og frændrækinn. Tild dæmis upphafsmaður Bjartmarz-golfmótsins þar sem ættingjar koma saman og sveifla kylfum.

Gunnar Smári Egilsson athafnaskáld

Gunnar Smári var í fréttum með jöfnu millibili allt þetta ár enda stóð hann í ströngu við að koma á fót fríblaði í Kaupmannahöfn auk þess sem gustaði um fyrirtækið þar sem hann sat áður sem forstjóri – Dagsbrún. Smári er sagður einstaklega hugmyndaríkur og skarpgreindur uppreisnarmaður sem ekki ber virðingu fyrir einu né neinu – einum né neinum. Hann þykir hrjúfur í samskiptum en á til að vera öðrum mönnum skemmtilegri. Ólíkindatól og frumkvöðull sem kann illa við sig á lygnum sjó.

Kristján Loftsson framkvæmdastjóri

Kristján komst í fréttir þegar hann tók Hval 9 í slipp öllum að óvörum. Líkt og hann vissi eitthvað sem aðrir ekki vissu þegar hann sagði að hvalirnir væru að bíða eftir skutlinum. Kristján er sagður

skemmtilega óheflaður, kemur til dyranna eins og hann er klæddur og mönnum hættir til að vanmeta hann vegna þess hversu hálfkæringslegur hann getur verið í framkomu. En Kristján er klókur og framsýnn. Glaður á góðri stundu og hrókur alls fagnaðar.

SEPTEMBER

Magni Ásgeirsson rokkari

Öll þjóðin fylgdist grannt með gangi mála í raunveruleikaþættinum Rock Star Supernova þar sem Magni sló eftirminnilega í gegn og komst í úrslit. Magni er sagður hvers manns hugljúfi, jákvæður maður sem á auðvelt með að laga sig að nýjum aðstæðum. Tónlistin hefur ávallt verið hans helsta áhugamál en sá ævintýralegi bransi hefur ekki þau áhrif á hinn jarðbundna Magna, sem er fjölskyldumaður, að hann láti blindast af sviðsljósinu. Nema síður sé.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi

Hún var kjörin í september formaður nýstofnaðs leikskólaráðs sem dugði til að koma henni í kastljós fjölmiðla. Sögð hörkudugleg og afkastamikil jafnvel svo að sumum þykir nóg um. Frami hennar innan Sjálfstæðisflokksins hefur verið skjótur en hún er sögð skemmtileg, hláturmild og heiðarleg. Hlý, skemmtileg og skarpgreind er hún sögð af álitsgjöfum Fréttablaðsins.

Ragnar Bragason leikstjóri

Frumsýnd var í septembermánuði mynd Ragnars Börn sem sló algerlega í gegn meðal gagnrýnenda. Ragnar er sagður hugmyndaríkur alþýðupiltur, gull af manni og hjálpsamur svo af ber. Hann á auðvelt með að hrífa fólk með sér sem er kostur sem nýtist Ragnari vel í kvikmyndabransanum þar sem atvinnuöryggi er ekki til staðar. Fínn húmoristi og fordómalaus.

Ásthildur Helgadóttir knattspyrnukona

Ásthildur er einhver besta knattspyrnukona sem þetta land hefur eignast og sló í gegn með Malmö í Svíþjóð þar sem hún raðaði mörkunum inn. Ásthildur er sögð ákveðin og helgar sig markmiðum sínum algerlega. Sjálfsaginn er því ríkur á þeim bænum. Hún er mikill leiðtogi utan sem innan vallar, þykir frábær félagi sem á auðvelt með að slá á létta strengi. Sjálfstraust er sagt einkenna hana öðru fremur.

Ómar Ragnarsson sjónvarpsmaður

Eldhuginn og hugsjónamaðurinn Ómar dreif fimmtán þúsund manns með sér niður Laugaveginn til að mótmæla því að Jöklu væri komið í bönd. Einhver stærsta mótmælaganga Íslandssögunnar. Ómar er sagður strangheiðarlegur, sannsögull tilfinningamaður og rómantískur. Ofvirkur bíla-, box- og flugdellukarl sem á sér sínar rólegu stundir í bókagrúski.

OKTÓBER

Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri

Lenti í sviðsljósinu þegar hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Samferðamenn sem Fréttablaðið leituðu til við að varpa ljósi á manninn luku upp einróma lofsorði á þennan sérstaklega hjálpfúsa, ráðagóða og trygga mann. Hann er sagður einstakur húmoristi, vandaður, skemmtilegur, þægilegur í viðkynnningu, kann að þegja yfir leyndarmálum, störf sín leysir hann óaðfinnanlega og í raun forréttindi fyrir alla þá sem hafa kynnst honum að umgangast þennan einhvern vandaðasta mann sem um getur.

Jón Baldvin Hannibalsson stjórnmálamaður

Varð miðpunktur í máli málanna þegar hann greindi frá grunsemdum sínum um að sími hans í utanríkisráðuneytinu hefði verið hleraður. Jón Baldvin er sagður hvatvís, skarpgreindur, vel lesinn og mælskumaður svo af ber. Hann leyfir sér að skipta um skoðun, býr yfir óbilandi sjálfstrausti en er óþolinmóður. Þrátt fyrir ótvíræða leiðtogahæfileika bar honum ekki gæfa til að stjórna Alþýðuflokknum milli skers og báru heldur upp í fjöru.

Þorsteinn Stephensen athafnamaður

Forsprakki hinnar miklu tónlistarhátíðar Icland Airwaves stóð í ströngu í októbermánuði. Þorsteinn er sagður fara sínar eigin leiðir, vera ákaflega sjálfstæður maður sem tekur vinnutarnir en slakar vel á þess á milli. Þorsteinn er sagður hugmyndaríkur, lúmskur húmoristi og skemmtilegur í samstarfi – þótt hann eigi til að reynast óútreiknanlegur.

Hildur Petersen stjórnarformaður

Hildur hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs en fáa hefði grunað á unglingsárum hennar að henni ætti eftir að hlotnast slík vegsemd – hlédræg sem hún var en þó virk í samkvæmislífi jafnaldra sinna. Hildur er sögð heilsteyptur karakter, dugleg og fylgin sér og þolir illa kyrrstöðu. Framsýn sögð og hefur leitt fyrirtæki sitt fram veginn gegnum breytingar. Hún er heiðarleg, traust og þægileg en skemmtileg þess utan.

NÓVEMBER

Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor

Hlaut glæsilega kosningu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og það dugði til að koma þessum ágæta rektor HR í sviðsljósið. Guðfinna er sögð smitandi af verkgleði en viðmælendur Fréttablaðsins völdu henni eftirfarandi einkunnir en fundu ekki á henni nokkurn galla: Vingjarnleg, kraftmikil, ákveðin, aðlaðandi, framsýn, nútímakona, sjálfsörugg og frumkvöðull. Varla er meira hægt að segja um þessa aðsópsmiklu konu sem næsta víst má telja að setjist á þing eftir næstu kosningar.

Guðjón Arnar Kristjánsson stjórnmálamaður

Formaður Frjálslynda flokksins lenti að vonum í miðri deiglunni þegar umræðan um útlendinga á Íslandi geisaði hér fyrir skemmstu. Og gerir enn. Líkt og margir menn vikunnar er Guðjón hjartahlýr húmoristi. Gleði- og söngmaður mikill og ákaflega tryggur sínu fólki. Viðmælendur blaðsins nefndu hversu einstaklega barngóður hann er. Sjálfur er hann sjö barna faðir. Guðjón er ósérhlífinn og gengur í þau verk sem vinna þarf.

Ævar Örn Jósepsson rithöfundur

Alvörugefni spaugarinn Ævar Örn komst í sviðsljósið þegar hann var tilnefndur til Glerlykilsins fyrir Blóðberg. Áður hafði nýjasta glæpasaga hans fengið afar lofsamlega dóma. Ævar Örn er sagður fljótur að hugsa, öðrum mönnum skemmtilegri í samstarfi en á til að vera hrjúfur í framkomu. Ævar er sagður óstundvís og lengi að koma sér að verki. En þegar hann hefst handa stendur ekkert í vegi. Lífsnautnamaður og glaður á góðri stund.

Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur

Birgir Leifur náði þeim merka áfanga að verða fyrstur íslenskra kylfinga að komast á Evrópsku mótaröðina. Heimildarmenn blaðsins segja enda helstu persónueinkenni Birgis þolinmæði og þrautseigja ásamt góðri blöndu af einbeitingu, nákvæmni og ögn af kæruleysi.

DESEMBER

Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar

Sigrún Björk mun á nýju ári taka við starfi bæjarstjóra á Akureyri en samviskusemi og einbeitni eru þau orð sem best þykja lýsa henni. Sigrún er heimshornaflakkari, hefur farið um allan heim, er listunnandi, skynsöm og laus við allar öfgar. Hún er hugmyndarík og hefur þann dug sem þarf til að fylgja hugmyndum sínum eftir og láta þær verða að veruleika.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir

Á dögunum komst nafn hennar í hámæli þegar tilkynnt var að Sigríður Björk væri verðandi aðstoðarríkislögreglustjóri. Og allir þeir sem tjáðu sig um hana við blaðið voru á einu máli um að þar færi hörkuklár, dugleg og skemmtileg kona sem hefur til að bera ákaflega jákvæðan metnað í starfi. Fyrirmyndar embættismaður en jafnframt mikil fjölskyldukona – ættrækin og félagslynd.

Máni Svavarsson

Máni skaust í fjórða sætið á breska smáskífulistanum á sinni fyrstu viku með lag sitt Bing bang úr Latabæ – einstætt afrek – Máni enda tónlistarsénî. Hann er hins vegar hlédrægur og miklast ekki af afrekum sínum. Fremur að velgengnin komi honum á óvart. Þótt Máni troði sér ekki í sviðsljósið segja þeir sem þekkja fáa menn skemmtilegri, hann þykir frábær sögumaður og hrókur alls fagnaðar. Lífsnautnamaður og kokkur góður sem ekki kann að segja nei og tekur því að sér fleiri verkefni en góðu hófi gegnir.

FM957
HLUSTENDA-
VERÐLAUN
FM 95.7
FYLGSTU MEÐ
Gillette
Gillette
Fusion
Sprite zero
ENGINN SYKUR
EKKERT KJAFTÆÐI

1. RAJASTAN, INDLAND
Í janúar er heldur betur tilvalið að skella sér í safari á kameldýri í Thar-eyðimörkinni, sofa á sandhóli, sjá gasellur, búa til „chapatti“ yfir opnum eldi, hitta eyðimerkurþorpsbúa sem rækta bæði vatnsmelónur og hveiti í sandinum. Frá borginni Jaisalmer er hægt leggja af stað út í eyðimörkina, Rajastan-hérað er líka það litríkasta á Indlandi og allar konur mjög fagurlega skreyttar skartgripum.

Heitustu áfangastaðirnir 2007

Svartasta skammdegið er besti tíminn til að leggja land undir fót. Núna þegar jólaljósin fara að dofna er tilvalið að skella sér eitthvað langt út í heim, þar sem sólin skín og fjöllin eru blá. Það sakar allavega ekki að láta sig dreyma og mælum við með Lonelyplanet.com til að freistast. Heimurinn er sífellt að minnka. Hægt er að ná sér í ódýr fargjöld til London eða Kaupmannahöfn og þaðan eru allir vegir færir. Sífellt fleiri perlur uppgötvast í heiminum og ferðamannastaðir eru eins og allt annað háðir tískustraumum. *Hanna Björk Valsdóttir* kynnti sér hvaða staðir eru „heitir“ í ferðabransanum árið 2007.

2. MALDÍVEYJAR, INDLANDSHAF.
Maldíveyjar eru 1.190 litlar kóraleyjar suð-vestur af Sri-Lanka sem lokka ferðamenn til sín með loforði um „síðastu paradís á jörð“. Ef þín hugmynd um paradís er ósnortin, friðsæl, hitabeltiseyja með pálmatrjám, hreinum, hvítum ströndum og túrkisbláum lónum þá eru Maldíveyjar rétti staðurinn. Mögnuð kóralrif og litríkt neðarsjávarlíf gerir Maldíveyjar að paradís kafaranna. „Síðasta paradís á jörð“ hefur nú verið byggð upp eftir tsunami og nýir lúxus ferðamannastaðir setja Maldíveyjar á kortið fyrir 2007.

5. BANGLADESH Í ASÍU
Í Asíu hefur lengi verið í tísku að ferðast til Taílands og Kambódíu en Bangladesh virðist ætla að taka við sem nýi staðurinn þar sem töfrar Asíu fá að njóta sín. Núna er málið að heimsækja þetta sérstaka land áður en túristarnir hrúgast inn. Þetta gróskumikla land býr yfir langri sögu og þar finnast yfir 2000 ára fornminjar, lengsta strönd í heimi og stærsti fenjaskógur veraldar.

4. BUENOS AIRES, ARGENTÍNA.
Ekki aðeins fallegasta borgin í Suður-Ameríku heldur líka heimili fallegasta fólks í heimi. Þrátt fyrir efnahagsvandræði Argentínu eru munaðir Buenos Aires jafn freistandi og áður, glæsileg höfuðborg þar sem evrópsk fágun og ástríðufull menning mætast, og náttúruundur allt um kring. Ef þú vilt fá mest fyrir peninginn þá ferðu til Buenos Aires, efnahagsástandið gerir það að einum ódýrasta áfangastaðnum í heiminum í dag. Ekki spillir fyrir ef þú kannt eitthvað í fótbolta, þá líður þér strax eins og innfæddum.

6. SAN JUAN, PUERTO RICO.
Karabíska hafið klikkar aldrei. San Juan lítur út eins og Havana á Kúbu fyrir byltingu og iðandi salsatónlist hljómar um göturnar þar sem Pina Colada er drukkið frá morgni til kvölds. Náttúruperlur Puerto Rico eru í dagsfjarlægð frá borginni. Skelltu þér í El Yunque regnskóginn þar sem yfir 400 plöntur, litríkir páfagaukar og „couqi“ froskurinn þrífast. Heimsóttu Culebra, eyðieyju í hálftíma flugfjarlæð, ósnortin hvít ströndin var valin ein af tíu bestu ströndum í heimi. Sjávarrifin allt um kring eru paradís fyrir snorklara.

8. DUBAI, SAMEINUÐU FURSTADÆMIN.
Nýjasta brjálæðið í Mið-Austurlöndum er Dubai í Sameinuðu furstadæmunum sem voru stofnuð 1971. Þar er allt að finna sem olíupeningar geta keypt eða byggt. Sannkallaður framandi lúxus. Skýjagljúfrar og verslunarmiðstöðvar í vestrænum stíl í bland við arabíska menningu. Viltu eyðimerkursafarí eða versla föt eftir aðalhönnuðina? Fjöll, strandir, eyðimerkur, markaðir og hin fræga tollfrjálsa verslun gerir Dubai að hrífandi borg ólíkri öllum öðrum í heiminum.

3. NAMIBÍA Í AFRÍKU.
Brad Pitt og Angelina Jolie gerðu Namibíu að heitasta griðarstaðnum á einni nóttu þegar þau ákváðu að fæða dótturina Shiloh í Namibíu. Fimm og sex stjörnu hótelgarðar í eyðimörkinni bjóða ferðamenn velkomna. Fyrir þá sem vilja ekki týpíska staði er Namibía rík af náttúruauðlindum og fjölbreyttri menningu. Fallegt land með endalaust sólskin og endalausa möguleika.



7. EÞÍÓPÍA Í AFRÍKU.
Eþópía er frekar þekkt fyrir hungursneyð, fátækt og óstöðugt stjórnmálaástand. En með betra þjóðfélagsástandi hefur Eþíópía risið úr skugganum og er orðinn vinsæll ferðamannastaður meðal sjálfstæðra ferðalanga sem þyrstir í smá ævintýri. Landslagið er stórkostlegt, fólkið vinalegt og sagan áþreifanleg.

9. KRAKÁ, PÓLLAND.
Kraká, sem var höfuðborg Póllands til ársins 1609, er einn af „nýju“ ferðamannastöðunum í Evrópu. Borgin slapp ósködduð frá eyðileggingunni sem dundi yfir landið í seinni heimsstyrjöldinni. Ótrúlegar sögulegar minjar komu Kraká á heimsminjalista UNESCO. Í gamla bænum eru söguleg kennileiti inn á milli nútíma verslunarsenu. Þó að mögnuð saga setji mark sitt á borgina er hún með báðar fætur í framtíðinni, og hátíðir sem haldnar eru allt árið bjóða upp á framúrskarandi tónlist og leikhús.

10. RIO DE JAINERO, BRASILÍA.
Brasilía er sívinsæl og kynngimögnuð og heldur áfram að vera einn heitasti ferðamannastaðurinn í heiminum. Erfitt er að svara því hvort sé villtara frumskógurinn eða fólkið. Karnivalið í Ríó er það brjálaðasta í heiminum. Orkan og gleðin í fólkinu er smitandi þar sem það nærist á dansi, drykkjum, strönd, íþróttum og sólinni. Brasilía er hitabeltisparadís og gífurlega fallegt land með ósnortnum regnskógum, sandströndum og öðrum náttúruperlum.

Afgreiðslutímar vínbúða yfir hátíðarnar

Reykjavík og nágrenni	
Lau. 30. des	11:00 - 20:00
Sun. 31. des	**LOKAÐ**

Opnunartími vínbúða helst óbreyttur nema ofangreinda daga.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúða er að finna á **vinbud.is**

STUÐ MILLI STRÍÐA Hefðir eru til þess að brjóta þær

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR HLAKKAR SKÍTAVEÐURSINS ÁRIÐ 2008

Ég verð nú bara að viðurkenna að mér finnst áramótin framundan barasta ekkert merkileg. Ekki misskilja mig og halda að ég sé fúl á móti, smíði skútur og skerpi skauta. Ég bara nenni ekki að eltast við þetta fár sem einkennir nýtt ár.

Fyrir nokkrum árum síðan eyddi ég jólunum í Búdapest. Á aðfangadag borðaði ég ferskvatnsfisk í heilu lagi sem hafði sítrónu í kjaftinum. Mánudagsmat. Bjakk. Eyddi jólunum umkringd Ungverjum sem dældu endalaust í mig ungversku áfengi þar sem þeir töldu konu ættaða frá landi víkinga lítið annað gera á jólum en detta í það með sæmd og tilheyrandi uppköstum.

Flúði ég svo til Madríd þar sem ég eyddi áramótunum umkringd æstum Spánverjum og komst að því að skortur á leigubílum á nýársnótt er ekki aðeins landlægur á Íslandi. Ég labbaði heim þetta kvöld. Og það að labba heim í Madríd er heldur ólíkt því að labba heim í Reykjavík skal ég segja ykkur. Komst heim rétt fyrir þrettándann.

Þannig fór um hátíð þá, minningin er ljúf og hælsæri heimgönguunnar löngu gróin. Ég hins vegar lærði að stundum er gott að hvíla rótgrónar hefðir, brjóta út af vananum og reyna eitthvað nýtt. Hvort sem það er ungverskt heimabrugg ungverskrar ömmu eða maraþonganga um Madríd þvera og endilanga þá leiða slík stílbrot af sér þakklæti fyrir gömlum hefðum. Því hef ég ákveðið að hvíla aðeins áramótin þetta árið. Hanga bara heima. Ég bíð spennt eftir að komast að því hvernig sé að vakna óþunnur á nýársdag og ekki bíða í fjóra tíma eftir leigubíl í fyrsta slagviðri ársins. Ó hvað ég á svo eftir að skemmta mér vel í leigubílaröðinni í fyrsta skítaveðri ársins 2008.

Ég að sjálfsögðu óska ykkur öllum gæfu á nýju ári og þakka ykkur kærlega fyrir að lesa mig. Munið svo að sá sem aldrei gerir mistök gerir aldrei neitt, svo lifið og njótið á nýju ári. Góð áramót.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090

NÚ FER KENNSLA EINNIG FRAM Í FOLDA-SKÓLA Í GRAFARVOGI

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁM-SKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.

SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

KRINGLU KRÁIN
SIXTIES
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Stúdentaleikhús kynnir „þú ert enginn Johnny Depp"
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÖÐRUVÍSI JÓLATÓNLEIKAR
Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt**, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

BAKKYNJUR eftir Evrípídes
4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt**, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00**, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00**, **kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00**, **kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt**.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU."
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Fors. Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS.
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Sólsetur á gamlársdag

Síðasta dag ársins efnir Listvinafélag Hallgrímskirkju að venju til tónleika skömmu eftir sólarlag þar sem árið er kvatt með söng og lúðrahljómi af Trompeteria-hópnum, Ásgeiri H. Steingrímssyni og Eiríki Erni Pálssyni trompetleikurum ásamt Herði Áskelssyni orgelleikara, en áralöng hefð er fyrir þessum áramótatónleikum fyrir fullu húsi.

Við upphaf 25. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju gengur Kristinn Sigmundsson, einn dáðasti einsöngvari þjóðarinnar, til liðs við Trompeteriu. Kristinn syngur þrjár aríur frá fyrri hluta 18. aldar, hinu glæsilega blómaskeiði barokksins. Tvær þeirra eru meðal þekktustu bassaaría óratóríubókmenntanna og allar eru samdar sem samspil söngvarans og einleikstrompets. Þetta eru aríurnar *Großer Herr, o starker König* úr Jólaóratóríu Bachs, *Wacht auf, ihr Adern und ihr Glieder* úr kantötu hans *Unser Mund sei voll Lachens* og arían *The Trumpet shall Sound* úr óratoríunni *Messías* eftir Händel. Strengjaleikarar leika með í aríum Kristins.

Að auki hljómar á tónleikunum *Rondeau* eftir Jean Joseph Mouret

TÓNLIST Kristinn Sigmundsson og tónlistarfólkið við æfingar í Hallgrímskirkju í vikunni FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sem starfaði við frönsku hirðina og óperuhús Parísar, *Tokkata í D-dúr* eftir Alessandro Scarlatti og hið kunna *Adagio í g-moll* eftir Tomaso Albinoni. Öll þekkt hátíðarverk.

Kristinn hefur sungið fjölda óperuhlutverka við helstu óperuhús Evrópu og Ameríku hin síðari ár; sungið með þekktum hljómsveitarstjórum, James Levine, Riccardo Muti, Bernard Haitink, Sir Colin Davis og fleirum; tekið þátt í erlendum óperu- og óratóríuhljóðritunum auk þess sem hann hefur hljóðritað tvo ljóðaflokka Schuberts, *Svanasöng* og *Vetrarferðina*, ásamt Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara. Samstarf hans við Hallgrímskirkju stendur á gamalli rót: Kristinn syngur á fyrstu jólahljómplötu Mótettukórs Hallgrímskirkju, *Ég held glaður jól* árið 1985.

Samstarf Ásgeirs, Eiríks Arnar og Harðar hófst árið 1993. Á síðasta ári komu þeir fram í hinum frægu tónleikasal Fílharmóníunnar í Pétursborg. Næsta ár verða þeir gestir á orgeltónlistarhátíð í Suður-Þýskalandi. Ásgeir og Eiríkur leika báðir með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að vera virkir í tónlistarlífinu almennt.

Eftir framhaldsnám var Hörður ráðinn organisti og kantor Hallgrímskirkju árið 1982 þar sem hann hefur starfað síðan. Hann stjórnar Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum og er listrænn stjórnandi Kirkjulistahátíðar og Sumarkvölds við orgelið. Hörður var borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002, hefur hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og tvisvar verið valinn tónlistarmaður ársins af DV. Þá hefur hann nýverið verið skipaður söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Hörður hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2006. **- pbb**

Sagan af Ágirnd frá 1952

Í dag kl. 14.40 verður Viðar Eggertsson leikstjóri með fléttuþátt á Gufunni um stuttmyndina Ágirnd frá 1952 og höfunda hennar, Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmann og Svölu Hannesdóttur leikkonu. Svala var ung leikkona og handritshöfundur og Óskar var þá einn þekktasti kvikmyndagerðarmaður þjóðarinnar. Hvort þeirra var höfundur myndarinnar Ágirndar sem hefur verið eignuð þeim báðum er ein helsta spurning sem Viðar veltir upp í þættinum.

Þátturinn hverfist um kvikmyndina og þá dramatísku viðburði sem urðu í lífi þessara tveggja listamanna þegar þau unnu að henni. Hún vakti talsverða athygli og er mörgum minnisstæð sem sáu. Sýningar voru stöðvaðar af lögreglunni og prestar fordæmdu hana úr predikunarstólum. Víða er leitað fanga í þætt-

ATRIÐI ÚR ÁGIRND Myndin er sérstök fyrir þau expressjónísku áhrif sem þar gætir, en þau komu líka fyrir í leiksýningum þessa tíma.

SVALA HANNESDÓTTIR Í hlutverki sínu í Ágirnd

inum og rætt er við nokkra þeirra sem komu að myndinni og eins þá sem þekktu Óskar og Svölu.

Stuttmyndin Ágirnd hefur verið þekkt um langt skeið, en konur í kvikmyndabransanum hafa veitt henni nokkra athygli hin síðari misseri og þaðan kom sú hugmynd hjá Viðari að kanna sögu myndarinnar og Svölu. Konur voru lengi framan af fáar í íslenskri kvikmyndagerð, þó nokkrar íslenskar konur sem fluttu vestur um haf störfuðu í Hollywood, karlar reyndar líka, bæði Bjarni Björnsson og teiknarinn Thorsson. Svala er eitt af fáum dæmum um konur sem höfðu frumkvæði í kvikmyndun hér á landi, þó Rigmor Hansson léti kvikmynda dansa sína 1930 og Sigríður Ármann væri kvikmynduð af Lofti Guðmundssyni 1947.

Svala var nemandi í leiklistarskóla Ævars Kvaran en hann og Óskar voru samstarfsmenn. Óskar var virkur á þessum áratug, hafði nýlokið við Björgunina við Látrabjarg 1949 sem er einstök heimildamynd og vanmetin í íslenskri menningarsögu. Hann gerði síðan leiknu myndina Nýtt hlutverk 1954.

Í dag geta menn svo heyrt söguna af leiklistarnemandanum Svölu Hannesdóttur og stuttmyndinni hennar. Myndin er raunar það eina sem til er af leik hennar – ferill hennar varð ekki lengri og hún steig aldrei á svið. **- pbb**

Norrænar myndir á Sundance

Nú er að skýrast hvaða norrænu myndir verða til skoðunar á hátíðinni í Sundance sem Robert Redford stofnaði til í Utah, en hún er að verða ein mikilvægasta kvikmyndahátíð vestanhafs. Hátíðin er haldin dagana 18. til 28. janúar. Þegar hefur Fréttablaðið greint frá að Dagur Kári verði þar í öndvegi í sérstakri deild um kvikmyndir í framleiðslu sem japanska ríkissjónvarpið stendur fyrir. Þar mun Dagur kynna næstu mynd sína, Good Heart, sem nýlega fékk góðan styrk frá Eurimages-sjóðnum og áætlað er að verði tekin á næsta ári í Oakland. Það er Zik Zak sem framleiðir.

Þá verður stuttmynd Ísoldar Uggadóttur, Góður gestur, sýnd á Sundance. Danir og Norðmenn eru líka glaðir yfir sínum hlut í Utah: fjórar danskar myndir og tvær norskar keppa á Sundance. Þangað fara tvær danskar verðlaunamyndir frá heimildamyndahátíð-

ÍSOLD UGGADÓTTIR Stuttmynd hennar verður sýnd á Sundance-hátíðinni.

inni í Amsterdam, Klaustrið eftir Pernille Rose Grønkjær og Óvinir hamingjunnar eftir Eva Mulvat.

Þær keppa í flokknum heimsmyndir heimildamynda. Klaustrið vann Joris Ivens-verðlaunin í Amsterdam og segir frá trúuðum öldungi sem á gamla höll sem hann vill gera að hæli fyrir rússneskar nunnur. Óvinirnir vann Silfur-úlfinn í Amsterdam og segur af frambjóðanda til þings í Afganistan. Þær keppa við fjórtán aðrar myndir og þeirra á meðal er tékknesk/norsk mynd, Á bláþræði, sem lýsir munaðarlausum börnum í Kína sem eru í þjálfun við að ganga á kaðli samkvæmt fornri hefð Uyghur en það er múslímskur minnihlutaflokkur.

Norska leikna myndin Reprice er lögð fram til Óskars fyrir Norðmenn og verður kynnt á Sundance. Leikstjóri er Joakim Trier. Danska leikna myndin Offscreen er sýnd í flokknum Nýjar lendur. Leikstjóri er Christoffer Boe. Þá er stuttmyndin danska, Sophie, eftir Birgitte Stærmose í stuttmyndakeppninni ásam Goðum gesti Ísoldar. **- pbb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

27 28 29 30 31 1 2

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 22.00 Hljómsveitirnar **Gavin Portland**, **Retron**, **Donna Mess** og **Johnny Sexual** halda tónleika í **Stúdentakjallaranum**.
- Hljómsveitin **Á móti sól** heldur tónleika ásamt smávöxnum Íslandsvini á **Broadway**.

SÝNINGAR

- 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.
- 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum Jóns Stefánssonar listmálara má sjá í sal 2 en hann var nemandi Matisse.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 11.00 **Rúna** (Sigrún Guðjónsdóttir) sýnir í **Hafnarborg**. Á sýningunni **Ofið úr þögninni** sýnir Rúna verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki, einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Á sama stað sýnir ljósmyndarinn **Spessi** verk sín á sýningunni **Locations** sem ber sama titil og væntanleg bók hans. Sýningunum lýkur í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Leitin að Maríu og öðrum stjörnum

Breska leikhúsbransablaðið Stage sem kemur út vikulega og heldur uppi öflugri vefsíðu tekur árlega saman lista yfir áhrifamestu menn í breskum leikhúsiðnaði: Þar situr í efstu sætum listans í ár kempan Andrew Lloyd Webber og félagi hans David Ian, í þriðja sætinu er framleiðandinn Cameron McIntosh.

Þetta þykir bresku pressunni fyndið en Webber og Ian urðu fjandvinir meðan þeir leituðu að stúlku í hlutverk Maríu í Sound of Music sem þeir eru að framleiða. Leitin fór fram í þáttaröðinni How Do You Solve a Problem like Maria? sem var vinsæl í Bretlandi í ár. Átta miljónir fylgdust með þegar óþekkt leikkona, Connie Fisher, fékk hlutverkið, en sýningin kemur á svið í september og mun stúlkan vinna við það næstu árin að syngja hin kunnu lög úr Sound of Music. Hafa þegar selst miðar fyrir 12 milljónir punda á sýninguna.

Webber var í þriðja sæti í fyrra en er nú kominn í fyrra form. Hann sat í efsta sæti fimm ár í röð: liðið ár var honum líka gott. Hann eignaðist öll leikhúsin sín aftur, setti Evitu á svið á ný og fór að vinna við söngleikinn sinn nýja sem byggir á sögunni frægu, Meistaranum og Margarítu eftir Mikhail Bulgakov.

Ian er uppgjafa leikari sem fór að framleiða sýningar 1990. Hann rekur stærsta event-fyrirtæki í heimi og setti í ár upp 35 milljóna dollara sviðsetningu á Óperudraugnum í Las Vegas – sem er reyndar eftir Webber. Það er talin dýrasta sviðsetning sögunnar á söngleik.

Þræta þeirra félaga jókst þegar í ljós kom að Ian var í viðræðum við NBC um að setja Grease á svið á Broadway án þess að láta Andrew vita. Þar verður sama leið farin: You're the One that I Want heitir sjónvarpsþáttaröð sem byggir á hugmyndinni um að leita að stjörnum í Grease. Systurþáttur verður gerður í Bretlandi af fyrirtæki Simons Cowell. Webber undirbýr samskonar þátt fyrir BBC þar sem leitað verður að manni í titilhlutverk Joseph and the Amazing Technicolor Dreamcoat sem Webber samdi líka.

Hundrað manna listi Stage birtist í dag og er langt í að þar verði ofarlega leikarar, leikstjórar eða leikskáld. **- pbb**

ANDREW LLOYD WEBBER Viðskiptajöfur og söngleikjatónskáld

Sögumenn þinga

Norræn sagnaráðstefna verður haldin 15. árið í röð í vor. Hún hefur verið haldin til skiptis í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Nú bætist Ísland í hópinn, með styrk frá Norræna menningarsjóðnum. Sjóðurinn veitti á dögunum 45.000 danskra króna til norrænnar sagnaráðstefnu sem haldin verður á Íslandi.

Norræna sagnahefðin byggir á sameiginlegum grunni. Sagnahefðina má rekja til ævafornra norrænna goðsagna, þjóðsagna og fornsagna. Sögurnar sem sagðar eru, lifa eigin lífi í þeim löndum sem þær eru sagðar í. Á ráðstefnunni verður unnið út frá því að Ísland verður nú hluti af norrænu sagnasamtökunum, sem urðu til eftir að Norðurlandaráð átti frumkvæði að því að skipuleggja norræna sagnaráðstefnu árið 1993 og var strax í upphafi styrkt af Norræna menningarsjóðnum.

Ráðstefnan verður haldin á Íslandi dagana 22. til 27. júlí og mun jafnt leikmönnum sem fagmönnum verða boðið til hennar. Fjöldi þekktra sagnamanna frá Norðurlöndum hefur þegar skráð þátttöku sína. Markmið ráðstefnunnar er að skipa Íslandi sess innan munnlegrar sagnahefðar sem hefur orðið til annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta mun Félag sagnaþula undir stjórn Sigurbjargar Karlsdóttur gera með þessari ráðstefnu, en reiknað er með að hún veki talsverða athygli.

EINAR KÁRASON
Góður sögumaður sé hann í stuði.

> Við mælum með
… lakkbeltum. Þessi glansandi belti flikka upp á fataskápinn og eru glimrandi fín í jólaboðin.

útlit

utlit@frettabladid.is

SMEKKURINN SARA RÍNA ANDRÍNUDÓTTIR NÁMSMAÐUR

Eyðir allt of litlu í föt á mánuði

Spáir þú mikið í tískuna?
Já. Ég kaupi fullt af tískublöðum og fer á ýmsar vefsíður og í búðir til að sjá hvað er í gangi.
Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?
Ódýrt er kúl, þar sem að ég er nú námsmaður.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?
L.A.M.B.-merkið hennar Gwen Stefani, Alexander McQueen, Tom Ford þegar hann var að hanna og Betsey Johnson.
Flottustu litirnir?
Appelsínugulur er í mestu uppáhaldi, en rauður og fjólublár líka.
Hverju ertu veikust fyrir?
Alls konar töskum. Ef ég þyrfti að velja á milli þess að kaupa skó eða tösku tek ég töskuna. Svo kaupi ég skóna seinna...
Hvaða flík keyptir þú þér síðast?
Tösku sem ég fékk í frekar strippara-legri búð í Kanada.
Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn?
Fallegan kjól, ég er einmitt á kjóla-veiðum núna.
Uppáhaldsverslun?
Ég verð eiginlega að segja Betsey Johnson í Toronto.
Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?
Allt of litlu.
Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?
Leðurjakkans míns og nýju töskunnar.
Hverjar eru þínar tískufyrirmyndir?
Gwen Stefani og Tom Ford verður líka að fá að fljóta með, þó að hann sé karlmaður.
Lýstu góðum verslunarleið-angri:
Þú labbar inn í búð og ætlast ekki til að finna neitt og svo rekstu á gullmola. Og átt pening til að kaupa gull-molann.
Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?
Ætli það sé ekki labrador-liti pelsinn minn. Hann er alveg ógeðslega ljótur. Ég er samt alveg í honum, en hann er svo stór að ég lít út eins og ljón.



MÓÐUR VIKUNNAR
Álfrún Pálsdóttir

Einstakt að vera einstakur

Það er ótrúlegt hvað það er alltaf gaman að fá einhverja flík sem er einstök. Með orðinu einstakt er ég að meina að eiga eitthvað sem enginn annar á. Það er til dæmis mjög góð tilfinning að finna flík í „second hand“-búð þar sem ekkert er eins og maður veit að fallegi kjóllinn eða skórnir eru þeir einu á landinu.

Ég fékk gullfallegan kjól um daginn og hluti af gleðinni við að fá þennan tiltekna kjól var það að hann var „one of a kind“ eða sá eini sem er til í heiminum. Þá fór ég að spá í hvort það að vera einstakur eða öðruvísi en allir hinir væri tískubóla eða hefur þetta alltaf tíðkast meðal manna? Ísland er lítið land og því líkurnar á því að hitta einhvern sem er í sama bol eða buxum og þú eru miklar.

Í gamla daga klæddust konur upphlut og peysufötum, allir eru þeir nú eins sniðnir fyrir utan mismunandi skraut og efni. Konur í þá daga voru ekki að reyna að vera einstakar enda auðvitað vöruúrvalið af skornum skammti. Ég held samt að það mundi auðvelda nútímakonunni lífið til muna ef bara væru tveir eða þrír búningar í fataskápnum. Einn fyrir hvert tilefni.

Þegar ég var í gaggó var í tísku að vera alveg eins og allir hinir. Maður var sko aldeilis litinn hornauga ef maður átti ekki tark-buxur, dúnkápu úr Morgan eða gömlu góðu buffalóskóna (sem margir bíða spenntir eftir að sjá koma aftur í tísku). Það var ákveðið element í mér og vinkonum mínum á yngri árum að þykjast vera tvíburar, hafa fyrir því að mæta í skólann í alveg eins fötum frá toppi til táar. Við þurftum líka alltaf að eiga alveg eins föt foreldrum okkar til mikils ama en þetta var eitthvað tímabil. Ég skil ekki alveg ennþá hvaða veiki þetta var.

Með árunum hefur þetta sem betur fer vaxið af manni og flestir hafa fundið sinn eigin stíl. Eftir að gelgjan og menntaskólarembingur-inn rennur sitt skeið þá fer maður að vita hvað fer manni og hvað ekki. Í hverju manni líður vel og hverju manni finnst alls ekki við hæfi að klæðast. Eitt er þó víst, að það vilja allir vera einstakir og því er sérstakt að klæðast einhverju sem, eins og maður sjálfur, er einstakt.

SILFUR Stuttur partíkjóll með víðu sniði frá Warehouse.

KEIPAR Þessi flotta hönnun frá Valentino klikkar ekki um áramótin.

SVARTUR Kjóll með víðu sniði og alsettur svörtum steinum frá Kúltúr.

HÁIR HÆLAR Þessir skór frá Bianco myndu fara vel við einlitan kjól.

Glitrandi áramót

Það er alltaf ákveðinn hausverkur að finna hið fullkomna áramóta-dress enda er kvöldið alltaf haldið hátíðlegt með partíum og öllu til-heyrandi. Það er eins og hugarfar-ið breytist aðeins fyrir þetta ákveðna kvöld og allar hömlur renna á braut með freyðandi kampavíni og fagnaðarlátum yfir nýju ári. Hinn svarti klassíski kjóll sem hentaði vel í jólaboðun-um fær að víkja fyrir einhverju glitrandi svo hægt sé að vera í stíl við flugeldana sem fylla himinn-inn þetta tímamótakvöld.

Það er auðvelt að ramba inn í eiginlega hvaða búð sem er til að finna áramótavæna flík enda hafa glimmer og glitsteinar einkennt vetrartískuna. Gull og silfur eru alltaf vinsælir litir um áramótin ásamt pallíettum og glimmer-skrauti. Nú er úrvalið svo mikið í búðunum að hægt er að finna fylgihluti og skó í stíl við kjólinn eða til að fríska upp á svarta kjól-inn.

Ekki brjóta heilann of mikið varðandi fötin og mitt ráð handa öllum er að flippa út þetta síðasta kvöld ársins 2006.

alfrun@frettabladid.is

SARAH JESSICA PARKER Er drottning kjólanna og er hér í flottum svörtum og glitrandi kjól.

KJÓLL Svartur kjóll með glimmerefni frá Spúútnik.

VÍNRAUÐUR Ermalaus kjóll með stóru pilsi og tjulli undir frá Kúltúr.

SÆTUR Svartur ermalaus kjóll með tjulli yfir pils-inu frá Gallerí 17.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUCCI Glit frá toppi til táar frá þessu vin-sæla hátískumerki.

Klæðir sig kvenlega

Söngkonan sívinsæla Beyonce Knowles er vel þekkt í tónlistarheiminum sem og tískuheiminum enda keppast allir hönnuðir um að fá hana til að ganga í fötum úr tískuhúsum þeirra. Beyonce er þekkt fyrir kvenlegan vöxt sinn en sá vöxtur er annar en þekkist á tískupöllunum þar sem fatnaðurinn hangir á fyrirsætunum. Beyonce er stolt af líkama sínum og hikar ekki við að sýna línurnar. Hún er oftast í síðum kjólum sem draga fram mittið á henni og ýkja allar línur til muna. Hönnuðurinn Valentino er í miklu uppáhaldi hjá söngkonunni og fylla silkikjólar hans fataskáp hennar.

Beyonce er kona sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar í klæðaburði enda kann hún að draga fram það besta hjá sér með fatavali sínu. - áp

FLEGINN Beyonce kann að klæða sig eftir vexti og hér er hún í fallega sniðnum svörtum kjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

VALENTINO Hér er Beyonce í ljósbláum silkikjól frá uppáhaldshönnuði sínum.

TÖFFARI Hér sést söngkonan í stuttum kjól með svart/hvítu munstri og rauða grifflu á hendinni.

GULUR Þessi litur fer brúnu hörundi Beyonce vel og sniðið á kjólnum dregur fram kvenlegar línur söngkonunnar.

OFURMJÓAR FYRIRSÆTUR BANNAÐAR Í Mílanó hefur verið ákveðið að banna fyrirsætur sem uppfylla ekki þyngdarskilyrðin á hinum svokallaða BMI skala. Þessi mynd af fyrirsætu frá tískuvikunni í Madríd í fyrra hefur vakið mikla athygli enda fyrirsætan óhugnanlega grönn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Mílanó bannar mjónur

Nú hefur ein stærsta tískuborgin í heiminum, Mílanó, slegist í hópinn í baráttunni gegn átröskun og útlitsdýrkun. Stjórnendur tískuvikunnar Camera Nazionale Della Moda Italiana, hafa ákveðið að banna öllum fyrirsætum sem eru undir kjörþyngd á hinum svokallaða BMI-skala að taka þátt í sýningunum og tískuvikunni í heild sinni. Þeir fylgja því í fótspor nágranna sinna í Madríd sem riðu á vaðið með þessar reglur í haust.

Umræðan um þyngd fyrirsætna hefur verið mjög heit upp á síðkastið og hafa meðal annars hönnuðir á borð við Karl Lagerfeld og Diane Von Furstenberg stutt þessar reglur heilshugar.

Á þessu ári hafa þrjár vinsælar fyrirsætur á tvítugsaldri dáið úr átröskunarsjúkdómum og urðu dauðföllin kveikjan að þessari umræðu sem hefur þó verið viðloðandi tískuheiminn.

Spekingar telja að fyrst í Mílanó sé búið að banna of mjóar fyrirsætur á tískupöllunum sé ekki langt í að þessar reglur verði settar á öllum tískuvikum í heiminum. - áp

allt atvinna
Alla sunnudaga

Súperform á sex vikum!

Námskeiðið Súperform á sex vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

Ef þú vilt:
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Bæta hormónajafnvægið
- Auka andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitingu
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Tímar 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Nýtt námskeið hefst 8. janúar nk.
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

NORDICASPA

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Aðdáendur Britneyjar Spears hverfa

Söngkonan Britney Spears á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir því nú hefur ein stærsta aðdáendasíða henni til heiðurs ákveðið að hætta allri starfsemi. Ritstjóri og umsjónarmaður WorldofBritney.com, Ruben Gray, lýsti þessu yfir við fjölmiðla í gær og sagði að poppprinsessan hefði misst sjónar á því sem hún stóð eitt sinn fyrir. „Britney hefur glatað sjálfsmyndinni og trúverðugleikanum gagnvart aðdáendum sínum," sagði Gray. „Heimasíðan hefur því sagt sitt síðasta orð, ekki vegna þess að ég hafi ekki tíma fyrir hana heldur af þeirri einföldu ástæðu að Britney Spears er búin að vera í mínum augum," bætti Gray við.

Samkvæmt götublaðinu The Sun virðast aðdáendur Britneyjar Spears vera að snúa baki við átrúnaðargoði sínu en hegðun hennar þykir ekki sæma tveggja barna móður. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar Spears á bloggsíðu sinni um að hún hygðist taka sér tak er ekkert lát á fréttum um ósiðlegan klæðnað hennar á opinberum stöðum en Spears virðist vera farin að leggja það í vana sinn að fara út á lífið án undirfata.

SÖNGKONA Í VANDRÆÐUM Stjarna Britneyjar Spears virðist hrapa nokkuð hratt um þessar mundir og aðdáendur hennar hafa margir hverjir snúið við henni baki.

FÓLKIÐ SEM GERÐI 2006 ÓGLEYMANLEGT

Árið 2006 var um margt eftirminnilegt. Örfá atvik og gjörðir landans standa þó upp úr. Fréttablaðið tók saman lista yfir fólkið sem gerði árið ógleymanlegt.

Gullkálfur ársins

MAGNI ÁSGEIRSSON

Þeir sem allt þykjast vita um refilstigu tónlistar supu hveljur þegar spurðist að annarrar deildar sveitaballapoppari hefði komist áfram í Rock Star þáttunum. Hvað myndu hinir „ofursvölu" LA–rokkarar halda um Ísland. En allt fór á annan veg. Magni ekki bara sló í gegn og sveitaballabransinn hlaut verðskuldaða uppreisn æru og Magni bjargaði í leiðinni Skjá einum og rakaði saman seðlum fyrir Símann í formi SMS-skeyta.

Uppreisnarmenn ársins

NYLON-FLOKKURINN

Bubbi „eat your heart out". Arftakarnir koma úr óvæntri átt sannast sagna. Nylonstelpurnar eru einu poppararnir sem mótmæltu hvalveiðum af einhverju viti með því að hætta við útgáfu plötu sinnar á Bretlandseyjum í kjölfari þess að Einar K. leyfði Kristjáni Loftssyni vini sínum að fara á ryðkláfi út á Ballarhaf og skutla nokkrar langreyðar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Grái fiðringur ársins

BUBBI MORTHENS

Einlægni Bubba hefur meðal annars gert hann að því sem hann er. Þjóðin elskar hann fyrir að segja hlutina eins og þeir eru. Grái fiðringurinn er staðreynd og Bubbi fer ekki í felur með það. Þess vegna tók þjóðin af heilum hug þátt í fimmtugsafmælisveislu sem Glitnir og Vodafone héldu goðinu sem kórónaði gott ár með því að bjóða nýjum tengdapabba sínum, árinu eldri, til veislu.

Hjón ársins

JÓI OG GUGGA

Sýndu og sönnuðu að ástin sigrar. Þeim er að þakka að Jói í Kompás er sjónvarpsmaður ársins. Og broddborgurum landsins þykir vænna um mjúk rúm sín vitandi af því að til er það hlutskipti að vera á götunni.

AA-maður ársins

EYÞÓR ARNALDS

Skrautleg ökuferð Eyþórs, þegar hann keyrði á staur og reynda að ljúga sig út úr því máli varð fréttamatur á árinu. „Hér er staur, en það er allt í lagi því ég er he-he-hermaur," mun Eyþór hafa sagt þegar hann klessti á staurinn. En batnandi mönnum er best að lifa og Eyþór fór í meðferð, þó hann ætti ekki við neitt sérstakt áfengisvandamál að stríða, sem gerir hann að AA-manni ársins.

Fagurkerar ársins

ÁSGEIR KOLBEINS OG ARNAR GAUTI

Smekkur þeirra og skynbragð á það sem er „flott" og „kúl" og „inn" er óbrigðull. En hugsanlega ofmátu þessir elskuðu og dáðu og virtu fjölmiðlamenn stöðu sína þegar þeir flögguðu yfirlýsingum á borð við „ógeð" og „viðbjóður" um ástand venjulegrar íbúðar Ásgeirs fyrir breytingar í Innlit/útlit. Ummælin ollu miklu fjaðrafoki. Margir spurðu sig hvernig talsmáti þeirra félaga væri eiginlega þegar ekki væri kveikt á myndavélunum.

Baráttumaður ársins

ÓLI GEIR JÓNSSON

Eyddi hálfu árinu í að berjast fyrir að endurheimta titilinn Herra Ísland eftir að Elín Gestsdóttir svipti hann honum með fruntalegum hætti. Svo má aftur um það deila hvort þarna hafi verið til mikils að vinna.

Tónleikahaldari ársins

SAMÚEL KRISTJÁNSSON

Ber ábyrgð á því að ofurfallegir jólatónleikar með þekktum söngdívum breyttust í martröð þar sem ríkti brjálað umferðaröngþveiti – skipulagsslys. Sem varð til þess að fagur jólasöngur féll í skuggann sem er skaði.

Gyðja ársins

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR

Þrátt fyrir sigra og velgengni á árinu stendur það upp úr þegar hún flaug á hausinn á Broadway eins og belja á svelli. En þó svo að þar hafi þeir sem hafa ekkert allt of þróaðan húmor fengið sitthvað fyrir sinn snúð, þá hélt hún reisn sinni og steig á fætur jafn gullfalleg og alltaf. Og „kikkstartaði" glanstímariti Reynis Traustasonar sem reyndi þar án árangurs að binda endi á fjölmiðlaþátttöku hennar. Sem er galin hugmynd.

Pólitíkus ársins

ÁRNI JOHNSEN

Sýndi og sannaði að hann hefur engu gleymt með ummælum sínum um „tæknileg mistök". En Árni þekkir sína þjóð betur en nokkur annar. Á það hefur verið bent oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að þó þjóðin sé refsiglöð, og þar með sé fyrirgefningin ekki endilega ofarlega á blaði, þá hafa kjósendur minni á við gúbbífiska.

BT

32" LCD veggsjónvarp

32"

- HD ready -Fyrir framtíðina
- 3D comb Filter
- 8ms svartími -Fyrir sportið
- Stafrænt HDMI
- PC tengi -Fyrir tölvuna
- Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd

*9.999.-

Vinsælasta tækið

FYLGIR

Veggfesting fylgir að verðmæti 13.999

VISA 4.572	MasterCard VISA 9.999	119.988
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	*Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

HEIMABÍÓ

Panasonic

330W RMS

SCHT340
Panasonic Heimabíó 340
Fjölkerfa
Magnari 330W RMS
Útvarp FM/AM
Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S-VCD/JEPG/MP3
DVD-Audio, MP4, DivX6
Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
5 hátalarar + Bassahátalari
Fjarstýring

Gæði og hljómur þurfa ekki að taka mikið pláss. Panasonic kerfi með mp3 og DivX stuðningi sem fyllir stofuna hljómi



MasterCard VISA 2.499	29.988
Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

HEIMABÍÓ

SONY

DAV-DZ410
Sony heimabíókerfi
EISA verðlauna S-Master magnari 850W
Super Audio CD, MP3 og DivX afspilun
DCAC (Digital Cinema Auto Calibration)

FYLGIR

MasterCard VISA 5.499	65.988
Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

Sjálfvirk fínstilling á hljómi

32" SONY BRAVIA LCD VEGGSJÓNVARP

32"

- HD ready -Fyrir framtíðina
- 3D comb Filter
- 8ms svartími -Fyrir sportið
- Stafrænt HDMI
- PC tengi -Fyrir tölvuna
- Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd

*10.999.-

SONY

KDL32U2000
32" Sony BRAVIA LCD veggsjónvarp
Upplausn: 1366x768 HD ready

FYLGIR

Veggfesting fylgir að verðmæti 13.999

VISA 4.520	MasterCard VISA 10.999	131.988
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	*Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

Spike gerir mynd um Brown

Leikstjórinn Spike Lee mun leikstýra kvikmynd um ævi tónlistarmannsins James Brown, en eins og kunnugt er þá lést Brown á jóladag. Það er kvikmyndafyrirtækið Paramount sem framleiðir kvikmyndina og mun ofurframleiðandinn Brian Grazer sitja í stafni. „Ég þekkti hann vel og eyddi miklum tíma með honum. Það kemur mér ekki á óvart að hann hafi dáið á jóladag, því hann var stjarna og stjörnur yfirgefa heiminn með þessum hætti," segir Grazer. Skömmu fyrir andlát sitt hafði James Brown unnið náið með Grazer að gerð myndarinnar en þeir eyddum miklum tíma saman við að skrásetja atburði úr lífi hans og rannsaka aðra hluti tengda lífshlaupi fönkmeistarans. Þá hafði Brown gefið Grazer fullt leyfi til þess að nota alla tónlist eftir sig í kvikmyndinni. Tökur eiga að hefjast árið 2008, en Spike Lee hefur í mörgu að snúast þangað til. Meðal annars hefur verið rætt um að gera framhald af kvikmyndinni Inside Man sem kom út á árinu, en hún hlaut ekki aðeins frábæra dóma, heldur einnig mikla aðsókn. Enn hefur ekki verið ákveðið hvaða leikari fær að túlka Brown á hvíta tjaldinu, en nefndir hafa verið Eddie Murphy, André 3000, Terrence Howard, Jamie Foxx og Taye Diggs. **- hal**

JAMES BROWN Lést á jóladag.

SPIKE LEE Gerir kvikmynd um lífshlaup fönkmeistarans.

Spor í allar áttir

Í Kaldri slóð segir frá blaðamanninum Baldri sem vinnur á hinu refjalausa Síðdegisblaði. Þegar fréttir berast af dauða öryggisvarðar í virkjun úti á landi trúir móðir Baldurs honum fyrir því að hinn látni er faðir hans. Þrátt fyrir sviplegan dauðdaga öryggisvarðarins sér lögreglan ekki ástæðu til að aðhafast frekar og Baldur ákveður því að rannsaka málið upp á eigin spýtur og ræður sig í vinnu í virkjuninni. Þar kynnist hann Freyju sem býr á bæ í grenndinni og sér starfsmönnum virkjunarinnar fyrir vistum. Baldur kemst hins vegar fljótlega að því að vinnufélagarnir eru lítt hrifnir af snuðrinu í honum, enda lóna aðrir og eldri glæpir í bakgrunni, og þeir eru reiðubúnir að leggja mikið í sölurnar til að losa sig við hann.

Góðir sprettir

Köld slóð hefur margt til brunns að bera og fléttan er snjöll í grunninn. Björn Brynjúlfur Björnsson á að baki langan feril í auglýsingagerð og kemur því ekki á óvart að útlit myndarinnar er til fyrirmyndar; kaldranaleg virkjunin er sérstaklega vel heppnað umhverfi fyrir spennumynd og býður upp á fjölmarga möguleika (í raun mesta furða að ekki hafi verið gerð mynd þar áður). Þá er reyfarinn heppilegur vettvangur til samfélagsrýni og virkjunin þjónar líka þeim tilgangi að sagan kallast á við samtíma sinn. Hér er sumsé uppskrift að trylli sem lofar góðu.

Illu heilli hefði úrvinnslan mátt vera betri. Atburðarásin er brokkgeng og heldur ekki alltaf dampi en til að bæta það upp er gripið til brellna á borð hraðar klippingar og yfirdrifna tónlist við minnstu tilefni (tónlistin er reyndar einn helsti ljóður myndarinnar, stuðandi frá fyrsta atriði). Þegar á líður skellir Björn Brynjúlfur hins vegar á skeið og nær býsna góðum spretti, sem sýnir að með þéttara handriti og meiri keyrslu hefði Köld slóð getað orðið hörku aksjón.

Grunnar persónur

Persónur eru fáar en rista aftur á móti fæstar djúpt. Baldur er hrjáður maður og eirðarlaus í föðurleysi sínu, finnur fró í að gilja konur sem hann getur þó ekki tengst tryggðaböndum og skutlar móður sinni í tangó. Þröstur Leó Gunnarsson skilar rullunni hins vegar af stakri fagmennsku, er eðlilegur og tilgerðarlaus, meira að segja í undarlegum senum borð við baðferðina á hálendinu, sem kom eins og skrattinn úr sauðarleggnum.

Það er lítil stígandi í samskiptum Baldurs og vinnufélaganna – þeir hafa ímugust á honum frá fyrstu stundu og þar við situr. Aldrei hef ég séð Helga Björnsson jafn yggldan á brún en hann sýnir að hann getur brugðið sér í hvaða kvikinda líki svo vel er. Tómas Lemarquis er skemmtilega kærulaus í hlutverki Sigga en hefði að ósekju mátt spila hann vitgrannari (hann skartar auk þess skrýtinni hárkollu sem stórfurðulegt gervinef Hilmis Snæs Guðnasonar stelur reyndar allri athygli frá). Elva Ósk er traust að vanda sem og Hjalti Rögnvaldsson, þótt umskiptin hefðu þolað meiri öfga. Aníta Briem er sæt í litlu hlutverki sem krefst ekki mikils meira. Leikhópurinn líður hins vegar allur fyrir að sitja uppi með texta sem er oft á tíðum stirðbusalegur.

Ótraust jarðtenging

Flétta myndarinnar lofar góðu framan af en er kannski helst til hefðbundin, allt er eftir bókinni og villuljósin á sínum stað, og fyrir vikið verður sagan fyrirsjáanleg á köflum. Þá er sveitarómantík ættuð frá fyrri hluta 20. aldar full fyrirferðarmikil fyrir þann sem þetta skrifar, (laskaða og lúna borgarbarnið finnur frið og ást í sveitinni) en það er svo sem smekksatriði. Málalyktir eru helst til farsælar miðað við það sem á undan er gengið en eru þó sýnu skárri en þegar töfraraunsæið yfirnáttúrulega fer að spila stóra rullu. Glæpasagan þarf að halda sig á jörðinni.

Bergsteinn Sigurðsson

KVIKMYNDIR

Köld slóð

Leikstjóri: Björn Brynúlfur Björnsson
Aðalhlutverk: Þröstur Leó Gunnarsson, Elva Ósk Ólafsdóttir, Helgi Björnsson og Hjalti Rögnvaldsson.

★★

Faglega unnin og útlit til fyrirmyndar sem bætir þó ekki upp fyrir brokkgenga og alltof oft ótrúverðuga atburðarás.

- Sýningartímar 30. DES. -

SAMBÍÓIN

Háskólabíó





Háskólabíó					
KÖLD SLÓÐ	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.i.12	NATIVITY STORY	kl. 3:50	Leyfð
THE CHILDREN OF MEN	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30	B.i.16	SANTA CLAUSE 3	kl. 3:40	Leyfð
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30	B.i. 16	BOSS OF IT ALL	kl. 8	B.i.7
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl. 2:30 - 4:45	Leyfð	SKOLAÐ Í BU... Ísl tal	kl. 2:30	Leyfð
DÉJÁ VU	kl. 10:30	B.i. 12			

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA					
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 2 - 5 - 8 - 10:50	B.i.16	THE DEPARTED	kl. 8	B.i. 16
FLAGS OF OUR FATHERS VIP	kl. 8 - 10:50		DOA	kl. 6	B.i.12
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B.i.16	SAW 3	kl. 10:50	B.i.16
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal.	kl.1 - 3:20 - 5:40	Leyfð	SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal	kl. 1:20 - 3:30	Leyfð
FRÁIR FÆTUR VIP	kl. 1 - 3:20 - 5:40		SANTA CLAUSE 3	kl. 1:20 - 3:30	Leyfð
HAPPY FEET M/-Ensk tal	kl. 5:40 - 8 - 10:20	Leyfð	JÓNAS M/- Ísl tal.	kl. 2	Leyfð
DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:50	B.i.12	BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal	kl. 4	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI			
THE CHILDREN OF MEN	kl. 8:10 - 10:30	B.i.16	
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 1:20 - 3:40 - 5:30 - 6	Leyfð	DIGITAL
HAPPY FEET M/-Ensk tal	kl. 3:20 - 5:30	Leyfð	DIGITAL
SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð	DIGITAL
DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30	B.i.12	DIGITAL
THE HOLIDAY	kl. 8 - 10:40	B.i.7	
BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal	kl. 2	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK		
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30	B.i. 16
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 3 - 5:30	Leyfð
ERAGON	kl. 3 - 5:30 - 8	B.i. 12
DÉJÁVU	kl. 10:10	B.i. 12

SAMBÍÓIN / AKUREYRI		
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30	B.i. 16
HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 4 - 6	Leyfð
FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30	B.i. 12
SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal	kl. 2	Leyfð

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

ÞÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR Ásgeir Eyþórsson, Þórhildur Ólafsdóttir og Ævar Örn Jósepsson verða Á síðustu stundu á Café Victor á Rás 2 á morgun.

Rás 2 á Café Victor

Rás 2 sendir út áramótaþáttinn Á síðustu stundu frá Café Victor milli 13 og 16 á gamlársdag. Þau Ásgeir Eyþórsson, Þórhildur Ólafsdóttir og Ævar Örn Jósepsson munu fara yfir mál líðandi árs, rifja upp menningar- og listviðburði og íþróttaafrek Íslendinga. Forystumenn stjórnmálaflokkanna eru einnig væntanlegir á Café Victor en í þættinum verður því líka ljóstrað upp hvern hlustendur Rásar 2 kusu mann ársins.

Tónlistaratriði verða heldur ekki í lakari kantinum því Bogomil Font og Flís munu troða upp og Radíusbræður kíkja einnig í heimsókn á Café Victor.

Trilljón dala kærumál

RIAA, samtök tónlistariðnaðarins í Bandaríkjunum, hafa kært rússneska niðurhalssíðu, www.AllOfMp3.com, og krefjast einnar trilljónar bandaríkjadala, eða liðlega 71 þúsund milljarða íslenskra króna. Heimasíðan, sem hefur verið sökuð um að vera stærsta sjóræningjaveldi netheima, gerir fólki kleift að hala niður tónlist fyrir lága upphæð, án þess að tónlistarmenn fái nokkuð fyrir sinn snúð.

Samkvæmt RIAA hafa notendur síðunnar halað niður 11 milljón lögum á fimm mánaða tímabili, en áskrifendur eru um fimm og hálf milljón talsins og fjölgar um fimm þúsund á hverjum degi.

Deilan um síðuna hefur orðið að milliríkjadeilu og hefur verið ein helsta fyrirstaða þess að Rússland fái inngöngu í Alþjóðaviðskiptastofnunina. - sgj

KIKI-OW OG CURVER Lofa æðislegri 90's veislu á Nasa.

DJ SUSY OG ELVIS Halda nóttinni ungri á Óliver.

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS Spilar á Broadway og munu eflaust taka alla helstu slagarana.

TJÚTTAÐ INN Í NÝJA ÁRIÐ

Skaupið er búið, áramótaávarp forsætisráðherra líka, allar 12 bomburnar eru sprungnar. Það er ekkert eftir nema að tjútta. Og miðbærinn býður upp á nóg af skemmtilegum áramótapartíum á gamlárskvöld.

Á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll verður nóg fjör í gangi. Þar standa þau DJ Curver og DJ Kiki-OW fyrir 90's partíi, en þau hafa haldið svipuð teiti við góðar undirtektir í allt sumar. Á boðstólnum verður ekkert nema heitasta tónlist tíunda áratugarins, flott ljósasýning og skemmtilegt fólk. Til þess að passa nógu vel í þema kvöldins er fólki ráðlagt að mæta í góðum smekkbuxum eða öðru hallæri sem það klæddist á tímabilinu 1991 - 1996. Það kostar litlar 2.500 krónur inn, húsið opnar klukkan eitt eftir miðnætti og gleðin stendur fram á rauða nótt.

Glamúr og glimmer

Á skemmtistaðnum Óliver verður allt brjálað eins og fyrri daginn. Þar er hægt að panta sér borð sem kostar litlar 30 þúsund krónur. En innfalið í verðinu er miði inn á gleðina, lítri af sterku áfengi, kampavín og síðast en ekki síst áramótagrímur og -hattar. Ef fólk hefur ekki áhuga eða efni á þessum lúxusborðum er hægt að kaupa sér miða við hurðina á 2.500 krónur. Húsið opnar klukkan 00:45 og verður opið svo lengi sem það er stuð í fólki. DJ Susy og Elvis sjá um að halda því gangandi.

Massíft fjör á Broadway

Á Broadway verður nóg fjör í gangi en það spilar Sálin hans Jóns míns á stóra sviðinu. Í hliðarherbergjum verða plötusnúðarnir Addi Exos, Grétar G, DJ Björn Þór og DJ Víkingur. Kostar 2.500 krónur inn. Á Pravda verður einnig heljarinnar partí í boði Pose.is, en þar spila plötusnúðarnir Áki Pain og DJ Paranoya. Aðeins er hægt að nálgast miða í forsölu, þeir kosta 2.000 krónur.

Electo og hiphop

Á Barnum spilar hinn eini sanni DJ Skeletor af sinni alkunnu snilld, en hann mun aðeins spila electro-tónlist. Góður trans alveg fram á morgun og er fólki ráðlagt að mæta fyrr heldur en seinna, vegna þess að raðir gætu myndast. Á Prikinu verður útvarpsþátturinn Blautt malbik með áramótagleði sína, en þeir Erpur Eyvindsson, Ágúst Bent Rottweilerhundur og Sesar A verða útvarpsmönnum til dyggrar aðstoðar. Danni Deluxe verður á græjunum og allt gæti orðið vitlaust. Frítt inn.

SNOOP DOGG Á yngsta aðdáanda í heimi.

Eins árs aðdáandi

Rapparinn Snoop Dogg á aðdáendur um allan heim, en nú getur hann stært sig af því að eiga eflaust yngsta aðdáanda í heimi. Snoop var staddur á bensínstöð um daginn, þegar ung móðir gaf sig á tal við hann og sagði honum að sonur sinn væri hans helsti aðdáandi. „Ég var bara að kaupa bensín og allt í einu heldur móðirin á ungabarni, sýnir mér það og barnið benti á mig og sagði „Snoop Dogg". Þetta var það ótrúlegasta sem ég hef lent í, barnið var ekki eldra en níu mánaða," segir Snoop Dogg, sem er þekktur fyrir allt annað barngæsku.

JOHNNY DEPP Leikarinn, sem hefur farið með hlutverk þó nokkurra sérvitringa í gegnum tíðina, segir fólk eiga að taka sérkennum sínum fagnandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Sæll að vera skrýtinn

Leikarinn Johnny Depp er hæstánægður með að vera álitinn skrýtinn. Leikarinn hefur tekið að sér hlutverk nokkurra sérvitringa á undanförnum árum, og meðal annars farið á kostum sem Jack Sparrow í Pirates of the Caribbean og Willy Wonka í Kalla og sælgætisgerðinni. Hann segir fólk eiga að taka sérkennum sínum fagnandi í stað þess að skammast sín fyrir þau. Depp segir jafnframt alla vera sérvitra, og að fólk geri sjálfu sér engan greiða með því að leyfa sér ekki að vera eins og það er í raun af ótta við viðbrögð annarra.

> Tveir leikir verða í körfuboltanum í dag

Í dag klukkan fjögur verða tveir leikir í Iceland Express-deild karla í körfuknattleik. Í Njarðvík taka Íslandsmeistararnir á móti Þór Þorlákshöfn og í Stykkishólmi eigast við Snæfell og Keflavík. Mikil spenna er í deildinni og hefur myndast mikill pakki í efri og neðri hlutanum. Með sigri í Stykkishólmi í dag jafna Keflvíkingar Snæfellinga að stigum.

sport

sport@frettabladid.is

JÓNATAN ÞÓR MAGNÚSSON: HEFUR ÁTT VIÐ MEIÐSLI AÐ STRÍÐA UNDANFARNAR VIKUR OG REYNIR AÐ FÁ SIG LAUSAN

Ég er enn með samning við franska liðið

Handboltamaðurinn Jónatan Magnússon hefur átt við meiðsli að stríða undanfarnar vikur og er þessa dagana að reyna að fá sig lausan frá franska liðinu St. Raphael. Fréttin sem birt var í gær um að Jónatan væri búinn að rifta samningi sínum við félagið fór eins og eldur um sinu en það segir Jónatan að sé einfaldlega ekki rétt.

„Ég kom heim af því að konan mín er veik og við vorum að eignast barn og ég mun ekki spila handbolta í Frakklandi eftir áramót. Ég er hins vegar hvorki búinn að gera samning við Akureyri né losa mig undan samningi við franska liðið," sagði Jónatan en hann eignaðist son fyrr í mánuðinum.

„Þegar Frakkarnir frétta það að ég sé kominn í nýtt lið þá koma þeir auðvitað af fjöllum. Ég er að reyna að losa mig undan samningi og það tekur bara tíma. Ástæðan er ekki sú að ég sé að fara í Akureyri, af því að það er mjög líklegt að ég sé ekkert að fara að spila vegna meiðsla," sagði Jónatan.

„Ég vil losna af því að við treystum okkur ekki með nýfætt barn og hana veika út og einhverjar fregnir af félagaskiptum án vitundar franska liðsins eru ekki góðar. Það er heldur ekki raunin."

Í umræddri frétt kom einnig fram að ástæðan fyrir því að Jónatan vildi fara frá St. Raphael væri óánægja með dvölina í Frakklandi en það segir Jónatan að sé heldur ekki satt. „Þetta var mjög fínt handboltalega og allt það. Við erum að koma heim út af persónulegum ástæðum, alls ekki af því að okkur líkaði ekki veran þarna úti."

„St. Raphael gerir sér alveg grein fyrir því að það er engum í hag að fá mig einan út, með veika konu og pínulítið barn heima á Íslandi og sem betur fer skildu þeir það. Annað var ekkert rætt. Það var ekki rætt um riftun á samningi og hvað þá að það hafi verið rætt um að skrifa undir einhver félagaskipti. Ég er einfaldlega bara heima núna út af persónulegum ástæðum," sagði Jónatan en hann útilokaði ekki að spila fyrir Akureyri eftir áramót ef hann jafnar sig af meiðslum og nær samkomulagi við St. Raphael um samningslok.

PARDEW Tók Rúrik á eintal og sagði vera mikinn bónus að hafa hann hjá Charlton. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rúrik Gíslason:

Bíður rólegur

FÓTBOLTI Hinn átján ára gamli Rúrik Gíslason er ekki í sextán manna hópi Charlton sem mætir Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni í dag. Alan Pardew, sem nýtekinn er við Charlton, hefur þó rætt við Rúrik sem er undir smásjá spænska stórliðsins Valencia og gæti farið þangað að láni í janúar.

„Pardew talaði við mig og sagði mér að ég væri næsti framherji inn, ef einhver til dæmis meiðist. Hann sagði að það væri mikill bónus að hafa mig að það væri aldrei að vita hvað myndi gerast," sagði Rúrik, sem er ekkert að stressa sig á hlutunum.

„Ég ætla að sanna mig fyrir Pardew og leyfa verkunum að tala. Ég einbeiti mér því að Charlton núna en hvað gerist í janúar kemur bara í ljós," sagði Rúrik sem útilokar enn ekki að fara til Valencia að láni í janúar. **- hþh**

Varnarleikurinn skilaði ÍR-ingum sigri

ÍR-ingar fengu mikilvæg stig í Iceland-Express deild karla í körfubolta í gær þegar þeir lögðu Skallagrímsmenn 95-82 í Seljaskóla. Góður varnarleikur skilaði Breiðhyltingum sigri á Borgnesingum.

KÖRFUBOLTI Borgnesingar voru á toppi deildarinnar fyrir leikinn en ÍR-ingar hafa verið í töluverðu basli. Þeir unnu sér því inn mikilvæg stig í baráttunni og ætti þessi sigur að veita þeim aukið sjálfstraust.

„Þetta var góður sigur og við spiluðum vel saman sem lið. Okkur gekk erfiðlega með varnarleikinn í fyrri hálfleiknum og þeir skoruðu grimmt á okkur en þá gerðum við breytingar fyrir seinni hálfleikinn og það virkaði mjög vel. Við náðum að halda þeim í 32 stigum í seinni hálfleik eftir að við yfirdekkuðum og tvöfölduðum meira," sagði Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR, eftir leikinn.

„Við höfum verið að spila ágætlega í sókn en það var varnarleikurinn sem skilaði þessum sigri. Hann hefur verið vandamál hjá okkur en vonandi höfum við komist yfir það. Ég ætla rétt að vona að þessi leikur gefi okkur meira sjálfstraust enda vorum við að leggja sterkt lið að velli. Við mætum þeim í bikarnum 9. janúar og tökum þá aftur þá."

Jón Arnar tók við liðinu ekki alls fyrir löngu. „Mér líst bara vel á þetta lið, þetta eru efnilegir strákar og mjög áhugasamir. Ég held að það sé ekki spurning að það er hægt að gera betur en árangurinn hefur verið í fyrri hluta mótsins," sagði Jón.

Leikurinn í gær var mjög hraður og skemmtilegur en munurinn milli liðanna var aldrei mikill. Gestirnir voru skrefinu á undan stærsta hluta fyrri hálfleiks og í hálfleiknum höfðu þeir fjögurra stiga forskot. Breiðhyltingar spýttu í lófana í seinni hálfleik, stemningin var þeirra megin og eftir að þeir komust yfir 65-64 létu þeir forystuna ekki af hendi. Þeir höfðu þriggja stiga forskot fyrir síðasta fjórðunginn þar sem kraftur var einfaldlega meiri hjá þeim og skilaði á endanum þrettán stiga sigri.

Ómar Örn Sævarsson rak lokanaglann með fallegri troðslu þegar leiktíminn var að renna út en Nate Brown var stigahæstur í annars jöfnu liði heimamanna sem unnu þennan sigur með liðsheildina að vopni. **elvargeir@frettabladid.is**

BARÁTTUSIGUR ÍR-ingar náðu með mikilli baráttu og eljusemi að innbyrða sigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Iceland-Express deild karla:

KR-ingar tylltu sér á toppinn

KÖRFUBOLTI KR tyllti sér á topp Iceland-Express-deildar karla í gær eftir góðan sigur á Grindavíkingum suður með sjó. KR vann leikinn með 89 stigum gegn 78.

KR skoraði síðustu tíu stig fyrri hálfleiks en áður en þau komu var liðið í vondum málum, fimmtán stigum undir. Með frábærum þriðja leikhluta lögðu þeir svo grunninn að öruggum sigri þar sem Jeremiah Sola fór á kostum og bar af öðrum leikmönnum á vellinum. **- hþh/ - óój**

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland-Express deild kk:

ÍR-SKALLAGRÍMUR	95-82
Stig ÍR: Nate Brown 19, Hreggviður S Magnússon 16, Eiríkur S Önundarson 12, Ómar Ö Sævarsson 12, Steinar Arason 12, Fannar F Helgason 9, Sveinbjörn Claessen 9, Ólafur J Sigurðsson 6.	
Stig Skallagríms: Jovan Zdravevski 29, Darrell Flake 21, Hafþór Gunnarsson 15, Dimitar Karadzovski 5, Pétur Sigurðsson 5, Pálmi Sævarsson 4, Axel Kárason 3.	
GRINDAVÍK-KR	78-89
Stig Grindavíkur: Steven Thomas 27, Þorleifur Ólafsson 14, Páll Kristinsson 9, Páll Axel Vilbergsson 9.	
Stig KR: Jeremiah Sola 29, Tyson Patterson 20, Edmund Azemi 13, Fannar Ólafsson 9.	
HAMAR/SELFOSS-HAUKAR	99-86

Í dag fer fram heil umferð í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og margir áhugaverðir leikir eru á dagskrá:

Chelsea í vandræðum með öftustu línuna

FÓTBOLTI Það er nóg að gera hjá knattspyrnumönnum á Englandi um hátíðarnar og í dag fer fram heil umferð í ensku úrvalsdeildinni. Ljóst er fyrir þessa umferð að Manchester United verður í efsta sætinu þegar nýja árið gengur í garð því liðið hefur fjögurra stiga forskot á Chelsea sem er í öðru sæti.

Ensku meistararnir í Chelsea taka á móti Heiðari Helgusyni og félögum hans í Fulham. Chelsea á í talsverðum erfiðleikum með vörn sína en í gær fór John Terry, fyrirliði liðsins, í aðgerð vegna bakmeiðsla og óvíst er hve lengi hann verður frá keppni.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, játaði það á dögunum að hann hafi velt því fyrir sér að setja sóknarmanninn Didier Drogba í vörnina en hollenski varnarmaðurinn Khalid Boulahrouz virðist ekki vera í náðinni hjá Mourinho þessa dagana.

Manchester United fær Íslendingaliðið Reading í heimsókn í dag en Reading hefur ekki náð að sigra í fimm síðustu leikjum sínum í deildinni. Fastlega má búast við því að Ívar Ingimarsson leiki í vörn Reading og þá er spurning hvort Brynjar Björn Gunnarsson haldi sæti sínu í liðinu en hann þótti leika vel gegn Chelsea á öðrum degi jóla.

Liverpool á erfiðan leik fyrir höndum gegn Tottenham á útivelli en með sigri getur Tottenham náð Liverpool að stigum. Búist er við því að Dirk Kuyt og Craig Bellamy leiki í framlínu Liverpool en Peter Crouch, sem byrjaði inni á gegn Blackburn á dögunum, hefur ekki skorað mark frá því í október.

Hjá Tottenham eru þeir Robbie Keane og Aaron Lennon meiddir en búist er við að Mido verði klár í slaginn í dag.

Arsenal mætir Sheffield United á útivelli. Töluverð meiðsli eru í herbúðum Arsenal en þeir William Gallas, Thierry Henry og Freddie Ljungberg eru allir frá vegna meiðsla. Þá er gert ráð fyrir að Phillipe Senderos taki stöðu Johans Djourou í vörninni og svo gæti einnig farið að Lauren verði í leikmannahóp Arsenal í fyrsta sinn á leiktíðinni.

Hermann Hreiðarsson og félagar hans í Charlton taka á móti Aston Villa. Charlton er í næstneðsta sæti deildarinnar en það hefur aðeins einu sinni í sögu efstu deildar á Englandi gerst að lið sem er í neðsta sæti um áramót hafi bjargað sér frá falli vorið eftir. Það gerðist þegar Bryan Robson bjargaði W.B.A. frá falli árið 2005.

Íslendingaliðið West Ham fær Manchester City í heimsókn og með sigri getur West Ham komið sér úr fallsæti í fyrsta sinn í langan tíma. **- dsd**

ÍVAR OG BRYNJAR Tókust síðast á við Didier Drogba og félaga hans í Chelsea, en það er skammt stórra högga á milli hjá Íslendingunum þar sem Reading mætir toppliði Manchester United í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

LEIKIR DAGSINS:

CHARLTON - ASTON VILLA	**KL. 12:45**
BLACKBURN - MIDDLESBROUGH	KL. 15:00
BOLTON - NEWCASTLE	**KL. 15:00**
CHELSEA - FULHAM	KL. 15:00
EVERTON - NEWCASTLE	**KL. 15:00**
MAN. UNITED - READING	KL. 15:00
TOTTENHAM - LIVERPOOL	**KL. 15:00**
WATFORD - WIGAN	KL. 15:00
WEST HAM - MAN. CITY	**KL. 15:00**
SHEFF. UTD - ARSENAL	KL. 17:15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

JACK BAUER,
SNÝR
AFTUR

24

Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.990 kr. á mánuði*

*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

24 hefst í janúar

ZHENG ZHI Er fyrsti leikmaðurinn sem Alan Pardew fær til liðs við Charlton. NORDICPHOTOS/GETTY

Charlton Athletic:

Kínverji til liðs við Charlton

FÓTBOLTI Alan Pardew, nýráðinn knattspyrnustjóri Charlton Athletic, hefur gengið frá fyrstu kaupum sínum. Í gær var það kunngert að kínverski landsliðsmaðurinn Zheng Zhi muni vera á láni hjá Charlton út yfirstandandi leiktíð. Zheng Zhi er miðjumaður.

Charlton er einnig á eftir skoska varnarmanninum Steven Pressley, sem nýlega rifti samningi sínum við Hearts, en auk Charlton eru Southampton og Celtic einnig sögð á höttunum eftir Pressley. **- dsd**

Stuart Pearce, stjóri Man. City:

Ég fer ef Micah verður seldur

FÓTBOLTI Stuart Pearce, stjóri Manchester City, hótar því að hann gæti yfirgefið félagið ef það selur ungstirnið Micah Richards sem er undir smásjá allra helstu stórliðanna á Englandi, þá sér í lagi Chelsea.

„Ef ég segi nei við því að selja hann, þá vona ég að það þýði að klúbburinn segi nei líka, annars getur einhver annar tekið við félaginu. Ég held að hann vilji vera hérna áfram og það er auðvitað ekki skynsamlegt að selja lykilmenn í liðinu sínu," sagði Pearce. **- hþh**

OBAFEMI MARTINS Hefur skorað grimmt að undanförnu og er bjartsýnn á framtíðina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Obafemi Martins:

Við verðum óstöðvandi

FÓTBOLTI Obafemi Martins, sóknarmaður Newcastle, hefur verið á skotskónum að undanförnu og hann segir að Newcastle liðið verði óstöðvandi á árinu 2007.

„Ég þakka Guði fyrir að vera að standa mig betur núna en þegar ég kom fyrst til liðsins. Það hefur tekið tíma en ég er farinn að skilja enskuna og enska fótboltann betur. Ég erfi það sem sagt var um mig í byrjun ekki við neinn. Roeder er góður leiðtogi og hann veitti okkur sjálfstraust. Ég mun alltaf reyna að gera mitt besta fyrir hann.

Næsta ár verður gott. Newcastle er metnaðargjarnt félag og það er allt til staðar til að standa sig vel á næsta ári. Þegar Damien Duff og fleiri koma aftur úr meiðslum þá verðum við óstöðvandi," sagði Martins. **- dsd**

Sir Alex Ferguson segir að þær viðtökur sem Cristiano Ronaldo fær styrki hann:

Gengur í gegnum það sama og Beckham

FÓTBOLTI Fyrir yfirstandandi leiktímabil í ensku úrvalsdeildinni var talið að framtíð Cristianos Ronaldo hjá Manchester United væru í hættu. Margir stuðningsmenn enska landsliðsins ákváðu að kenna Ronaldo um að liðið féll úr leik á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í sumar eftir samskipti hans við Wayne Rooney í átta liða úrslitum keppninnar. Ronaldo ákvað þó á endanum að vera áfram í herbúðum United og er nú talinn hvað líklegastur til að vera valinn leikmaður ársins í Englandi fyrir frammistöðu sína.

„Hann er búinn að vera hreint frábær, en gleymum því ekki að hann er bara 21. árs og á eftir að verða enn betri. Hann er sífellt að taka framförum og er stöðugt hættulegur, varnarmenn eiga oft mjög erfitt með að ráða við hann," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Ronaldos sem er búinn að leika lykilhlutverk með United á leiktíðinni og skorað alls tíu mörk.

Í FANTAFORMI Cristiano Ronaldo hefur spilað vel á leiktíðinni fyrir Manchester Untied. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ronaldo fær oftast óblíðar móttökur frá stuðningsmönnum annarra liða á Englandi sem kenna honum um að Wayne Rooney, samherji hans hjá United, fékk að líta rauða spjaldið í viðureign Portúgala og Englendinga á HM. Þrátt fyrir að það sé í sífellu púað á hann svarar hann á réttan hátt, með frammistöðu sinni á vellinum. David Beckham fékk svipaðar móttökur á Englandi eftir að hafa fengið rautt spjald í leik gegn Argentínu á HM 1998.

„David gekk í gegnum það sama og Ronaldo er að gera núna. Hann komst í gegnum þetta og það styrkti hann bara enn meira, það sama er að gerast með Ronaldo," sagði Ferguson. Carlos Queiroz, aðstoðarmaður Ferguson, hefur einnig lofsungið Ronaldo og segir að hann sé tekinn við kyndlinum af Luis Figo sem helsti knattspyrnumaður Portúgala.

„Svo lengi sem hann lendir ekki í meiðslum getur hann verið einn besti leikmaður heims. Ég hef aldrei orðið vitni að annarri eins frammistöðu eins og hjá honum leik eftir leik," sagði Queroz um Ronaldo. **- egm**

Dómarastarfið er lífsstíll

Bjarni Gaukur Þórmundsson, formaður dómaranefndar KKÍ, hefur miklar áhyggjur af dómaramálum í körfuboltanum á Íslandi. Hugarfarsbreytingar er þörf, segir Bjarni sem lýsir eftir nýjum dómurum alls staðar á landinu.

KÖRFUBOLTI „Það sem veldur mestum áhyggjum er hversu fáir dómarar eru til staðar og álagið á þá er þar af leiðandi gríðarlegt. Þetta er eitthvað sem þarf að bæta úr," segir Bjarni Gaukur Þórmundsson, formaður dómaranefndar Körfuknattleikssambands Íslands.

Bjarni segir sérstakt áhyggjuefni vera hversu fáir dómarar eru á höfuðborgarsvæðinu en staðan er betri á Suðurlandi. Dæmi eru um að félög í Reykjavík hafi þurft að borga fjórfaldar upphæðir fyrir dómara til að fá þá frá Flúðum þar sem engir dómarar voru til taks í borginni. „Þetta er mjög slæmt fyrir félögin þar sem það er enginn jöfnunarsjóður í körfuboltanum, þessi mikli kostnaður gengur ekki til lengdar."

Bjarni hefur lengi verið viðriðinn körfuboltann og hefur meðal annars dæmt sjálfur en neyddist til að taka sér hlé vegna álagsmeiðsla á hné. Tveir af A-dómurum KKÍ eru nú frá vegna hnémeiðsla, þeir Rögnvaldur Hreiðarsson og Sigmundur Herbertsson. „Hnéð þoldi ekki að dæma fjögur til fimm kvöld í viku," segir Bjarni sem segir hugarfarsbreytingar gagnvart dómurum vera þörf hjá þeim sem koma að körfuboltanum.

„Það eru alltof fáir sem vilja vera dómarar, margir halda að þetta sé bara niðrandi og algjör hörmung, sem það er auðvitað ekki. Það er lífsstíll að vera dómari. Þetta er frábær líkamsrækt og það er ákveðinn lífsstíll að halda sér í formi fyrir leikina.

Félög, áhorfendur og stjórnarmenn þurfa að einblína á að hætta að hrauna yfir dómara þegar þeir eiga það ekki skilið. Því miður er

TVEIR AF FÁUM Eggert Aðalsteinsson og Björn Leósson dómarar að störfum. Þeir eru tveir af alltof fáum dómurum á Íslandi en formaður dómaranefndar KKÍ vonast eftir breytingu á því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

það alltof algengt og nokkur skemmd epli innan um áhorfendur eiga það til að æsa múginn upp gagnvart dómurum, sem auðvitað gera sín mistök, eins og leikmenn. Það þarf að koma fram við dómara af sömu virðingu og við leikmenn," segir Bjarni.

Aðsókn á dómaranámskeið á vegum KKÍ hefur verið mjög dræm og til að mynda skráði sig enginn á námskeið á vegum sambandsins í haust auk þess sem fleiri námskeið hafa fallið niður.

„Þetta liggur einnig hjá KKÍ. Við munum vera duglegri að bjóða upp á námskeið og það er metnaður minn sem formaður dómaranefndar að fjölga dómurum í stéttinni og hlúa vel að þeim sem koma inn í hana. Það er mjög mikilvægt," sagði Bjarni sem hvetur félög til að leita að mönnum til að senda á dómaranámskeið á nýju ári. **- hþh**

GASOL Spilaði stórt hlutverk fyrir Spán á HM þar til hann fótbrotnaði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Pau Gasol enn að jafna sig:

Sýnið Gasol þolinmæði

NBA Mike Fratello, þjálfari Memphis Grizzlies, segir að sýna þurfi Spánverjanum Pau Gasol þolinmæði og gefa honum tíma til að jafna sig almennilega eftir að hann fótbrotnaði á heimsmeistaramótinu í körfubolta í sumar. Hefur Gasol aðeins spilað sjö leiki fyrir Memphis í haust en liðinu hefur gengið illa.

„Ég er auðvitað ánægður með að fá hann aftur," sagði Fratello. „En það gefur augaleið að maðurinn getur ekki mætt aftur eftir fjögurra mánaða fjarveru og gert það sem allir aðrir hafa verið að gera." **- esá**

PETER CROUCH Er ekki á leiðinni til Newcastle, samkvæmt Rafa Benitez. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafael Benitez:

Ætlar ekki að selja Crouch

FÓTBOLTI Í gær bárust þær fregnir að Rafa Benitez, stjóri Liverpool, væri tilbúinn til að selja sóknarmanninn Peter Crouch til Newcastle og ætlaði sér að kaupa Spánverjann David Villa í hans stað.

Benitez svaraði þessum fregnum í gær og sagði að ekkert væri hæft í þeim. „Ég get sagt ykkur það að ég hef ekki áhuga á David Villa. Hann er frábær leikmaður en á þessari stundu er ég ekki að spá í að kaupa hann og það þýðir að við erum ekki að spá í að selja Crouch," sagði Benitez. Auk þess bar Glenn Roeder, stjóri Newcastle, þessar sögur til baka og sagði að ekkert væri hæft í þeim. **- dsd**

Didier Drogba hefði getað yfirgefið Englandsmeistara Chelsea eftir síðasta leiktímabil á Englandi:

Ég íhugaði framtíð mína vandlega í sumar

FÓTBOLTI Didier Drogba, leikmaður Chelsea, viðurkennir að hann hafi íhugað framtíð sína hjá Englandsmeisturunum vandlega síðasta sumar. Drogba hefur svo sannarlega fundið fjölina sína á undanförnu misserum en hann hefur nú skorað tólf mörk í ensku úrvalsdeildinni og samtals nítján mörk í öllum keppnum.

„Eftir hvert tímabil verður maður að leggjast yfir það sem maður hefur áorkað. Það voru nokkur lið sem vildu kaupa mig síðasta sumar og því varð ég að skoða það vandlega þar sem ég var búinn að vinna deildina hérna tvö ár í röð. Ég hugsaði þó ekki lengi um þetta þar sem Chelsea sýndi mér hversu mikið félagið metur mig og vildi að ég yrði hér áfram," sagði Drogba.

Þessi ógnarsterki framherji varð miðpunktur athyglinnar þegar Chelsea eyddi 30 milljónum punda í einn nafntogaðasta sóknarmann heims, Andriy Shevchenko. Þrátt fyrir allt hafði það engin áhrif á val Drogba að vera áfram hjá Chelsea. „Þetta snerist ekkert um komu Shevchenko, þetta snerist bara um mig og Chelsea," sagði Fílabeinsstrendingurinn knái sem hefur verið hrósað í hástert að undanförnu af samherjum sínum.

„Didier hefur verið magnaður á tímabilinu. Hann er ótrúlega sterkur og erfiður við að eiga. Hann er markaskorari af Guðs náð og hefur aldrei litið betur út en núna. Með

DROGBA Hefur átt góðu gengi að fagna með Englandsmeisturunum á tímabilinu og skorað nítján mörk í öllum keppnum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

hann í þessu formi getum við vel unnið titilinn og ég á ekki von á því að hann slaki neitt á eftir áramót. Drogba er klárlega líklegastur til að hreppa markakóngstitilinn," sagði miðjumaðurinn Arjen Robben um samherja sinn í liði Chelsea. **- hþh**

MANCINI Hikaði ekki við að velja erkifjendur Inter sem þá sem hefðu valdið mestum vonbrigðum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ítalskt dagblað með könnun:

Roma spilar besta boltann

FÓTBOLTI Ítalskt dagblað hafði samband við sjö þjálfara í efstu deildinni þar í landi og fékk þá til að taka þátt í stuttri könnun nú þegar vetrarfrí er í gangi. Roberto Mancini, þjálfari Ítalíumeistara Inter sem eru í efsta sætinu núna, var meðal þeirra sem tók þátt í könnuninni. Athyglisvert er að hann er sá eini sem nefnir ekki Roma þegar spurt er út í það lið sem hafi spilað skemmtilegasta fótboltann. Í stað þess að nefna það lið sem er í mestu baráttunni við Inter um titilinn velur hann fyrrverandi lærisveina sína hjá Lazio.

Nokkrir þjálfaranna neituðu að svara hvaða lið hefði valdið mestum vonbrigðum, þar á meðal var Carlo Ancelotti sem þjálfar AC Milan. Allir sem svöruðu þeirri spurningu völdu einmitt Milan en þar á meðal var Mancini. Þegar kom að því að velja besta leikmann tímabilsins til þessa voru svörin mismunandi en sóknarmennirnir Amauri, Adrian Mutu og Cristian Riganò voru allir nefndir. Mancini valdi Tommaso Rocchi. **- egm**

Nýtt tennispar:

Stepanek og Hingis trúlofuð

TENNIS Svissneska tennisdrottningin Martina Hingis og Tékkinn Radek Stepanek opinberuðu nýverið trúlofun sína. Hingis var um tíma efst á styrkleikalista alþjóða tennissambandsins og hóf keppni að nýju á síðasta tímabili eftir þriggja ára hlé. Stepanek er sem stendur í 19. sæti á styrkleikalistanum. **- dsd**

Jason Terry var allt í öllu hjá Dallas Mavericks í NBA-deildinni í fyrrinótt:

Áttundi sigur Dallas í röð

NBA Þrír hörkuleikir fóru fram í NBA-deildinni í fyrrinótt og unnust þeir allir á heimavelli. Dallas Mavericks vann nauman sigur á Phoenix Suns, 101-99, San Antonio Spurs tók Utah Jazz í bakaríið, 106-83, og Denver Nuggets átti ekki í vandræðum með Seattle Supersonics, 112-98.

Dirk Nowitzki skoraði sigurkörfuna fyrir Dallas gegn Phoenix þegar rétt rúm ein sekúnda var eftir af leiknum og tryggði þar með sigur Dallasliðsins, 101-99. Nowitzki skoraði samtals 27 stig í leiknum og hirti 10 fráköst en Jason Terry var maður leiksins með 35 stig fyrir Dallas, sem þar með vann sinn áttunda leik í röð.

„Terry var leiðtogi okkar. Nowitzki og ég áttum í smá vandræðum, en þegar mest lá við þá fann Terry okkur báða og við kláruðum sóknirnar fyrir hann," sagði Josh Howard, framherji Dallas, eftir leikinn en Howard skoraði 16 stig og hirti 12 fráköst í leiknum.

Stórleikur fór fram í San Antonio þar sem heimamenn í Spurs tóku á móti Utah Jazz og fóru með sigur af hólmi, 106-83. San Antonio Spurs hafa nú unnið fimmtán leiki í röði gegn Utah Jazz á heimavelli sínum.

Tony Parker var stigahæstur í liði Spurs með 22 stig og Tim Duncan skoraði 20 stig. Hjá Utah voru þeir Deron Williams og Gordon Giricek stigahæstir með einungis 11 stig.

TERRY Var magnaður í leiknum gegn Phoenix þar sem Dallas fór með 101-99 sigur af hólmi eftir æsispennandi lokasekúndur. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Spurs-liðið tók okkur í kennslustund í kvöld. Þeir komu í veg fyrir allt sem við ætluðum að gera. Við fórum að taka erfið skot og náðum ekki að klára sóknirnar," sagði Jerry Sloan, þjálfari Utah Jazz.

Allen Iverson kann greinilega vel við sig hjá sínu nýja félagi, Denver Nuggets. Iverson átti stórleik þegar Denver vann Seattle á heimavelli, 112-98, og skoraði 44 stig og átti 10 stoðsendingar.

Leikurinn var sigurleikur númer 800 hjá George Karl, þjálfara Denver. „Þetta er eitthvað sem maður kann að meta. Það er heiður að hjálpa honum að ná þessum sigri," sagði Iverson eftir leikinn í fyrrinótt. **- dsd**

Shaquille O´Neill og Phil Jackson eru ekki miklir mátar lengur:

Gömlu risarnir í orðasennu

NBA Shaquille O´Neill skaut föstum skotum á fyrrverandi þjálfara sinn, Phil Jackson, eftir 101-85 sigurleik Miami Heat á Los Angeles Lakers á jóladag. Jackson gagnrýndi O´Neill, þegar hann lék með Lakers, fyrir að vera of þungur sem og fyrir slaka nýtingu á vítalínunni.

Jackson sagði svo nýverið að Shaq væri eini leikmaðurinn sem hefði ekki nennt að leggja neitt á sig undir sinni stjórn. „Það gekk erfiðlega að fá hann til að leggja eitthvað á sig. Aðrir leikmenn – Michael [Jordan], Scottie [Pippen], Dennis Rodman, Horace Grant – og allir hinir lögðu mjög hart að sér á æfingum og í leikjum," er haft eftir Jackson í L.A. Times.

ORÐASTRÍÐ Jackson kemur skilaboðum áleiðis til O´Neill. NORDICPHOTOS/AFP

O´Neill er greinilega ekki sáttur við þessi ummæli. „Hvernig er hægt að taka orð Benedicts Arnold trúanleg?" spurði O´Neill aðspurður um orð Jackson eftir leikinn gegn Lakers á jóladag. Frasi þessi, um Benedict Arnold, er þekktur til að lýsa svikurum í Bandaríkjunum.

O´Neill spilaði ekki með í leiknum sem var sá 21. í röð sem hann missir af vegna hnémeiðsla. Hann var í borgaralegum fötum þegar hann lét orð sín falla á leið sinni úr búningsherberginu og mátti því ekki koma í formlegt viðtal. Hann skýrði orð sín ekki frekar. **- hþh**

SERGIO RAMOS Er orðaður við AC Milan. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmannamál í fótboltanum:

AC Milan vill fá Sergio Ramos

FÓTBOLTI Spænska blaðið Marca sagði frá því í gær að ítölsku risarnir í AC Milan hefðu mikinn áhuga á að fá varnarmanninn Sergio Ramos til liðs við sig frá Real Madrid. Samkvæmt fréttinni fundu forráðamenn AC Milan með René Ramos, bróður og umboðsmanni Sergios Ramos, nýlega.

AC Milan er tilbúið að bjóða Sergio Ramos fimm ára samning en René Ramos segir bróður sinn ekki hafa áhuga á að fara til ítalska liðsins og að hann sé ánægður í herbúðum Real Madrid. **- dsd**

NBA-deildin:

Memphis rak Mike Fratello

NBA Lið Memphis Grizzlies hefur ekki farið vel af stað í NBA-deildinni í vetur og á fimmtudaginn ákvað stjórn félagsins að reka þjálfara liðsins, Mike Fratello.

„Okkur fannst vera kominn tími á breytingar, byggt á árangri okkar í vetur og framtíðarmarkmiðum," sagði Jerry West, forseti Memphis Grizzlies sem hefur aðeins unnið sex af þrjátíu fyrstu leikjum tímabilsins. **- dsd**

> Matt Dillon

Fæddist 18. febrúar árið 1964, í New Rochelle í New York fylki. Tekið var eftir honum á göngum Hommocks-skólans þar sem hann var námsmaður, og hann beðinn um að koma í prufu. Hann mætti nokkuð góður með sig í þessa fyrstu prufu sem varð til þess að hann fékk sitt fyrsta hlutverk í myndinni Over the Edge, árið 1979. Á níunda áratugnum lék hann mest í unglingamyndum en á síðari árum hefur hann slegið í gegn í myndum eins og There's something about Mary og Wild Things. Í kvöld sjáum við hann í kvikmyndinni Crash sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 22.00. Hann hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í þeirri mynd.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR TEKUR MÁTULEGA MIKIÐ MARK Á BLOGGI

Bloggarar eru mislit hjörð

Time útnefndi bloggara menn ársins en stuttur túr um íslenska bloggheima leiðir í ljós oft illa grunduð skrif. Ónothæf sem áreiðanlegar heimildir. Menn breyta eftir á eins og dæmin sanna enda rangfærslur á hverju strái. Þannig skrifar Paul Nikolov, fyrrverandi blaðamaður og þingmannsefni VG, á sína síðu:

„Það stendur hins vegar í siðareglum Blaðamannafélags Íslands að það er bannað að birta nöfn og myndir af fólki sem er ákært fyrir glæp en ekki er búið að sakfella."

Þetta segir sjálft þingmannsefni VG, Paul Nikolov. http://www.paulfnikolov.blogspot.com/

Þetta er einfaldlega tóm steypa og stendur þetta sem betur fer hvergi í siðareglum BÍ. Þær eru slæmar en ekki svona vitlausar.

Annar bloggari er Páll Vilhjálmsson hjá Rannís:

„Á sjálfan prófkjörsdaginn fékk Jón Baldvin birta grein í Morgunblaðinu þar sem mátti skilja að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra væri ábyrgur fyrir hlerunum.

Forysta Samfylkingarinnar þakkar Jóni Baldvini það að Björn náði ekki markmiði sínu í prófkjörinu. Og Samfylkingin er með dekkað borð fyrir Jón Baldvin í ríkisstjórn sem flokkurinn ætlar að mynda eftir kosningarnar í vor."

http://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson/

Auðvitað gerir maður það á eigin ábyrgð að vitna til öfgaskrifa Páls en hvernig í ósköpunum er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að Samfylkingin fagni því, eða sjái sér hag í, að langóvinsælasti ráðherrann (og er þá langt til jafnað) komi illa út úr prófkjöri Sjálfstæðisflokksins? Mér brá við þegar ég sem unglingur las 1984 eftir Orwell. En svei mér, í ljósi þess hversu misgóð og óáreiðanleg skrifin eru sem boðið er upp á í bloggheimum, ef pólitíkusinn Björn Ingi býður ekki upp á ógnvænlegri framtíðarsýn en Orwell í nýlegri færslu.

„Ég spái því að fljótlega verði menn á borð við Andrés, Pétur Gunnarsson, Steingrím Sævarr, Guðmund Magnússon, Sigmar og Ómar, orðnir áhrifameiri fjölmiðlamenn í landinu en nokkurn gat óraði fyrir. Á hvaða vettvangi það verður, skal ósagt látið."

Flestir þeirra sem hér eru nefndir eru ágætir fyrir sinn hatt, en fullreynt með þá marga á fjölmiðlum. Þeir eru spin-doktorar og hafa alltaf annað agenda á dagskrá en hreinræktaða blaðamennsku.

EKKI MISSA AF

▶ **00.00** **True Lies** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **22.40** **Man On the Moon** SKJÁR EINN

▶ **19.35** **Bestu Stelpurnar** STÖÐ 2

▶ **22.00** **Árekstrar** SJÓNVARPIÐ

▶ **13.40** **Barcelona - Chelsea** SÝN

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar
8.01 Fyndin og furðuleg dýr
8.06 Bú! (20:26) (Boo!)
8.17 Lubbi læknir (43:52)
8.29 Snillingarnir (16:28)
8.53 Sigga ligga lá (42:52)
9.06 Prinsessan á bauninni
9.13 Trillurnar (12:26) (The Triplets)
9.42 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (42:53)
10.04 Spæjarar (50:52) (Totally Spies)
10.26 Stundin okkar
10.55 Kastljós
11.30 Lífið er dásamlegt
13.20 Alpasyrpa (4:16)
13.50 Ensku mörkin
14.45 Ensku mörkin
15.50 Íslandsmótið í körfubolta Bein útsending frá Stykkishólmi af leik Snæfells og Keflavíkur í karlaflokki.
17.55 Táknmálsfréttir
18.05 Kraftaverkafólk (3:6)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Sjóræningjar á Karíbahafi - Bölvun svörtu perlunnar (Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl)
▶**22.00 Árekstrar** (Crash)
23.50 Myrkrahöfðinginn Bíómynd eftir Hrafn Gunnlaugsson byggð á atburðum úr píslarsögu Jóns Magnússonar. Textuð á síðu 888 í Textavarpi.
1.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Dodgeball: A True Underdog Story
8.00 Mona Lisa Smile (Bros Mónu Lísu)
10.00 Miss Lettie and Me
12.00 The Truman Show
14.00 Dodgeball: A True Underdog Story
16.00 Mona Lisa Smile
18.00 Miss Lettie and Me
20.00 The Truman Show
22.00 The Deal
▶**0.00 True Lies**
2.20 Point Blank Stranglega bönnuð börnum.
4.00 The Deal (Samningurinn) Stranglega bönnuð börnum.

STÖÐ 2

7.00 Kærleiksbirnirnir (51:60)
7.25 Ruff´s Patch
7.35 Funky Valley
7.40 Gordon the Garden Gnome
7.50 Animaniacs (Villingarnir)
8.10 Grallararnir
8.30 Justice League Unlimited
8.55 Kalli kanína og félagar
9.05 Kalli kanína og félagar
9.15 Kalli kanína og félagar
9.25 Tracey McBean
9.35 S Club 7
10.00 Búbbarnir (19:21) Búbbarnir eru mættir til leiks og hafa sölsað íslenska fjölmiðla undir sig með látum. Hér eru á ferðinni fyrstu íslensku brúðugrínþættirnir, taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna. Búbbarnir eru kynlegar brúður og þættirnir gerast á sjónvarpsstöð þar sem skrautlegar uppákomur eru daglegt brauð. Höfundar þáttanna eru nokkrir af okkar dáðustu grínurum en yfirhandritshöfundur er enginn annar en Gísli Rúnar Jónsson.
10.25 Lína langsokkur á ferð og flugi
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Bold and the Beautiful
13.45 Hot Properties (6:13)
14.10 Hot Properties (7:13)
14.35 What Not To Wear On Holiday
15.40 Eldsnöggt með Jóa Fel (10:10)
16.15 Sjálfstætt fólk
16.55 60 mínútur
17.45 Martha
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.10 The New Adventures of Old Chr (9:13)
▶**19.35 Bestu Stelpurnar**
20.00 Finding Neverland
21.50 The Island (Eyjan) Stranglega bönnuð börnum.
0.05 Analyze That (Kæri sáli 2) Bönnuð börnum.
1.40 The Juror (e) Stranglega bönnuð börnum.
3.35 Owning Mahowny
5.20 The New Adventures of Old Chr (9:13)
5.45 Fréttir
6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Seinfeld
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Seinfeld
19.30 Sirkus Rvk (e)
20.00 South Park (e) 9. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
20.30 Tekinn (e)
21.00 Robbie Williams: A Close Encounter Sirkus sýnir frá glæsilegum tónleikum Robbie Williams sem fram fóru í Leeds þann 9. september. 80.000 manns sáu kappann stíga á svið og var þessum tónleikum sjónvarpað í beinni útsendingu um allan heim, þ.á m. á Sirkus.
22.35 X-Men (Ofurmennin) Bönnuð börnum.
0.20 Chappelle´s Show 1 (e) Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
0.50 X-Files (e)(Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
1.35 Entertainment Tonight (e)
2.00 American Dad (8:10) (Helping Handis) Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt til þess að vernda landið sitt. Stan Smith er útsendari CIA og er alltaf á varðbergi fyrir hryðjuverkahættum. Fjölskyldulíf hans er heldur óvenjulegt því fyrir utan konu hans og börn búa á heimilinu kaldhæðna geimveran Roger sem leiðist ekki að fá sér í glas og Klaus sem er þýskumælandi gullfiskur. Frábær sería sem gefur Family Guy ekkert eftir.
2.25 Supernatural (17:22) (e) (Hell House) Bönnuð börnum.
3.10 Supernatural (18:22) (e) (Something Wicked)Bönnuð börnum.
3.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.00 2006 World Pool Masters - Lokaþáttur (e) Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar.
11.50 Rachael Ray (e) Glænýir spjallþættir.
13.40 Rachael Ray (e) Glænýir spjallþættir.
14.35 Sons & Daughters (e) Bandarísk gamansería.
15.00 Tottenham - Liverpool Bein útsending frá leik Tottenham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 Strákarnir í Reading Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson leika með úrvalsdeildarliði Reading í knattspyrnu. Þeir áttu stóran þátt í að koma Reading í efstu deild í fyrsta sinn í 135 ára sögu félagsins og nú njóta þeir þess að spila í vinsælustu deildarkeppni í heimi. Snorri Már Skúlason heimsótti þá félaga fyrr í vetur og áhorfendur fá nú að skyggnast að tjaldabaki hjá Ívari og Brynjari Birni. Þátturinn var áður sýndur á SkjáSporti.
17.30 Casino (e) Bandarísk raunveruleikasería.
18.20 Rachael Ray (e) Glænýir spjallþættir.
19.15 Game tíví (e) Allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
19.45 The Office (e) Bandarísk gamansería.
20.15 What I Like About You
20.40 Sons & Daughters
21.05 Last Comic Standing - NÝTT!
21.50 Battlestar Galactica
▶**22.40 Man on the Moon**
0.30 Kojak (e)
1.20 Da Vinci's Inquest (e)
2.10 Masters of Horror (e) STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
3.00 Tvöfaldur Jay Leno (e)

SKJÁR SPORT

11.45 Upphitun (e)
12.15 Charlton - Aston Villa
14.50 Tottenham - Liverpool
17.05 Sheff. Utd - Arsenal
19.45 Bolton - Portsmouth
21.45 Watford - Wigan
23.45 Blackburn - Middlesbrough (frá í dag)

OPIÐ Í DAG 10-16, GAMLÁRSDAG 10-13

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL RISARÆKJUR OG TÚNFISKUR

Þökkum viðskiptin á árinu

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

FINDING NEVERLAND

Bandarísk verðlaunamynd frá árinu 2004 sem segir frá því hvað varð til þess að rithöfundurinn J. M. Barrie skrifaði söguna sígildu um Pétur Pan. Skyggnst er inn í samband hans við börnin fjögur og móður þeirra sem öll veittu honum innblástur í hið sögulega verk. Með aðalhlutverk fara Johnny Depp, Julie Christie og Kate Winslet. Leikstjórn var í höndum Marcs Forsters sem gerði einnig verðlaunamyndina Monster's Ball. Finding Neverland var tilnefnd til alls sjö Óskarsverðlauna árið 2005 og fékk ein verðlaun. Johnny Depp hlaut eina af þessum tilnefningum. Aðalhlutverk: Johnny Depp, Julie Christie, Kate Winslet. Leikstjóri: Marc Forster. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ PIRATES OF THE CARIBBEAN Í SJÓNVARPINU KL. 19.35



Johnny Depp er stórkostlegur sem sjóræninginn Jack Sparrow í þessari bráðskemmtilegu ævintýramynd frá árinu 2003. Ungfrú Swann, dóttur fylkisstjórans, er rænt af hinum illa sjóræningja Barbossa og taka elskhugi hennar, járnsmiðurinn, Will Turner og Jack Sparrow höndum saman um að bjarga henni. Will vill ná stúlkunni en Jack will skipið, Svörtu perluna, sem Barbossa siglir. Nottington, sem beðið hefur um hönd ungfrú Swann, veitir þeim svo eftirför. Leikstjóri er Gore Verbinski.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir **6.50** Bæn
7.00 Fréttir
7.05 Laugardagur til lukku
8.00 Fréttir
8.05 Músík að morgni dags
9.00 Fréttir
9.03 Út um græna grundu
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Konukot
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Laugardagsþátturinn
14.00 Til allra átta
14.40 Ágirnd
15.30 Með laugardagskaffinu
16.00 Fréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Fimm fjórðu
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Leikhúsrottan
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Kringum kvöldið
19.30 Stefnumót
20.10 Undir yfirborði Vatíkansins
21.05 Pipar og salt
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Flakk
23.10 Danslög
0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

8.00 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum, sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.
8.30 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
9.00 Coca Cola deildin (Birmingham - Luton) Útsending frá leik Crystal Palace og Leeds United í ensku 1. deildinni.
10.40 Tiger Woods - heimildamynd (3:3)
11.40 NBA deildin (Detroit - Indiana) Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.
▶**13.40 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Chelsea) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu á milli Barcelona og Chelsea sem fram fór á dögunum.
15.20 HM 2006 (Þýskaland - Ítalía) Upptaka frá fyrri undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi.
17.40 4 4 2 (4 4 2)
18.40 PGA golfmótið - fréttaþáttur
19.35 Football Icons (Football Icons)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.40 Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **12.40** Perfekte hustruer **13.30** Mr. Nice Guy **14.30** Hjerteflimmer **15.00** Boogie Listen **16.10** Hammerslag **16.40** Før søndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Bullerfnis **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** SportNyt **18.30** De store katte **19.00** MGP Nordic 2006 **20.45** Kriminalkommissær Barnaby **22.25** Duellen **23.35** The Young Americans

NRK 1

11.50 V-cup kombinert **12.45** V-cup skøyter: **1500** m menn og 5000 m kvinner **13.45** V-cup hopp: Utdrag fra kvalifiseringen til dagens renn **14.30** Sport i dag **15.10** V-cup hopp **16.05** Sport i dag **16.20** V-cup hopp **17.00** Jubalong **17.30** Amigo **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Nordisk finale i Melodi Grand Prix **20.45** Kokos **21.00** Fakta på lørdag: Holocaust - Tidsvitner **22.00** Kveldsnytt **22.15** Resten av dagen

SVT 1

12.05 En uppstoppad hund **13.05** En uppstoppad hund **14.05** Uppdrag Granskning **15.05** Mästerverket **16.00** Doobidoo **17.00** Emil i Lönneberga **17.25** Disneydags **18.00** Världarnas bok **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** MGP Nordic **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Jet Lag **23.30** Vårt bångstyriga sinne **0.00** Sändning från SVT24

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirkt aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseiginleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmit það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokkí?

Veldu markvisst.
Vertu á nýjum Tucson Sport

NÝR MARKVISS HYUNDAI TUCSON SPORT

BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524
Með bílinn handa þér

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HRÓSIÐ ...

... fær Ísleifur Þórhallsson sem ætlar að bæta bíómenningu landans með fjölgun óháðra kvikmynda, færri auglýsingum og afnámi hléa.

Heimir Jónasson hættur á Stöð 2

NÝR SJÓNVARPSSTJÓRI Pálmi Guðmundsson hefur tekið við af Heimi og verður titlaður sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

„Nei, þetta er nú ekki eitthvað sem hefur blundað í mér lengi," segir Heimir Jónasson aðspurður hvort uppsögn hans sem forstöðumaður Stöðvar 2 hefði átt sér langan aðdraganda. Heimir lætur af störfum hjá fyrirtækinu nú um áramótin. Tilkynnt hefur verið að Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs, taki við starfinu en hann verður titlaður sjónvarpstjóri Stöðvar 2.

Heimir segir að árin sjö í starfi hafi verið einu orði sagt frábær en Heimir er ábyrgur fyrir vinsælum þáttum á borð við Viltu vinna milljón og Idol-stjörnuleit. „Ég hef farið í gegnum margar sveiflur hjá stöðinni og starfað með frábæru fólki. Ég er ánægður með mín störf og þetta hefur verið frábær rússíbanareið," segir Heimir sem sagði að meginástæðan fyrir brotthvarfi sínu væru mismunandi áherslur hjá sér og Ara Edwald, forstjóra 365 miðla.

Heimir þekkir vel til Pálma Guðmundssonar, arftaka síns, og sagði fyrirtækið varla geta fundið betri mann í starfið. „Pálmi er toppmaður, einn af mínum bestu félögum í vinnunni og það eru allir í góðum höndum hjá honum," segir Heimir sem vildi ekki upplýsa hvert hans næsta verkefni eftir það yrði. **- fgg**

HÆTTUR Heimir Jónasson hefur verið forstöðumaður Stöðvar 2 undanfarin sjö ár og segist kveðja stöðina með bros á vör.



ROCK STAR Bassaleikarinn Jason Newsted slasaðist skömmu fyrir ferðina og hefur Johnny Colt verið fenginn í hans stað.

MAGNI ÁSGEIRSSON: Á MÓTI SÓL TEKUR SÉR ÓTÍMABUNDIÐ FRÍ

Á leið til Bandaríkjanna með Rock Star: Supernova

„Ég fer út um miðjan janúar og ferðast um með hljómsveitinni Rock Star: Supernova í sex til sjö vikur," segir söngvarinn Magni Ásgeirsson. Eins og greint var frá um miðjan október var Magna ásamt Toby, Dilönu og húshljómsveitinni víðfrægu ýtt út af borðinu vegna launamála en samningar hafa náðst að nýju. „Ég er ekki að fara að meika það og hef ekkert sérstakt upp úr þessu. Ég er hins vegar viss um að hver einasti maður sem kann að glamra á kassagítar myndi ekki slá hend-

DILANA Kemur til landsins í þriðja sinn á skömmum tíma enda er stúlkan víst ástfangin af landi og þjóð.

inni á móti svona tilboði," svarar Magni aðspurður hvort nú bíði hans ekki bara gull og grænir skógar úti í hinum stóra heimi.

Hljómsveitin fer til allra stærstu borga í Norður-Ameríku, kemur við í Kanada og herlegheitunum lýkur svo í Los Angeles þar sem þættirnir voru einmitt teknir upp og stjarna Magna reis sem hæst. Söngvarinn hefur ferðast um landið með hljómsveit sinni Á móti sól en hann segir þessar tónleikaferðir ekki sambærilegar. „Þetta er svolítið öðruvísi en að troða upp í Hreðavatnsskála, bæði verður rútan mun flottari og svo erum við að spila á tónleikastöðum sem hýsa tugþúsundir áhorfenda," segir Magni í gríni. Rock Star: Supernova hefur ráðið til sín nýjan bassaleikara eftir að Jason Newsted slasaðist rétt áður en tónleikaferðin átti að hefjast. Sá heitir Johnny Colt og spilaði áður með bandarísku rokkhljómsveitinni Black Crowes og að sögn Magna þykir hann víst ögn hressari en

MAGNI Fer til Bandaríkjanna um miðjan janúar og verður með hljómsveitinni Rock Star: Supernova í sex vikur.

forveri hans Newsted sem löngum hefur haft orð á sér fyrir að vera hálfgerður fýlupúki.

Magni ætlar hins vegar ekki að kveðja landið þegjandi og hljóðalaust því Á móti sól stendur fyrir stórdansleik á Broadway í kvöld. Söngkonan Dilana hyggst troða upp með sveitinni en Magni upplýsir að hljómsveitin sé farin í óformlegt frí um óákveðinn tíma. „Hljómsveitir hætta ekki, þær taka sér bara smá pásu," segir Magni. **freyrgigja@frettabladid.is**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ármann Jakobsson íslenskufræðingur hefur verið einn helsti risi bloggheima undanfarin misseri og vakið athygli fyrir skrif sín. Á dögunum tilkynnti hann þó lesendum sínum á www.skrubaf.blogspot.com að hann væri hættur að skrifa á síðuna með þeim orðum að honum væri öllum lokið. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hann tekur bloggpásu, því áður skrifaði hann á síðunni www.haltukjafti.blogspot.com með yfirskriftinni Blogg dauðans. Þeim skrifum lauk meðal annars vegna ágangs fjölmiðla og lokaði Ármann því síðunni, þrátt fyrir harmakvein lesenda.

Mikil ásókn er í árlegt nýárspartí sem fasteignasalinn **Andrés Pétur Rúnarsson** og félagar hans halda nú sem áður. Að þessu sinni verður partíið í Lídó við Hallveigarstíg. Öllu er til tjaldað og öll sæti voru frátekin fyrir nokkrum vikum. Þegar mest var voru um 80 manns á biðlista en eitthvað hefur þeim fækkað að undanförnu. Landsliðsfyrirliðinn **Eiður Smári Guðjohnsen** verður á meðal gesta, en hann mun hafa verið einn þeirra sem komst inn af biðlistanum ógurlega.

Leikhúsmógúllinn **Sigurður Kaiser** er með böggum hildar þessa dagana eftir að merkur leikmunur hvarf úr Loftkastalanum. Um er að ræða byssu af Colt-gerð sem notuð hefur verið í fjölmörgum sýningum í Loftkastalanum og víðar, til að mynda Bugsy Malone.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2 goggs **6** hæð **8** trjátegund **9** tölu **11** slá **12** þrífur **14** skrá **16** skóli **17** niður **18** stansa **20** guð **21** flokka.

LÓÐRÉTT
1 gætt **3** tveir eins **4** sviptur veruleikaskyni **5** hallandi **7** háma **10** kúgun **13** suss **15** yfirstétt **16** flinkur **19** til.

LAUSN
LÁRÉTT: 2 nefs, **6** ás, **8** eik, **9** tvo, **11** rá, **12** tekur, **14** lista, **16** fg, **17** suð, **18** æja, **20** ra, **21** raða.
LÓDRÉTT: 1 gátt, **3** ee, **4** firrtur, **5** ská, **7** svelgja, **10** oki, **13** uss, **15** aðal, **16** fær, **19** að.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Guðjón Valur Sigurðsson
2. Yukon
3. Sól í Straumi

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Vesturportsprinsessa fædd

Vesturportsparinu Gísla Erni Garðarssyni og Nínu Dögg Filippusdóttur fæddist lítil stelpa á fimmtudaginn, en hún er fyrsta barn þeirra hjóna. Prinsessan hefur hlotið nafnið Rakel María, og heitir þar með í höfuð-

NÝBAKAÐUR FAÐIR Gísli Örn nefndi dóttur sína eftir systur sinni, Rakel Garðarsdóttur.

ið á föðursystur sinni, Rakel Garðarsdóttur sem er framkvæmdastjóri Vesturports. Rakel var að vonum stolt af nöfnu sinni og sagði alla vera við hestaheilsu þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær, en hún var þá búin að heilsa upp á splunkunýja frænku sína. „Hún er bara lítil, sæt stelpa. Falleg og eiturhress," sagði hún sposk.

Rakel María var einar 16 merkur þegar hún kom í heiminn. „Þetta er stór og stæðileg stelpa," sagði Rakel hin eldri. „Það eru náttúrulega allir í skýjunum með þetta, eins og alltaf þegar börn fæðast. Það er voða sjaldan eitthvað annað í gangi," bætti hún við.

BÖRN OG FORELDRAR Nína Dögg fór með hlutverk fjögurra barna móður í Börnum og er nú orðin móðir sjálf.

Nína Dögg hefur haft hægt um sig að undanförnu og dvaldist til dæmis heima við á meðan Vesturport lagðist í leikleiðangur um Evrópu. Í síðasta afkvæmi Vesturports, kvikmyndinni Börnum, fór Nína Dögg hins vegar á kostum í hlutverki fjögurra barna móður og hefur því einhverja reynslu af hlutverkinu sem hún spreytir sig nú á í veruleikanum.

RAKEL GARÐARSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Vesturports var að vonum stolt af frænku sinni.

GREG KINNEAR · STEVE CARELL · TONI COLLETTE · PAUL DANO · WITH ABIGAIL BRESLIN · AND ALAN ARKIN

LITTLE MISS SUNSHINE

LITTLA UNGFRÚ SÓLSKIN: FRUMSÝND 5. JANÚAR! | **SÝND Í REGNBOGANUM OG SMÁRABÍÓI**

★★★½

„Óborganleg!"
- Roger Ebert, Chicago Sun-Times

„Hin fullkomna grínmynd!"
- Ruthe Stein, San Francisco Chronicle

„Sannkallaður gleðigjafi!"
- Carina Chocano, Los Angeles Times

„Langskemmtilegasta grínmynd ársins!"
- David Ansen, Newsweek

5 INDEPENDENT SPIRIT TILNEFNINGAR

5 SATELLITE AWARDS TILNEFNINGAR

2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

1 GRAMMY AWARDS TILNEFNING

KLIPPIÐ HÉR!

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 ***Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

2 ***Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 ***Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Ár skætingsins

Þótt mér sjálfum hafi liðið mest-megnis alveg ágætlega og átt margar góðar stundir, verið í góðu jafnvægi og svo framvegis á árinu sem er að líða, þá get ég ekki neitað því að eftir því sem ég hugsa meira um það finnst mér árið hafa einkennst af talsverðum pirringi og dálítið spaugilegum skætingi. Það er eins og það hafi legið eitthvað þrumuský yfir jörðinni.

DANIR (menn ársins að mínu mati) hófu leikinn með því að skopast af tómri ólund og derringi út í Múhameð spámann svo bókstafstrúaðir íslamstrúarmenn urðu bandsjóðandi vitlausir og brenndu fána frænda vorra úti um öll Mið-Austurlönd. Og ekki voru hinir trúuðu fyrr búnir að róa sig niður en sjálfur páfinn þurfti endilega að opna munninn og móðga þá alla á einu bretti með ræðuhöldum svo allt rauk í bál og brand að nýju.

DANIR héldu áfram að böggast út í menn og málefni og létu næst ólund sína bitna á okkur, sjálfri frændþjóðinni, með stanslausum greinaskrifum um að við vissum ekkert í okkar hundshaus um peninga og að við ættum, gott ef ekki, helst að vera heima hjá okkur með okkar illa fengna maffíósafé. Er nema von maður spyrji: Hvað var málið með Dani á árinu? Klikkaði eitthvað í þessum árgangi af Túborg og Faxe?

HUGO Chavez Venesúelaforseti lét skammirnar dynja á Bandaríkjaforseta og öllu hans liði á þingi Sameinuðu þjóðanna, líkti Bush við kölska sjálfan og sagði leggja af honum brennisteinsfýlu. Þingheimur fagnaði (ca. til hálfs), enda meistaralegur skætingur þar á ferðinni. Líklega sá besti á árinu.

OKKAR manneskja, Silvía Nótt (að vísu leikin persóna, en hvað um það), sá um skætinginn á okkar vegum úti í heimi og náði því sem næst að móðga heila þjóð, Grikki, enda dugði ekkert minna á ári hins mikla millilandaskætings. Hráki hennar framan í blaðamann var í stíl við annað á árinu. Rak ekki landsliðsfyrirliði Frakka, Zinedine Zidane, höfuðið í bringuna á hinum ítalska Matarazzi á úrslitaleik heimsmeistaramótsins í knattspyrnu og var rekinn af velli bölvandi og ragnandi fyrir vikið?

HÉR á landi vantaði ekki dónaskapinn. DV varð hreinlega að hætta daglegri útgáfu út af dónaskap. Og menn rifust fyrir dómstólum. Baugsmálið náði nýjum hæðum í hringavitleysu en best var þó þegar genarannsóknafyrirtækið deCode fór í mál við Bandaríkjamann sem heitir því fróma nafni Jesus. Það vantaði bara í sögu þessa umdeilda fyrirtækis að það færi í mál við Mannssoninn.

ÞAÐ var sem sagt mikil spenna í loftinu. Við hverju öðru er að líka að búast svo sem í heimi sem er sífellt verið að spá tortímingu? Fuglaflensan átti að hafa gengið af okkur dauðum miðað við spár í upphafi árs. Er von nema menn séu tens? Og jöklarnir að bráðna. Ég óska bara landsmönnum öllum gleðilegs árs og friðar. Það er ekkert annað að gera en að reyna að vera bjartsýnn.

RÝMUM FYRIR NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM

ÚTSALA

27. desember - 21. janúar

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

Opið 30. desember 10:00 - 18:00 | Lokað 31. desember | Lokað 1. janúar | www.IKEA.is

IKEA®